Sverrir Sv. Sigurðason

# Skrefin að Vatnajökulsþjóðgarði



## Og lærdómur sem má draga af þróun málsins fyrir Íslendinga á sviði nýsköpunar

PÁLSFJALL
BÓKAÚTGÁFA

# Skrefin að Vatnajökulsþjóðgarði

**Tillögur og umræða um þann möguleika að friðlýsa Vatnajökul á árunum 1992-1999, áður en Alþingi samþykkti þingsályktunartillögu um Vatnajökulsþjóðgarð, ásamt umfjöllun um atburðarás og hugsun á bak við það sem sett var fram, og með hugleiðingum um Styrkleiki í nýsköpun, sem byggjast á reynslu af þessu.**

Tekið saman af

Sverri Sv. Sigurðarsyni

viðskiptafræðingi, gefur út undir nafninu Pálsfjall Bókaútgáfa

PÁLSFJALL
BÓKAÚTGÁFA

**Nóvember 2013**

Bókin er gefin út án styrkja. Hún er í boði án endurgjalds í rafrænu formi á www.seevatnajokull.com/bok

Forsíðumynd: Síðustu skrefin á Hvannadalshnjúk. Tekin af Sverri Sv. Sigurðarsyni, 18. júní 2008.

SKREFIN AÐ VATNAJÖKULSÞJÓÐGARÐI - Og lærdómur sem má draga af þróun málsins fyrir Íslendinga á sviði nýsköpunar

2. útgáfa

Bókin er sett saman úr efni sem telst vera opinbert efni. Höfundarréttur texti og myndir © 2013 Sverrir Sveinn Sigurðarson, nema texti og myndir eftir aðra, en listi yfir efni annarra er að finna í kaflanum „Fyrirvarar um efni og höfundarrétt" á blaðsíðu 280.

Útgefandi Sverrir Sveinn Sigurðarson undir útgáfunafninu og merkinu Pálsfjall Bókaútgáfa.

Prentun: Háskólaprent.

Bókin er einnig í boði í rafrænni útgáfu, án endurgjalds, á vefnum **www.seevatnajokull.com/bok**. Rafræna útgáfan er á PDF sniði, þú þarft Adobe Reader hugbúnaðinn til að lesa hana.

**Á vefnum SeeVatnajokull.com/bok eru einnig myndskeið þar sem höfundurinn talar um efnið**

Bókin er gefin út án styrkja og boðin án endurgjalds til útgefanda.

Hvar er nýtt í 2. útgáfu: Mynd á blaðsíðu 200 bætt inn.

ISBN númer rafrænnar PDF útgáfu:

ISBN 978-9979-72-491-2

# Megin hlutar bókarinnar

Stutt yfirlit yfir söguna ................................................ 5
Stutt yfirlit yfir bókina ................................................ 8
Efnisyfirlit ................................................................ 9
Inngangur ................................................................ 13
Hluti I: Tillögurnar ...................................................... 21
Hluti II: Atburðarásin .................................................. 181
Hluti III: Styrkleiki í nýsköpun ..................................... 249
Lok ........................................................................ 275

Bókinni má hlaða niður í PDF formi á vefnum www.SeeVatnajokull.com/bok.

Á þeim vef eru einnig **myndskeið** þar sem höfundurinn talar um efnið.

# Stutt yfirlit yfir söguna

Þetta stutta yfirlit rekur umræðuna og atburðarásina sem var formlega og opinberlega varðandi þá hugmynd, að friðlýsa Vatnajökul og nágrenni til að skapa eitt stórt náttúruverndarsvæði eða þjóðgarð. Bæði eru hnitmiðaðar tillögur og dreifðari hugmyndir tilteknar, sem og atburðarásin í kringum þessar tillögur eins og kostur er. Opinber umræða hjá almenningi var engin. Vísað er í hvert atriði með Blaðsíðutalinu þarsem atriðið er að finna í bókinni. Fyrra Blaðsíðutalið vísar í efnið sjálft sem sett var fram, en seinna Blaðsíðutalið í lýsingu á atburðarás kringum það atriði.

**1992:** Sverrir Sv. Sigurðarson skrifaði grein í Morgunblaðið í október, til að rökstyðja að ekki ætti að leggja raflínu yfir Ódáðahraun. (Blaðsíður 26 og 189.) Mikil umræða var um það, en grein Sverris var líklega sú fyrsta í sögunni sem rökstuddi náttúruvernd með markaðsrökum.

**1993:** Sverrir fór í rólegheitum að þróa nánar hugmynd um friðun, byggt á atvinnulífstengdum hagsmunum og markaðsímynd. (Blaðsíða 190.) Í október var haldið 8. Náttúruverndarþingið. Á þinginu lagði Kári Kristjánsson fram tillögu að Eldfjallafriðlandi, sem hann hafði unnið með Bryndísi Brandsdóttur. Samþykkt var ályktun (þ.e. formleg tillaga) um friðlandið á þinginu. (Blaðsíður 28 og 196.) Á Náttúruverndarþingi lagði Hjörleifur Guttormsson einnig ásamt öðru fram ábendingar, lista með 17 svæðum á Austurlandi sem hann taldi að mætti gera að þjóðgörðum eða öðrum verndarsvæðum. Eitt af svæðunum 17 var Vatnajökull, og er þetta mjög líklega í fyrsta sinn sem kemur fram tillaga opinberlega að friðlýsingu Vatnajökuls. Listi hinna 17 svæða var ekki tekinn til atkvæða á þinginu en var vísað til Náttúruverndarráðs. (Blaðsíður 32 og 197.)

**1994:** Sverrir hélt áfram að þróa tillögu, sem var orðin að tillögu um friðun Vatnajökuls og nágrennis í eitt stórt svæði. Hann var þó ekki í sambandi við Hjörleif og hafði ekki heyrt af hans tillögu. Leitað var upplýsinga víða. (Blaðsíða 201.) Sverrir gerði fyrirspurn í Morgunblaðinu til stjórnarformanns Landsvirkjunar, Jóhannesar Nordal, til að fá fram upplýsingar um umhverfisáhrif hugsanlegs sæstrengs. Jóhannes svaraði nokkrum dögum síðar. (Blaðsíður 33 og 203.) Sverrir tók saman lýsingu á hugmynd sinni um Vatnajökul á ensku, ásamt fleiri upplýsingum, og sendi til um 30 alþjóðlegra hótelfyrirtækja og bað um viðbrögð, til að sjá hvort að viðbrögð væru jákvæð eða neikvæð. Nokkur viðbrögð virtust nokkuð einlæg og raunveruleg, ásamt að hljóma jákvætt, og því taldi Sverrir að hugmyndin væri tæk til að vera kynnt opinberlega. Engin frekari samskipti urðu við þessi fyrirtæki. (Blaðsíður 35 og 201.)

**1995:** Í janúar birti Sverrir þrjár greinar í Morgunblaðinu, nærri heil síða hver, til að kynna hugmyndina að friðun Vatnajökuls, sem hann kallaði að gæti orðið „hornsteinn" í ímynd landsins. Einnig voru frekari röksemdir kynntar frá ýmsum sjónarhornum. Daginn fyrir birtingu fyrstu greinarinnar fór Sverrir með bréf heim til allra þingmanna og ráðherra, þar sem þeim var bent á að kynna sér efni greinanna, en Sverrir hafði óskað eftir því að fyrsta greinin myndi birtast í fyrsta blaði ársins. (Blaðsíður 56, 59 og 63, og atburðarás bls. 205.) Í febrúar tók Sverrir saman frekari útskýringar við hugmyndina í sérstöku hefti, og sendi með pósti til rúmlega 100 móttakenda. Þar á meðal voru allir þingmenn og ráðherrar, og ýmsir embættismenn og fólk sem ætla mætti að tengdust þessum

málum. (Blaðsíður 67 og 207.) Í febrúar fékk Sverrir bréf frá Birni Bjarnasyni, þá þingmanni, þar sem hann þakkaði fyrir skrifin og kom með athugasemdir. (Blaðsíða 209.) Einnig kom kurteislegt bréf frá ráðuneytisstjóra sjávarútvegsráðuneytis. (Blaðsíða 212.) Í apríl tók Sverrir saman annað hefti þar sem kynnt var hvernig hægt væri að stofna stærsta friðlýsta svæði í Vestur-Evrópu í einu skrefi, en það væri með því að friða þá hluta Vatnajökuls sem hefðu ekki friðlýsingu. Þessu var dreift til sama 100 manna hóps og áður. (Blaðsíður 82 og 209.) Í nóvember sendi Sverrir frá sér þriðja heftið á árinu, með pælingum um hugsanlegan sæstreng og hvernig samhengið væri milli slíkra hugmynda og hugmyndar um stærsta friðlýsta svæði í V-Evrópu með Vatnajökul sem miðpunkt. Þessu var dreift á sama 100 manna hóp. (Blaðsíður 87 og 211.) Bréf kom frá skipulagsstjóra ríkisins, Stefáni Thors, sem benti Sverri á að taka þátt í samkeppni sem haldin yrði á næsta ári. (Blaðsíða 213.) Hjörleifur Guttormsson kynnti hugmynd að friðun Gerpissvæðisins, sem er austasti oddi Íslands, á árinu. Gerpir var 7. í röðinni af svæðunum 17 á listanum sem hann kynnti á Náttúruverndarþinginu 1993. (Blaðsíða 200.)

**1996:** Í upphafi árs sendi Sverrir bréf til valins hóps, hluta af rúmlega 100 manna hópnum. Tilgangurinn var að rifja upp Vatnajökulshugmyndina og biðja formlega um svar, þar sem móttakandi gæfi sínar athugasemdir við þá hugmynd. Svar kom frá Landsvirkjun með mörgum spurningum til Sverris, sem Sverrir svaraði svo eftir bestu getu. Einnig kom bréf frá Náttúruverndarráði sem var tilkynning um að málið yrði kynnt. Sverrir heyrði ekki frekar frá Náttúruverndarráði, né frá Landsvirkjun. Einnig kom annað bréf frá Birni Bjarnasyni sem svar við þessari sendingu. (Blaðsíður 216 til 221, og bls. 214.) Sverrir sendi inn samkeppnistillögu í hugmyndasamkeppnina Ísland árið 2018, sem haldin var af Skipulagi ríkisins og umhverfisráðuneytinu, og hlaut 1.-3. verðlaun ásamt tveimur öðrum tillögum. Sverrir var eini námsmaðurinn sem fékk verðlaun, en annars tók aðeins fagfólk í arkitektúr og fleiru þátt, fyrir utan einn annan námsmann. (Blaðsíður 94 og 222.)

**1997:** Málþing var haldið í Norræna húsinu í janúar. Þar voru vinningstillögur í samkeppninni Ísland árið 2018 kynntar, og kynnti Sverrir vinningstillögu sína þar á meðal. Salurinn var fullur, og voru viðstaddir m.a. umhverfisráðherra Guðmundur Bjarnason, og líklega öll umhverfisnefnd Alþingis. (Blaðsíða 225.) Morgunblaðið hafði samband við Sverri í lok janúar og beiddist eftir viðtali, sem var auðsótt. (Blaðsíður 131 og 226.) Daginn eftir birtingu viðtalsins var forystugrein í Morgunblaðinu, þar sem því var lýst yfir að hugmynd Sverris ætti að vera ein af þeim kostum sem skoða ætti þegar mótuð væri framtíðarstefna um nýtingu hálendisins. (Blaðsíður 133 og 226.) Á 9. Náttúruverndarþingi í lok janúar og byrjun febrúar var áréttuð ályktun um Eldfjallafriðland, sem átti að vera að mestu norðan við Vatnajökul. (Blaðsíða 196.) Sverrir var beðinn að koma á fund hjá Náttúruverndarsamtökum Íslands og kynna hugmyndir sínar, en Sverrir var ekki í þeim samtökum. Hann gerði það, og var hugmyndunum nokkuð vel tekið, sem kom Sverri þægilega á óvart. (Blaðsíða 226.) Sverrir sendi inn alveg ferska tillögu í ritgerðarsamkeppni Vísbendingar, tímarits um efnahagsmál. Tillagan fjallaði um hvaða áhrif mismunandi yfirgripsmikil friðun á Vatnajökli og nágrenni myndi hafa á möguleika á raforkuframleiðslu, bæði með vatnsafli og jarðhita, í mismunandi hagkvæmniflokkum slíkrar framleiðslu. Sverrir hlaut verðlaun Vísbendingar árið 1997. (Blaðsíður 134 og 228.) Sverrir var beðinn um að mæta á fund í Menntaskólanum við Hamrahlíð til að kynna sínar hugmyndir fyrir nemendum, sem hann gerði. Fimm voru mættir til að halda tölu, og stóðu fyrir mismunandi skoðanir. Einn þeirra var Hjörleifur Guttormsson sem hélt erindi um náttúruvernd á almennum nótum. Sverrir sagði hins vegar frá Vatnajökulshugmyndum sínum og sýndi glærur. (Blaðsíða 230.) Siv Friðleifsdóttir, alþingismaður, hafði samband við Sverri og bað hann að koma og kynna sínar hugmyndir fyrir hópi af ungu fólki sem hún hafði á sínum snærum til að ræða ýmis mál í samfélaginu. Sverrir gerði það og var

máli hans ágætlega tekið virtist vera. Henni þótti málið áhugavert, en hún varð umhverfisráðherra tveimur árum síðar, sem á þessari stundu var engan veginn ljóst. (Blaðsíða 230.) Um haustið voru deilur um tillögur að skipulagi hálendisins, þar sem gagnrýnt var að of mikil náttúruverndaráhersla væri í tillögunum. Sverrir aflaði gagna, pantaði bók frá Bandaríkjunum og skrifaði blaðagrein í Morgunblaðið. Þar var fjallað um jákvæð viðhorf almennings í Bandaríkjunum til útivistar og náttúruverndar., og það tengt við hugmynd um friðlýst svæði á og kringum Vatnajökul. (Blaðsíður 141 og 232.) Hákon Þ. Sindrason hafði samband við Sverri og lýsti áhuga á að fjalla um hugmyndir Sverris í meistaraverkefni frá Copenhagen Business School, sem var auðfengið. (Blaðsíða 233.) Þór Sigfússon hafði samband við Sverri og bauð honum að vera meðal höfunda í bókinni Hugmyndir. (Blaðsíða 233.) Hjörleifur Guttormsson sendi inn ítarlegar athugasemdir við skipulagstillögu fyrir hálendið. Í athugasemdum sínum lagði hann til að afmarkað yrði svæði fyrir fjóra jöklaþjóðgarða, á hinum fjórum stóru jöklum Íslands. Vatnajökull var einn af þeim. Þarna var Hjörleifur að fjalla aftur um Vatnajökul, sem hann hafði ekki gert í opinberri umræðu í þessu samhengi frá árinu 1993, svo best er vitað. Hjörleifur talaði einnig á fundi á Austurlandi um þetta leiti, og kynnti þar einnig hugmyndina að fjórum jöklaþjóðgörðum. (Blaðsíður 146 og 235.) Margir telja að þarna hafi fyrst komið fram tillaga eða hugmynd að friðun Vatnajökuls, og að Hjörleifur hafi einn staðið fyrir slíkri tillögugerð. Þessir minnast ekki á neinn annan. Þessu hefur verið impráð á víða, meðal annars af ýmsum áberandi aðilum, (ekki þó af Hjörleifi sjálfum). Vonandi er ástæðan þekkingarleysi á sögunni.

**1998:** Í febrúar lagði Hjörleifur Guttormsson fram þingsályktunartillögu á Alþingi að fjórum þjóðgörðum á jafn mörgum jöklum, Vatnajökli, Langjökli, Hofsjökli og Mýrdalsjökli (ásamt Eyjafjallajökli). (Blaðsíður 148 og 158, og 235.) Tillögunni var vísað til umhverfisnefndar, sem sendi beiðni ýmissa aðila í samfélaginu með beiðni um umsagnir við þingsályktunartillöguna. 32 umsagnir bárust, en engin þeirra minntist sérstaklega á Vatnajökul. (Blaðsíða 236.) Í nóvember birtist blaðagrein eftir Hákon Þór Sindrason, meistaranema við Viðskiptaháskólann í Kaupmannahöfn. Greinin var byggð á Cand. Merc. Meistararitgerð hans frá skólanum, sem fjallaði um ímynd Íslands og íslenskrar vöru og þjónustu erlendis. Í verkefninu, og í blaðagreininni, mælti hann með tillögu Sverris, hornsteini í ímynd Íslands með friðlýstu svæð á og kringum Vatnajökul, sem lausn til að styrkja ímynd Íslands. (Blaðsíður 159 og 237.) Í desember kom út bókin Hugmyndir – greinasafn. Formaður útgáfuráðs var Davíð Oddsson, forsætisráðherra. Sverrir hafði verið beðinn um að vera meðal 19 ungra höfunda í bókinni sem komu úr ýmsum áttum, en Sverrir var eini námsmaðurinn meðal höfunda. Sverrir skrifaði grein um ímynd og tengdi hana við hugmyndina að friðlýstu svæða á og kringum Vatnajökul. (Blaðsíður 161 og 238.)

**1999:** Þingsályktunartillaga Hjörleifs Guttormssonar um fjóra jöklaþjóðgarða var tekin fyrir á fundum í umhverfisnefnd Alþingis í febrúar. Ekki var pólitískur stuðningur við fjóra þjóðgarða í einu, en í staðinn setti Hjörleifur fram breytingatillögu um Vatnajökulsþjóðgarð aðeins, sem var samþykkt. Tillagan var tekin til umræðu á Alþingi og samþykkt þann 10. mars. Með því var þingsályktuninni beint til umhverfisráðherra. (Blaðsíður 168 og 172, og 239.)

**2000:** Þingsályktunin var til umfjöllunar í umhverfisráðuneytinu þar sem Siv Friðleifsdóttir var ráðherra. Hún bar svo upp tillögu á fundi ríkisstjórnarinnar þann 26. September. Var þar samþykkt að stofnaður skyldi Vatnajökulsþjóðgarður. Hann yrði því að veruleika! (Blaðsíða 240.)

# Stutt yfirlit yfir bókina

Hver var aðdragandinn að því að Alþingi var tilbúið að samþykkja tillögu um friðlýsingu Vatnajökuls og nágrennis í eitt, stórt náttúruverndarsvæði eða þjóðgarð? Í þessari bók á að vera að finna allar tillögur að slíku og röksemdir fyrir þeim, beinar og óbeinar, sem settar voru fram formlega og opinberlega, áður en Alþingi tók fyrir tillögu um stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs. Það var á fyrsta fjórðungi árs 1999. Eftir ítarlega skoðun á efni bókarinnar

Í fyrsta hluta bókarinnar, sem nefnist ***Tillögurnar***, eru í tímaröð allar tillögur og umsagnir sem settar voru fram opinberlega um efnið. Þetta var frá árinu 1992 til 1999. Það skiptist í beinar tillögur sem um friðun Vatnajökuls eingöngu, og dreifðar tillögur sem voru, eins og nafnið bendir til, dreifðari landfræðilega, en má samt líta á að hafi tengst Vatnajökli með mismunandi beinum hætti. Höfundar þessara tillagna voru ekki margir. Þeir voru: Sverrir Sv. Sigurðarson, sem setti fram um 90% af öllu sem er í þessari bók, hvað umfang varðar í blaðsíðum, Hjörleifur Guttormsson, Kári Kristjánsson og Bryndís Brandsdóttir, Morgunblaðið, og Hákon Þ. Sindrason. Hverju framlagi fyrir sig er gerð skil á þessum rúmum 150 blaðsíðum bókarinnar, og efnið sjálft birt að lang mestu leiti. Yfirlit yfir hvernig efni hver höfundar er auðkennt með kóða er á blaðsíðu 25. Yfirlit yfir tölfræðina, hve mikið hver höfundur eða hópur setti fram, og hvenær, er í kaflanum Tölfræði á blaðsíðu 177.

Í öðrum hluta bókarinnar, ***Atburðarásin***, er sagt frá atburðarásinni í kringum það þegar tillögur og röksemdir þessarar umræðu var mótuð, eftir því sem unnt er. Þetta eru um 60 blaðsíður. Þar er varpað fram spurningunum „Hvað var gert? Hvernig var unnið? Hvers vegna?“ Einnig er farið gegnum **sjö mikilvægar spurningar og svör** varðandi málið.

Að þessu skoðuðu á á lesandi að vera í stakk búinn til að móta eigin skoðun á því , hver var hugmyndafræðilegur aðdragandi Vatnajökulsþjóðgarði, byggt á þessum ítarlegu gögnum. En hvaða máli skiptir það, að þekkja söguna? Að mati bókarhöfundar skiptir tvennt mestu máli. Í fyrsta lagi skiptir máli ef það er rétt, að Vatnajökulsþjóðgarður muni geta skilað mikilli aukningu gjaldeyristekna frá erlendum ferðamönnum. Tala má um 1.000 milljarða króna aukningu á veltu í efnahagslífi samanlagt á þessari öld, eða jafnvel þrisvar sinnum meira en það, samkvæmt opinberum spám. Í þessu tilliti er áhugavert, að þessi 90% af umfangi tillagna á árunum 1992-1999, sem sett voru fram af Sverri, voru atvinnusköpunar og markaðshugmyndir og þróaðar í þeim tilgangi, en ekki aðeins náttúruverndarhugmyndir. Eru einhver atriði þarna sem má skoða og læra af, hvað varðar nálgun og aðferðarfræði? Höfundur bókarinnar telur að svo sé. Árið 2011 birti höfundur hugleiðingar um nýsköpun, sköpun verðmæta og þróun nýrra hugmynda. Þetta voru ýmsar bollaleggingar og ráðleggingar, með myndlíkingu við **boðhlaup**, sem byggðu á þessari reynslu, og gilda fyrir öll svið, en ekki aðeins náttúruvernda og ferðaþjónustu. Þetta er að finna í þriðja hluta bókarinar, sem nefnist ***Styrkleiki í nýsköpun***.

# Efnisyfirlit

Megin hlutar bókarinnar ........................................3
Stutt yfirlit yfir söguna ........................................5
Stutt yfirlit yfir bókina ........................................8
Efnisyfirlit ........................................9
Inngangur ........................................13
Hluti I: Tillögurnar ........................................21
Tillögur og röksemdir um friðlýst svæði á Vatnajökli og nágrenni sem settar voru fram formlega á árunum 1992-1999 ........................................23
Kóðar sem skilgreina tegund efnis og höfunda ........................................25
Austfirðingar og Norðlendingar: Vaknið! [DR-SSS] ........................................26
Ályktun um eldfjallafriðland samþykkt á Náttúruverndarþingi 1993 og 1997 [DR-KK BB] ..........28
Hugmynd Hjörleifs Guttormssonar um friðun 17 svæða á Austurlandi á Náttúruverndarþingi árið 1993 [DR-HG] ........................................32
Fyrirspurn til dr. Jóhannesar Nordal [DR-SSS] ........................................33
A proposition for a future strategy for Iceland [VA-SSS]........................................35
Hugleiðing um Ísland og framtíðina - Friðun: Leið að bættum hag? – 1. grein í Morgunblaðinu [VA-SSS] ........................................56
Hugleiðing um Ísland og framtíðina - Friðun: Leið að bættum hag? – 2. grein í Morgunblaðinu [VA-SSS] ........................................59
Hugleiðing um Ísland og framtíðina: Friðun og/eða stórvirkjanir? – 3. Grein í Morgunblaðinu [VA-SSS]........................................63
Nánari skýringar við blaðagreinarnar hugleiðingu um Ísland og framtíðina. Dreifirit sent til um 100. [VA-SSS]........................................67
Möguleiki á framkvæmd. Dreifirit sent til rúmlega 100. [VA-SSS] ........................................82
Um sæstreng. Dreifirit, sent til rúmlega 100. [VA-SSS] ........................................87
Samkeppnin Ísland árið 2018 á vegum Skipulags ríkisins og umhverfisráðuneytisins. - Verðlaunatillaga, 1.-3. verðlaun. [VA-SSS]........................................94
Ísland árið 2019: Ísland og tunglið? [Nýtt] ........................................126
Umsögn dómnefndar í samkeppninni Ísland árið 2018 ........................................130
Stærsti þjóðgarður Vestur-Evrópu - Ankerið í náttúrumynd Íslands – viðtal í Morgunblaðinu [VA-MBL] ........................................131

Forystugrein Morgunblaðsins 29. janúar 1997 [VA-MBL] ....................................................133

Landnýting og orka. Verðlaunaritgerðin í ritgerðarsamkeppni Vísbendingar, tímarits um efnahagsmál, meðal háskólanema, 1997. [VA-SSS] ...........................................................134

Um skipulag hálendis Íslands og alþjóðlegt samhengi. Grein í Morgunblaðinu. 28. nóvember 1997. [VA-SSS]...........................................................................................................141

Athugasemd Hjörleifs Guttormssonar við tillögu að svæðisskipulagi hálendisins 1997 með tillögu hans um fjóra jöklaþjóðgarða [DR-HG] ..........................................................................146

Þingsályktunartillaga Hjörleifs Guttormssonar um fjóra jöklaþjóðgarða 1998 [DR-HG] ...........148

Umræða í þingsal á Alþingi um þingsályktunartillögu Hjörleifs Guttormssonar [DR-HG&ALÞ]...158

Grein í Morgunblaðinu „Ímynd Íslands og íslenskrar vöru og þjónustu erlendis" 6. Nóvember 1998 eftir Hákon Þór Sindrason. [VA-HS] ...........................................................................159

Náttúra Íslands og viðskiptalífið. Ritgerð í ritgerðasafninu Hugmyndir sem gefið var út til minningar um Eyjólf K. Jónsson. [VA-SSS] ..........................................................................161

Umræða í umhverfisnefnd Alþingis um þingsályktunartillögu, og breytingartillaga Hjörleifs Guttormssonar um að aðeins Vatnajökulssvæðið verði þjóðgarður [VA-HG&ALÞ]..................168

Umræður í þingsal um þingsályktunartillögu um Vatnajökulsþjóðgarð [VA-HG&UMH&ALÞ]....172

Tölfræði: Yfirlit efnis frá öllum höfundum.........................................................................177

Hluti II: Atburðarásin.............................................................................................................181

Hvað var gert? Hvernig var unnið? Hvaðan komu upplýsingar? á árunum 1992 til 1999?............183

Sjö mikilvægar spurningar........................................................................................................185

1. Af hverju hefur verið svo lítið um þras og deilur?..............................................................185

2. Hvers vegna spyr enginn hvaðan hugmyndin kom, og hvers vegna?...................................185

3. Af hverju komst þessi óvenjulega hugmynd í gegn um síuna og var samþykkt? (Það var hægri-miðju stjórn á þessum tíma)...................................................................................185

4. Hvers vegna var lýst vilja til miklu meiri útgjalda vegna nýs þjóðgarðs en venjan var að verja til náttúruverndarsvæða (þar með talið þjóðgarða)? ..............................................................186

5. Hvað er að marka spár um aukningu tekna? ......................................................................186

6. Hvers vegna er þróun þessa máls mikilvæg í stöðunni í dag? .............................................186

7. Hvernig atvikuðust hlutar „boðhlaupsins" sem varð Vatnajökulsþjóðgarður 1992-2013?.....186

Atburðarásin kringum þróun og kynningu hinnar stóru hugmyndar um Vatnajökul og nágrenni 1992-1999 .........................................................................................................................187

1992 – upphaf hugleiðinganna ..............................................................................................187

Forsagan á undan aðsendu greininni ......................................................................................189

Árið 1993 ..............................................................................................................................190

Forsendur fyrir tillögu að eldfjallafriðlandi á Náttúruverndarþingi ..........................................196

Umgjörðin um tillögu Hjörleifs Guttormssonar um Vatnajökul...............................................197

Árið 1994 ........ **Error! Bookmark not defined.**

Spurningar til erlendra hótelfyrirtækja ........ **Error! Bookmark not defined.**

Fyrirspurn til dr. Jóhannesar Nordal ........ 203

Árið 1995 – kynning hugmyndarinnar stóru ........ 205

Verki lokið? ........ 207

Fyrsta aukahefti ........ 207

Annað aukahefti ........ 209

Skrif „Um sæstreng“ í sér hefti sem var dreift í pósti ........ 211

Árið 1996 ........ 214

Spurningar og svör Landsvirkjunar ........ 215

Samkeppnin Ísland árið 2018 ........ 222

Árið 1997 ........ 225

Viðtal og forystugrein ........ 226

Spjallað hjá Náttúrverndarsamtökum Íslands ........ 226

Verðlaun Vísbendingar og talað á fundum í M.H. og hjá Siv Friðleifsdóttur ........ 228

Viðbrögð við þessu í háskólanum ........ 230

Umræður um skipulag hálendisins haustið 1997 ........ 232

Lokaverkefni við Viðskiptaháskólann í Kaupmannahöfn ........ 233

Áhugavert tilboð um skrif í bók ........ 233

Athugasemd Hjörleifs Guttormssonar við skipulagstillögu hálendisins með tillögu um fjóra jöklaþjóðgarða ........ 235

Árið 1998 ........ 235

Þingsályktunartillaga Hjörleifs Guttormssonar ........ 235

Blaðagrein Hákonar Þórs í nóvember ........ 237

Greinin í bókinni Hugmyndir ........ 238

Árið 1999 – þingsályktunartillagan samþykkt ........ 239

Árið 2000 – þjóðgarður samþykktur í ríkisstjórn ........ 240

Sjö mikilvægar spurningar: Svörin ........ 242

1. Af hverju hefur verið svo lítið um þras og deilur? (Svar) ........ 242

2. Hvers vegna spyr enginn hvaðan hugmyndin kom, og hvers vegna? (Svar) ........ 243

3. Af hverju komst þessi hugmynd „í gegn“ og var samþykkt? Hvað er óvenjulegt við hugmyndirnar sem lágu til grundvallar? (Það var hægri-miðju stjórn á þessum tíma). (Svar) ........ 244

4. Hvers vegna var lýst vilja til miklu meiri útgjalda vegna nýs þjóðgarðs en venjan var að verja til náttúruverndarsvæða (þ.m.t. þjóðgarða)? (Svar) ........ 245

5. Hvað er að marka spár um tekjur og hver gæti orðið aukning þeirra skv. spám? (Svar) ........ 247

6. Hvers vegna er þróun þessa máls mikilvæg í stöðunni í dag? (Svar) ....... 248
7. Hvernig atvikuðust hlutar „boðhlaupsins“ sem varð Vatnajökulsþjóðgarður? (Svar) ....... 248
Hluti III: Styrkleiki í nýsköpun ....... 249
Hvernig má ná betri árangri í nýsköpun og þróun hugmynda sem eiga að skila verðmætum? Málið sem varð Vatnajökulsþjóðgarður sem dæmi ....... 251
Uppbygging verðmætra nýjunga í líkingu við boðhlaup ....... 253
Grunnurinn að verðmætum nýjungum ....... 254
Boðhlaupið eða 1-2-3-4 ferlið ....... 255
Fyrsti áfangi í boðhlaupinu ....... 255
Annar áfangi í boðhlaupinu ....... 256
Þriðji áfangi í boðhlaupinu ....... 257
Fjórði áfangi í boðhlaupinu ....... 257
Þetta er nú einfalt! ....... 258
Taka má fram um stjórnmálamenn ....... 258
Hver er staðan á Íslandi? ....... 259
Hvar eru mótmælaraddir staðsettar? ....... 260
Hvað skal leggja áherslu á í vinnubrögðum? ....... 261
Áherslur fyrir gerendur í nýsköpun ....... 261
Áherslur fyrir þau sem leggja mat á hugmyndir og taka ákvörðun, og eru í síðari stigum ferlisins ....... 263
Áherslur þeirra sem standa alveg utan við en fylgjast með ....... 266
Bakgrunnur þessarar nálgunar ....... 266
Hentar þetta öllum? ....... 267
Útskýringar í myndskeiðum ....... 267
Framhald hluta II: 7. Hvernig atvikuðust hlutar „boðhlaupsins“ sem varð Vatnajökulsþjóðgarður (Svar) ....... 268
1.áfangi boðhlaupsins: Kynning grunn hugmyndar 1992-1998? ....... 268
2. áfangi boðhlaupsins: Febrúar 1998 til september 2000 ....... 271
3. áfangi boðhlaupsins: September 2000 til júní 2008 ....... 273
4. Áfangi boðhlaupsins: Júní 2008 til dagsins í dag, og áfram inn í framtíðina ....... 273
Lok ....... 275
Vinna höfundar að málinu eftir að stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs hafði verið samþykkt ....... 277
Lokaorð ....... 279
Fyrirvarar um efni og höfundarrétt ....... 280

# Inngangur

Vatnajökulsþjóðgarður er líklega eitt verðmætasta nýsköpunarverkefni sem íslensk stjórnvöld hafa farið út í. Þjóðgarðurinn gæti skilað mjög háum fjárhæðum og getið af sér mörg ný störf, ef opinberar áætlanir reynast réttar. Hagur ríkisins gæti vænkast um nokkur hundruð milljarða króna á öldinni, og efnahagslífsins enn meira. Þessar áætlanir eru um mögulega aukningu á gjaldeyristekjum vegna aukinna heimsókna ferðamanna, þegar þjóðgarðurinn nær því að verða þekktur utanlands.

Vatnajökulsþjóðgarður er einstakur meðal þjóðgarða vegna fjölbreytni í náttúrumyndunum. Þar má finna jökla, einn mjög stóran og einn smáan, há fjöll, ár, aflmikla fossa, jökullón, hálendisvinjar, svarta sanda og úfin hraun, jarðhitasvæði auk nokkurra eldstöðva sem hafa verið virkará sögulegum tíma, og jafnvel á allra seinustu árum. Vatnajökulsþjóðgarður er þétt pakkaður af þessum merku náttúrufyrirbrigðum, og er jafnframt stærstur þjóðgarða í vesturhluta Evrópu.

Á hvaða forsendum var ákvörðun tekin um að stofna þjóðgarðinn? Það hlýtur að vera vegna þeirra hugmynda sem Íslendingar höfðu áður en ákvörðun um það var tekin af stjórnmálamönnum. Hvaða hugmyndir voru það, hvernig voru þær þróaðar og hvers vegna voru þær settar fram? Hver voru ***skrefin að Vatnajökulsþjóðgarði***? Þetta er forvitnileg spurning þar sem þjóðgarðurinn þekur nú um 13% af Íslandi. Hann þekur meira en einn-fjórða af eystri helmingi landsins. Þjóðgarðurinn er lang stærsta náttúruverndarverkefni í sögu landsins, og eitt hið stærsta í sögu Evrópu. En var hann eingöngu náttúruverndarverkefni?

Lítil þekking virðist vera á því hvernig Vatnajökulsþjóðgarður kom til. Viðbrögð flestra við tilkomu garðsins hafa verið svipuð og viðbrögð við öðrum nýjungum sem sigla sjálfkrafa inn í íslenskt samfélag, án þess að Íslendingar hafi gert mikið til að taka þátt í þróun nýjungarinnar. Þannig er það reynsla höfundar að fáir eða enginn spyr hvernig þetta hafi komið til, enginn spyr um strategískar forsendur fyrstu tillagna um þetta, enginn leggur mat á ferlið, nánast enginn þakkar fyrir, og kannski það versta, enginn segir sem svo, að ef Vatnajökulsþjóðgarður er farsælt fyrirbæri, hvað megi læra af málinu aðferðafræðilega séð til að auka líkurnar á að Ísland njóti blessunar með fleiri farsælum fyrirbærum sem væru þróuð með svipuðum hætti. Þetta er þrátt fyrir að opinberar spái hafi gefið til kynna að áhrif þjóðgarðsins á gjaldeyristekjur þjóðarbúsins getið orðið afar hagstæð.

Höfundur hefur þá reynslu að ef reynt er að útskýra líklegustu sögu og þróun málsins er takmarkaður áhugi eða skilningur. Ber það vott um háþróað og marksækið samfélag? Það er skoðun höfundar að þó að Vatnajökulsþjóðgarður virðist happadráttur í tekjuöflun, þá eigi ekki að líta svo á að hann sé nóg. Það þarf 30-40 svipuð mál, og unnin með svipaðri aðferðafræði en hugsanlega á allt öðrum sviðum, þróuð til að skapa verðmæti og ný störf. Það er veruleg þörf á því.

Ef spár um gjaldeyristekjur vegna Vatnajökulsþjóðgarðs reynast nærri lagi skiptir máli að spyrja, hvernig nákvæmlega hugmyndin um þjóðgarðinn varð til í upphafi? Hverjar eru hinar réttu staðreyndir um það? Er hægt að draga lærdóm af málinu?

Töluvert mikið var sett fram af tillögum og röksendum fyrir friðlýsingu Vatnajökuls á árunum áður en Alþingi, með meirihluta Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, ákvað að slíkt skyldi skoðað af alvöru. Lang mestur hluti þeirra tillagna voru markaðs- og atvinnusköpunarhugmyndir. Þar voru ekki á ferð venjubundnar náttúruverndarhugmyndir, eins og t.d. má lesa í ályktunum og greinargerðum Náttúruverndarþinga gegnum tíðina. Á vettvangi náttúruverndar voru þær „disruptive“, eins og það er kallað í nýsköpunarfræðum, þ.e. fólu í sér alveg nýja nálgun. Þær voru einnig fyrstu hnitmiðuðu og yfirgripsmiklu tillögur sem komið höfðu fram á Íslandi um að friðlýsa Vatnajökul. Þær komu ekki frá náttúruverndarfólki, ferðaþjónustu, heimamönnum eða hinu opinbera. Lítill eða enginn þrýstingur kom frá þeim hópum um slíka aðgerð. Þessar hugmyndir komu úr óvenjulegri átt, eða frá nemanda í fyrrihlutanámi við Háskóla Íslands. Hugmyndirnar voru þó ekki tengdar háskólanum eða fræðimönnum þar, enda hafði nemandinn þróað grunn tillögurnar áður en nám hófst við skólann.

Í þessari bók á að vera að finna allt sem skipti máli í hugmyndavinnu, tillögum og umræðu um þann möguleika að friðlýsa Vatnajökul og nágrenni, sem fram fór áður en Alþingi samþykkti málið , árið 1999, og ríkisstjórn árið 2000. Bæði er um að ræða vinnu náttúruverndarsinna og háskólanemans í næstu málsgrein á undan (sem er sá sem setur saman þessa bók). Þar var á ferðinni mjög umfangsmikil og tímafrek vinna, sem þó hefur að mestu verið óþekkt. Bókin skiptist í þrjá hluta:

**Hluti I í þessari bók: Hinar formlegu tillögur**
Gögn og frásagnir sem varða aðdragandann, skrefin að Vatnajökulsþjóðgarði eins og þau voru lang líklegast, eru söguleg gögn, 14 til 21 árs gömul. Sumt af þeim var sett fram í fyrsta sinn í sögunni á vefnum Uppbygging.org um mitt árið 2013, og annað efni er einnig að koma fram í dagsljósið í fyrsta sinn í þessari bók. Í það heila á hér að vera fjallað um allt það efni sem kom fram opinberlega og formlega, hvað varðar tillögur og umræðu um möguleikann að friðlýsa Vatnajökul og nágrenni, áður en Alþingi tók málið fyrir.

Tvær megin gerðir af tillögum komu fram á árunum 1992-1999, formlega og opinberlega. Annars vegar voru það tillögur sem voru **hnitmiðað** um friðun á Vatnajökli öllum og nágrenni. Hins vegar voru tillögur og umræða sem voru **dreifðari**, þ.e. fjölluðu um nokkur svæði í einu, eða svæði nærri Vatnajökli, en voru ekki hnitmiðað um friðun á Vatnajökli. Í síðarnefnda flokki tillagna var ekki gerð tilraun til að draga athygli að Vatnajökli umfram önnur svæði sem til umfjöllunar voru. Vatnajökull var einfaldlega með í hópnum, eða skammt undan.

**Hluti II í bókinni: Um atburðarásina sjálfa**
Í hluta II er fjallað um atburðarásina, forsendurnar, og hvaða hugsuna var á bakvið að setja fram tillögurnar sem birtast í Hluta I. Hæg heimantök eru að lýsa hvaða hugsanir voru á bakvið þróun höfundar. Erfiðara er fyrir bókarhöfund að fjalla um forsendur og atburðarás hinna fjögurra tillagnanna, enda voru það aðrir sem settu þær fram. Í mörgum tilvikum er erfitt að fá að vita þær. Í öðrum tilvikum er auðvelt að lesa forsendurnar í tillögum viðkomandi, og einnig hefur höfundur haft aðgang að nokkrum höfundum tillagna og athugasemda.

Það sem þessi bók hefur umfram megin greinina sem sett var fram á vefnum Uppbygging.org í júní 2013, í tilefni 5 ára afmælis Vatnajökulsþjóðgarðs, er að hér í bókinni eru bæði hinar formlegu tillögur sjálfar (hluti I), og einnig frásagnir af forsendum og atburðarás (hluti II). Á fyrrnefndum vef voru

aðeins frásagnir af forsendum og atburðarás, ásamt öðrum pælingum. Efnið í bókinni sem eftir aðra en höfund, er opinbert efni, og því er ekki verið að birta trúnaðarmál.

**Hluti III í þessari bók: Hugleiðingar um nýsköpun**

Í hluta III í bókinni eru settar fram hugleiðingar höfundar um nýsköpun og bestu aðferðir við að þróa nýjar hugmyndir. Þessar hugleiðingar eru byggðar á reynslu höfundar af þessu máli, allt frá árinu 1992. Þessi tími hefur gefið höfundi vissa reynslu og innsýn í ýmis atriði um nýsköpunarvinnu af þessum toga. Þessar megin ábendingar snúast ekki um náttúruvernd eða ferðaþjónustu, heldur á við um hvaða nýsköpun sem er, eða þróun verðmætra hugmynda, **á hvaða sviði sem er**. Þær eru ***almennar***. Þetta er leið til að skoða nýsköpun með myndlíkingu við boðhlaup, og var kynnt á vefnum Uppbygging.org í lok árs 2011. Tilgangurinn var að varpa skýrara ljósi á hvernig nýsköpun þróast, svona svipað og þegar þjálfari og lið skoða leiki og velta fyrir sér leikskipulagi til að styrkja frammistöðuna á boltavellinum, þó að allir viti auðvitað hvernig bolti lítur út og hverjar grunn reglurnar á vellinum eru. Framsetning þessara pælinga voru undir áhrifum af þeirri miklu neikvæðni sem var í samfélaginu á þeim tíma. Þessar hugmyndir eru settar fram hér aftur, enda í fullu gildi og ekki sérlega tengdar atburðum 2009-2011. Vel er líklegt að einhver annar sem ynni að svipuðu myndi benda á önnur atriði, en þetta eru að minnsta kosti þau atriði sem höfundur hefur sigtað út og finnst vert að setja fram.

Þessi 3. hluti bókarinnar, um leiðir til þróunar nýsköpunarhugmynda, er hugsanlega mikilvægastur, miðað við stöðuna í íslensku samfélagi þegar þessi orð eru skrifuð. Ef þessar pælingar ná því að verða einhverjum innblástur til betri verka, er einu af markmiðunum náð.

**Skipting**

Tillögur allra sem settu fram formlegar tillögur, formleg umræða og stuðningur, taka yfir150 blaðsíðu í þessari bók. Þar af eru tillögur höfundar 117 blaðsíður, auk 6 blaðsíðna af athugasemdum og stuðningi annarra við þær. Nánari útlistun á hvernig efni frá mismunandi höfundum og umsagnaraðilum skiptist niður má finna í kaflanum Tölfræði á blaðsíðu 177.

Það er því svo að yfir 80% af öllu því sem sett var fram í formi tillagna um friðun Vatnajökuls á árunum fyrir samþykkt þingsályktunartillögunnar um Vatnajökulsþjóðgarð á Alþingi, þann 10. mars 1999, var sett fram af þeim sem tekur þessa bók saman. Ef aðeins eru skoðaðar beinar tillögur sem voru hnitmiðað um Vatnajökul, og ekki umsagnir eða stuðningur annarra en tillöguhöfunda, og ekki í flokknum dreifðar hugmyndir, fer hlutfall höfundar yfir 90% (92,6%). Hlýtur það að teljast all verulegt.

Því til viðbótar skal nefnt að á fjögurra ára tímabili, frá lokum 1993 til loka 1997, var höfundur sá eini sem setti fram neinar tillögur eða röksemdir fyrir friðun Vatnajökuls og nágrennis, formlega, og opinberlega. Aðrir settu ekki fram stakt orð, þar á meðal sá þingmaður sem hafði sett fram listann með 17 svæðum á Náttúruverndarþingi árið 1993. Þegar síðan kom fram tillaga frá einhverjum öðrum en höfundi (þeim sem setti saman) bókar, þá var það ekki hnitmiðuð tillaga um Vatnajökul eingöngu heldur dreifð tillaga sem stefndi ekki bara á Vatnajökul heldur fjóra jökla (fimm með Eyjafjallajökli). Hnitmiðuð tillaga um Vatnajökul frá einhverjum öðrum en höfundi þessarar bókar kom ekki fram fyrr en 6. Febrúar 1999, um mánuði áður en þingsályktunartillagan var samþykkt.

Spurning: Telur fólk að vinna höfundar hafi skipt einhverju máli í þessu öllu?

Það er athyglisvert að þessi vinna höfundar og samhengið er nánast óþekkt. Þó hefur höfundur reynt að kynna þetta, formlega, alveg frá árinu 2004.

**Mikilvægi**

Hér er rétt að spyrja hvaða máli skiptir það sem sett er fram í þessari bók? Hefur þetta eitthvert gildi? Eru þetta ekki bara söguleg gögn, áhugaverð fyrir þá sem hafa áhuga á sögunni en lítils virði fyrir aðra. Það er rétt að þessar hugmyndir hafa ekkert formlegt gildi í dag. Starfsmenn þjóðgarðsins fara eftir því sem stendur í reglugerð, eftir vilja ráðherra og stjórnar. Í þessari bók er ekkert sem þau þurfa eða eiga að fara eftir. Efni þessarar bókar er hinn líklegasti aðdragandi, upphafs sýnin og röksemdir fyrir hugmynd sem á sínum tíma var alveg óvíst að yrði nokkuð úr.

Lesandi verður að hafa sína skoðun á því hvort að þær beinu tillögur, og dreifðari tillögur, sem stillt er fram í bókinni hafi haft áhrif á ákvörðun stjórnmálamanna – en þetta er (á að vera) öll umræðan sem kom fram um slíkar tillögur á árunum fyrir hina pólitísku ákvörðun um stofnun þjóðgarðsins. Ef ekki þessar hugmyndir, hverjar þá? Það hjálpar að hafa skilning á hvernig hugmyndir þróast. Áður en lesandi mótar sína afstöðu en lesandi beðinn að kynna sér atburðarásina kringum kynningu hugmynda og tillagna, þ.e. hverjir tóku undir þessar hugmyndir, og hvernig. Einnig, hvar þeir aðilar voru staðsettir á hinu pólitíska litrófi sem var þá í samfélaginu. Einnig hvers konar tillögur þetta voru sem komu fram, þ.e. markaðs- og atvinnusköpunarhugmyndir, og hvernig það tengist þeim sem voru við stjórn í landinu á þeim tíma. Hvert var hið pólitíska litróf? Þetta kemur allt fram í bókinni.

Höfundur þessarar bókar telur að það geti skipt máli, í hvaða tilgangi mest allar þær tillögur voru settar fram sem miðuðu beint að því að friðlýsa Vatnajökul og nágrenni. Einnig getur skipt máli hvernig þær tillögur voru unnar. Hver var aðferðarfræðin, hvernig var staðreyndum safnað og hvernig unnið úr þeim, hvernig var rökstuðningur mótaður, og svo framvegis?

Einhverjum kynni að þykja að mikil vinna hafi verið lögð í þróun hugmynda hjá höfundi, á árunum 1992 til 1998. Staðreyndin er hins vegar þessi: Það er nákvæmlega svona mikil og ítarleg vinna sem þarf til að þróa alvöru tillögur að máli af þeirri stærðargráðu sem Vatnajökulsþjóðgarður er. Það er, ef það á að vera gert almennilega. Mikið af nýjungum sem koma inn í íslenskt samfélag koma hins vegar upp að Íslands ströndum sjálfkrafa. Þess vegna kann að vera að margir hafi takmarkaða tilfinningu fyrir því hvað rannsókna og þróunarvinna er í raun mikil vinna. Þetta er alvöru vinna, að þróa alvöru hugmynd, og hana þarf að vinna með jafn jarðbundnum vinnubrögðum eins og þegar hús er byggt. Þetta er ekki gert í léttu spjalli með hendur í vösum, þar sem menn „bara vita“ svörin si svona.

**Gífurlegur ávinningur?**

Fyrir nokkrum árum voru unnar opinberar áætlanir fyrir tvö ráðuneyti, umhverfisráðuneytið og samgönguráðuneytið. Fyrir fyrrnefnda ráðuneytið var það spá um líklega aukningu gjaldeyristekna vegna tilkomu Vatnajökulsþjóðgarðs, unnin af Rannsóknum og Ráðgjöf Ferðaþjónustunnar, en fyrir það síðarnefnda var það mat á margfeldisáhrifum ferðaþjónustu í hagkerfinu, unnið af Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. (Útskýringu á margfeldisáhrifaum má m.a. finna í dreifiritinu *Áhrif Vatnajökulsþjóðgarðs á þjóðarbúið*, viðauka 1, sem höfundur birti árið 2004 og er að finna á vefnum www.sverrir.info, á þeirri stundu sem þessi bók er sett saman.) Samkvæmt þessum opinberum spám má áætla að Vatnajökulsþjóðgarður geti skilað þjóðinni 3,5-4 milljörðum króna í aukningu

gjaldeyristekna þegar fram líða stundir. Hvenær er ómögulegt að segja, það fer eftir því hvernig kynning og markaðssetning gengur, sem er að hluta til tengt því hve mikið er unnið að kynningu og markaðssetningu. Þessir 3,5-4 millarðar myndu þýða 14-16 milljarða aukningu á veltu í efnahagslífinu á sama tíma. Það er vel þekkt að áætlanir sem þessar eru ekki nákvæmar, og eiga að skoðast út frá því, en þetta gefur engu að síður vísbendingu. Þetta gæti þýtt þúsund milljarða króna aukningu í veltu í efnahagslífi á öldinni, sem myndi gefa af sér um þrjú hundruð milljarða króna aukningu á skatttekjum til ríkisins nettó, og eitt hundrað milljarða króna aukningu á útsvarstekjum sveitarfélaga, á sama tíma. Þessir 3,5-4 milljarðar voru lægri mörk spárinnar. Efri mörkin voru um þrefalt hærri. Það er ljóst að þarna eru hugsanlegar tekjur sem gera má ýmislegt við á öldinni.

Ef þetta er nærri réttu lagi, þá skiptir máli hver var aðferðarfræðin og nálgunin í þróun þeirra tillagna, sem voru fyrir hendi þegar stjórnmálamenn samþykktu málið. Skiptir þá engu hver var þar að verki, og hver ekki. Ef að Vatnajökulþjóðgarður getur hugsanlega skilað svona árangri, þá er það hugsanlega betri árangur en ýmislegt annað hefur skilað sem var í gangi á síðustu árum. Það er mjög mikilvægt að vel takist til á næstu árum á Íslandi við að þróa nýjungar sem geti skilað nýjum tekjum, nýjum gjaldeyristekjum og nýjum störfum. Með öðrum orðum arðbær nýsköpun, svipuð þeirri sem að sú einfalda aðgerð að friðlýsa Vatnajökuls og stofna þjóðgarð er talin geta skilað.

Hugmyndirnar að friðlýsingu Vatnajökuls og nágrennis voru það sem kalla má félagsleg nýsköpunarhugmynd, með þann tilgang að styrkja markaðsstöðu svæðisins og landsins, og auðvelda sköpun nýrra starfa. Þetta var því ólíkt venjulegri vöruþróun eða stofnun fyrirtækis, því ef hugmyndin gengur upp gæti þjóðgarðurinn þess vegna auðveldað stofnun fimmtíu eða hundrað nýrra fyrirtækja, en ekki bara eins fyrirtækis. Þarna var verið að þróa ákveðinn „markaðslegan grunnþátt“, ekki bara eitt fyrirtæki eða eina vöru. Mestu máli skiptir því hvort Vatnajökulsþjóðgarður sé líklegur til að skila jákvæðri niðurstöðu fyrir Ísland, og þá hvers vegna? Geta önnur mál á allt öðrum sviðum, sem eru líka þróuð til að skapa verðmæti, ný störf og nýjar skatttekjur sem eru ekki íþyngjandi enda komnar af aukningu tekna, líka skilað jákvæðri niðurstöðu? Hvernig og hvers vegna?

**Þörf á átaki til framfara**

Til að koma landi og þjóð á skrið á ný eftir áföll síðustu ára er æskilegt að einhverjir leggi af mörkum án þess að hugsa aðeins um eigin hag. Spurning er hvort að kúltúrinn á Íslandi sé þannig að margir hafi áhuga á því? Um leið er höfundi nú orðið ljóst að ekki er nóg að fórnfúsir einstaklingar leggi sitt af mörkum. Samfélagið sjálft verður líka að bregðast rétt við. Samfélagið verður að geta skilið gott frá slæmu, það verður að kunna að leggja mat á nýjar hugmyndir, og það verður að tryggja öryggi þeirra sem koma nýjum hugmyndum á framfæri. Ef samfélagið vill bara þiggja án þess að þakka, þá mun á endanum verða minni gróska og minna um að skapandi og verðmætar hugmyndir komi fram, sem þó bráðvantar.

Hér kemur mikilvægur punktur: Ef flestir hugsa eins og mjög margir virðast gera, sem felur í sér að setja fram kröfur með stöðugri gagnrýni og ásökunum á aðra, og þá sérstaklega ráðamenn, en leggja lítið skapandi og jákvætt af mörkum, þá eru litlar líkur á að mál þróist í rétta átt. Hluti af ástæðu þess að þessar pælingar eru settar fram er að setja fram ábendingu um þetta. Kannski þessi skrif á Uppbygging.org nái til einhverra, og kannski það kvikni á slíkri peru.

Lykilatriði er þetta: Ef sá sem þróaði mest af grunn hugmyndum að Vatnajökulsþjóðgarði gat gert slíkt með þeirri aðstöðu, stuðningi og fjárveitingu sem voru til staðar (hann borgaði þetta smálega úr eigin vasa), þá geta aðrir líka þróað nýjar og verðmætar hugmyndir, á ýmsum öðrum sviðum.

Það er nákvæmlega það sem þarf. Og kannski mun meira en margir átta sig á.

Annað er, að þegar höfundur fékk hugmynd að því að hagstætt gæti verið að friðlýsa stórt svæði á þessum stað, í markaðs- og ímyndartilgangi fyrir ferðaþjónstu, þá hefði höfundur vel getað látið það gott heita, og ekki unnið meira í hugmyndinni. Höfundur biður lesandann að spyrja sig einnar spurningar um leið og efni bókarinnar er skoðað: Ef höfundur hefði sleppt því að vinna í málinu, engar hugmyndir sett fram, hvar væri Vatnajökulsþjóðgarður í dag? Hver hefði sett fram nægjanlega yfirgripsmiklar tillögur fyrir svo stórt mál? Á tíma hægri stjórnar. Heldur lesandi í alvöru að þjóðgarðurinn væri til? Þetta sýnir, að mál eins og Vatnajökulsþjóðgarður er **í blá upphafinu** byggt á **framtaki**, og **ákvörðun** um að fara í slíka **vinnu**. Þá **fer málið af stað**. Það voru engar reglugerðir frá ESB eða „skandinavísk lagahefð“ sem sögðu að Vatnajökulsþjóðgarður væri pottþétt á leiðinni. Þetta var skapandi **framtak** innanlands, byggt á frumkvæði innanlands utan hrings hagsmunaafla.

**Er þetta eitt af stærri málum í sögunni þar sem málsatvik eru nánast alveg óþekkt?**
Tillögurnar sem höfundur setti fram voru með stærstu og yfirgripsmestu náttúruverndarhugmyndum í sögu landsins. Þær voru líka með stærstu náttúruverndarhugmyndum í sögu Evrópu. Það er merkilegt að 90% af þessari sögu, sem sett var fram af einum aðila, virðist vera alveg óþekkt hjá jafnvel 99% af þjóðinni. Þarna var um mikla vinnu að ræða. Hvernig skyldi henni hafa verið tekið? Því er til að svara að vinnan fékk afgerandi viðbrögð hjá afmörkuðum hópi áhrifamanna, en annars var þessi vinna í raun á skjön við helstu hagsmunahópa sem gætu tengst málinu.

- Fólk til hægri í pólitík vildi flest ekki taka þessar hugmyndir opinskátt upp á sína arma.
- Fólk til vinstri í pólitík gat ekki sætt sig fyllilega við hugmyndirnar heldur.
- Þetta voru einar stærstu náttúruverndarhugmyndir (af viðamiklum tillögum um slíkt) sem settar höfðu verið fram í sögu Evrópu, en náttúruverndarfólk hafði almennt ekki áhuga á að halda þeim á lofti, og voru fyrir því tvær megin ástæður.
- Virkjana- og stóriðjusinnar höfðu að sjálfsögðu ekki almennan áhuga á að hampa hugmyndunum, en þó voru þetta án vafa stærstu hugmyndir sem einstaklingur hafði sett fram í sögunni, sem voru m.a. tilraun til að setja fram raunhæfa tillögu að sáttum og málamiðlun milli virkjana og náttúruverndar.
- Tillögurnar snerust meðal annars um hag ferðaþjónustu, en ferðaþjónustufólk hafði almennt ekki fulla ástæðu til að vera sátt við hugmyndirnar.
- Tillögurnar snerust líka meðal annars að bændum, matvælaframleiðslu og iðnaði, en voru að stórum hluta of nýstárlegar til að falla beint að fyrri málflutningi þeirra aðila.
- Venjulegt fólk sem tilheyrði ekki þessum hópum hafði því ástæðu til að halda sig fjarri þessum vettvangi, þegar að geysilega heiftúðugar deilur um virkjanir og náttúruvernd hófust um það bil á sama tíma og ákveðið var að stefna á stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs. Þessar deilur snerust fyrst um Eyjabakka, og svo um Kárahnjúka. Opin, málefnaleg og umburðarlynd hugsun er ekki efst í huga allra við slíkar aðstæður, enda um mikið að tefla. Menn fara í skotgrafir, og eru mis æstir. Þessum deilum lauk ekki fyrr en nokkrum árum síðar.

- Það var enda skynsamlegt, þar sem þeir sem héldu fram málstað náttúruverndar gátu eignast óvildarmenn, og gilti einu út frá hvaða forsendum sá málstaður var.

Þessar tillögur og röksemdir voru því á skjön við fyrirfram mótaða hópa og meginstrauma. Aðilar sem tilheyra þessum hópum hafa því ekki séð ástæðu til að hampa þessu. Raunar merkir það að hugmynd falli ekki að fyrirfram ákveðinni hugmyndafræði tiltekins hóps að meðlimir þess hóps eru líklegir til að finnast hugmyndirnar fremur lítils virði. Það þarf allavega sjálfstæða hugsuði til að sjá gildið. Miklar líkur eru á að vinnan týnist þegar árin líða, en ýmsar dægurflugur séu meira áberandi í umræðunni. Þróun þessara tillagna var byggð á rökhugsun og algerri virðingu fyrir staðreyndum, en ekki á upphrópunum og glitrandi loforðum, og var því minna til þess fallið að vekja athygli.

Í þessu verkefni lagði höfundur talsvert mikið af mörkum og kannski er hugsanlegt að sú vinna muni eiga þátt í verðmætasköpun síðar meir. Það er því engin launung á því að höfundur er ekkert sérlega ánægður með viðbrögðin á þessum tíma, og ekki síður á viðbrögðum eftir árið 1998, en höfundur hélt áfram að setja fram pappíra og ýmislegt, sem sjá má á blaðsíðu 277. Vinna af þessu tagi, ef hún fellur ekki inn í hugmyndafræði einhvers hóps, virðist vera hunsuð að mestu, ekki þakkað, málin ekki rædd, viðkomandi ekki svarað, og viðkomandi ekki spurður um hvort hann gæti lagt orð í belg. Margir vissu auðvitað lítið af vinnu höfundar, en þó voru nokkur sem vissu. Í samtölum voru viðbrögð ýmist vinsamleg, vandræðaleg, óöryggi, hræðsla, eða reiði. Jákvæð, vitræn viðbrögð voru afar sjaldgæf.En þetta eru tiltölulega skaðlaus atriði. Þeim má líkja við að vera bitinn af mýflugu frekar en bitinn af ljóni.

**Sjálfstætt verkefni sem fyrr**

Rökhugsandi einstaklingar hljóta að sjá, að það eru ágætis líkur á því að vinna höfundar á árunum 1992-1998 hafi haft eitthvað um það að segja að Vatnajökulsþjóðgarður varð yfirhöfuð til. Höfundur þessarar bókar vinnur ekki að þessu máli, sem snýst um Vatnajökulsþjóðgarð, innan einhvers ramma sem stjórnendur Vatnajökulsþjóðgarðs eða stjórnmálamenn hafa mótað. Væri ekki nær að segja að stjórnendur Vatnajökulsþjóðgarðs og stjórnmálamenn hafi unnið að málum Vatnajökulsþjóðgarðs innan ramma sem höfundur þessarar bókar mótaði í blá upphafinu.

Í upphafi stóð höfundur einn „úti í eyðimörkinni“, með hugmynd sem varla er hægt að segja að neinn hafi heyrt áður, og fáir studdu þar með. Það eina sem höfundur hafði var fullvissa um að þetta gæti verið góð hugmynd, gott skref. Af nokkrum ástæðum hefur höfundur ákveðið að hugsanlega sé best að vinna einn að því að koma þessari bók á framfæri, en ekki í samvinnu við fólkið í þjóðgarðinum. Það fólk hefur enda lítið um það að segja hvað var að gerast í þessum málum, 10-15 árum áður en það sjálft kom að málinu. Þeirra staða og sýn á mál þjóðgarðsins er væntanlega allt önnur en sýn höfundar, og þeirra samansafn af hagsmunum persónulega og faglega, enda tímaramminn allt annar til dæmis. Þau „eiga“ þjóðgarðinn í dag, en þau eiga ekki söguna alla, og mörg þeirra höfðu litla hugmynd um að það hefði yfir höfuð verið einhver saga fyrir árið 1999. Þess vegna var höfundur ekkert að hefja samræður um þetta áður en bókin kæmi út.

**Tónverkið Vatnajökulsþjóðgarður**

Það, hvernig hlutir hanga saman sögulega í þessu máli, má kannski líkja við tónlist. Hver samdi lagið, ef við sjáum Vatnajökulsþjóðgarð fyrir sér sem tónverk? Ágætis rök hljóta að vera fyrir því að sá sem setti fram meira en 90% af öllum beinum tillögum og röksemdum, og var einn að því lengst, hafi átt talsverðan þátt í að semja lagið. Tónsmiðurinn tók hins vegar ekki þátt í að skrifa endanlega útsetninguna á tónverkinu fyrir hljómsveit. Lagið breyttist þó ekki í megin atriðum í útsetningunni.

Tónsmiðurinn er heldur ekki einn af hljóðfæraleikurunum í hljómsveitinni, sem er að flytja tónverkið, ef nota má þá samlíkingu um starfsmenn og einstaklinga sem taka þátt í að reka þjóðgarðinn í dag. Áheyrendur eru svo þeir sem vita af því að þarna er þjóðgarður, og sumir þeirra heimsækja svæðið. Í lok tónleika standa hljóðfæraleikar upp og hneygja sig undir lófataki þegar vel hefur tekist til. Þá er gaman. Það er ekkert að því að hljóðfæraleikar fái fagnaðarhróp ef þeir hafa unnið til þess.

Gera hljóðfæraleikarar og áheyrendur sér grein fyrir því hvaða vinna fór í að semja lagið í upphafi? Fljótgert er að svara því að flestir virðast vita lítið um það. Eða ekkert. Það var ákveðið að flytja þetta lag, það var ákveðið af stjórnvöldum, og þannig var það. En eitt sinn var lagið ekki til. Enginn hafði raulað þessa laglínu í neinum mæli. Svo varð lagið til. Einhver samdi lagið. En hver?
Til að ný „tónverk“ í þessari samlíkingu verði til í framtíðinni, hæf til spilunar, þarf annað hvort að fá nótur erlendis frá (sem er algengt), eða einhver þarf að semja nýtt „tónverk“, byggt á íslenskum aðstæðum. Til að vel takist til þarf fólk að skilja ferlið, og bera virðingu fyrir öllum þáttum þess frá upphafi til enda. Í þeim tilgangi skrifaði höfundur efnið í þriðja hlutanum, um þróun hugmynda. Þar er mikilvægasti punkturinn fyrir framtíðina.

Mjög mikilvægt er að Íslendingar skilji ferlið .

**Forsendur útgáfunnar**
Bókin er gefin úr af Sverri Sv. Sigurðarsyni viðskiptafræðingi, persónulega, og byggir á hans reynslu af vinnu við þetta mál frá 1992 til 2013. Engir styrkir voru fengnir til verksins, hvorki vinnu né prentunar, og ekki er óskað eftir styrkjum frá þeim sem sækja sér bókina. Allt í þessari bók er sett fram án óska um laun. Höfundur hefur aldrei haft tekjur af þessu verkefni. Þetta var unnið til að láta gott af sér leiða. Bókin er framleidd í prentuðu formi í fáeinum eintökum. Bókinni má hlaða niður í rafrænu formi á vefsíðunni www.seevatnajokull.com/bok.

Í bókinni er nokkuð af efni sem er frá öðrum komið en höfundi. Útlistun og upptalning á því er í kaflanum 280.

Bókin er ekki sett fram samkvæmt ströngustu kröfum sagnfræðinnar eða háskólasamfélags um heimildaskrár og slíkt, enda er höfundur ekki sagnfræðingur. Fyrst og fremst er vonast til að þessi efnið hér á undan sé skýr, skiljanleg, og endurspegli sannleikann.

# Hluti I: Tillögurnar

# Tillögur og röksemdir um friðlýst svæði á Vatnajökli og nágrenni sem settar voru fram formlega á árunum 1992-1999

Í eftirtöldum köflum eru þær tillögur, röksemdir og umræða sem birtust opinberlega um þann möguleika að friðlýsa Vatnajökul til að búa til stórt náttúruverndarsvæði, sem og dreifðari hugmyndir sem innifólu Vatnajökul að hluta.

Þetta eru öll þau formlegu blaðaskrif, dreifirit, verðlaunatillögur í samkeppnum, blaðaviðtal og skrif í bók, umsagnir, og umræða hjá umhverfisnefnd Alþingis, sem sett voru fram með tillögum að friðlýstu svæði á Vatnajökli. Þetta var á árunum 1992 til 1999, áður en Alþingi samþykkti þingsályktunartillögu um Vatnajökulsþjóðgarð sem var þann 10. mars 1999.

Á næstu síðu er útskýrt hvernig höfundar og tegund efnis eru auðkennd.

# Kóðar sem skilgreina tegund efnis og höfunda

Aftan við nöfn kaflanna hér á undan eru kóðar. Skýring er hér:

**Þegar skoðaðar eru þær tillögur sem komu fram um friðlýsingu á Vatnajökli og nágrenni, skiptir líklegast máli hvort viðkomandi tillaga fjallaði um Vatnajökul, eða hvort hún var víðari og fjallaði um nokkur svæði en ekki Vatnajökul eingöngu. Tillaga sem fjallar m.a. um Langjökul, Hofsjökul, Ódáðahraun eða eitthvað annað getur ekki talist vera tillaga sem augljóslega eigi að leiða af sér niðurstöðu sem snýst um Vatnajökul.** Það er því rétt að skipta tillögum á þessum árum í tvo flokka:

**VA:** Tillögur eða umsagnir um þær sem fjölluðu aðeins um Vatnajökul hnitmiðað

**DR:** Tillögur sem voru um svæði sem voru dreifðari, um fleiri en eitt svæði þar sem Vatnajökull eða hluti hans var eitt þeirra, en ekki var gerð tilraun til að fókusera meira á Vatnajökul en önnur svæði.

Það voru fáir höfundar sem settu fram einhverjar tillögur á þessum árum. Hver og ein tillaga fær sinn höfundarkóða til að auðvelda yfirsýn í efnisyfirliti. Kóðarnir eru eftirtaldir (í sömu röð og þeir birtast fyrst):

**SSS**: Sverrir Sv. Sigurðarson, þá viðskiptafræðinemi
**HG**: Hjörleifur Guttormsson, alþingismaður
**HG&UMH**: Hjörleifur Guttormsson og umhverfisnefnd Alþingis.
**HG&UMH&ALÞ**: Hjörleifur Guttormsson, umhverfisnefnd Alþingis, og Alþingi (umræður)
**KK BB**: Kári Kristjánsson og Bryndís Brandsdóttir, náttúruverndarfólk.
**MBL**: Morgunblaðið (ekki ný tillaga, heldur viðtal og stuðningur við hugmyndir Sverris Sveins.)
**HS**: Hákon Þ. Sindrason, meistaranemi, Viðskiptaháskólanum í Kaupmannahöfn (ekki ný tillaga, heldur stuðningur við hugmyndir Sverris)

Við nafn viðkomandi efnisþáttar verður því kóði, t.d. **DR-SSS** eða **VA-SSS** eftir því sem við á.

**Hnitmiðað eða dreift?**
Tillögur þeirra sem kalla má klassíska náttúruverndarsinna voru aðallega dreifðar tillögur [DR], að undanskilinni breytingu á þingsályktunartillögunni fyrir umhverfisnefnd Alþingis þann 4. Febrúar 1999. Þetta er skiljanlegt, þar sem Vatnajökull er ekki svæði af því tagi sem náttúruverndarsinnar leggja áherslu á. Á Vatnajökli sem heild eru hvorki viðkvæmar jarðmyndanir, né viðkvæmt lífríki.

Tillögur Sverris Sv. Sigurðarsonar voru hnitmiðaðar, um Vatnajökul og svæðið kringum hann, frá hausti 1994. Þær höfðu þann fókus að styrkja markaðsstöðu landshlutans, styrkja ímynd landsins og stuðla að sköpun nýrra starfa, og voru fyrstu náttúruverndarhugmyndir sem fókuseruðu fyrst og fremst á slík markmið á Íslandi.
Eftirfarandi grein fjallar ekki um Vatnajökul heldur svæði norðan hans. Þar sem hún markaði upphafið að hugmyndavinna sem leiddi af sér tillöguna að friðlýstum Vatnajökli í janúar 1995, þá er hún birt hér. Þetta er líklega í fyrsta sinn sem náttúruvernd var rökstudd með markaðsfræðirökum.

# Grein í Morgunblaðinu 15. október 1992

## Austfirðingar og Norðlendingar: Vaknið! [DR-SSS]

(Morgunblaðið breytti fyrirsögninni í "Hörmulegar fyrirætlanir")

Við Íslendingar stöndum nú frammi fyrir mestu kreppu í atvinnumálum í langan tíma. Samdráttur blasir við á mörgum sviðum, bæði í höfuðborginni og á landsbyggðinni. Á slíkum tímum er mjög mikilvægt að huga að framtíðinni. Hvað getur komið í staðinn fyrir minnkandi landbúnað og fiskvinnslu í landi?

Einn af þeim möguleikum sem dreifbýlinu stendur opinn er aukin uppbygging ferðamannaþjónustunnar, og það er helst talið að hin hreina og ósnortna náttúra sé sá grunnur sem hún muni byggja á.

Margir telja að eitt helsta tromp sem austur- og norðurland hafi á hendi í því efni sé víðáttan norðaustan Vatnajökuls, því þarna er hvorki meira né minna en stærsta ósnortna víðerni í gjörvallri Evrópu. Hrein og ómenguð náttúran, laus við mannanna brambolt.

Á tímum mikillar og vaxandi umhverfisvitundar og áhuga á ósnortinni náttúru í öllum hinum vestræna heimi er augljóst að íbúar á norðausturlandi geta hugsað sér gott til glóðarinnar þegar þeir fara að huga að frekari uppbyggingu ferðamannaþjónustu. Tilvist þessa svæðis mun gera þeim mun auðveldara fyrir í þeim efnum, því fjöldi útlendinga mun í framtíðinni hafa áhuga á að leggja leið sína til Íslands til að kynnast "stærsta ósnortna svæði Evrópu."

En þá kemur babb í bátinn.

Landsvirkjun hefur kynnt nýja hugmynd að legu Fljótsdalslínu 1, svonefnda E leið, í stað A leiðar sem hafnað var í fyrra sökum mótmæla. Þessi nýja leið hefur sama galla og sú fyrri að hún liggur þvert í gegnum umrætt svæði. Landsvirkjun hefur haldið því fram að með því að leggja línuna þessa leið í stað þriðju leiðarinnar, meðfram byggðalínu, muni hún spara þjóðarbúinu umtalsverðar upphæðir. En er það svo? Ég tel ekki.

Við skulum gera okkur grein fyrir því að þetta svæði mun í framtíðinni geta orðið mikil skrautfjöður fyrir íslenska ferðamannaþjónustu, þar sem það gefur norðausturlandi, (og Íslandi öllu), mjög mikla sérstöðu.

Það er hinsvegar ljóst að ef að línan verður lögð þarna í gegn þá er ekki lengur um að ræða "stærsta ósnortna víðerni Evrópu." Svæðið mun því hafa mun minni sérstöðu og aðdráttarafl fyrir erlenda ferðamenn og erfiðara verður að sannfæra þá um að norðaustuland hafi uppá eitthvað merkilegt að bjóða. Það þýðir að tekjulega séð hefur "verðgildi" svæðisins stórlækkað fyrir þá sem vinna við ferðamannaþjónstuna. Og ef litið er til langs tíma er þar ekki verið að tala um neinar smáupphæðir.



MORGUNBLAÐIÐ FIMMTUDAGUR 15. OKTÓBER 1992

# Hörmuleg fyriræetlun

*Frá Sverri Sveini Sigurðarsyni:*

Við Íslendingar stöndum nú frammi fyrir mestu kreppu í atvinnumálum í langan tíma. Samdráttur blasir við á mörgum sviðum, bæði í höfuðborginni og á landsbyggðinni. Á slíkum tímum er mjög mikilvægt að huga að framtíðinni. Hvað getur komið í staðinn fyrir minnkandi landbúnað og fiskvinnslu í landi?

Einn af þeim möguleikum sem dreifbýlinu stendur opinn er aukin uppbygging ferðamannaþjónustunnar, og það er helst talið að hin hreina og ósnortna náttúra sé sá grunnur sem hún muni byggja á.

Margir telja að eitt helsta tromp sem Austur- og Norðurland hafi á hendi í því efni sé víðáttan norðaustan Vatnajökuls, því þarna er hvorki meira né minna en stærsta ósnortna víðerni í gjörvallri Evrópu. Hrein og ómenguð náttúran, laus við mannanna brambolt.

Á tímum mikillar og vaxandi umhverfisvitundar og áhuga á ósnortinni náttúru í öllum hinum vestræna heimi er augljóst að íbúar á Norðausturlandi geta hugsað sér gott til glóðarinnar þegar þeir fara að huga að frekari uppbyggingu ferðamannaþjónustu. Tilvist þessa svæðis mun gera þeim mun auðveldara fyrir í þeim efnum, því fjöldi útlendinga mun í framtíðinni hafa áhuga á að leggja leið sína til Íslands til að kynnast „stærsta ósnortna svæði Evrópu".

En þá kemur babb í bátinn.

Landsvirkjun hefur kynnt nýja hugmynd að legu Fljótsdalslínu 1, svonefnda E-leið, í stað A-leiðar sem hafnað var í fyrra sökum mótmæla. Þessi nýja leið hefur sama galla og sú fyrri að hún liggur þvert í gegnum umrætt svæði. Landsvirkjun hefur haldið því fram að með því að leggja línuna þessa leið í stað þriðju leiðarinnar, meðfram byggðalínu, muni hún spara þjóðarbúinu umtalsverðar upphæðir. En er það svo?

Ég tel ekki. Við skulum gera okkur grein fyrir því að þetta svæði mun í framtíðinni geta orðið mikil skrautfjöður fyrir íslenska ferðamannaþjónustu, þar sem það gefur Norðausturlandi (og Íslandi öllu), mjög mikla sérstöðu.

Það er hins vegar ljóst að ef að línan verður lögð þarna í gegn þá er ekki lengur um að ræða „stærsta ósnortna víðerni Evrópu". Svæðið mun því hafa mun minni sérstöðu og aðdráttarafl fyrir erlenda ferðamenn og erfiðara verður að sannfæra þá um að Norðausturland hafi upp á eitthvað merkilegt að bjóða. Það þýðir að tekjulega séð hefur „verðgildi" svæðisins stórlækkað fyrir þá sem vinna við ferðamannaþjónustuna. Og ef litið er til langs tíma er þar ekki verið að tala um neinar smáupphæðir.

Hvað mun það geta þýtt tekjulega ef að svæðinu verður þyrmt? Ég vil fullyrða að með skynsamlegri markaðssetningu þá geta árlegar tekjur íbúa á svæðinu í kring numið a.m.k. helmingi þeirrar upphæðar sem Landsvirkjun hyggst „spara" þjóðarbúinu með því að eyðileggja ósnortinleik þessa svæðis. Og ef við reiknum saman þær tekjur t.d. næstu 50 árin, þá er „sparnaður" Landsvirkjunar farinn að fölna ansi mikið við samanburðinn. Og við skulum gera okkur grein fyrir einu mikilvægu atriði: Ef við Íslendingar erum nógu skynsamir að láta þetta svæði í friði, þá mun „stærsta ósnortna víðerni í Evrópu" verða okkar eign, ekki aðeins næstu 50 árin, heldur um alla eilífð.

Ég hvet alla hugsandi menn og konur að mótmæla þessum hörmulegu fyriræetlunum Landsvirkjunar. Það verður að koma í veg fyrir að þeim miklu möguleikum sem liggja í þessu svæði verði kastað á glæ.

Mótmælum skal skilað skriflega til: Skútustaðahrepps, Múlavegi 2, 660 Reykjahlíð, Jökuldalshrepps, Skjöldólfsstöðum, 701 Egilsstöðum og afriti til Skipulags ríkisins, Laugavegi 166, 105 Reykjavík, (símbréf 91-624155) fyrir 16. október nk. (Ath. að mótmæla bæði A- og E-leið). Einnig væri hugsanlegt að hafa samband við þingmenn og aðra þá sem hugsanlega gætu haft áhrif á málslok. Athugið að þögn verður túlkuð sem samþykki.

SVERRIR SVEINN SIGURÐARSON,
Hagaflöt 4, Garðabæ.

## Pennavinir

**Greininni var gefin fyrirsögnin *Hörmuleg fyriræetlun* í blaðinu**

Hvað mun það geta þýtt tekjulega ef að svæðinu verður þyrmt? Ég vil fullyrða að með skynsamlegri markaðssetningu þá geti árlegar tekjur norðaustlendinga numið a.m.k. helmingi þeirrar upphæðar sem Landsvirkjun hyggst "spara" þjóðarbúinu með því að eyðileggja ósnortinleik þessa svæðis. Og ef við reiknum saman þær tekjur t.d. næstu 50 árin, þá er "sparnaður!" Landsvirkjunar farinn að fölna ansi mikið við samanburðinn. Og við skulum gera okkur grein fyrir einu mikilvægu atriði: Ef við Íslendingar erum nógu skynsamir að láta þetta svæði í friði, þá mun "stærsta ósnortna víðerni í Evrópu" verða okkar eign, ekki aðeins næstu 50 árin heldur um alla eilífð.

Ég hvet alla hugsandi menn og konur að mótmæla þessum hörmulegu fyriræetlunum Landsvirkjunar. Það verður að koma í veg fyrir að þeim miklu möguleikum sem liggja í þessu svæði verði kastað á glæ.

Mótmælum skal skilað skriflega til: Skútustaðahrepps, Múlavegi 2, 660 Reykjahlíð. Jökuldalshrepps, Skjöldólfsstöðum, 701 Egilstöðum og afriti til Skipulags ríkisins, Laugavegi 166, 105 Reykjavík, (símbréf 91-624155) fyrir 16. október n.k.

Einnig er hugsanlegt að hafa samband við þingmenn og aðra þá sem hugsanlega gætu haft áhrif á málslok. Athugið að þögn verður túlkuð sem samþykki.

Sverrir Sveinn Sigurðarson

## Október 1993 og vorið 1997

# Ályktun um eldfjallafriðland samþykkt á Náttúruverndarþingi 1993 og 1997 [DR-KK BB]

Á 8. Náttúruverndarþingi sem haldið var 29. og 30. október 1993 á Hótel Loftleiðum í Reykjavík var lögð fram tillaga um „Eldfjallafriðland“. Svæðið átti að vera á virka gosbeltinu norðan Vatnajökuls, en hluti jökulsins átti einnig að falla undir, og ná suður að mörkum þáverandi þjóðgarðs í Skaftafelli inni á miðjum Vatnajökli. Kári Kristjánsson var flutningsmaður tillögunnar og skráður fyrir henni, en ásamt honum mun Bryndís Brandsdóttir hafa tekið þátt í að móta tillöguna. Tillagan var samþykkt sem ályktun Náttúruverndarþings.

ÁTTUNDA NÁTTÚRUVERNDARÞING
var haldið 29. og 30. október 1993 á Hótel Loftleiðum
Fulltrúar á þinginu voru 101 auk 27 sem ekki hafa kosningarétt og 35 gestir (sbr. þingskjöl nr. 6 og 7).

**ELDFJALLAFRIÐLAND**
**Áttunda Náttúruverndarþing haldið í Reykjavík 1993 skorar á umhverfisráðherra og Náttúruverndarráð að beita sér nú þegar fyrir því að stofnað verði Eldfjallafriðland á virka gosbeltinu á austanverðu Norðurlandi.**

Á 9. Náttúruverndarþingi sem haldið var í Reykjavík 31. janúar og 1. febrúar 1997 var ályktunin um eldfjallafriðland ítrekuð í sömu mynd, með samhljóða greinargerð:

AFRIT 0

**ÁLYKTANIR**
**níunda náttúruverndarþings í Reykjavík, 31. janúar og 1. febrúar 1997**

SKRÁÐ 0242/A7

**Eldfjallafriðland** (19)
Níunda náttúruverndarþing skorar á umhverfisráðherra að beita sér nú þegar fyrir því að stofnað verði Eldfjallafriðland á virka gosbeltinu á Norðausturlandi.
*(samþ. samhljóða)*

Greinargerðin með tillögunni, ein og hálf blaðsíða, og kort af svæðinu eru á næstu þremur síðum.

NÁTTÚRUVERNDARRÁÐ
26 OCT 1993
Skjalasafn 00.17 Viðb.

Til Náttúruverndarráðs, sendandi Kári Kristjánsson.

024/I

**ELDFJALLAFRIÐLAND**

**Náttúruverndarþing 1993 skorar á Umhverfisráðherra og Náttúruverndarráð að beita sér nú þegar fyrir því að stofnað verði ELDFJALLAFRIÐLAND á virka gosbeltinu á austanverðu Norðurlandi.**

Greinargerð:

Sérstaða Íslands sem eldfjallalands er mikil þar sem þetta er eini staðurinn á jörðinni þar sem miðja úthafshryggs nær upp fyrir yfirborð sjávar. Eldvirknin og eldstöðvarnar eru því nokkuð frábrugðnar því sem þekkist á flestum eldfjallasvæðum jarðarinnar. Þessi sérstaða hefur leitt til þess að ýmis alþjóða fræðiheiti tengd eldstöðvum og eldvirkni eiga rætur að rekja til Íslands. Vegna þessarar sérstöðu er mikilvægt að komið verði á fót ELDFJALLAFRIÐLANDI þar sem svæði hefur að geyma fjölbreytileika Íslenskra eldstöðva og fyrirbæri tengdum þeim verði verndað. Hér er lagt til að friðlandsmörkin verði milli Kreppu og Jökulsár á Fjöllum í austri og Skjálfandafljóts um miðjan Tungnafellsjökul um vatnaskil í Vonarskarði, vestan Bárðarbungu að mörkum Skaftafellslands í vestri. Frá austurhorni Skaftafellslands í upptök Kreppu í suðri. Norðurmörk afmarkast af nær beinni línu í vestri frá ármótum Sandár og Skjálfandafljóts vestan Hrossaborgar, og frá Hrossaborg að Jökulsá á Fjöllum við þjóðveg nr.1, (sjá meðf. kort).

Um þetta svæði liggur megin gosbeltið um Ísland og þar er því að finna mikinn fjölda eldstöðva.Það sem gerir svæðið fýsilegt til verndunar sem eldfjallafriðland umfram önnur er er sú fjölbreytni eldstöðva og annarra tegunda náttúrufyrirbæra sem þar eru. Þarna er að finna dyngjur, stórar og smáar, svo sem Trölladyngju, Kollóttudyngju og Flötudyngju, einnig dyngjur frá hlýskeiðum ísaldar, svo sem Urðarháls, Vaðöldu og Arnardalsöldu. Gígaraðir eru víða.Þarna eru einnig móbergsfjöll bæði hryggir og stapar(Herðubreið), sem hafa myndast við gos undir jökli. Jarðföll, öskjur og fallgígar eru á svæðinu svo sem Askja í Dyngjufjöllum, tvær öskjur í Kverkfjöllum og Bárðarbungu askjan, fallgígurinn á Urðarhálsi og jarðföllin og fallgígarnir í Kollóttudyngju. Sigdalir eru nokkrir eins og Veggjastykki Sveinagjá og Fjallagjá. Sérstæðar móbergsmyndanir eru víða svo sem í

Bræðrafelli. Mikið er um hraunhella, flestir þó órannsakaðir, og fjöldi sérstæðra hrauntraða.

Fjölbreytileiki eldstöðva og samspil þeirra gera það að verkum að þetta svæði er einstakt í sinni röð. Svæðið er þekkt um víða veröld meðal fræðimanna, jafnt sem áhugamanna um eldfjöll, en þrátt fyrir að langt sé liðið frá því að rannsóknir hófust er mikið verk óunnið.

Svæðið er einnig ákjósanlegt til friðunar sem eldfjallafriðland þar sem innan þess er þegar að finna friðlýst svæði svo sem, Herðubreiðarfriðland, náttúruvættið Öskja, Krepputungu og Gæsavötn sem eru á náttúruminjaskrá og að ógleymdum lögum um friðun Mývatns og Laxár sem ná til alls Skútustaðahrepps.

Það eykur einnig gildi svæðisins hve ósnortið það er. Það er einnig mjög vinsælt meðal ferðamanna.

Afmörkun svæðisins kallar á samvinnu Náttúruverndarráðs, heimamanna og fræðimanna.


Eldfjallafriðland
Tilaga um afmörkun
VATNAJÖKULL
Dyngjujökull
Brúarjökull

## Október 1993

# Hugmynd Hjörleifs Guttormssonar um friðun 17 svæða á Austurlandi á Náttúruverndarþingi árið 1993 [DR-HG]

Á 8. Náttúruverndarþingi haustið 1993 lagði Hjörleifur Guttormsson fram lista yfir 17 svæði á Austurlandi sem hann taldi að mætti gjarnan friðlýsa, en var þó ekki tæmandi upptalning. Þar á meðal var Vatnajökull. (Sjá nánari umfjöllun í kaflanum „Umgjörðin um tillögu ... ...“ á blaðsíðu 197.)

Nokkrar ábendingar frá Hjörleifi Guttormssyni um svæði á Austurlandi sem "lagt er til að verði skoðuð sérstaklega m. t. t. að þau verði gerð að þjóðgörðum eða annars konar verndarsvæðum", sbr. greinargerð Náttúruverndaráðs bls. 16.

1 Krepputunga og Kverkfjöll.
2. Brúardalir.
3. Snæfell og nágrenni.
4. Votlendi (blárnar) í Hjaltastaðaþinghá.
5. Dyrfjöll og Stórurð.
6. Víkur sunnan Borgarfjarðar og Loðmundarfjörður.
7. Gerpissvæðið.
8. Skrúður (eyja).
9.. Þingmúli, Skriðuvatn, Haugahólar og grennd.
10. Breiðdalseldstöð (fjalllendi milli Breiðdals og Berufjarðar).
11. Papey.
12. Geithellnadalur (Múladalur).
13. Horn (Vestrahorn) með Papafirði og Skarðsfirði.
13. Umhverfi Hoffellsjökuls.
14. Vatnsdalur og Humalkló upp af Mýrum.
15. Fjalllendi í Suðursveit.
16. Vatnajökull með skriðjöklum.

Ath. Mörg þessara svæða eru þegar á náttúruminjaskrá.
Langt frá því að vera tæmandi upptalning.

### 1994: Grein í Morgunblaðinu, 15. september 1994.

Eftirfarandi fyrirspurn var sett fram í grein í Morgunblaðinu í þeim tilgangi að fá fram svör frá Landsvirkjun, sem yrðu svo nýtt og birt í greinunum, sem Sverrir ætlaði að birta í Morgunblaðinu eftir áramót, þar sem grunn hugmyndin að stóru friðlýstu svæði á Vatnajökli og í nágrenni yrði kynnt. Því er þessi grein birt hér þó hún fjalli ekki um tillöguna sem slíka, enda er hún beinn hluti verkefnisins.

Fyrirspurnin var sett fram í framhaldi af grein stjórnarformanns Landsvirkjunar í Morgunblaðinu þann 9. Júlí 1994, sem **má sjá hér**. Sú grein hét „Tenging Íslands við orkukerfi Evrópu“, og fjallaði um forsendur sæstrengs frá Íslandi til Evrópu. Í greininni var ekki minnst á umhverfismál eða náttúru landsins, og var því ekki úr vegi að spyrja um afstöðu Landsvirkjunar til þeirra þátta.

## Fyrirspurn til dr. Jóhannesar Nordal [DR-SSS]

**Hver verða umhverfisáhrif stórvirkjana, sem stórvirkjana, sem hljóta að verða undanfari útflutnings á raforku um sæstreng? Þannig spyr Sverrir Sv. Sigurðsson og beinir spurningu sinni til dr. Jóhannesar Nordals, sem fjallaði um óvissuþætti á hugsanlegri lagningu sæstrengs, héðan til Evrópu, í Morgunblaðinu 9. júli sl.**

LAUGARDAGINN 9. júlí síðastliðinn birtist í Morgunblaðinu grein eftir dr. Jóhannes Nordal þar sem hann velti fyrir sér ýmsum óvissuþáttum sem eru á lagningu sæstrengs frá Íslandi til Evrópu. Samkvæmt mati Jóhannesar "þarf að svara að minnsta kosti fjórum grundvallar spurningum áður en hægt er að mynda sér rökstudda skoðun á þessu máli". Spurningarnar sem hann velti upp snerust um 1) tæknihliðina, 2) hvaða áhrif tenging gegnum sæstreng við Evrópu hefði á rekstur og öryggi íslenska raforkukerfisins, 3) hvort skynsamlegt sé að flytja út raforku í stað þess að nýta hana til stóriðju og 4) hver samningsstaða Íslendinga muni verða sökum geypilegrar stærðar þessa verkefnis í hlutfalli við stærð íslenska efnahagskerfisins. Þessum spurningum svaraði dr. Jóhannes síðan skilmerkilega í þessari sömu grein, hverri á eftir annari.

### Fleiri óvissuþættir?

Sæstrengsverkefnið getur ekki talist vera einangrað eitt og sér heldur tengist það óhjákvæmilega þeim virkjanaframkvæmdum sem eru nauðsynlegar og forsenda þess að sæstrengur verði lagður. Óvissuþættir varðandi virkjanir af þeirri stærðargráðu sem um ræðir verða því sjálfkrafa að óvissuþáttum í sæstrengsverkefninu og er því nauðsynlegt að hafa þá einnig inni í matinu. Það er því ekki úr vegi að reyna að gera sér grein fyrir hverjir þeir gætu verið varðandi virkjanirnar.

### Óvissa varðandi virkjanir

Hönnunar og framkvæmdahliðin er væntanlega án stórra óvissuþátta, enda gilda sömu grundvallarlögmál hvort sem um er að ræða stærri eða minni virkjanaframkvæmdir og íslenskir verkfræðingar hafa sýnt að þeir eru ágætlega færir um að leysa hin ýmsu tæknilegu vandamál sem upp kunna að koma í framkvæmdinni. Fjárhagshlið virkjanaframkvæmda er að mestu ljós, en gert er

ráð fyrir að kostnaður við þær nemi 114 milljörðum króna. Arðsemin helst svo í hendur við arðsemina af sæstrengnum, þar sem verkefnin eru samtengd. Svo virðist sem að raforkan, komin á áfangastað, verði töluvert dýrari en sú raforka sem býðst þar nú. Það lítur því út fyrir að arðsemishliðin sé ekki í nægilega góðu lagi eins og staðan er í dag. Þá er það spurningin um umhverfisáhrifin. Virkjanaframkvæmdir þær sem um ræðir eru umfangsmeiri en nokkrar aðrar hingað til og er ljóst að þær munu hafa í för með sér meiri breytingar á umhverfinu en þekkst hafa hingað til í svipuðum framkvæmdum. Það er því nauðsynlegt að meta þá þætti af engu minni alvöru en þá í grein dr. Jóhannesar, sérstaklega þar sem umhverfismálin eru sífellt að verða mikilvægari.

## Tvær nýjar spurningar

Að undanförnu hefur mál þetta verið töluvert í umræðunni í kjölfar komu manna frá Rafveitu Hamborgar og orku- og umhverfisráðuneyti Hamborgarsvæðisins. Nú er því ágætt tækifæri til að varpa fram tveim spurningum varðandi umhverfisþætti þessa máls og athuga hvaða svör dr. Jóhannes getur gefið lesendum Morgunblaðsins við þeim. Í grein Jóhannesar voru fjórar spurningar þannig að líta má á þær sem þá fimmtu og sjöttu.

5. Hver verða umhverfisáhrif af virkjanaframkvæmdum og hversu æskileg eða óæskileg eru þau áhrif?

6. Hvaða áhrif, jákvæð eða neikvæð, er líklegt að slíkar stórframkvæmdir muni hafa á afstöðuna til Íslands, íslenskrar náttúru og Íslendinga meðal íbúa annarra þjóða? Er hugsanlegt að vegna síaukins áhuga á verndun ósnortinnar náttúru muni umhverfisverndarsamtök hérlendis eða erlendis snúast öndverð gegn þessum fyrirætlunum og vinna með því skaða á ímynd landsins?

## Beiðni um svör

Hér með er þess farið á leit við dr. Jóhannes Nordal, stjórnarformann Landsvirkjunar, að hann svari á síðum Morgunblaðsins þessum tveimur aukaspurningum, jafn skilmerkilega og þeim fyrri, og sýni þar með fram á að í orkugeiranum séu menn vel að sér um alla þætti þessa máls, umhverfisþættina ekki síður en þá tækni- og fjárhagslegu.

---

Höfundur er nemandi við Háskóla Íslands og áhugamaður um framtíð Íslands.
Sverrir Sv. Sigurðarson

==========================================================================

Svar dr. Jóhannesar Nordal birtist í Morgunblaðinu þann 28. September. Það má lesa **á gagnavef Morgunblaðsins**, en upprunalega grein Jóhannesar frá 9. Júlí 1994 **má sjá hér** í gagnasafni Morgunblaðsins.

## September 1994: Fyrirspurn til 30 erlendra hótelkeðja.

# A proposition for a future strategy for Iceland [VA-SSS]

Sverrir sendi hefti til um 30 erlendra hótelkeðja í september 1994, með hugmyndinni að hinu stóra friðlýsta svæði. Tilgangurinn var að athuga hvort fyrirtækin væru tilbúin að gefa einhverskonar umsögn um hugmyndina, séð frá sjónarhorni ferðaþjónustu, og þá hvernig sú umsögn myndi verða. Nú voru þessi fyrirtæki ekki hluti af íslensku samfélagi en höfðu alþjóðlegan sjóndeilarhring. Þau tóku ekki þátt í íslenskri þjóðmálaumræðu.

Þetta voru tvær sendingar. Annars vegar í september, og hins vegar í október.

**Fyrra bréfið, 7 blaðsíður, sent þann 20. september 1994.**
Framsetningin í fyrra bréfinu var hugsuð sérstaklega þannig, að þau myndu vonandi fá áhuga á að velta þessu fyrir sér. Hótelkeðjurnar fengu sent sex blaðsíðna bréf auk myndar af hinu friðlýsta svæði, en það var sama myndin og var birt í Morgunblaðinu í janúar 1995. Þessar hugmyndir eru dálítið „flippaðar“ og fara inn á atriði varðandi þróun mála í heimsmenningu og lífsstíl, sem að Sverrir hefði aldrei sett fram á Íslandi. Einnig var hugmyndinni um stórt friðlýst svæði á Vatnajökli lýst, sem gæti orðið hornsteinn í ímynd Íslands.

**Síðara bréfið, 6 blaðsíður, sent þann 3. Október 1994.**
Síðara bréfið hafði að geyma ýmsar viðbótar upplýsingar sem gætu komið viðkomandi fyrirtæki að gangi, hefðu þau áhuga á að velta málinu fyrir sér og gefa sína umsögn.

Þetta bréf var sex síður að lengd, og í því mátti finna:

1. Þýðingu á upplýsingabæklingi um Ísland.
2. Upplýsingar um heitt vatn, kalt vatn, „mineral“ vatn.
3. Kort af Íslandi með tilliti til vatnsbúskapar.
4. Yfirlýsingu frá yfirlækni heilsuhælisins í Hveragerði.
5. Persónulegar vangaveltur um hvernig tillagan að friðlýstum Vatnajökli var mótuð.
6. Ýmsar umsagnir gesta um Ísland.
7. Fjallað um líkindi milli svæða á Íslandi og tunglinu.
8. Sagt frá svari dr Jóhannesar Nordal við fyrirspurn höfundar.
9. ... Og lokaorð.

Aftan við bréfin sem Sverrir sendi eru svo nokkur svör sem bárust frá hinum erlendu hótelkeðjum. **Tekið skal fram að það getur verið óljóst hversu mikil alvara er á bak við svör sem þessi**, en Sverri þóttist þó geta lesið jákvæðan anda í svörunum, fremur en háð eða þvingaða kurteisi. Samkvæmt því væru hugmyndirnar ekki alger della, og Sverrir gæti verið rólegri þegar svo stórar hugmyndir væru kynntar. Það var í eini tilgangurinn með því að leggja þetta fyrir hótelkeðjurnar.

Taka má fram að svörunin frá hótelkeðjunum, um 30%, var miklu betri en svörunin frá ýmsum opinberum aðilum á Íslandi í mörgum bréfasendingum á næstu tveimur árum á eftir, eða um 1-3%

Sverrir Sv. Sigurðarson
Hagaflöt 4
210 Garðabær
Iceland.

To the management.

Issue: New projects development.
Potential new location.

Reykjavík, september 20th 1994.

Dear Sirs.

My name is Sverrir Sv. Sigurðarson and I am a 27 year student at the University of Iceland, where I am commencing my studies in business.
The reason for this letter is that this fall I am planning to introduce ideas that I have been forming for the last three years, in the field of tourism and hotels/resorts, to official authorities and people in this field in Iceland. I send them to you since I believe you must be interested in locations, that might have the potential of becoming popular, being brought to your attention. These ideas are about how Iceland might improve its image greatly because of how much it has of unspoiled nature, and then this basic question is asked:
*Could Iceland possibly become a popular and fashionable place among the members of the high class, the high society and the jet set, to come to for relaxation and retreat from the noise and pollution of the industrialized countries?*
The purpose of sending you these ideas is that I would like to ask you three questions:
1) Could you possibly give me some comments on my ideas? I would both like to get comments on things that I am saying who possibly have changed or are not quite correct, and also perhaps get some comments that I would be allowed to show to others in order to support these ideas. An important question is: How attractive do you consider Iceland to be today 1) as a tourist destination and 2) as a place to own and run a hotel/resort in, and how do you think these two factors would change if these ideas were to be implemented?
2) Would you be interested in being informed on how these ideas are received among official authorities and people in the hotel and tourism business in Iceland?
3) Are there any questions that you have about some specific matters in Iceland? I will gladly do the best I can to provide you with answers to them, or get them into the hands of those who can answer them better than I can.

In hope of your positive response, and ...

very truly yours,

Sverrir Sv. Sigurðarson.

***Bréfið sem var sent með fyrra heftinu til 30 hótelfyrirtækja. Tilgangurinn var aðeins að reyna að finna hvernig tónninn væri í viðbrögðum, ef einhver myndu koma, en ekki sá að fyrirtækin ættu að vera einhver fastur þátttakandi í þessu máli.***

# A proposition for a future strategy for Iceland.

The strategy in short: Iceland has unspoiled nature in abundance, which today has become a valuable resource because of the increased interest in environmental issues. But this fact has to be presented to the people in Europe in an easily understood way. Iceland should legislate an area (see map) as a nature reserve, which would be the largest nature reserve in western Europe, and use this fact to acquire an improved and more visible image. This would be used to aid in popularizing Iceland as a place to come to, for relaxation and retreat from the noise and pollution of the big cities, among the most prestiguous and affluent social group: The high class. If this group would start to come here then 1) that could give Iceland a higher status among other classes and help in popularizing it among these groups, and then it 2) might be possible to try to popularize Icelandic products among this group.

If Iceland wants itself as a tourist destination and Icelandic products to become desirable in the eyes of the world, then I believe that the first thing necessary for Iceland is to improve its image. I believe that Iceland might profit considerably by acquiring what I have chosen to call a **"cornerstone"** in the country's image. A "cornerstone" is a single object or natural landmark which is easy to describe and understand. A concept which is well known by the world and stands as a symbol for the country and makes it more visible than other countries. Some countries have such a cornerstone and some don't. Countries that don't are f. exc. Belgium, Germany, Norway and Canada. Countries that have are for instance France (the Eiffel tower), Switzerland (the Alps), Egypt (the Pyramids) and the United States (the Statue of Liberty). Today, Iceland does not have a "cornerstone" that is well known to the outside world. Iceland is not, as a matter of fact, often thought about or spoken of around the world and it's image is therefore not very visible.

A propositon for Iceland's "cornerstone". The best "cornerstone" is the one that stands as a symbol for a value that people desire and want to have more of in their lives. In the last ten or twenty years unspoiled nature has become increasingly valued among the public, because of increased interest in environmental matters. And unspoilt nature is exactly what Iceland has in abundance. But it has to be"presented" in a concept that is simple and easily understood so that it can become a "cornerstone". My proposition will be that a large area (see picture) will be taken and legislated as a nature reserve. The reserve's size would be about 30.000 square kilometres and by far the **largest nature reserve in western Europe**. The second largest reserved area in w-Europe is in Sweden, roughly 8800 square kilometres, and consists of three national parks and one nature reserve that all lie together. The area will include many significant natural landmarks, such as the glacier Vatnajökull (Europe's largest), the Skaftafell and Jökulsárgljúfur national parks, six nature reserves and five natural monuments, plus many areas that have been legislated as "areas of special interest", such as the well known Þórsmörk and the legendary volcano Hekla. The reason that Iceland would give for this action is that it has recognised the value of its nature and wants to make sure that it will remain mostly unspoiled from now on and into the unforeseeable future.

Since we live in a world that often believes that the biggest is the best, then it will become much easier, (that is less expensive) with this clear and easily understandable phenomenon or concept, to persuade the world into believing that Iceland is **the** country with clean and unspoiled nature in western Europe. The message will be simpler and it will be easier to get foreign media to publish articles about it because of that. Now there is one important thing to point out: No single nation in Europe "owns" the concept "clean and unspoilt nature" in the minds of the public (is known for it). So therefore the concept is "free" or "vacant" which makes it possible for Icelanders to

Blaðsíða 1 af fyrra upplýsingabréfi til erlendra hótelkeðja, sent 20. september 1994.

take decisive action in order to insure that Icelands name will become connected with it. And if Iceland manages to become the country that 400 million Europeans look towards with a positive attitude, because they understand that Iceland has a lot of what in the very last years has become a very desirable quality, then it might have quite a dramatic effect on Iceland's strategic position in terms of promoting itself as a tourist destination, (remember the unsignificant position that Iceland has today in the minds of Europeans). It might become easier to market Icelandic foodstuffs and beverages with a "clean and natural" image, and it even might become possible to transfer that image to some kinds of merchandise, where the image is a part of the value. Here I would like to add that the farmers association is working on forming a strategy on how it might be possible to make Iceland the first country in the world where the agriculture is entirly organic. It would be great news if this could be realized and would be very good for Iceland's image. And I believe that these two concepts would support each other. It would become easier to tell foreigners that Iceland had an organic agriculture because of the fact that Iceland was viewed as the country that had a lot of unspoiled nature, and vice versa.

And here comes the second half of my strategy. I have been thinking whether it might be possible to use "western Europe's largest nature reserve" as a "bait" to make Iceland a desirable place to come to for relaxation and retreat from noise and pollution, even to make Iceland fashionable, among the group which is the most desirable in terms of prestige and financial status: **The High Class**. Not doctors, lawyers, dentists and executives (although they are very good to have as visitors indeed), but the real high class. People that are born into a certain social standing and/or often are so affluent that they don't have to work. This uppermost group in the social ladder can be divided into two: The High Society, that consists of members of old aristocratic and royal families: Counts, barons, dukes and duchesses, princes and princesses and so on. Members of that group are everything from being fabulously wealthy down to pennyless, but they stick together, have their own more or less exclusive social life and often marry inside their group. The other group is the so called jet-set: The rich and famous that go from one corner of the world to the other (often in their private jets) in search of the most "important" party, gala evening, art opening or couture show and etc. These people generally have more money than the aristocrats, are more glamourous and are more often seen in the gossip columns. The High Society is limited with Europe, while the jet-set is international.
(My source of information: 1) Helga Björnsson, who is one of three chief designers in high fashion or "Haute Couture" at Louis Féraud, Paris' largest fashion house in terms of revenues and also the world's largest. She therefore has had a good opportunity to get to know the habits and the geography of the European high class for the last two decades. 2) Articles and gossip columns in various fashion and "high life" magazines).

The next three questions will be:
Why would it be possible to turn Iceland into a "hot-spot" for these people?
Why would it be desirable for Iceland?
How could it be done?

First question: Why would it be possible for Iceland to become a "hot-spot" for the high-class?
These people only want the very best. In these times when clean and unspoiled nature is becoming a sought after quality, then it would be likely that these people, like most other, would like to withdraw from the noise and pollution of their home countries, and relax in a country that is known for having unspoiled nature in abundance. But then comes the question whether this social group, that is used to chauffeur driven limousines, private jets, coctail parties and gala evenings in glamourous surroundings, is interested in coming to Iceland for relaxation and leisure, surrounded by its rough and rugged landscape, with its glaciers and hot springs? Is the social climate favorable for this idea? It seems to me that the social climate has gone through changes recently that make this more possible today than for instance ten years ago.

Blaðsíða 2 af fyrra upplýsingabréfi til erlendra hótelkeðja, sent 20. september 1994.

Looking at how the fashions and life styles, that are considered to be the most chic or desirable at any given time, have evolved through this century, one seems to see a certain pattern. It seems that with about 30-40 years in between, one lifestyle, which we could call **"lifestyle A"** and has been the primary influence the social scene for some years, fades away and a new lifestyle gains popularity instead, which we will call **"lifestyle B"**. It has been said that the dressing fashion is the barometer of the social atmosphere at any given time and the characteristics of each lifestyle is reflected in the style that has been fashionable in each period. The characteristics of "lifestyle A" are an emphasis on glitz and glamour, materialism and a certain formality. The lifestyle desired seems to be influenced by the way aristocrats and royalty used to live in past times. In "A" periods the emphasis is on formal social gatherings in formal settings (ballrooms and such). After some time the public seems to become tired of this lifestyle. The need for change is in the air, and "lifestyle B" becomes the dominant influence (not the only one of course, but the most desirable). "Lifestyle B" is casual and sporty. In "B" periods, people desire to escape from the formality of urban life and seek retreat in places less touched by civilization, and in these periods, new places seem to have become fashionable (or older ones regained their popularity) for the high class to go to for relaxation and leisure. The key words for "B" periods are casualness, leisure, not formal, physical movement, closer to nature and sunlight. The changes that can be seen from lifestyles "A" to "B" are as follows: Between 1910-20, lifestyle "A" was dominant, which is seen in the atmosphere of the social life and in the heavy and glamourous fashions of that period, best seen in the works of the fashion designer Paul Poiret. Around 1920 the change came. A lighter, more casual lifestyle became fashionable: Lifestyle "B". Paul Poiret was soon forgotten, and the new darlings of the fashion world were Gabrielle "Coco" Chanel and Jean Patou, with their simple and casual designs. Sports became a popular way of spending leisure time and new places became popular among the high class: Biarritz on the French Riviera, the Greek islands and Egypt for instance. (30 years before it was Deauville on the atlantic coast of France, during the famous "Belle Époque" period). Time went by and in 1947 change was in the air. A young designer, Christian Dior, made a hit with his first collection, which reintroduced aristocratic glamour and elegance into the social life, reminiscent from times past. Another "A" period began. Other influential designers in that period were Pierre Balmain and Cristobal Balenciaga. This period has been called "the coctail era", since the high class was attending endless coctail parties. Around 1960, the atmosphere switched over to "B". A new lifestyle and a new dressing style became fashionable, characterized by more lightness and open spaces. Pierre Cardin, Mary Quant and André Courréges were the most influential designers and new places became popular: Gstaad, Cannes and Marrakech. Around 1983 change was in the air again. The High Society and the jet-set were ready to go into high gear again, into the third "A" period in this century. The high fashion or "Haute Couture" became very popular and sought after again, after having been considered staid and uninteresting in the decade before. The most influential designers were the newcomer Christian Lacroix and Karl Lagerfeld of Chanel. These years have been labeled as "the designer decade" because of how the popularity of luxury items, with designer names attached to them, and various other status symbols skyrocketed. The house of Chanel, for instance, couldnt make a pearl embrodiered coctail jacket fast enough to answer the demand, although the price was a hefty 65.000 US dollars. This period has also been connected to the yuppie culture, with its heavy emphasis on material wealth and status symbols (BMW, Louis Vuitton, Rolex and etc). Around and after 1990 the public became disinterested in the glitz and glamour of the past decade, and many luxury companies have gone into serious trouble. Many signs are evident that we are sailing into yet another "B" period: The fashion magazines emphasize much more casualness than in the decade before and there is less interest in status symbols. Calvin Klein's new lifestyle and his new beach house and how these two factors are celebrated can be seen as a strong indication of the social atmosphere today.
(My sources of information: "The history of fashion, with Karl Lagerfeld", three hour television program. Articles and chapters in various books and magazines. I spoke to

Blaðsíða 3 af fyrra upplýsingabréfi til erlendra hótelkeðja, sent 20. september 1994.

Helga Björnsson about this theory and she believed she could agree with it, especially how things have evolved in the last decade).

So, if this theory is right, than it indicates that there are two factors that might make it more likely that Iceland could become popular or even fashionable among the high class: The fact that we are now in a "B" period and therefore you might say that the social climate is favourable, and also that in these past years the value of clean and virtually untouched nature has increased dramatically, and there Iceland has **a historic opportunity** to gain a status among other western-European nations, because of how much it can claim to own of that precious quality. There are other things that are in favour of Iceland as a possible destination for relaxation and hiding away from the noise and dirt of the big cities of Europe for this social group. Iceland's nature is not only relatively unspoiled, it also has a distinct beauty that sets the country entirely apart from other European countries (this view can be seen in market research made among foreign tourists). Iceland is (still) a relatively secure society with lower crime rates than most other countries. Icelanders are generally well educated, the cultural life is unbelievably dynamic compared with the nation's size and the standard of living is high. The quality of the health system is very high and the experience of staff and technological level is among the best in the world. The Icelandic horse, being very reliable and good to maneuver and also being the only horse race in the world capable of doing 5 gaits, also give the country a distinctive stand, at least among those who are interested in horses, which is more common among the upper classes than the lower. To add to that, I have been wondering whether it might be possible to promote Iceland as the **"land of peace"**, since Icelanders are a weaponless nation (apart from hunting rifles and shot guns used for hunting geese) that has no army. That this fact might give Iceland and even more positive image, because the media is constantly filled with news of warfare and killings, while the public wants to see peace in the world (which is a big change from about a century ago when war was glamorized).
I have the opinion that in terms of tourism, Iceland is still somewhat of a "sleeping beauty". It seems to have a very special character that can, if marketed in the right way, give Iceland a very distinctive position among other nations in the future.
But this has to be verified with facts and statements from foreigners that come here, and preferably from members of the group I am talking about. A good way of acquiring such information seems to be to make inquieries about what effect Iceland has on the one upper-class group that has for a long time come to Iceland. That group is the fly-catching enthusiasts who come here in order to catch salmon in the well known and very expensive Icelandic salmon rivers. An excample could be that H.R.H. The Prince of Wales came here for many consecutive years while he was still a batchelor (he would have been here only once if he had'nt liked it), and his father H.R.H. The Duke of Edinburgh has been here also. I have also heard a couple of stories that give a strong indication that Iceland has something unique that sets it totally apart from other countries. And positive uniqueness is of course very good in terms of marketing.
One question is to be answered: What would this group do here and where would they stay? It would probably come here primarily to relax in Iceland's unspoiled nature and clean air, and perhaps a part of the group would be interested in hiking and glacier expeditions. So they would probably like to stay at spa or resort kind of hide-a-way hotels, and the first place to put up an operation would probably be close to the Blue Lagoon, the outfall from the geo thermal power station on the Reykjanes peninsula, which is already becoming well known. The second place would probably be close to Höfn on the south-east coast, being close to the glacier Vatnajökull, the national park Skaftafell and the Lónsöræfi nature reserve.

And this leads us to the second question: Why would it be desirable for Iceland to become popular or even fashionable among this high profile group? This is an important question since the people of Iceland and Icelandic authorities have to be in favour of the idea so that it can be implemented successfully.
There are a few reasons why I believe Icelanders should think seriously about trying to popularize Iceland among the high class.

Blaðsíða 4 af fyrra upplýsingabréfi til erlendra hótelkeðja, sent 20. september 1994.

First one can point out that this group only wants the very best and is able and willing to pay for it. And since Iceland is considered to be an expensive country, it would be logical to try to attract here the most affluent groups of people, that are more likely to be ready to spend here considerable sums of money.
Secondly it is likely that it would have a **promotional value for Iceland** in itself, if this highly visible group of people would start to visit Iceland and spend here some time regularly, because members of this group act, in a way, as role models for many members of the groups of society that are next below (lower high-class and upper middle class) in terms of life style, fashion and etc. What I mean is that if the titled high class and the rich and famous members of the jet-set would start to come to Iceland because of its reputation for unspoiled nature, relatively clean environment and health, then it **would automatically lead to a raised interest in Iceland among the other groups of society and make it easier to promote it among them**.
Thirdly it could help in marketing Icelandic food products in foreign markets. If members of this prestigous high-profile group starts to come to Iceland then it would become possible to promote these products among them, while they are here in Iceland and their attention is open towards the country and what it produces. Here I would like to remind you of the Farmer's Association's ideas about organic agriculture. In marketing, as you know, it is good to be the first one to be connected to a valuable concept, which "the first organic" is since people (and the high-class also) are becoming more and more concerned about the food they eat being free from pesticide residues and toxics. If these ideas could be made real, then Icelandic food products would become much more desirable among these prestigous guests. The importance of that is the fact that this group gets a lot of attention and if Icelandic drinking water, fish or lam meat becomes a preferred choice among the rich and famous and titled ones, then it would give these Icelandic products a different strategic position in terms of promoting them to customers of the other classes in the Triad. It would become possible to give Icelandic products, not just a "clean & organic" stamp, but also a "high status" stamp, which could open up the possibilty to sell Icelandic products for a high price, which is indeed necessary in agricultural products since the productivity is very low in Iceland because of it's cold climate.
The fourth thing I have been thinking about is whether it might be possible to transfer the new positive image of Iceland into such kinds of products, where the image is a large portion of the value that the customer is paying for. Here I am talking about clothes, furniture, luxury items, health-care products and even works of art.
In other words: If Iceland would become a **center of positive attention** for Europeans, and possibly people in United States consequently, because of its image of unspoiled nature, clean environment and health, then it might become possible to give Icelandic products of that kind this same image, and thereby make them more desirable in the eyes of the increasing mass of customers who want to buy, use and surround themselves with products that radiate a message of these qualities. The question is whether it might be possible to create a distinct Icelandic style with an Icelandic image. Here again it could help a lot to have the most affluent and prestiguous group close at hand here in Iceland as potential customers since if they were not here, then of course it would be very difficult to reach them. These ideas are of course only on a concept stage and this is far from being easy to implement, but here come my speculations about why this might perhaps be possible.
The leading nation in the luxury industry has been France. I have a theory that France gained it's leading position in the days of **Louis XIV**, when he made the radical decision of having the palace of Versailles built. The palace became absolutely the most spectacular that Europe had ever seen in terms of style and decoration, and it became a showcase for the French luxury, drapery, furniture, silversmith, mirror and etc. industries, who flourished after the building of this magnificent "advertisement", since the French style became **the** style in the eyes of aristocrats and royalty throughout Europe. This would not have happened if the style of the palace and the lifestyle connented with it hadn't reflected a value that was sought after by the public. The desired value in this instance was the longing to live in opulent luxury, and being in a way isolated or protected from the outside world. The environment was entirely man

Blaðsíða 5 af fyrra upplýsingabréfi til erlendra hótelkeðja, sent 20. september 1994.

made, instead of being a reflection of nature and the basic message was man's domination over his surroundings, which can be seen for instance in fashion designs and monumental buildings. The idea that it could be possible to build up a preference for an Icelandic image, which could then be transferred to many kinds of products, among the public in the Triad is based on the basic assumption that since there is a new value emerging, that of man longing for contact with (unspoiled) nature and coming to terms with mother earth, then it might be possible to make Iceland **a focal point** for that value, and then creating a new style radiating that value. The new style would radiate a message of going back to nature, living in harmony with the environment and man being a part of the world and interdependent with it, instead of ruling over it.

The third question is how these ideas or this strategy might be implemented.
The first step will be to introduce it to authorities and the private sector in these fields here in Iceland and to companies in this field abroad. The purpose would be to seek information from those who would be able to give comments about the positive factors and also the negative ones (perhaps the price levels and the weather in Iceland) and try to win approval of these ideas. It is also important to try to find out which factors stand in the way of this idea being realized, and to try to assess which the negative consequences might be if this idea becomes real and whether and how these might be reduced, eliminated or turned around into positive ones.
What the second step will be depends on how these ideas will be received among those who will be introduced to them.

There is one obstacle that seems to stand in the way of this idea to form western Europe's largest nature reserve. That obstacle is the ideas about building giant dams and power stations in this area to produce electricity, which then would be sold abroad as a raw commodity, via cable to Scotland, Germany or Norway. Many experts in high positions in the energyfield in Iceland are quite excited about this but certainly not all. Some experts have openly said that they think that these ideas are very questional and even total nonsense: Nobody knows what the exact cost of the cables would be, since this would be by far the largest project of that kind in history. Very few jobs would be left behind after the dams and power stations had been built, and therefore the long term value created for the nation in terms of jobs would be less than acceptable. And then there are the environmental consequences from this giant project. What would international environmental protection organizatons say when these two large rivers would be dammed and directed away into the third one? (The Soviets did a similar thing years ago in Siberia and the result was one of the worst environmental disasters in history). And there seems to be somewhat of a hush-hush around these matters. On sunday the 28th of august there was a letter from the editor in Morgunblaðið, the nation's largest newspaper, about these ideas. The letter covered one and a half page but yet about the environmental factor there was only one small sentence. And on the 8th of july the chairman of the National Power Company, dr. Jóhannes Nordal, wrote a one and a half page article about this issue. In the article he speculated about which were the uncertainties in this cable project, but he did not talk about the uncertainties of the giant dams and power stations that are necessary to produce the electricity. Nobody is interested in laying this cable at the estimated cost of $ 1.9-5.3 billion, if there is no electricity to sell through it. So the power stations and dams have to be built if the cable is going to be laid which means that the uncertainties, technical, financial and also the environmental, regarding them have to be assessed as well. So I have written a small article where I ask dr. Nordal to answer two questions: Who are the environmental consequences and how desirable or undiserable are they? What effect, positive or negative, is this project likely to have on the attitude towards Iceland, Iceland's nature and Icelanders among the public in foreign countries? Is it possible that environmental organizations might oppose to these plans and thereby cause harm to Iceland's image? My article was published on the 14th of september 1994 and it will be interesting to see dr. Nordal's replies.

Blaðsíða 6 af fyrra upplýsingabréfi til erlendra hótelkeðja, sent 20. september 1994.




Blaðsíða 7 af fyrra upplýsingabréfi til erlendra hótelkeðja, sent 20. september 1994.

Á næstu síðum er síðara bréfið sem var sent erlendum hótelkeðjum.

Sverrir Sv. Sigurðarson
Hagaflöt 4
210 Garðabær
Iceland.

To the management.
Regent International Hotels
132 South Rodeo dr., suite 400
Beverly Hills
CA 90212
U. S. A.

Issue: Supplement to previous letter about Iceland's possible potenital to become popular as a resorts/relaxation location for the high class in Europe and America.

Garðabær, october 3rd 1994.

Dear Sirs.

As I had posted my letter to you I wondered about how extensive the information is you have about Iceland. Since I don't know whether you have all the data you need or not, then I have decided to send you this supplement to the first letter, containing some basic information that are connected with the ideas I introduced to you in my former letter.

First I translated some information from a brochure about Iceland as a possible place for health and resorts tourism named "Iceland - Health Paradise in the North?" published by the Icelandic Trade Council and the National Energy Authority.

Secondly there is a short comment from Guðmundur Björnsson, M.D., medical director of the N.L.F.I. Health Clinic in Hveragerði, Iceland.

Thirdly I will tell you something about 1) how I got these ideas, 2) some of my own personal views about Iceland and it's potential, 3) a reply from dr. Jóhannes Nordal, and 4) a final word.

With this I send you a small brochure published by the Icelandic Ministry for Foreign Affairs, containing "Basic Statistics of Iceland 1994", (note the flight hours on the back page), and also a few postcards since there is no convenient brochure without advertisements available with pictures from Iceland.

**From the brochure "Iceland - Health Paradise in the North?"**

"It is clear that certain natural resources or "raw material" are a necessary premise for a health/resort place and most of these "raw materials" are to be found in Iceland. We have ample hot and cold water, fresh air and a clean and unpolluted nature. The quantity and quality of these natural resources need to be researched in order to find out in which way they can be utilized for healing and recovery purposes."

"Many locations here [in Iceland] seem to be interesting for spas/resorts, that is locations that are desirable because of the natural resources." [Two locations that are mentioned in the brochure are the Blue Lagoon (postcard) and the town of Hveragerði, ("Hvera" is plural and means "hot springs" while "gerði" comes from "garden".]

**Hot groundwater:** Hot groundwater in Iceland is in most instances rainfall that has sieved underground, but yet in a few instances it is seawater of origin. The water in the low temperature areas is therefore normally with a low content of minerals and gases, but their strength is increased with increased heat in the bedrock. A few areas with water mixed with seawater have higher mineral content, but the saltness of that water is most oftenly less than 10% of that of the sea. Yet, in the Reykjanes peninsula [the Blue Lagoon for instance] and in Öxarfjörður is there to be found water with much higher saltness, almost the saltness of the sea. --- Hot groundwater in other countries normally has substantially higher mineral content than it has in Iceland, although in a

Blaðsíða 1 af síðara upplýsingabréfi til erlendra hótelkeðja, sent 3. október 1994.




This map shows geothermal locations in Iceland as well as I have pointed out the places mentioned in the text.

few places here [in Iceland] one can find mineralrich, hot underground seawater. --- Water with a very varying mineral composition can occur when steam mixes with either boiled and cooled hot groundwater or cold freshwater in the high temperature areas. By manipulating these factors one can make different kinds of water with very varying acidity and mineral content."

**Mineral water:** "Mineral springs can be found in Iceland, both hot and cold, and they are most common in the Snæfellsnes peninsula. --- Mineral water can be divided into four basic categories: 1) Cold water with seasonal changes in temperature. 2) Cold groundwater with even heat through the whole year. 3) Low temperature water [in low temperature areas]. 4) A mix of cold water and high temperature water or -steam."

**Mud:** "Mud is found primarily in the high temperature areas of the country. --- In Hveragerði, mud from hot springs has been used for a long time for baths, similar to the mud that is used for mudbaths in Japan. --- Research on the distribution and composition of mud from geothermal locations in Iceland is rather limited and it is important to increase it."

**Cold freshwater:** "Cold freshwater here [in Iceland] is very low in mineral content. --- The acidity of the water is usually high, although it is usually lower than in hot water. Contents of heawy metals and other pollutants are with little exceptions

Blaðsíða 2 af síðara upplýsingabréfi til erlendra hótelkeðja, sent 3. október 1994.

insignificant in Icelandic drinking water. Water in Iceland, compared with most other countries, is unusually fresh and unpolluted."

**A short comment from Guðmundur Björnsson, M.D.**

I asked Guðmundur Björnsson, M.D. (spec.: Physical medicine and rehabilitation), medical director of the N.L.F.Í. Health Clinic in Hveragerði if he could give me some comments on these matters. Mr. Björnsson said that many interested individuals, including himself, have been thinking about and discussing these matters through the years, and he said that he personally believes that Iceland has big potential as becoming a location for "health-tourism" in the future. Of course Iceland has a clean nature, clean air and ample hot and cold water. Then he pointed out that many different kinds of volcanic mud can be found in the country and some of them have proven to have exceptional healing qualities, for instance the mud in the Blue Lagoon, rich in silica, sulphur and natrium chloride, which has a good effect on psoreasis eruptions, and mud used at the health clinic in Hveragerði, rich in sulphur and silica, which has proven to be beneficial for rheumatic patients. Basic research is though needed on mud and water from many different locations in order to find out about their virtues. He said he thought my ideas were both interesting and quite novel. Finally he said that he will be quite interested to hear about your response to my inquiry.

**Personal comments**

**How these ideas were formed:** My three main areas of interest have through the years been 1) art and design, particularly fashion design, 2) business and marketing/advertising and 3) psychology, sociology and human behaviour. Few years ago I was thinking about becoming a fashion designer and it was through that that I became acquainted with Helga Björnsson of Louis Féraud in Paris (Helga is Icelandic, her father was the Icelandic ambassador in Paris and her grand-father was Iceland's first president, Sveinn Björnsson). I designed a lot and some sketches I sent to Helga even got some very positive comments from mr. Féraud himself. As I was watching television programs and reading books and magazine articles about fashion, I not only looked at the clothes but I also started to think about the people that buy these expensive clothes, the high class, since I am curious about people. And I saw that these people go to certain places to relax and socialize in a more informal environment. Then I observed that there seems to be a 30-40 year cycle, where what I have chosen to call "lifestyle A" dominates the scene for perhaps ten years+-, and then fades away and "lifestyle B" becomes the most fashionable and desired one. And then I looked around me and asked myself why these people do not come to Iceland? Could it be that Iceland has many positive factors but they simply havent discovered it yet? If that is so, what could be done to increase the possibility of Iceland becoming popular among that group. Three years ago I got the basic idea about "Western-Europes largest nature reserve" and I have been thinking about it now and then since, forming these ideas in the process. So these ideas are influenced by my interest in business and marketing, fashion fluctuations and lifestyles of the high class, and psychology and human behaviour, and now the field of tourism and resort hotels can be added to my range of interests. These ideas are in fact not the only ones I have had, since I am very often thinking and speculating about all sorts of things. One of these ideas I decided to show you for fun, and it is here below: "Iceland or the moon?" As you saw in my pervious letter then I am now commencing my studies in business at the University of Iceland. For the last year I was working on setting up a small company where I was going to design and manufacture handprinted silk scarves in Icelandic viking style, that were going to be sold on board the planes of Icelandair. This seemed to be going quite well and I even sold the first scarf to Icelandic Minister of Finance Friðrik Sophusson, since the free zone, where I was planning to produce the scarves, is under his ministry. But then certain things made me have to postpone my plans (not drop them); this turned out to be more expensive than I had first thought, and I could not raise the extra money I needed because this is, so to speak, a new product directed at a new target group, so the

Blaðsíða 3 af síðara upplýsingabréfi til erlendra hótelkeðja, sent 3. október 1994.

size of the market is unknown. I will therefore have to wait for a better moment to start this business of mine. And therefore I decided to go to University which, anyway, had waited much too long.

**Comments on Iceland:** The first thing that I think a tourist from abroad, who lives in say a city like New York, London or Frankfurt, notices is the extraordinary purity and freshness of the air, since air pollution is almost non evident in Iceland. Of course there is pollution from the cars in Reykjavík but on most days the wind manages to blow it away. Then there is the weather and the very special quality of the light, which some say is unique for Iceland. In some days the weather is constantly changing and this also means that the light changes also. Photographers and artists love Iceland because of this. Ordinary tourists may experience some quite remarkable things connected with the weather: Many experience for the first time rainfall and sunshine on the same spot and at the same moment in Iceland! Then there are the prices on food and beverages which are much too high, especially on beverages. I think that if Icelandic government seriously wants to build up the tourism business then they will have to change their taxation policy. Prices on beer in bars and pubs have though been going down in some places, from $ 8.50 for 0.5 litres down to almost $ 4.00. If one is appalled by the prices on alcoholic beverages one can as well drink water. And usually one gets it for free because the water comes directly from the tap. Tourists are astonished when they hear this because the water tastes very good and fresh, even better than the one they drink from plastic bottles or containers back home. A positive factor in Iceland is that of crimes and security. Crime rates are still relatively low and there are no guns on the streets. One can walk alone through downtown Reykjavik in the middle of the night without much chance of being disturbed. Children play alone in the streets without any problems. Tourism authorities are though not too keen on advertising this fact because that might perhaps attract some mischievous characters that we here in Iceland would like to keep at bay. And the fact that Iceland is an island, surrounded by the North-Atlantic ocean, makes it easier to keep security matters o.k. The cleanness of the air makes it possible to see very far on clear days, especially on still winter days. I once asked a girl from Holland how far away she thought that the glacier Snæfellsjökull was (known to many through Jules Verne's novel "Journey to the center of the earth"). She looked at it and figured out from what she saw that it was less than ten kilometers away. When I told her that it actually was a little bit more than one hundred kilometres away, she almost could not believe it! Another factor connected to this is the vastness and wide open spaces when one is out in the countryside. This is because there are practically no woods in Iceland which are a part of the reason why Icelands nature is so special in the eyes of foreigners. Some people whom I have spoken to think that Iceland could not become popular among these people becose Iceland does not have the sun and the sandy beaches that the French Riviera or Marbella have. Well yes, all right, but neither do Paris, Gstaad or St. Moritz. In these places, they are simply looking for something else. Then the question is whether Iceland could not have something that these people might desire. For instance, when you go out for a walk in Iceland, the temperature is often a little bit chilly, which means that you have to be well dressed. But this also means, because of the cleanness of the air and the chilly temperature, that the walk is unusually refreshing and vitalizing and really gets your blood running. You certainly feel much more alive than when you are lying in the sun on some beach. And then of course there is the unspoiled nature, which neither the French Riviera nor Marbella, Paris, Gstaad or St. Moritz have. The question is to segment the market and find a need that Iceland can serve better than any other location. I firmly believe that by implementing the right marketing strategy in the right way, Iceland could become a major attraction for those who either want to experience a virtually unspoiled and a very special nature directly or relax (or recover from some kind of malady) in a location where unspoiled nature is close at hand.

Blaðsíða 4 af síðara upplýsingabréfi til erlendra hótelkeðja, sent 3. október 1994.

**Iceland or the moon?:** In the years before the United States sent their astronauts to the moon they needed to train them in surroundings that resembled the landscape they would find when they actually landed there. The place they found that came closest to it was Ódáðahraun in Iceland. And here they were trained before the big trip. When people come to Iceland by flight and land on Keflavík Airport, at the tip of the Reykjanes peninsula, and as they drive to the capital Reykjavík, many look with horror on the barren lava landscape, with practically no green colour, apart of the grey-green of the moss. And the reply often is: "This is like on the moon". And then they get very pleased when they see the first houses of the capital area with trees and grass and the gaily coloured roofs of the houses. Many see nothing positive about this moon-connection but I disagree with that. If people are not prepared to what kind of landscape they will see, they will be shocked. But if you tell them before then the landscape becomes interesting. Especially if they knew that the astronauts were trained in Iceland because of the landscape. Therefore, I think that this could become one of Iceland's unique selling points, something that makes it interesting and sets it apart from other countries. Perhaps it would be a good idea to build a replica of the moon landing module in the location where the astronauts were trained, so tourists could have their photos taken beside it and e.t.c. And then, Icelandic tourist authorities or travel agencies could print brochures and advertise: "For those who can't afford flying to the moon, we offer a trip to Iceland". I think it would be both a humorous and an effective way of getting peoples attention. It's catchy. What do you think? You also might say that it puts Iceland into a new price comparison. Iceland is considered to be rather expensive compared to other countries. But compared with the cost of flying to the moon (U.S.$ ? billion), going to Iceland is a real bargain. (!)

**A reply from dr. Jóhannes Nordal:** On september 28th, an article was published in Morgunblaðið by dr. Jóhannes Nordal, chairman of the National Power Company (also former chairman of the board of governors of the Central Bank of Iceland), where he answered my questions about which the environmental consequences would be from the giant power stations that are being speculated about inside the area of the nature reserve I am planning to propose. In his reply he said that it was both his pleasure and his duty to explain the position of these matters as well as he could since the more these matters were discussed officially, the better. He said that the main environmental consequences would be the effect on (or the drying up of) the waterfall Dettifoss and the Jökulsárgljúfur canyon national park, the water level and the temperature in the river Lögurinn (where the water would be directed after having been utilized for producing electricity), effects on landfall in Öxarfjörður and Héraðsflói plus the efects of reservoir lagoons (three lagoons, 117 sq. km in all). Dr. Nordal points out that according to the main proposition for the power stations, the Dettifoss waterfall would be provided with half of the water it has today, for three months during the summer. He did not mention how desirable or undesirable he believed these consequences to be. As a reply to my second question he pointed out, rightly, that utilizing water to produce electricity is the cleanest method available, with as much as no air pollution, and therefore a much more desirable method than through the burning of fossil fuels or nuclear reaction. He therefore stated that these power stations, if they were carefully designed and built, would most likely increase Icelands reputation among nations and be a positive inlay in the discussion on environmental matters in Iceland and show that Icelanders are doing their thing in the international effrot to decrease air pollution. Then he said that yet it might be that extremitist environmental protection organizations might oppose to these plans, but reason should guide the utilation of energy sources in Iceland but not pressure from irresponsible individuals. As I had anticipated, he put a heavy emphasis on the positive air pollution factor but showed less interest in evaluating the negative consequences that such big projects have on unspoiled nature. Although that the air pollution factor is very positive indeed, then I, along with many others, think that these trans-Atlantic cable ideas are not feasible, both because of the financial side and the long term job creating potential (or lack of potential) of these ideas.

Blaðsíða 5 af síðara upplýsingabréfi til erlendra hótelkeðja, sent 3. október 1994.

**A final word:** As I said in the first letter, my reason for sending these ideas and accompanying information is that I thought that perhaps they might interest you (since I figured out that you must be open to rewieving new information and new ideas in this field) and perhaps be a contribution to the vision you had of Iceland before. I thought that it would be interesting to hear remarks about them from someone in this field outside Iceland. And then I could inform you on how these ideas were received, and perhaps if there was something else that you wanted to know and I could easily inform you of. Afterwards, of course, there will be no obligations on you or me. What I am hoping that you will be able and interested in giving me are some un-confidential remarks, such as: What is your view of Iceland and what is your view of my ideas? It would interest me to hear whether you think that forming Western-Europe's largest nature reserve might enhance Iceland's image and increase it's possibility of becoming popular as a destination in general and what effect you think it might have on the possibility of attracting the group I am talking about, the high class?

In true hope that you will react positively, and very truly yours...

Sverrir Sv. Sigurðarson.

**N. B. :** I send you this information supplement, when I haven't yet recieved your reply. If you have already responded to my previous letter, which may be quite likely, then please just ignore the "last word" above. I hope then that you may find these additional information interesting. With compliments: Sverrir Sv. Sigurðarson.

Blaðsíða 6 af síðara upplýsingabréfi til erlendra hótelkeðja, sent 3. október 1994.

THE CHAMPNEYS GROUP LIMITED

JMcG/CAW/letters(1)

31st October 1994

Sverrir Sv Siguroarson
Hagaflot 4
210 Garoabaer
Iceland

Dear Mr Siguroarson

Thank you for your letters dated 12th September 1994 and 3rd October 1994 and the supporting information.

Your document provided me with an interesting read and the ideas expressed certainly would suggest that Iceland has a number of qualities that would enable it to market itself as a unique tourist destination, promoting the theme of relaxation, recreation and the unspoilt environment.

Our business interests are in the development and operation of luxury spa, fitness and leisure facilities. We operate five businesses in the UK and have plans to develop significantly internationally.

A development strategy for the future is currently being constructed and we would therefore welcome any additional information that would help Champneys evaluate Iceland as a possible location for a future Champneys development. Details of specific opportunities would be relevant together with any material illustrating the approach being adopted by the tourism/government authorities in Iceland and any recent trends within the leisure industry in Iceland pointing to its business potential for Champneys.

Thank you once again for your document and your interest in Champneys.

Yours sincerely

John McGuinness
**General Manager - Management Contracts**

THE CHAMPNEYS GROUP LTD, NEW COURT, WIGGINTON, TRING, HERTFORDSHIRE HP23 6HY, ENGLAND
TELEPHONE: 0442 877700 · FAX: 0442 870338
REGISTERED IN ENGLAND & WALES. CO. NUMBER 474937

Dæmi um svar sem barst Sverri frá hótelfyrirtæki: Champneys Group



Daniel E. Larkin
Associate General Counsel

Hyatt International Corporation
200 West Madison
Chicago, IL 60606 USA

Telephone: 312-750-8302
FAX: 312-750-8563

HYATT INTERNATIONAL™

September 28, 1994

**VIA COURIER**

Mr. Sverrir Sv. Sigurdarson
Hagaflot 4
210 Gardabaer
Iceland

**RE: Iceland Resort Project**

Dear Mr. Sigurdarson:

I read with interest your letter discussing the potential for Iceland to develop upmarket, eco-touristic resorts. Your analysis of trends in the international tourism industry is on point.

Your pursuit of this idea has merit. Please allow me to suggest some items to consider:

1. Upmarket destination resorts are very expensive to construct. Total project cost would likely be in the area of $300,000 per room (inclusive of land, construction, outfitting, design fees and financing costs). Additionally, if the resort is in a newer area, basic infrastructure (roads, utilities) can be a massive undertaking in itself.

2. Deluxe resorts are expensive to operate. Therefore, significant volumes of visitors willing to pay top rate are needed throughout the year. Problems often occur with locations that are highly seasonal, or not easily accessible to commercial and private air traffic. Substantial upfront marketing expenditures are needed to bring upscale international travelers to a new destination.

In sum, I suspect it would be difficult to develop such a project without substantial governmental support and financial assistance.

We would be pleased to be informed if your plans go forward, and to offer our reaction as they take on more concrete shape.

Yours sincerely,

DEL/dmc

Dæmi um svar sem barst Sverri frá hótelfyrirtæki: Hyatt International

FOUR SEASONS · REGENT
*Hotels and Resorts*

EXECUTIVE OFFICE

December 1, 1994

Mr. Sverrir Sv. Sigurdarson
Hagaflot 4
210 Gardabaer
Iceland

Dear Mr. Sigurdarson:

Thank you for your letter of September 20, 1994.

My apology in the delay in responding to you. As you can see from my letterhead, your letter had to find its way from New York to Toronto, and then to me.

I thoroughly enjoyed your observations and thoughts as to the issues and trends facing tourism development in Iceland. We have not been actively pursuing the development of either a business hotel or destination resort in Iceland. As a result, I lack the knowledge to specifically comment on many of the issues you raised in your letter.

Generally and as an unqualified observer, Iceland is certainly a "last frontier" for western cultures wishing to experience unique eco-tourism. This type of tourism flourishes in the veld of Africa with luxury safari and resorts and is growing in tropical rainforests. However, there is much to be done to create a viable market due to costs, distance and natural limitations to visitation.

I wish you well in your studies. It is easy to see that you are determined and as such you shall succeed.

Yours very truly,

Colin McDonald
Director of Development

\colin\sigurdarson.ltr.

1165 LESLIE STREET, TORONTO, ONTARIO, CANADA M3C 2K8
TEL: (416) 449-1750 FAX: (416) 441-4374

FOUR SEASONS • REGENT. DEFINING THE ART OF SERVICE AT 40 HOTELS IN 19 COUNTRIES.

Dæmi um svar sem barst Sverri frá hótelfyrirtæki: Four Seasons – Regent

The Leading Hotels of the World, Ltd.
An HRI Company

28 September 1994

Mr. Sverrir Sv. Sigurðarson
Hagaflöt 4
210 Garðabaer, ICELAND

Dear Mr. Sigurðarson:

Thank you for your letter of 20 September and your "proposition for a future strategy for Iceland," which I have read with interest.

Your idea is very comprehensive and carefully thought-out. I would add one notation under "lifestyle" and that is that the change "around and after 1990" was also greatly affected by the Gulf War and recession.

Having been in the travel industry for more than 20 years, and while I have never been to Iceland, I view Iceland as a destination for the outdoor, adventuresome market who have already experienced the more well-known adventure destinations such as Africa for safaris or Nepal for trekking.

As for appealing to the affluent market on a broad base, it probably would require the development of a luxury, five-star, self-contained resort that would offer the typical sporting activities and upscale facilities of such a resort in addition to Iceland's natural attractions. However, as we neither own nor manage our member hotels (we are a marketing and reservations company), I am not in a position to comment from a developer's or hotel management's point of view.

We trust that the above is helpful and wish you continued success in your studies.

Kind regards,

Linda C. Gwinn
Director of Public Relations and Media

LCG/pvm

Corporate Headquarters:
747 Third Avenue New York, NY 10017-2847 212-838-7874 Telex: 237158 or 420444 Telefax: 212-826-2170
London • Stockholm • Frankfurt • Milan • Madrid • Paris • Tokyo • Singapore • Sydney • Sao Paulo • Buenos Aires • Mexico City • Los Angeles • Chicago

Dæmi um svar sem barst Sverri frá hótelfyrirtæki: Leading Hotels of the World

ITT Sheraton

Christian C. Wistehuff
DEVELOPMENT COORDINATOR

October 14, 1994

Sverrir Sv. Sigurðarson
Hagaflöt 4
210 Garðabær
Iceland

Re: Your Letter of October 3, 1994

Dear Mr. Sigurðarson,

Thank you very much for your recent correspondence concerning the development of resorts in Iceland. We appreciate very much your sharing your research and personal experiences. Iceland has long been a favorite tourist destination for many nature-loving Americans, and your ideas about constructing "Western Europe's Largest Nature Reserve" near a natural wonder such as the Snæfellsjökull glacier are interesting, indeed.

Vatna

We have carefully considered your ideas and, while we find them to be extremely well thought out, we have determined that a development in Iceland does not fit in with our short and medium term Strategic Plan.

We will keep your correspondence on file. Thank you for thinking of ITT Sheraton, and best of luck in your endeavor.

Sincerely,

Christian C. Wistehuff

ITT Sheraton World Headquarters
SIXTY STATE STREET, BOSTON, MASSACHUSETTS 02109 USA
PHONE 617/367-5581 • TELEX 4430027 • FAX 617/367-5184

Dæmi um svar sem barst Sverri frá hótelfyrirtæki: ITT Sheraton

WESTIN
HOTELS & RESORTS

Executive Offices

October 12, 1994

Sverrir Sv. Siguroarson
Hagaflot 4
210 Garoabaer
Iceland

**Re: Westin Hotels & Resorts**

Dear Mr. Siguroarson:

Thank you for your letter of October 3, 1994, which found its way to my attention. I apologize for not having responded to you sooner, but I did not receive your previous letter.

Westin Hotels & Resorts currently has no plans for expansion into Iceland, however from your description of the country it certainly sounds very appealing. If at any stage you are able to interest a developer with the necessary financial backing to move forward with a project in your country, please do not hesitate to let me know, and we will be pleased to discuss ways in which Westin could become involved. You should be aware that Westin currently is not in a position to invest any capital into new hotel development projects in the U.S. or elsewhere, so while we could be interested in managing a property in Iceland, we certainly would not be in a position to invest in such a project.

I am enclosing some background information on Westin and would like to take this opportunity to wish you every success with your studies and your various entrepreneurial ventures.

Yours sincerely,

Simon Hallgarten
Development Director
Westin North America

Enclosure

C:\DATA\ISAH\LETTERS\SSS10121.DOC

2001 6th Avenue, The Westin Building, Seattle, Washington 98121
Tel: (206) 443-5000 Fax: (206) 443-5096

For Reservations in the U.S. or Canada
1-800-228-3000

Dæmi um svar sem barst Sverri frá hótelfyrirtæki: Westin

## 3. janúar 1995.

# Hugleiðing um Ísland og framtíðina - Friðun: Leið að bættum hag? – 1. grein í Morgunblaðinu [VA-SSS]

### *Fyrsta grein.*

Eftir Sverri Sv. Sigurðarson

## Í upphafi árs

Á undanförnum áratugum hefur Íslendingum tekist að vinna sig upp úr því að vera ein fátækasta þjóð Evrópu í það að komast í hóp hinna auðugustu. Á síðustu árum hefur hinsvegar slegið nokkuð í bakseglin, og ljóst virðist að komið sé nálægt mörkum þess sem auðlindir sjávar geta gefið af sér. Það er því mikilvægt að reyna að finna ný sóknarfæri svo að unnt verði að halda hér uppi sömu góðu lífskjörunum fyrir núverandi og komandi kynslóðir. Í byrjun nýs árs er tækifærið oft notað til að horfa fram á við. Í þessari grein og tveimur til viðbótar er ætlunin að varpa fram hugmyndum varðandi þessi mál, sem höfundur hefur verið að bræða með sér undangengin þrjú ár. Í hinni fyrstu verður grunnhugmyndin kynnt, í þeirri næstu verður hugleitt hvaða möguleikar gætu hugsanlega opnast Íslendingum og einnig sagt frá athyglisverðum viðbrögðum erlendis frá, og í þeirri þriðju verður fjallað um hvort togstreita kunni að vera milli þeirra hugmynda sem hér verða kynntar og stórvirkjanahugmynda á hálendinu austanverðu.

## Auðæfi Íslands

Margir eru réttilega þeirrar skoðunar, að í sérstæðri og lítt snortinni náttúru Íslands geti verið fólgin umtalsverð auðæfi. Þeir vonast til að Íslendingar muni geta byggt upp ýmis tækifæri á sviði ferðaþjónustu og matvælaiðnaðar sem muni verða byggð á þeirri jákvæðu ímynd sem landið nýtur eða muni njóta í framtíðinni. En því miður virðist staðan vera sú í dag að Ísland hefur enga sérstaka ímynd meðal íbúa Evrópu og Bandaríkjanna, hvorki jákvæða né neikvæða. Það er skoðun þeirra er til þessara mála þekkja að Ísland sé fólki almennt ekki ofarlega í huga og þekking á landinu sé fremur takmörkuð meðal almennings, þó þetta sé að breytast hægt og bítandi vegna stöðugrar viðleitni til kynningar. Helst sé að finna jákvæða afstöðu til Íslands meðal menntaðri íbúa í Þýskalandi. Þar sem að sterk og jákvæð ímynd landsins myndi væntanlega bæta mjög möguleikana á að nýta tækifæri af því tagi sem minnst var á hér að ofan er mikilvægt að finna leiðir sem gæti gert Íslendingum auðveldara að byggja upp slíka ímynd.



40 ÞRIÐJUDAGUR 3. JANÚAR 1995 — MORGUNBLAÐIÐ

AÐSENDAR GREINAR

Hugleiðing um Ísland og framtíðina

# Friðun – Leið að bættum hag?

**Í upphafi árs**

Á undanförnum áratugum hefur Íslendingum tekist að vinna sig upp úr því að vera ein fátækasta þjóð Evrópu í það að komast í hóp hinna auðugustu. Á síðustu árum hefur hinsvegar slegið nokkuð í bakseglin, og ljóst virðist að komið sé nálægt mörkum sem auðlindir sjávar geta gefið af sér. Það er því mikilvægt að reyna að finna ný sóknarfæri svo að unnt verði að halda hér uppi sömu góðu lífskjörunum fyrir núverandi og komandi kynslóðir. Í byrjun nýs árs er tækifærið oft notað til að horfa fram á við. Í þessari grein og tveimur til viðbótar er ætlunin að varpa fram hugmyndum varðandi þessi mál, sem höfundur hefur verið að bræða með sér undangengin þrjú ár. Í hinni fyrstu verður grunnhugmyndin kynnt, í þeirri næstu verður hugleitt hvaða möguleikar gætu hugsanlega opnast Íslendingum og einnig sagt frá athyglisverðum viðbrögðum erlendis frá, og í þeirri þriðju verður fjallað um hvort togstreita kunni að vera milli þeirra hugmynda sem hér verða kynntar og stórvirkjanahugmynda á hálendinu austanverðu.

**Auðæfi Íslands**

Margir eru réttilega þeirrar skoðunar, að í sérstæðri og lítt snortinni náttúru Íslands geti verið fólgin umtalsverð auðæfi. Þeir vonast til að Íslendingar muni geta byggt upp ýmis tækifæri á sviði ferðaþjónustu og matvælaiðnaðar sem muni verða byggð á þeirri jákvæðu ímynd sem landið nýtur eða muni njóta í framtíðinni. En því miður virðist staðan vera sú í dag að Ísland hefur enga sérstaka ímynd meðal íbúa Evrópu og Bandaríkjanna, hvorki jákvæða né neikvæða. Það er skoðun þeirra er til þessara mála þekkja að Ísland sé fólki almennt ekki ofarlega í huga og þekking á landinu sé fremur takmörkuð meðal almennings, þó þetta sé að breytast hægt og bítandi vegna stöðugrar viðleitni til kynningar. Helst sé að finna jákvæða afstöðu til Íslands meðal menntaðri íbúa í Þýskalandi. Þar sem að sterk og jákvæð ímynd landsins myndi væntanlega bæta mjög möguleikana á að nýta tækifæri af því tagi sem minnst var á hér að ofan er mikilvægt að finna leiðir sem gæti gert Íslendingum auðveldara að byggja upp slíka ímynd.

Sverrir Sv. Sigurðarson

**„Hornsteinn"**

Hér verður varpað fram þeirri hugmynd að eftirsóknarvert gæti verið fyrir Ísland að eignast það sem undirritaður hefur kosið að nefna „hornstein" í ímynd landsins. „Hornsteinn" skilgreinist sem eitthvert það auðskilgreinanlegt fyrirbæri sem er vel þekkt meðal almennings á alþjóðavettvangi og gerir það að verkum að viðkomandi land hefur „sterkan persónuleika" meðal annarra þjóða, ef svo má að orði komast. Sem dæmi um hornsteina einstakra landa má nefna Eiffelturninn og Sigurbogann í Frakklandi, (áður var það konungshöllin Versalir), Frelsisstyttuna (Bandaríkjunum), Alpana (Sviss) og Pýramídana í Giza (Egyptalandi). Ekki geta öll lönd státað af „hornsteini". Lönd eins og Belgía, Noregur og Kanada, vissulega merkileg lönd með margt frambærilegra staða, hafa ekki sterka og afgerandi ímynd á alþjóðavettvangi svipað og Frakkland hefur. Í þessum hópi verður einnig að telja Ísland, en það er ekki hægt að benda á neitt það fyrirbæri á Íslandi sem er jafnt augljóslega þekkt á alþjóðavettvangi og til að mynda Kínamúrinn og hofin á Akrópólishæð. Gullfoss, Geysir og húsið Höfði ná því ekki, þrátt fyrir góðan vilja Íslendinga.

Ef Íslendingum tækist að byggja upp slíkan „hornstein" væri betra ef hann væri ekki aðeins þekktur heldur væri einnig táknrænn fyrir eitthvert gildi sem væri almenningi hjartnæmt, svipað og Eiffelturninn er tákn glæsileika og stíls, sem tengist ímynd Frakklands og tískuiðnaðar Parísarborgar sérstaklega. Þegar litið er yfir hver þróunin hefur verið varðandi lífsgildi á síðustu árum sést að almenningur hefur látið sig umhverfismál æ meira varða,(1) sem hefur leitt til aukins áhuga á verndun ósnortinnar náttúru. Á því sviði teljum við Íslendingar okkur einmitt eiga gott sóknarfæri. Það er hinsvegar ekki sjálfgefið mál fyrir heila þjóð að öðlast ímynd hreinleika og ósnortinnar náttúru, jafnvel þó hún hafi yfir að ráða gnótt af þeim gæðum. Á tímum sífellt aukinnar fjölmiðlasíbylju og auglýsinga er ekki nóg, að mati undirritaðs, að láta heyrast fullyrðingar í bæklingum og öðru um hreinleika Íslands, því nóg er af aðilum sem reyna að selja sína vöru með tilvísun til slíks, og hverjum á almenningur í Evrópu og Bandaríkjunum að trúa? Það myndi hjálpa mjög ef Íslendingar gætu teflt fram einföldu og skýru fyrirbæri, hvers sérstaða og trúverðugleiki væru jafnframt ómótmælanleg, sem íbúar erlendis gætu tengt við hugtökin „hreinleiki og ósnortin náttúra". Og þá komum við að hugmyndinni um „hornsteininn".

**Tillaga að „hornsteini" Íslands**

Hugmynd undirritaðs er að Íslendingar taki ákvörðun um að þeir ætli að sjá til þess að hin sérstæða náttúra landsins muni ekki spillast heldur verði haldið í upprunalegu ástandi, svo núlifandi Íslendingar og aðrir íbúar jarðar, sem og ókomnar kynslóðir í framtíðinni, geti notið hennar. Þetta má einnig rökstyðja með því að á Íslandi sé að finna stærstu svæði í Vestur-Evrópu sem séu enn lítt snortin af manna höndum, og því megi líta á það sem einskonar siðferðisskyldu að Íslendingar sjái til þess að þau spillist ekki. Í því augnamiði verði friðað svæði sem sýnt er á meðfylgjandi mynd, og það lýst sem friðland (e. „nature reserve"). Innan þessa friðaða svæðis myndi vera að finna nokkrar af helstu náttúruperlum Íslands og má meðal þeirra nefna Heklu, Þórsmörk, Landmannalaugar, Lakagíga, Vatnajökul (stærsta jökul landsins og Evrópu), Öskju og Ódáðahraun, auk þess sem að því myndu liggja þjóðgarðarnir Skaftafell og Jökulsárgljúfur. Röksemd fyrir friðun svo stórs svæðis gæti verið sú að íslensk náttúra sem heild sé merkileg og þess virði að tryggja upprunaleika hennar, en ekki aðeins einstakir afmarkaðir bútar hennar. Þetta svæði myndi hafa þá athyglisverðu sérstöðu að vera lang stærsta friðaða svæði í Vestur-Evrópu, u.þ.b. 30.000 ferkílómetrar að stærð. Það svæði sem kæmist næst því, skv. eftirgrennslan, eru þrír samliggjandi þjóðgarðar auk eins friðlands í Norður-Svíþjóð, samtals 8.082 ferkílómetrar(2). Undirrituðum hefur sýnst að önnur lönd hafi ekki möguleika á að tefla fram stærri svæðum en því sem hér er lagt til að verði friðað. Getur það skipt töluverðu máli vegna þess að þau fyrirbæri sem eru stærst og mest vekja oft meiri athygli en önnur, og hugtakið „stærð" verður aldrei vefengt, meðan að hugtök á borð við „fagurt", „sérstætt" og „stórbrotið" eru meira háð huglægu mati. Hér að ofan sagði að ef til vill mætti líta á það sem einskonar siðferðisskyldu Íslendinga að þeir sjái til þess að við því litla sem eftir er af ósnortinni náttúru í Vestur-Evrópu verði ekki hróflað af manna völdum. Það er þó síður en svo hugmynd undirritaðs að slík viðleitni yrði íþyngjandi fyrir Íslendinga, heldur þvert á móti. Um það fjallar önnur grein.

Á Íslandi er að finna stærstu svæði í Vestur-Evrópu sem enn eru lítt eða ekki snortin af manna völdum, segir Sverrir Sv. Sigurðarson, og leggur til að við varðveitum þessa náttúruauðlind sem hornstein að ímynd landsins.

HUGMYND að hugsanlegum "hornsteini" í ímynd Íslands, grófunnin tillaga. (SSS/HAE).

Heimildir:

1. Sbr. t.d. kynningu Margrétar Guðmundsdóttur, frkv.stj. hjá Q8 Petroleum, á a.k. RISC-lífsstílarannsóknum á morgunverðarfundi hjá FVH, 21. október 1994.

2. Upplýsingar úr: „Skyddad natur", útg. Naturvårdsverket 1992 (Svíþjóð), „Norways national parks", útg. Ministry of Environment o.fl. 1989, svar frá Ministry of the Environment í Finnlandi, nóv. 1992, við fyrirspurn.

*Höfundur nemur viðskiptafræði við Háskóla Íslands.*

Fylgstu með í Kaupmannahöfn

Morgunblaðið fæst á Kastrupflugvelli og Ráðhústorginu

Morgunblaðið -kjarni málsins!

## "Hornsteinn"

Hér verður varpað fram þeirri hugmynd að eftirsóknarvert gæti verið fyrir Ísland að eignast það sem undirritaður hefur kosið að nefna "hornstein" í ímynd landsins. "Hornsteinn" skilgreinist sem eitthvert það auðskilgreinanlegt fyrirbæri sem er vel þekkt meðal almennings á alþjóðavettvangi og gerir það að verkum að viðkomandi land hefur "sterkan persónuleika" meðal annarra þjóða, ef svo má að orði komast. Sem dæmi um hornsteina einstakra landa má nefna Eiffelturninn og Sigurbogann í Frakklandi, (áður var það konungshöllin Versalir), Frelsisstyttuna (Bandaríkjunum), Alpana (Sviss) og Pýramídana í Giza (Egyptalandi). Ekki geta öll lönd státað af "hornsteini". Lönd eins og Belgía, Noregur og Kanada, vissulega merkileg lönd með margt frambærilegra staða, hafa ekki sterka og afgerandi ímynd á alþjóðavettvangi svipað og Frakkland hefur. Í þessum hópi verður einnig að telja Ísland, en það er ekki hægt að benda á neitt það fyrirbæri á Íslandi sem er jafnt augljóslega þekkt á

alþjóðavetvangi og til að mynda Kínamúrinn og hofin á Akrópólishæð. Gullfoss, Geysir og húsið Höfði ná því ekki þrátt fyrir góðan vilja Íslendinga.

Ef Íslendingum tækist að byggja upp slíkan "hornstein" væri betra ef hann væri ekki aðeins þekktur heldur væri einnig táknrænn fyrir eitthvert gildi sem væri almenningi hjartnæmt, svipað og Eiffelturninn er tákn glæsileika og stíls, sem tengist ímynd Frakklands og tískuiðnaðar Parísarborgar sérstaklega. Þegar litið er yfir hver þróunin hefur verið varðandi lífsgildi á síðustu árum sést að almenningur hefur látið sig umhverfismál æ meira varða, sem hefur leitt til aukins áhuga á verndun ósnortinnar náttúru. Á því sviði teljum við Íslendingar okkur einmitt eiga gott sóknarfæri. Það er hinsvegar ekki sjálfgefið mál fyrir heila þjóð að öðlast ímynd hreinleika og ósnortinnar náttúru, jafnvel þó hún hafi yfir að ráða gnótt af þeim gæðum. Á tímum sífellt aukinnar fjölmiðlasíbylju og auglýsinga er ekki nóg, að mati undirritaðs, að láta heyrast fullyrðingar í bæklingum og öðru um hreinleika Íslands, því nóg er af aðilum sem reyna að selja sínar vörur með tilvísun til slíks, og hverjum á almenningur í Evrópu og Bandaríkjunum að trúa? Það myndi hjálpa mjög ef Íslendingar gætu teflt fram einföldu og skýru fyrirbæri, hvers sérstaða og trúverðugleiki væru jafnframt ómótmælanleg, sem íbúar erlendis gætu tengt við hugtökin "hreinleiki og ósnortin náttúra". Og þá komum við að hugmyndinni um "hornsteininn".

## Tillaga að "hornstein" Íslands

Hugmynd undirritaðs er að Íslendingar taki ákvörðun um að þeir ætli að sjá til þess að hin sérstæða náttúra landsins muni ekki spillast heldur verði haldið í upprunalegu ástandi, svo núlifandi Íslendingar og aðrir íbúar jarðar, sem og ókomnar kynslóðir í framtíðinni, geti notið hennar. Þetta má einnig rökstyðja með því að á Íslandi sé að finna stærstu svæði í Vestur Evrópu sem séu enn lítt snortin af manna höndum, og því megi líta á það sem einskonar siðferðisskyldu að Íslendingar sjái til þess að þau spillist ekki. Í því augnamiði verði friðað svæði sem sýnt er á meðfylgjandi mynd, og það lýst sem friðland (e. "nature reserve"). Innan þessa friðaða svæðis myndi vera að finna nokkrar af helstu náttúruperlum Íslands og má meðal þeirra nefna Heklu, Þórsmörk, Landmannalaugar, Lakagíga, Vatnajökul (stærsta jökul landsins og Evrópu), Öskju og Ódáðahraun, auk þess sem að því myndu liggja þjóðgarðarnir Skaftafell og Jökulsárgljúfur. Röksemd fyrir friðun svo stórs svæðis gæti verið sú að íslensk náttúra sem heild sé merkileg og þess virði að tryggja upprunaleika hennar, en ekki aðeins einstakir afmarkaðir bútar hennar. Þetta svæði myndi hafa þá athyglisverðu sérstöðu að vera lang stærsta friðaða svæði í Vestur-Evrópu, u.þ.b. 30,000 ferkílómetrar að stærð. Það svæði sem kæmist næst því, skv. eftirgrennslan, eru þrír samliggjandi þjóðgarðar auk eins friðlands í norður Svíþjóð, samtals 8082 ferkílómetrar. Undirrituðum hefur sýnst að önnur lönd hafi ekki möguleika á að tefla fram stærri svæðum en því sem hér er lagt til að verði friðað. Getur það skipt töluverðu máli vegna þess að þau fyrirbæri sem eru stærst og mest vekja oft meiri athygli en önnur, og hugtakið "stærð" verður aldrei véfengt, meðan að hugtök á borð við "fagurt", "sérstætt" og "stórbrotið" eru meira háð huglægu mati. Hér að ofan sagði að ef til vill mætti líta á það sem einskonar siðferðisskyldu Íslendinga að þeir sjái til þess að við því litla sem eftir er af ósnortinni náttúru í Vestur Evrópu verði ekki hróflað af manna völdum. Það er þó síður en svo hugmynd undirritaðs að slík viðleitni yrði íþyngjandi fyrir Íslendinga heldur þvert á móti. Um það fjallar önnur grein.

**4. Janúar 1995**

# Hugleiðing um Ísland og framtíðina - Friðun: Leið að bættum hag? – 2. grein í Morgunblaðinu [VA-SSS]

## *Önnur grein.*

Eftir Sverri Sv. Sigurðarson

Ísland miðpunkturinn

Áhugi almennings í Evrópu á umhverfismálum og verndun ósnortinnar náttúru hefur aukist gífurlega á undanförnum aldarfjórðungi. Hins vegar virðist undirrituðum sem svo að ekkert land hafi unnið sér sess á þessu sviði með þeim hætti að almenningi komi það land fyrst í hug þegar hann leiði hugann að þessum málaflokki. Sá "sess" liggi því á lausu. Því landi sem tækist að verða fyrst til að öðlast slíkan sess hefði jafnframt möguleika á að vinna sig í yfirburðastöðu, sem erfitt væri fyrir önnur lönd að slá út. (1) Rökin fyrir því að Ísland gæti náð slíkum sess með því að tefla fram "stærsta friðaða svæði í vestur Evrópu" eru þau, að það sem er stærst og mest er oft álitið eftirtektarverðara eða verðmeira en annað. Því sé auðveldara (les: ódýrara) að vekja athygli á Íslandi og t.d. að fá fjölmiðla erlendis til að fjalla um landið með því að vísa til "hornsteinsins". Ef tækist að ávinna Íslandi þann sess að það væri landið sem 400 milljónir íbúa Evrópu myndi líta til með jákvæðum huga vegna þess að Ísland væri "land hinnar hreinu náttúru" gæti Íslendingum opnast ýmsir spennandi möguleikar.

## Mikilvægi góðrar ímyndar

Japanski stefnumótunarráðgjafinn Kenichi Ohmae kemur með lýsandi dæmi um gildi góðrar ímyndar í einni bóka sinna (2), en þar tekur hann sem dæmi "Blue Mountain" kaffi frá Jamaica sem selst fyrir fjórfalt hærra verð í Japan heldur en kaffi frá Brasilíu, og það þrátt fyrir að endurteknar prófanir hafi ekki sýnt fram á neinn mun á tegundunum. Hér er það því svo að tekist hefur að telja neytendum trú um að "Bláfjallakaffið" sé svona miklu eftirsóknarverðara. Kaffið frá Jamaica hefur m.ö.o. mun betri ímynd. Í dag er hreinleiki matvæla orðinn eftirsóttur eiginleiki þar sem auka- og eiturefni ýmiskonar eru orðin töluvert vandamál, allavega í hugum neytenda. Ef tækist að fá neytendur í Evrópu til að hugsa til Íslands þegar minnst er á hreinleika og lítt snortna náttúru, þá gæti það orðið auðveldara að sannfæra þá um að matvæli framleidd á Íslandi væru sérlega hrein. (3) Það gæti jafnvel orðið til að bæta frekar þá ágætu ímynd sem íslenskar sjávarafurðir hafa. Ímynd er jú fyrst og fremst spurning um tilfinningalega afstöðu og neytendur eru ekki eins og vísindamenn í hvítum sloppum sem hafa ávallt rökrétta ástæðu fyrir afstöðu sinni. Ef til vill gæti bætt ímynd landsins því hjálpað til við að gera vinnslu sjávarfangs í fullunnar neytendaumbúðir hagkvæmari, þó ekki sé ráðlegt að fullyrða of mikið í þeim efnum meðan þessar hugmyndir eru ennþá á umræðustiginu. Hvað varðar ferðaþjónustuna þarf enginn að efast um að meiri velvilji og áhugi á landinu mun skila sér og gæti hugsanlega opnað nýja möguleika sem hingað til virðast hafa verið utan seilingar.



28 MIÐVIKUDAGUR 4. JANÚAR 1995 MORGUNBLAÐIÐ

AÐSENDAR GREINAR

# Hugleiðing um Ísland og framtíðina

## Friðun: Leið að bættum hag?

### Önnur grein

**Ísland miðpunkturinn**

Sverrir Sv. Sigurðarson

**Mikilvægi góðrar ímyndar**

**Sú hlið er snýr að bændum**

**Möguleikar í hágæða ferðaþjónustu**

Ísland getur orðið eins konar miðpuntur í ósnortinni náttúru Evrópu. **Sverrir Sv. Sigurðarson** telur að Ísland eigi mikla möguleika sem heilsu- og ferðaparadís.

**Athyglisverð viðbrögð erlendis frá**

## Sú hlið er snýr að bændum

Ætla má að íslenskir bændur séu sú stétt sem gæti hagnast hvað mest á því ef Ísland næði því að verða einskonar miðpunktur í augum þeirra sem áhuga hafa á ósnortinni náttúru í Evrópu, sem það er ekki í dag. Væntanlega yrðu það fyrst aðilar sem reka ferða- og gistiþjónustu á þeim svæðum sem liggja að "hornsteininum", þ.e.a.s. á suður, austur og norðurlandi, þó önnur svæði myndu á endanum njóta góðs af einnig. Einnig skulu hér nefndar til sögunnar þær mjög svo athyglisverðu hugmyndir sem eru að gerjast innan landbúnaðarins um að gera íslenskan landbúnað lífrænan, en Ísland yrði þá fyrsta landið í heiminum sem gæti státað af slíku. Hugmyndin er svo sú að hægt væri með þessu að ljá íslenskum landbúnaðarafurðum eftirsóknarverða ímynd sem gæti opnað tækifæri á erlendum mörkuðum. Það gerist hinsvegar ekki af sjálfu sér að vara fái eftirsóknarverða ímynd á markaði þar sem mikil samkeppni ríkir og getur slíkt kostað töluverð fjárútlát. Ef hinsvegar tækist að koma þeirri hugmynd inn hjá íbúum erlendis að á Íslandi væri mikið af hreinu og ósnortnu umhverfi gæti það hjálpað til við að fá neytendur til að álykta að frá Íslandi kæmu hreinni landbúnaðarafurðir en annars staðar frá, sbr. kaflann hér að ofan. "Hornsteinninn" og lífrænn landbúnaður myndu því styðja hvorir aðra og mynda sannfærandi heild í ímynd landsins. Þessu mætti ef til vill líkja við það að hafa tvo hesta til reiðar í stað eins.

## Möguleikar í hágæða ferðaþjónustu

Einn af þeim möguleikum sem mikið hafa verið ræddir er sá hvort Íslendingar gætu átt kost á að byggja upp heilsuferðaþjónustu í framtíðinni, byggða á þeim landkostum sem hér eru. Ísland er hins vegar tiltölulega dýrt land og því væri ekki einfalt mál að sannfæra íbúa erlendis um að koma langt að á íslenska heilsustaði í stað gamalgróinna staða í Þýskalandi t.d., eða í Austur-Evrópu þar sem þjónusta er mun ódýrari. Ísland þyrfti því að hafa eitthvert það fram að færa sem önnur lönd ættu ekkert svar við. Yrði landið beinlínis þekkt fyrir hreinleika og ósnortna náttúru gæti það orðið eftirsótt sem staður fyrir heilsustaði, þrátt fyrir hátt verðlag, og samkeppnisstaða þess því batnað til muna. Ekki er ólíklegt að þessi sess gæti gert Íslendingum kleift að fá hingað fleiri ferðamenn úr efri þrepum þjóðfélagsstigans, sem ef til vill gætu orðið áhugaverður markhópur fyrir ýmsan varning er bæri séríslenskt yfirbragð í meira mæli en nú er. Ekki eru til miklar upplýsingar um það hver afstaðan er til Íslands meðal þessara hópa, en lausleg fyrirspurn gefur til kynna að þrátt fyrir nokkuð þekkingarleysi þá sé fólk mjög forvitið um landið, sem þykir spennandi og dulúðugt. Ætti það að gefa Íslendingum ágætis sóknarfæri. (4)

## Athyglisverð viðbrögð erlendis frá

Undirrituðum datt í hug að það gæti verið forvitnilegt að athuga hvort erlend hótel- og heilsustaðafyrirtæki væru fáanleg til að gefa umsögn um þær hugmyndir sem hér hafa verið reifaðar, þar sem þessir aðilar hafa markaðstengsl við þá þjóðfélagshópa sem eftirsóknarvert væri að fá til Íslands sem gesti. Væri í því töluverður akkur ef Íslendingar gætu byggt upp þá heilsuþjónustu sem hugmyndir hafa verið uppi um í samvinnu við slík fyrirtæki. Fyrirfram hefði mátt búast við að undirtektir yrðu heldur dræmar þar sem viðkomandi fyrirtæki vissu engin deili á fyrirspyrjanda og skýrt var tekið fram að hugmyndirnar hefðu hvergi verið kynntar opinberlega. Það verður því að segjast að undirtektirnar komu þægilega á óvart. Viðbrögð bárust frá níu fyrirtækjum og voru mörg þeirra þó nokkuð jákvæð. Ánægjulegasta svarið kom frá fyrirtæki einu sem stendur mjög framarlega á sínu sviði. Í bréfi frá því sagði að svo virtist sem að ekki leiki vafi á að Ísland geti haft mikila möguleika á sviði heilsu- og afslöppunarferðaþjónustu, jafnframt því sem þeir létu í ljósi áhuga á að fá ýmsar viðbótarupplýsingar um Ísland, svo fyrirtækið gæti lagt mat á það hvort eftirsóknarvert væri fyrir það að stefna að því að hefja starfsemi á Íslandi í framtíðinni. Samskipti við þennan aðila eru nú í höndum Útflutningsráðs Íslands. Í sjálfu sér er lítið hægt að segja á þessu stigi hvort eitthvað muni verða úr þessu erindi, en þegar á heildina er litið verða þetta að teljast uppörvandi viðbrögð sem gefa tilefni til bjartsýni um að uppbygging allnokkurrar starfsemi á sviði heilsu- og afslöppunarferðaþjónustu geti orðið að veruleika. Hinsvegar má gera ráð fyrir að til að alvarlega ígrunduð svör fáist frá meiri fjölda fyrirtækja þurfi fyrirspurn að vera gerð með fulltyngi aðila sem njóta opinberrar viðurkenningar.

Í þriðju greininni, sem birtast mun bráðlega, verður fjallað um óvissuatriði í þeim hugmyndum sem hér hafa verið kynntar, sem og fjallað um það hvort togstreita sé milli þeirra og stórvirkjanahugmynda á hálendinu austanverðu.

Tilvísanir:

1: Sbr. kenningar bandarísku markaðsmannanna Al Ries og Jack Trout, sjá: "The 22 Immutable Laws of Marketing", HarperCollins, 1993. Eftir sömu: "Marketing Warfare. (How American corporations are using military strategies ...)", McGraw-Hill, 1986.

2: Ohmae, Kenichi: "The Borderless World: Power and Strategy in the Interlinked Economy", Fontana 1990.

3: Sjá t.d. Mill, Robert C.: "The Tourism System, an introductory text", kaflinn "image shaping forces". Prentice-Hall Inc., 1985.

4: Að áliti Helgu Björnsson, einnar aðalhönnuða Louis Féraud hátískuhússins í París, undanfarin u.þ.b. tuttugu ár.

## 10. janúar 1995.

# Hugleiðing um Ísland og framtíðina: Friðun og/eða stórvirkjanir? – 3. Grein í Morgunblaðinu [VA-SSS]

### Þriðja grein.

Eftir Sverri Sv. Sigurðarson

Í fyrstu og annari greininni, þ. 3. og 4. janúar, voru kynntar hugmyndir um friðun stærsta svæðis í V-Evrópu, sem hugsanlega gæti orðið að "hornsteini" í ímynd Íslands, og hvernig það mætti verða til að bæta almenna markaðsstöðu Íslands. Í þessari grein, sem jafnframt er sú síðasta, verða teknar fyrir óvissuhliðar á hugmyndunum sem og þáttur stórvirkjana, ásamt lokaorðum.

### Óvissuþættir

Segja má að stærstu óvissuþættirnir varðandi ferðaþjónustuhugmyndir séu þrír: Verðlag, veðurfar og viðhorf Íslendinga. Ísland er tiltölulega dýrt land, en þá kemur á móti að hugmyndin er sú hvort "hornsteininn" geti gert auðveldara að laða hingað þá hópa sem mest hafa á milli handanna og láta sig e.t.v. muna minna um útgjöldin ef þeim finnst "varan" góð. Veðurfarið er líklega stærsti einstaki þátturinn sem stendur Íslandi fyrir þrifum í ferðaþjónustunni, einkanlega á veturna. Spurningin er hinsvegar sú hvort t.d. aukning húðkrabbameinstilfella í heiminum geti hjálpað til við að gera ferðir á norðlægari slóðir vinsælli, en um slíka þróun er erfitt að spá. Viðhorf Íslendinga ættu ekki að þurfa að valda erfiðleikum þó breyting yrði á eðli og umfangi ferðaþjónustu enda þjóðin almennt vel menntuð og víðsýn. Varðandi ímynd landsins er að sjálfsögðu ekki öruggt að þær hugmyndir sem hér hafa verið kynntar myndu valda jákvæðum breytingum eins fljótt og örugglega og margir hefðu óskað, en sú óvissa ætti þó ekki að koma í veg fyrir að þetta yrði rætt af alvöru. Þeir fiska sem róa. Einnig þarf að athuga vel þá þætti sem snúa að landnýtingaraðilum.

### Þáttur stórvirkjanahugmynda

Þann 28. september s.l. birtist í Morgunblaðinu ítarleg grein eftir dr. Jóhannes Nordal, stjórnarformann Landsvirkjunar, sem hann hafði ritað vegna fyrirspurnar, um umhverfisþætti stórvirkjanaframkvæmda sem tengjast myndu sæstrengsverkefninu. (1) Verður sú grein að verulegu leiti höfð til hliðsjónar í þessari umfjöllun. Ekki er ætlunin að blanda sér í umræðuna um stórvirkjanir út frá sjónarhóli náttúruverndarmanna, heldur er ætlunin að velta fyrir sér samspili vatnsaflsvirkjana við ímynd landsins og ferðaþjónustuna. Hafa stórvirkjanir jákvæð áhrif eða neikvæð? Er óraunhæft að leggja til að friða allt það svæðis sem markað var í fyrstu greininni vegna hugmynda um stórvirkjanir á austasta hluta þess?



MORGUNBLAÐIÐ ÞRIÐJUDAGUR 10. JANÚAR 1995 33

AÐSENDAR GREINAR

# Hugleiðing um Ísland og framtíðina

## Friðun og/eða stórvirkjanir?

### Þriðja grein

Hér eru kynntar röksemdir fyrir náttúrufriðun. **Sverrir Sv. Sigurðarson** bendir á að friðun sé ekki fjármagnsfrek en geti skilað miklu í þjóðarbúið.

Óvissuþættir

Þáttur stórvirkjanahugmynda

Sverrir Sv. Sigurðarson

Óæskilegri hliðar og óvissuþættir vatnsaflsvirkjana

Jákvæðar hliðar vatnsaflsvirkjana

Niðurstaða

Lokaorð

## Jákvæðar hliðar vatnsaflsvirkjana

Í grein sinni bendir dr. Jóhannes réttilega á að framleiðsla rafmagns með vatnsafli sé sú aðferð sem valdi minnstri (reyndar engri) loftmengun og verður það að teljast vera jákvæðustu rökin sem eru fyrir vatnsaflsvirkjunum út frá umhverfissjónarmiðum. Má bæta við í því sambandi að ein af ástæðum þess að Íslendingar hafa möguleika á að byggja upp sannfærandi hreinleikaímynd er sú að framleiðsla

rafmagns og orku til húshitunar er að mestu leiti með mengunarlausum hætti á Íslandi. Einnig bendir stjórnarformaður Landsvirkjunar í grein sinni á að leitast sé við að standa vel að gróðurvernd og ganga sem best frá orkumannvirkjum. Verður það að teljast orkugeiranum til tekna. Athyglisvert er það sem Haukur S. Tómasson hjá Orkustofnun benti undirrituðum á, að reynsla sé af að virkjanir hafi orðið aðdráttarafl fyrir ferðamenn t.d. í Sviss, Austurríki og Bandaríkjunum, og hafi því aukið á það sem sé markvert að sjá á viðkomandi svæði. Þó hlýtur slíkt að vera töluvert háð fagurfræðilegum og "byggingarlist-rænum" þáttum.

## Óæskilegri hliðar og óvissuþættir vatnsaflsvirkjana

Umhverfisverndarsinnar hafa löngum haft horn í síðu vatnsaflsvirkjana vegna þeirrar umhverfisröskunar sem bygging þeirra hefur í för með sér. Í því sambandi hefur undirritaður nokkrar áhyggjur af erlendum umhverfisverndarsamtökum, sem eru bæði vel fjáð og skipulögð. Ekki er gott að segja hver afstaða slíkra aðila myndi verða til stórframkvæmda á borð við þær sem hér er rætt um. Ef þeir myndu snúast öndverðir gegn virkjanaframkvæmdum gæti það sett stórt strik í reikninginn og nægir að benda á hvernig fór fyrir hvalveiðunum á sínum tíma. Þó er e.t.v. ólíklegt að um mjög harða andstöðu gæti orðið að ræða vegna þess að framleiðsla raforku með vatnsafli er sú minnst mengandi sem völ er á. Ýmislegt hefur verið ritað um hagkvæmni og tæknimál og er ekki ástæða til að fara að tína það til hér. Umhugsunarverðar athugasemdir við stórvirkjanahugmyndir hafa m.a. komið frá Sigfúsi J. Johnsen, prófessor í jarðeðlisfræði, (Mbl. 6. nóv. s.l. og símtal), en hann benti á að varasamt sé að breyta rennsli áa sem renni í N-Íshafið, þar sem vera kunni að hafstraumakerfið sé það viðkvæmt að slíkt geti haft áhrif á hafstrauma og veðurfar. Þetta gildir um stórárnar í Síberíu en gæti hugsanlega, að mati Sigfúsar, átt við um íslenskar ár einnig. Þó hafa engir útreikningar verið gerðir um það. Auk þessa hafa náttúrufræðingar haft áhyggjur af því að breytingar á framburði ferskvatns á vorin frá jökulám geti hugsanlega haft óæskileg áhrif á vistkerfið í hafinu, m.a. á hrygningu. Er því ljóst að huga þarf að ýmsu áður en tekin væri ákvörðun um slíkt stórverkefni.

## Niðurstaða

Það er ljóst að stórvirkjanir hafa bæði jákvæðar og neikvæðar hliðar en hvor hliðin vegi þyngra á metunum fer að ýmsu leiti eftir þeim viðhorfum sem gilda í samfélaginu á hverjum tíma, sem og tæknilegum þáttum. Ekki er því auðvelt að fella óyggjandi dóm um hvort stórvirkjanir eru æskilegar eða ekki nálægt friðuðum svæðum gagnvart ímynd lands og ferðaþjónustu, samanber ofansagt. Undirrituðum virðist að ef komist yrði að þeirri niðurstöðu að friðun stærsta svæðis í V-Evrópu væri skynsamlegur og hagkvæmur kostur, þá ættu virkjanahugmyndir varla að standa í vegi fyrir slíkri friðun, vegna hinna ýmsu óvissuþátta sem eru á þeim. Auk þess væri mögulegt að undanskilja austasta hluta þess svæðis sem tillagan kveður á um, og myndi þá verða verkefni samfélagsins að ákveða síðar, t.d. á nýrri öld, til hvers sá hluti skuli nýttur. Hugsanlega yrðu það málalok sem allir aðilar gætu best sætt sig við þegar á heildina væri litið.

## Lokaorð

Í þessum greinum hafa verið kynntar röksemdir fyrir náttúrufriðun sem eru annars eðlis en þær sem almennt er haldið á lofti. Grunnhugmyndin er í sjálfu sér einföld: Að það verði mögulegt að láta það

spyrjast út smám saman meðal íbúa Evrópu að þriðjungurinn af Íslandi sé friðað náttúruverndarsvæði, á tímum þegar umhverfisvernd er fyrirferðamikil í vitund almennings. Þetta svæði geti því með tímanum orðið þekkt sem "hornsteinn" í ímynd landsins. Það að ná athygli almennings og í framhaldi af því ýmsum jákvæðum áhrifum, sem hugsanleg væru, mun þó ekki gerast algerlega sjálfkrafa. Slíkt mun eðlilega útheimta allnokkra vinnu, og þá er líklega betra að treysta á seiglu og úthald, fremur en eitt af þessum "átökum" sem oft hafa viljað einkenna framgangsmáta Íslendinga. Góðir hlutir gerast hægt. Einnig mun það koma til með að kosta einhver fjárútlát og er ekkert við það að athuga þegar unnið er að því að skapa verðmæti og atvinnu. Fjárfesting í fiskiskipum og hafnargerð kosta mikla peninga, en það kemur ekki í veg fyrir að þorskur sé veiddur á Íslandsmiðum. Hinsvegar vonar undirritaður að í þeim hugmyndum sem hér hafa verið kynntar geti falist skynsamlegt skref, sem um leið sé fyllilega viðráðanlegt fjárhagslega fyrir þjóðarbúið. Friðun er ekki fjármagnsfrek. Altént er vonast til að þessar greinar hafi verið áhugavert innlegg í umræðuna um það hvert Ísland getur stefnt í framtíðinni. Að lokum sakar ekki að geta þess að svo virðist sem að hugmyndirnar séu í ágætum samhljóm við stefnu ríkisstjórnarinnar í umhverfismálum, sem kynnt var í ritinu "Á leið til sjálfbærrar þróunar" (mars 1993). Íslandi er óskað velfarnaðar. Þökk sé þeim er lásu.

1. : Dr. Jóhannes Nordal: "Umhverfismál vatnsaflsvirkjana", Mbl. 28. sept. 1994. Svar við fyrirspurn undirritaðs í Mbl. 14. sept. 1994. Stjórnarformanni Landsvirkjunar eru þökkuð mjög greinagóð svör.
Þetta dreifirit var sent með pósti til rúmlega 100 móttakenda, allra þingmanna og ýmissa fleiri.

## Janúar-febrúar 1995:

## Nánari skýringar við blaðagreinarnar hugleiðingu um Ísland og framtíðina. Dreifirit sent til um 100. [VA-SSS]

Nánari útskýringar og athugasemdir við blaðagreinar
sem birtust í Morgunblaðinu dagana 3., 4. og 10. janúar 1995,
undir yfirskriftinni:

# Hugleiðing um Ísland og framtíðina

Settar fram áhugasömum til upplýsingar

Sverrir Sveinn Sigurðarson
janúar-febrúar 1995

### Efnisyfirlit

Inngangur.
Efnisatriði greinanna þriggja í samandregnu máli.
Nánar um hag Íslands af góðri ímynd.
Hvernig á að kynna Ísland?
„Laust sæti".
Nánar um „hornstein".
Mikilvægt atriði.
Varðandi kostnað við „hornsteinshugmyndir".
Byggðaáhrif.
Örlítið um landbúnaðinn.
Nánar um vatnsaflsvirkjanir: Sátta er þörf.
Lokaorð.
Sett í samhengi.
Um viðbrögð frá erlendum hótelkeðjum.
Viðtakendur og viðbrögð.
Ýmsar heimildir sem hafðar voru til hliðsjónar.
Athugasemd.




## Inngangur.

Ritgerð þessi er viðbót með nánari rökstuðningi og útlistunum við blaðagreinar sem birtust í Morgunblaðinu dagana 3., 4. og 10. janúar 1995. Í greinunum, sem höfðu yfirskriftina „Hugleiðing um Ísland og framtíðina" (og fylgja með aftast), var kynnt leið sem Íslendingar gætu farið til að landið myndi öðlast jákvæða ímynd hreinleika og ósnortinnar náttúru.

Leiðin fólst í því að Íslendingar myndu ákveða að varðveita náttúru landsins og friða mjög stórt svæði sem gæti orðið að „hornsteini" í ímynd landsins, í hugum íbúa V-Evrópu. Í þessum inngangi er stiklað á nokkrum mikilvægum atriðum:

„Hornsteins"-hugmyndin

Hugmyndin um friðaða svæðið er í sjálfu sér ekki heilög eða ósnertanleg. Ef hugmyndin nær fylgi er ekki ólíklegt að hún muni taka einhverjum breytingum. En aðalatriðið er höfuðtilgangurinn, sem er sá að koma fram með leið eða „verkfæri" sem gæti gert kleift að bæta hag Íslendinga.

Hvers vegna friðun?

Ósnortin náttúra er orðin að verðmætum sem fáar þjóðir í Evrópu eiga í einhverjum mæli. Lögð er til friðun stórs svæðis til að tryggja að hin stórbrotna og sérstæða náttúra Íslands „tapi ekki verðgildi

sínu", sem myndi gerast ef hún sökum aðgæsluleysis og skorts á vernd myndi missa sitt ósnortna yfirbragð.

Munu hugmyndirnar virka eins og að er stefnt?

Hugmyndin er sú að með svæðinu verði auðveldara að gera íbúum annarra landa það ljóst að hér sé hreint og ósnortið umhverfi í miklu meiri mæli en í öðrum löndum Evrópu. Með tímanum geti þetta orðið að „hornsteini" í ímynd landsins. (Nánar: Kaflarnir „Hvernig á að kynna Ísland?" og „Nánar um hag Íslendinga af góðri ímynd").

Eru hugmyndirnar framkvæmanlegar?

Já, það sýnist undirrituðum. Ekki virðast vera í veginum stór ljón sem beinlínis koma í veg fyrir að unnt væri fyrir Íslendinga að eignast stærsta friðaða svæði í V-Evrópu. Við útfærslu á slíku svæði verður þó að ganga út frá þeirri sanngirnisreglu að við framkvæmd þessara hugmynda verði ekki gengið á hlut helstu hagsmunaaðila á þann hátt er óásættanlegt væri, fyrir viðkomandi. Markmiðið er að allir geti verið sáttir við sinn hlut. (Nánar: Kaflarnir „Mikilvægt atriði", „Varðandi kostnað við „hornsteinshugmyndir"" og „Nánar um vatnsaflsvirkjanir: Sátta er þörf").

Hlutleysi

Ágætt er að skjóta inn áréttingu um það að undirritaður kemur fram sem „hlutlaus" álitsgjafi og hugmyndasmiður, en ekki þrýstiaðili. Því er vonast til að þessar hugleiðingar geti orðið innlegg í málefnalega umræðu um orkumál, náttúruvernd og ný sóknarfæri fyrir atvinnuvegi þjóðarinnar.

## Efnisatriði greinanna þriggja í stuttu máli.

Í fyrstu greininni var kynnt hugtakið „hornsteinn" í ímynd lands, sem afmarkað og auðskilgreinanlegt fyrirbæri sem stendur sem einskonar tákn fyrir viðkomandi land. „Hornsteinn" er vel þekktur meðal almennings annarra þjóða og gerir það að verkum að landið hefur „sterkan persónuleika" í samanburði við önnur lönd. Sem dæmi um „hornsteina" má nefna Eiffelturninn og Sigurbogann í París, Pýramídana í Egyptalandi og frelsisstyttuna í New York. Sett var fram sú kenning að Íslendingar gætu hagnast af því að eignast slíkan „hornstein" sem stæði sem tákn fyrir eitthvert það gildi sem væri almenningi hjartnæmt. Bent var á að umhverfismálin væru að verða sífellt mikilvægari í hugum almennings, sem og áhuginn á verndun ósnortinnar náttúru. Í framhaldi af því var sett fram hugmyndin um friðun svæðis á austanverðu landinu sem myndi verða lang stærsta friðaða svæði í V-Evrópu (u.þ.b. 30.000 fkm). (Sjá nánar kaflann „Hvernig á að kynna Ísland").

Í annarri grein var bent á að þrátt fyrir að áhugi á umhverfismálum hefði aukist gífurlega á síðustu árum virðist sem svo að engu landi hafi tekist að vinna sér afgeramdi sess á þessu sviði. Því gætu Íslendingar átt þar opið sóknarfæri með alla sína ósnortnu náttúru. Ef Íslendingum tækist að fá 400 milljónir Evrópubúa til að hugsa til Íslands þegar minnst væri á hreinleika og lítt snortna náttúru myndi það geta opnað Íslendingum spennandi möguleika: Auðveldara gæti orðið að sannfæra hann um að matvæli á Íslandi væru sérlega hrein, og gæti það bæði hjálpað bændum við að markaðssetja lífrænar landbúnaðarafurðir og jafnvel hjálpað við að bæta ímynd íslensks sjávarfangs.

„Hornsteinninn" gæti auðveldað markaðssetningu Íslands sem ferðamannalands og komið ferðaþjónustu bænda til góða, sem og hugsanlega gert auðveldara að vinna Íslandi sess í hágæða ferðaþjónustu. Að lokum var minnst á athyglisverð viðbrögð erlendis frá. (Nánar í kaflanum „um viðbrögð frá erlendum hótelkeðjum").

Í þriðju greininni voru teknir fyrir ýmsir óvissuþættir. Óvissuþættir varðandi ferðaþjónustuhugmyndirnar snerust um veðurfar, verðlag og viðhorf Íslendinga til ferðaþjónustunnar. Eðlilega ríkir einnig óvissa um hvort þessi aðferð við að koma Íslandi á framfæri muni virka eins fljótt og vel og ýmsir hefðu viljað, en þá ber fyrst og fremst að huga að því hvaða leið sé best. (Sjá nánar kaflann „hvernig á að kynna Ísland?") Teknar voru fyrir jákvæðar hliðar vatnsaflsvirkjana, í tengslum við hugmyndir um stórvirkjanir á austasta hluta þess svæðis sem hugmyndin kvað um að væri friðað, og voru þær helstar mengunarleysi og að virkjanir reynast oft vera aðdráttarafl fyrir ferðamenn. Óvissuþættir og óæskilegri hliðar vatnsaflsvirkjana snúast m.a. um afstöðu öflugra erlendra náttúrufriðunarsamtaka og áhyggjur vísindamanna af áhrifum þess að breyta vatnsrennsli stóru jökulánna, á strauma og lífríkið í sjónum norðan og austan við landið. Í lokaorðum var svo tæpt á hugmyndinni í fáeinum setningum, ásamt því að minnst var á að svo virtist sem að hugmyndirnar væru í ágætum samhljóm við stefnu ríkisstjórnarinnar í umhverfismálum, sem kynnt var í ritinu „Á leið til sjálfbærrar þróunar" (mars 1993).

## Nánar um hag Íslands af góðri ímynd

Kafli þessi er ætlaður þeim sem gætu hugsað sér að fá gleggri mynd af hugleiðingum undirritaðs um það með hvaða hætti góð ímynd landsins gæti komið útflutningsatvinnuvegum þjóðarinnar til góða. Bent skal á dæmi í grein #2 frá japanska stefnumótunarráðgjafanum Kenichi Ohmae um "Blue Mountain" kaffið.

Spurning: Hvað ræður vilja neytanda til að kaupa ákveðin gæði (t.d. vöru eða ferðast til lands)?

Svar: Þær hugmyndir sem viðkomandi gerir sér um viðkomandi vöru: Hvort varan teljist uppfylla þarfir neytandans vill fá uppfylltar eða ekki, t.d. um gæði og annað, og einnig ekki síður á tilfinningalegri afstöðu. Með öðrum orðum: Það er ímynd vörunnar í huga neytandans. Því betri ímynd, (jákvæðari hugmyndir), þeim mun meiri vilji til að kaupa.

Hvað ræður því hvaða verð hann er tilbúinn til að greiða fyrir umrædd gæði? Það eru sömu þættir og að ofan, þ.e. ímynd vörunnar í huga neytandans. „Er varan talin þess virði að borga fyrir hana uppsett verð eða ekki?"

Og þá er það lykil spurning: Hvað ræður ímynd vörunnar í huga neytandans?

Þar er nærtækast að benda á gæði, umbúðir, auglýsingar og fleira. En annað getur einnig haft umtalsverð áhrif á það hvaða afstöðu neytandinn tekur til vörunnar. Samkvæmt rannsóknum á sköpun ímyndar*, þá hefur ímynd tilhneigingu til að flytjast á milli tengdra fyrirbæra, vegna áhrifa sem kalla má „kunnugleika-" og „væntinga-áhrif" (familiarity- og expectations--áhrif á ensku).

Nánar tiltekið myndi það þýða fyrir Ísland sem ferðamannastað og fyrir íslenskar útflutningsvörur, að ef landið sjálft hefði fengið jákvæða ímynd í hugum almennings erlendis þá myndi almenningur hafa tilhneigingu til að bregðast jákvætt við nýjum upplýsingum sem tengdust Íslandi. Það væri vegna kunnugleika-áhrifa, hvort sem það væri um Ísland sem áfangastað eða um t.d. matvæli frá Íslandi („hreint frá hreinu landi"). Jafnvel myndi þetta þýða að almenningur myndi beinlínis búast við ýmsum jákvæðum atriðum varðandi Ísland, vegna væntinga-áhrifanna.

Samanburður leiðir mikilvægi þessa í ljós: Ef landið hefur jákvæða ímynd þá er tilhneiging til að bregðast jákvætt við viðbótar upplýsingum og hefur það jákvæð áhrif á kaupvilja. Ef landið hefur enga sérstaka ímynd þá eru viðbrögð almennt hlutlaus. Og ef land hefur neikvæða ímynd eru neikvæð viðbrögð líkleg.

Um þetta má taka lauflétt dæmi: Myndir þú, lesandi góður, kaupa súkkulaði frá Írak, með írösku vörumerki, án þess að hika eða hugsa þig um (ef viðskiptabann væri ekki í gildi)? Undirritaður viðurkennir að honum myndi líða betur borðandi súkkulaðistykki frá t.d. Þýskalandi, með þýsku vörumerki, þó fyrir því séu engin skynsamleg rök, því að sjálfsögðu ætti að vera hægt að framleiða ágætis súkkulaði í Írak eins og í hverju öðru landi. En sökum þess að landið hefur slæma ímynd meðal Vesturlandabúa vegna stjórnarfarsins, er að öllum líkindum fyrir hendi ákveðin tregða gagnvart flestu því sem þaðan kemur.

Í því gífurlega flóði upplýsinga, auglýsinga og ýmiskonar áreita sem skellur á vitund almennings í hinum vestræna heimi dag hvern er ekki auðvelt fyrir íslenska útflytjendur, sem hafa takmarkað fjárhagslegt bolmagn, að ná til almennings með sín skilaboð. Væntanlega er stór hluti ástæðunnar fyrir því að íslenskur útflutningur er fyrst og fremst í formi hrávöru, meðan illa hefur gengið að markaðssetja afurðir í fullunnum neytendapakkningum, sú að Ísland virðist ekki hafa neina sérstaka ímynd. Því sé tilhneiging meðal almennings erlendis til að bregðast við upplýsingum héðan af hlutleysi og jafnvel áhugaleysi, hvað sem íslenskum útflytjendum kann að finnast um gæði þeirrar vöru sem þeir eru að bjóða.

Önnur rök fyrir því að Ísland myndi hagnast á jákvæðri ímynd sem byggðist á umhverfismálum er sú staðreynd að neytendur hafa tilhneigingu til að kaupa vöru sem er í samræmi við þeirra sjálfs-ímynd, eða muni bæta þeirra sjálfs-ímynd. Það að vera umhverfisvænn og nota vörur sem hafa ímynd hreinleika hefur öðlast auknar vinsældir. Slík ímynd á landinu myndi því hjálpa t.d. íslenskri matvælaframleiðslu, sem myndi geta fengið á sig þetta eftirsótta yfirbragð.

(* Sjá Mill, R. C.: "The Tourism System", undirkaflinn "Image shaping forces").

## Hvernig á að kynna Ísland?

(Mikilvæg spurning).

Í ritinu „Á leið til sjálfbærrar þróunar" (útg. Umhverfisráðuneytið, mars 1993) sem hefur að geyma stefnu núverandi ríkisstjórnar segir meðal annars í kaflanum markmið (gr. 34): „Markmið ríkisstjórnarinnar er að Ísland verði um næstu aldamót hreinasta land hins vestræna heims og ímynd hreinleika og sjálfbærrar þróunar tengist allri atvinnustarfsemi í landinu. Stefna hennar er að verndun

lífríkis landsins og umhverfi þess verði haft að leiðarljósi í þróun atvinnuvega jafnt sem á sviði umhverfismála".

Það er nokkuð ljóst að þessi orð myndu ekki rata inn í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar nema þá því aðeins að hugmyndir af þessu tagi eigi allverulegan hljómgrunn með þjóðinni. Það er enda ljóst að ef landið myndi öðlast slíka ímynd gæti það orðið þjóðinni sem í landinu býr til margskonar hagsbóta. Og undirrituðum virðist að fá lönd ef einhver séu nær því að geta keppt að og öðlast slíkt yfirbragð. Þá er það þessi stóra spurning:

Hvernig ætla Íslendingar að fara að því að koma sér upp þessari „ímynd hreinleika"? Að Ísland verði séð í augum umheimsins sem „hreinasta land hins vestræna heims" vegna þess hve iðnaðarmengunar gætir hér lítið? Hvað ætla þeir að segja almenningi á vesturlöndum til að fá hann til að trúa því og meðtaka það? Til hvaða staðreynda ætla þeir að vísa?

Ef reynt væri að kynna Ísland sem land hreinleika og ósnortinnar náttúru með því að vísa einungis til hugtakanna sem slíkra, ásamt fullyrðingum um að þau eigi sérlega vel við þegar ætlunin er að lýsa kostum Íslands, að þá er það skoðun undirritaðs að hætta sé á að slíkt geti farið fyrir ofan garð og neðan hjá mörgum. Því stór hluti fólksins mun spyrja: „Hvar sé ég sönnunina á því að Ísland sé hreinasta land hins vestræna heims?" Fallegar myndir og fjálglegar yfirlýsingar í bæklingum og fréttatilkynningum nægja ekki öllum.

Í heimi á tíðum uppblásinnar auglýsingamennsku og yfirlýsingagleði er það skoðun undirritaðs að almenningur sé stundum ekki viss um hverju hann eigi raunverulega að trúa. Þar gæti óvéfengjanlegt „einkennistákn" fyrir hreinleika og ósnortna náttúru hjálpað við að upplýsa fólk um kosti landsins.

Á að vísa til þeirra þátta sem teljast nú þegar vera sæmilega þekktir erlendis og tengjast ímynd Íslands: Gullfoss, Geysis og Bláa Lónsins? Þá skal bent á að ekkert þessara atriða eru sjálfkrafa og augljóslega táknræn fyrir hreinleika og ósnortna náttúru. Foss og hver eru ekki sönnun þess að í viðkomandi landi sé að finna hreint umhverfi, ekki fremur en fjall eða sandströnd teljast trygging fyrir því sama. Maðurinn getur vel hafa spillt gæðum landsins ótæpilega þó slík náttúrufyrirbrigði sé þar að finna. Bláa Lónið kemur kannski næst því að hafa á sér þessa hreinleikaímynd, en aftur gefur slíkt fyrirbæri enga tryggingu fyrir því að afgangurinn af landinu sé sérlega hreinn og ómengaður.

Um náttúruverndarsvæði getur gilt öðru máli. Undirritaður telur að almenningi hljóti að finnast það liggja beint við að á slíkum svæðum sé ósnortna náttúru að finna, sem aftur sé sterk vísbending um að þar sé hreinleiki umhverfisins meiri en annars staðar.

Ef Íslendingar gætu teflt fram þeirri staðreynd að svo mikið sem þriðjungur landsins alls (eða meira) væri friðlýst náttúruverndarsvæði, það lang-lang stærsta í V-Evrópu, þá gæti staðan farið að snúast þessari norðlægu, lítt þekktu þjóð all verulega í hag. Þar með gætu Íslendingar hafa eignast það „tæki" sem gerði þeim kleift að komast gegnum „athygli-múrinn" hjá almenningi erlendis og fá hann til að meðtaka það og samþykkja að Ísland sé „hreinasta land hins vestræna heims".

Þannig er það skoðun undirritaðs að í Gullfoss, Geysi og Bláa Lóninu geti einungis falist óbein tilvísun til hreinleika og ósnortinnar náttúru, meðan að mjög stór friðlýst náttúruverndarsvæði bera beinlínis í sér skilaboð um þau gildi. Vegna þess að þau eru hreinleiki og ósnortin náttúra á stóru svæði.

Með tilvísun til þessa stóra friðlýsta svæðis gæti Íslendingum því tekist að „jarðbinda" þessi skilaboð. Íbúar annarra landa hefðu því „kennileiti" til að tengja við hugmyndina um hreinleikann, og svæðið gæti orðið einskonar einkennistákn Íslands.

„Hornsteinn" í ímynd landsins.

Eins og áður hefur verið sagt er hugmyndin um „hornsteininn" tillaga um það hvernig Íslendingar geti gert íbúum annarra landa það ljóst að hér sé að finna hreint og ósnortið umhverfi í mun meira mæli en annars staðar. Spurning sem hlýtur að koma upp er sú hvort þetta sé besta leiðin sem Íslendingar geti farið til að ná því markmiði?

Undirritaður hefur velt því dálítið fyrir sér sem eðlilegt er, og hefur honum ekki tekist að koma auga á leið sem lægi beinna við, og væri auðveldari og ódýrari fyrir Íslendinga að fara til að ná þessu markmiði. Hér með er því lýst eftir tillögum að öðrum og betri aðferðum, sem eru vel rökstuddar með tilvísun í markaðsfræði og önnur þau fræði sem máli kunna að skipta. Það er enda nauðsynlegt að skoða sem flesta kosti í þessu máli.

## „Laust sæti"

Einn af burðarásum þessara hugmynda er eftirfarandi staðhæfing: Ekkert land í Evrópu hefur öðlast þá sérstöðu, að þegar almenningur leiðir hugann að hugtökunum „hreinleiki" og „ósnortin náttúra", þá komi honum viðkomandi land sjálfkrafa í hug. Það geti því verið möguleiki fyrir Ísland að ná þessum sess, vegna þeirrar ósnortnu náttúru sem við eigum.

En engin þjóð fær slíkan sess sjálfkrafa. Íslendingar mega því ekki skorast undan því að bretta upp ermarnar og leggja eitthvað á sig að ná þessu markmiði, („þeir fiska sem róa"). Því önnur lönd eru nú þegar byrjuð að vinna að því að þoka sér í áttina því að ná viðlíka markmiðum, eins og t.d. Írland, Skotland og Spánn, (samkvæmt ábendingu Baldvins Jónssonar til undirritaðs).

## Nánar um „hornstein".

Viðvíkjandi því hvernig ferðamálin tengjast hugmyndinni um „hornsteininn" er vert að víkja nánar að málefni sem er töluvert aðkallandi, en það er átroðningur á vinsælum ferðamannastöðum. Undirritaður telur að það gæti verið kostur að ekki yrði farið út í sérstak-ar aðgerðir til að gera svæðið, sem lagt er til að verði friðað, aðgengilegra en það er í dag.

Ástæðan er sú að „verðmæti" þessa svæðis er fyrst og fremst fólgið í því að það er lítt snortið af manna völdum, sem skapar því dulúðlegt yfirbragð. Þetta er annar heimur en sá manngerði heimur sem flestir lifa og hrærast í.

Þess vegna væri best að snerta það sem minnst en reyna að beina átroðningnum sem mest til svæða í jöðrunum, þar sem er gnótt fallegra og eftirtektarverðra staða. Halda því „hornsteininum" sem mest óspjölluðum. Að hafa á honum ákveðna helgi.

Það væri því ekki nauðsynlegt að leitast við að beina sem mestum fólksfjölda inn á sjálft svæðið til að Íslendingar gætu haft af því sem mestan hag, heldur þvert á móti. Í því sambandi má benda á að eitt af meginmarkmiðunum er að nota „hornsteininn" til að koma þeirri hugmynd inn hjá almenningi í Evrópu og e.t.v. síðar í öðrum löndum, að Ísland sé landið þar sem hreina og ósnortna náttúru sé að finna. Ef t.d. húsmóðir í Þýskalandi eða á Ítalíu er farin að vita af því og samþykkja það er hún líklega tilbúin að borga hærra verð fyrir matvæli frá þessu landi hreinleikans. En hún þarf ekki endilega að hafa komið þangað.

Þó væri að sjálfsögðu ekki verra að fá hana í heimsókn! Í því sambandi má minna á að eitt af því sem ferðalangar eru áhugasamastir um er að borða mat og kynnast matarmenningu þeirrar þjóðar sem þeir sækja heim. Þar með gætu kynni af íslenskum matvælum orðið hluti af hvatanum að því að sækja landið heim.

## Mikilvægt atriði.

Undirrituðum hefur sýnst (að lítið athuguðu máli þó) að þau svæði sem lagt er til að verði friðuð séu mestmegnis lítt eða ekki nýtileg til annarra hluta.

## Varðandi kostnað við „hornsteinshugmyndir".

Spurning sem hlýtur að vakna er hvað það muni kosta að ná markmiðum um hreinleikaímynd með þeim aðferðum sem hér hafa verið kynntar.

Undirritaður getur ekki svarað þessari spurningu nákvæmlega á þessari stundu. Hefur hann enda ekki sóst í að fá gögn um þá hluti þar sem það væri líkast til fremur í verkahring opinberra stofnana að gera áætlanir um það. Því verður að láta nægja að skoða hver kostnaður væri líklega í hlutfalli við aðra kosti.

Þá skal fyrst bent á að auðveldara og ódýrara er að kynna fyrir almenningi staðreynd eða einkennishugtak fyrir Ísland, ef almenningur hefur þegar áhuga á viðkomandi hugtaki. Ef það stendur fyrir gildi sem almenningi er mikilvægt. Dæmi um slíkt gildi eru umhverfismálin og áhuginn á verndun náttúrunnar.

Ef skýrt afmarkað og auðskilið fyrirbæri á borð við „stærsta friðaða svæði V-Evrópu" væri notað sem einkennistákn landsins, til að ná athygli almennings gæti orðið auðveldara að ná til fjölmiðla með efni um Ísland. Og einnig annað efni en aðeins umfjöllun um „hornsteininn". Ísland gæti því orðið vinsælla umfjöllunarefni. Þegar að ein grein í víðlesnu blaði eða einn þáttur á vinsælli sjónvarpsrás er metin til virðis hárra fjárhæða í auglýsingakostnaði getur slík „hækkun á vinsældalistanum" orðið mikils virði.

Þetta er í raun eitt af lykilatriðunum í hugmyndunum: Að fá meiri „ókeypis kynningu" á landinu í erlendum fjölmiðlum til að koma smám saman inn þeirri hugmynd að Ísland sé „hreinasta land hins vestræna heims".

Undirritaður telur að sá kostur sem hér sé settur fram geti orðið sá hagkvæmasti þar sem friðun útheimtir ekki gríðarlegt fjármagn, og almenningur er vel móttækilegur fyrir þeim skilaboðum sem í henni fælist.

Að lokum má benda að þegar mál af þessu tagi er skoðað ber ekki aðeins að líta til þess hvað kosti að framkvæma, heldur einnig til þess hvað kosti að gera ekkert í þessum málum. Það er fjöldamargt sem gert er án umhugsunar, vegna þess að það er talið nauðsynlegt. Og eins og mál standa í dag hjá Íslendingum er nýsköpun og framþróun sannarlega nauðsyn.

## Byggðaáhrif.

Í ritinu „Á leið til sjálfbærrar þróunar" segir m.a. í gr. 131 í kaflanum „Byggðaþróun og umhverfismál": „Það er stefna ríkisstjórnarinnar að styrkja búsetuskilyrði á landsbyggðinni með almennum aðgerðum og í samræmi við markmið og grundvallarreglur sjálfbærrar þróunar og greiða fyrir aðlögun [landsb.] að breyttum atvinnuháttum og markaðsskilyrðum". Svo virðist sem að hugmyndirnar þjóni þessu markmiði, ef tækist að gera Ísland mun áhugaverðara og eftirsóknarverðara fyrir ferðamenn. Má þar sérstaklega nefna þá hugmynd undirritaðs að ekki skyldi stefnt að því að svæðið sjálft yrði of aðgengilegt, en aukningu í ferðaþjónustu, og ekki síst ef tækist að koma upp hágæða-þjónustu, yrði beint til svæðanna á jaðri „hornsteinsins" sem væru nær byggð eða í byggð.

Undirritaður telur ekki að önnur svæði en þau sem liggja beinlínis að „hornsteininum" muni bera skarðan hlut frá borði í ferðaþjónustu þó svæðið verði þekkt sem „einkennistákn" Íslands. Má ætla að Ísland verði almennt þekktara og eftirsóknarverðara sem heild, og myndi það koma sér vel fyrir vesturhéruð landsins ekki síður en önnur.

## Örlítið um landbúnaðinn

Hugmyndir innan landbúnaðarins ganga út frá að með því að gera landbúnaðinn lífrænan megi markaðssetja Íslenskar afurðir erlendis fyrir hærra verð en fæst í dag. Undirritaður bendir hins vegar á að ef almenningur verður auk þess farinn að meðtaka og trúa því að Ísland sé hreinasta land hins vestræna heims megi jafnvel markaðssetja íslenskar landbúnaðarafurðir fyrir enn hærra verð, sem ætti að bæta frekar hagkvæmni þessa atvinnuvegar.

## Nánar um vatnsaflsvirkjanir: Sátta er þörf.

Ein meginforsenda þess að þær hugmyndir sem hér hafa verið kynntar geti orðið að veruleika er sú að sátt náist um það í hvað beri að nýta hálendi Íslands. Hvaða svæði skulu friðuð og hver geymd til síðari ákvarðanatöku?

Vinna að gerð skipulags fyrir hálendið er byrjuð og fremur skammt komin þegar þessi orð eru rituð (febrúar 1995). Er hún í höndum 13 manna nefndar á vegum Skipulags Ríkisins. Því má gera ráð fyrir að á næstu mánuðum og árum verði stefnan mörkuð og framtíð hálendisins ráðin.

Það mál sem helst hafa verið deildar meiningar um eru vatnsaflsvirkjanirnar. Það er ljóst að til að framleiða rafmagn með vatnsafli er nauðsynlegt að staðsetja virkjanir þar sem vatn er að hafa, og jafnframt að leggja raflínur þangað sem nota á rafmagnið. Sú umhverfisröskun sem bygging þeirra hefur í för með sér er vissulega mjög óæskileg, og eru vatnsaflsvirkjanir því óvinsælar meðal margra. En þessi mál má skoða frá fleiri hliðum. Má meðal annars spyrja hvaða aðrir kostir séu í boði til aukinnar framleiðslu raforku, t.d. til stóriðju?

Þar sem jarðhiti sem virkjaður er til raforkuframleiðslu er einungis talinn endast í fáeina áratugi, samkvæmt nýlegri könnun Iðnaðarráðuneytisins, getur hann ekki talist til langtíma kosta.

Brennsla kolefniseldsneytis, eða kola og olíu, ásamt kjarnaklofningi eru því valkostirnir sem til boða standa. Þó það kunni að hljóma hálf einkennilega þar sem Íslendingar hafa búið við lítt eða ekkert mengandi raforkuframleiðslu í áratugi.

Aukin framleiðsla raforku mun því annað hvort hafa í för með sér loftmengun, geislavirkni eða umhverfisröskun þar sem virkjanir eru byggðar*. Það er sú staðreynd sem horfast þarf í augu við þegar Íslendingar ákveða að þeir þurfi á meiri raforku að halda. Í þessu ljósi má líta svo á að röskun vegna virkjanaframkvæmda og raflínulagna sé það gjald sem greiða þarf svo tryggt sé að raforkuframleiðslan hafi ekki í för með sér aukna mengun andrúmsloftsins eða þá hina óvinsæla geislamengun.

Spurningin um afstöðuna til virkjanaframkvæmda gengur því í raun út á það að vega og meta hvor þessara kosta sé illskárri, því enginn þeirra er fullkominn fremur en annað í heimi hér.

Svörin sem finna þarf eru: Hvað er hið rétta val? Hvað vill þjóðin velja?

Hvað varðar staðsetningu slíkra mannvirkja í nálægð við friðuð svæði, og öfugt, má benda á að með byggingu Fljótsdalsvirkjunar munu raflínur frá þeirri virkjun liggja í gegn um friðlýst svæði, Mývatns- og Laxársvæðið (friðað með sérlögum nr. 36/1974), samkvæmt samþykkt skipulagsyfirvalda. Fyrir Landsvirkjun ætti því ekki að skipta svo miklu þó svæðin sem liggja sunnan, vestan og norðvestan við yrðu friðuð og sú ákvörðun tekin að við þeim yrði ekki hróflað í náinni eða fjarlægri framtíð.

Hver afstaða samfélagsins verður til framkvæmda af þessu tagi á þeim tímapunkti þegar og ef raunhæft verður að ráðast í slíkt er ekki gott að segja. Hugsanlega verður krafan um verndun andrúmsloftsins orðin það sterk að horft verði með umburðalyndi til vatnsaflsvirkjana. Á hinn bóginn gæti straumur almenningsálitsins legið í hina áttina. Er því erfitt að segja hver áhrif slíkra framkvæmda verða á ímynd landsins.

Eins kann þörf fyrir rafmagn að hafa breyst með t.d. nýjum eða bættum aðferðum til framleiðslu eða flutnings, eða breyttra aðstæðna í alþjóðamálum. Breytingar gerast hratt og oft óvænt og því ómögulegt að spá um hvað leynist handan við næstu hæð.

Það er hinsvegar ljóst að ef samfélagið ákveður að nauðsynlegt sé að ráðast í virkjanaframkvæmdir, þá er nauðsynlegt að gera það í sem mestri sátt við náttúruverndarfólk. Sem og við umheiminn, því á Íslandi er jú að finna mestanpart af því litla sem eftir er af ósnortinni náttúru í Evrópu.

Hugsjónum náttúruverndarstefnunnar og umhverfisverndar almennt vex sífellt fiskur um hrygg og verður ekki horft framhjá því þegar stefnan er mótuð. Undirrituðum sýnist enda að fyrir því sé sífellt vaxandi vilji og er það vel. Það skal virt sem er í réttu horfi.

(* Sólar- og vindorka teljast ekki til fyllilega raunhæfra kosta í dag).

## Lokaorð.

Á forsíðu þessa bæklings er mynd af hjóli, sem táknað getur hjól atvinnulífsins eða þjóðlífsins. Má líta svo á að hver geiri þessa hjóls sé táknrænn fyrir einn af hagsmunaaðilum. Það er „í miðju hjólsins" sem jöfnust yfirsýn er yfir markmið og þarfir allra aðila. Í tilreiðslu og framsetningu þessara hugmynda reyndi undirritaður að halda sig þar, svo minnst hætta væri á að á einhverja væri hallað. Tilgangurinn var því ekki að setja fram afgerandi afstöðu, heldur grunnhugmynd sem unnt væri að ræða frá öllum hliðum. Að engum dyrum væri lokað. Er vonast til að það hafi tekist sæmilega, jafnframt því að hugmyndirnar séu settar fram með skýrum hætti, svo ekki sé hætta á að verði misskilningur um meginatriðin.

Augljóst er að friðunarhugmyndirnar geta ekki orðið að beinu kosningamáli í komandi Alþingiskosningum í apríl, og væri slíkt enda ekki eftirsóknarvert þar sem þessi mál þurfa að vera vel ígrunduð áður en hugað er að aðgerðum. Sá tími sem valinn var til að setja þær fram er þó ekki verri en hver annar, enda er tíminn fyrir kosningar notaður til að reifa málin og hyggja að því hvert leið muni liggja. Hvert stefnir Ísland? Hvað ætlar Ísland að verða? Hvernig atvinnuvegir eiga að vera hér eftir segjum tuttugu ár?

Nauðsynlegt er að Íslendingar fari almennt að velta fyrir sér í alvöru hvert þeir vilja fara í framtíðinni. Að taka ákveðna stefnu af einurð er hvorki auðvelt né ódýrt. Það er alltaf þægilegra að láta reka á reiðanum. Þangað til komið er að skuldadögum. Þjóðir hafa sigið úr auðlegð til fátæktar á þessari öld. Það er skynsamlegt að gleyma því ekki.

Undirrituðum hefur sýnst að Íslendingar hafi vissa tilhneigingu til þess að velja auðveldustu leiðina, sem er leið hráefnisframleiðandans. Áhugi er á því að selja raforku úr landi í heildsölu. Hafinn er

útflutningur á vikri sem er einfaldlega er mokað á bíla og ekið að skipshlið. Og alkunna er að sjávarafurðir eru að mestu seldar lítt unnar úr landi.

Líklega er lítið við þetta að athuga. Atvinnurekendur hafa fullan rétt til að selja sínar afurðir með þeim hætti sem þeim hentar. En ef þetta er það sem þjóðin stefnir á í framtíðinni, beinlínis? Eða kannski að hún stefni ekki á neitt sérstakt, og þetta sé einfaldlega tilhneigingin? Hvar endar það?

Það er skoðun sumra virtra álitsgjafa að áhersla á hráefnisframleiðslu og nýtingu náttúruauðlinda geti beinlínis leitt til fátæktar, en leiðin til velmegunar liggi í gegnum fullvinnslu varnings, markaðssetningu, hönnun, stjórnun, fjármálastarfsemi o.þ.h.

Þetta er öfugt við það sem undirrituðum var kennt í barnaskóla. Í kennslubókum voru talin upp hin og þessi lönd og tiltekið að þau væru „rík" þar sem þau ættu mikið af náttúruauðlindum. Væri sú kenning rétt ættu Brasilía og Rússland að hafa sterkustu og heilbrigðustu efnahagskerfin en lönd eins og Hong Kong, Taiwan og Japan að hanga á horriminni. En hver er reyndin?

Væntanlega er affarasælast að Íslendingar haldi áfram að flytja út hráefni, þegar það er hagkvæmt. En ákveði jafnframt að stefna markvisst að því að byggja upp atvinnuvegi sem meiri arður er af. Gæti sú viðleitni að gefa landinu jákvæða ímynd verið hluti af því.

Undirritaður hafði af því nokkrar áhyggjur fyrir einu til tveimur árum að Íslendingar væru að síga ofan í kviksyndi doða og vantrausts á framtíðina og eigin getu. Mætir aðilar virtust nánast keppast um það hver gæti slegið annan út í barlóm. Þetta var einskonar tíska og sú ekki af betri gerðinni. Hvar var víkingablóðið? Hvar var seigla og æðruleysi sjómannanna sem reru vetrarvertíðir frá Bolungarvík á átjándu og nítjándu öld á opnum bátum? Hafði velmegunin og öll nútímaþægindin sogið þessa eðlisþætti úr íslensku þjóðarsálinni?

Sem betur fer virðist Eyjólfur vera að hressast. Allavega virðist bölsýnin að mestu horfin og undirrituðum finnst almennt vera léttara yfir þjóðinni en var þá, þó það sé eingöngu byggt á tilfinningu. Vonandi er að skapast hugrænt andrúmsloft fyrir framfara og bjartsýnishug, sem þó er byggður á fullu raunsæi.

Vonast er til að hugmyndirnar um „hornsteininn" sem hér hafa verið kynntar geti orðið innlegg í það hvernig Íslendingar ætla að ná þeirri jákvæðu ímynd sem hugur stendur til, og að hér hafi verið komið fram með að sumu leiti nýjar hugmyndir og ný sjónarhorn. Undirritaður er þeirrar skoðunar að með hnitmiðuðum aðgerðum megi ná ágætum árangri í kynningarstarfi á Íslandi.

Og kannski er aðalatriðið að hafa trú á eigin getu, samanber orðtakið „hugurinn ber þig hálfa leið".

Með samblandi vilja og vitsmuna getur þjóðin farið langt á veg framfara á nýrri öld.

Hreint umhverfi og náttúruvernd geta orðið besta söluvara sem Íslendingar eiga.

Sett saman á náttúruverndarári Evrópu 1995.
Sverrir Sveinn Sigurðarson.

## Sett í samhengi

Hugmyndir um friðun stórra svæða eru ekki nýjar af nálinni. Nefna má t.d. skrif Ara Trausta Guðmundssonar, jarðeðlisfræðings, í nokkrum blaðagreinum á síðustu árum, sem og einnig hugmyndir Bryndísar Brandsdóttur, Jóns Viðar og Kára Kristjánssonar um „eldfjallafriðland" norðan Vatnajökuls.

Hins vegar hafa hugmyndir af því tagi ekki náð nægjanlegum hljómgrunni meðal samfélagsins í heild til að í þær yrði ráðist. Er það væntanlega til marks um að skýrskotanir til hugsjóna náttúruverndarmanna einna sér eru ekki nægilegar til að veita þeim brautargengi. Líkleg skýring þess er sú að hingað til hefur það verið algeng skoðun að náttúrufriðun sé að mestu andstæð efnahagslegum hagsmunum til langs og skamms tíma. Að friðunin „frysti" landið á þann hátt að það loki að mestu fyrir þann möguleika að hafa af því efnahagsleg not. Hugmyndir undirritaðs hafa á hinn bóginn gengið út á að friðun, gerð á ákveðnum forsendum og í réttu „magni", geti verið forsenda verulegra hagsbóta. Er það vegna þróunar í átt að stórauknum áhuga á umhverfismálum í hinum vestræna heimi. Ef slíkur rökstuðningur nær hljómgrunni er hugsanlegt að líkur aukist á því að náttúruverndarfólk sjái hugsjónir sínar verða að veruleika.

Einnig skal það áréttað að hugmyndir um að Ísland geti öðlast hreinleikaímynd eru heldur ekki nýjar. Má minna á frumkvöðulsstarf Baldvins Jónssonar í því sambandi. Hefur Baldvin verið manna ötulastur við að benda á það, að almenningur erlendis beinlínis kallar á það sem er hreint og umhverfisvænt, ekki síst í matvælum.

Undirritaður veit ekki til þess að áður hafi verið settar fram hugmyndir um friðun mjög stórs svæðis með tilvísun til efnahagslegra hagsmuna eingöngu. Hafa friðunarhugmyndir venjulega verið grundvallaðar á hugsjónum náttúruverndarstefnunnar, og efnahagslegs ávinnings getið í framhjáhlaupi.

Undirritaður er fyrst og fremst viðskiptalega þenkjandi í þessu máli. Hvað varðar afstöðuna til náttúruverndarhugsjónanna er undirritaður vissulega náttúruverndarsinni. Það er hins vegar ekki í meira mæli en gengur og gerist almennt.

Eins veit undirritaður ekki til þess að gerður hafi verið samanburður á þeim þáttum sem gera ímynd sumra landa fyrirferðarmikla á alþjóðavetvangi og sumra ekki, og komið með tillögu um hvað gæti komið ímynd Íslands að gagni í því sambandi. Er hugtakið „hornsteinn" fundið upp af undirrituðum til að lýsa þessu fyrirbæri.

Því er vonast til að gildi „hugleiðinganna um Ísland og framtíðina" geti falist í því að hér sé komin fram tillaga að nýrri leið til að ná áður skilgreindum markmiðum.

## Um viðbrögð frá erlendum hótelkeðjum

Jákvæðustu svörin frá erlendum fyrirtækjum í heilsu- og hótelstarfsemi voru undirrituðum sönnun þess að þessar hugmyndir ættu erindi inn í umræðuna. Mátti þar finna umsagnir á borð við „mjög áhugavert" ("most interesting") og „verulega vel úthugsað" ("extremely well thought out"). Þó skal ekki úr því dregið að mörg önnur svör voru tiltölulega hlutlaus og varkár. En almennt voru viðbrögðin ánægjuleg.

Til gamans eru hér nöfn þeirra aðila sem svöruðu:

The Champneys Group, Choice Hotels International, Forte Group, Four Seasons-Regent Hotels & Resorts, Hilton International, Hyatt International, ITT Sheraton, The Leading Hotels of the World Ltd., Westin Hotels & Resorts.

## Viðtakendur og viðbrögð

Eftirtaldir aðilar fengu þessa viðbót senda: Alþingismenn og ráðherrar. Viðeigandi ráðuneyti. Ýmsar stofnanir, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklingar.

Fyrir þá sem hefðu áhuga á að senda undirrituðum orðsendingu um viðbrögð við þessum hugmyndum er póstfangið: Sverrir Sveinn Sigurðarson, Keilugrandi 6, 107 Reykjavík. S: 552 0023.

## Ýmsar heimildir sem hafðar voru til hliðsjónar.

Við mótun þessara hugmynda voru ýmsar heimildir hafðar til hliðsjónar og höfðu því áhrif á lokaniðurstöðuna, þó það væri að misjafnlega miklu leiti. Aðeins lítils hluta þeirra var getið í blaðagreinunum. Eru þar áhrifamestar kenningar bandarísku markaðsmannanna Al Ries og Jack Trout, auk japanska stjórnunarráðgjafans Kenichi Ohmae. Fjöldi annarra heimilda kom við sögu og skal hér nokkurra getið.

Velferð á varanlegum grunni. Stefna og starfsáætlun ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks. Október 1991.

- Á leið til sjálfbærrar þróunar. Umhverfisráðuneytið, mars 1993.
- Heimsráðstefna Sameinuðu Þjóðanna um umhverfi og þróun, Rió de Janeiro, júní 1992. Umhverfisráðuneytið desember 1992.
- Lög um náttúruvernd. Nr. 47/1971.
- Lög um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjasýslu. Nr. 36/1974.
- Náttúruminjaskrá, sjötta útgáfa. Náttúruverndarráð, Reykjavík, 1991.
- Categories for conservation management. Útg. IUCN. (Ljósrit)

- Framtíðarnýting hálendis Íslands. Landvernd 1991.
- Ísland, heilsuparadís í norðri? Útflutningsráð Íslands og Orkustofnun. Reykjavík, 1994.
- Ferðamálakönnun á Íslandi: Erlendir ferðamenn sumarið 1991. Félagsvísindastofnun, október 1991.
- Ferðamálakönnun á Íslandi, júní 1991 til júní 1992: Erlendir ferðamenn á heilu ári. Samanburður á milli árstíða. (Sami útgefandi).
- Omnibus könnun á afstöðu til Íslands í Þýskalandi. Basis Research Gmbh, Frankfurt. 1987.
- Ferðamálakönnunin, 1972-1976. Samgönguráðuneytið, febrúar 1976.
- Erindi Jóhanns Más Maríussonar, aðstoðarforstjóra Landsvirkjunar. Ársfundi Landsv. 1992.
- „Línulagnir yfir hálendið". Agnar J. Olsen, forstm. verkfræðideildar Landsvirkjunar, og Þorgeir J. Andrésson, yfirverkfræðingur Landsvirkjunar. Grein í fréttabr. Landsvirkjunar.
- „Orkujöfnuður og umframorka". Halldór Jónatansson, forstjóri Landsvirkjunar. Landsvirkjun, fréttabréf. Mars, 1992.
- Morgunfundur Verslunarráðs Íslands. 28.1. 1993.
- Spástefnur Stjórnunarfélagsins, 1993 og 1994, (desember 1992 og 1993).
- Nýjar hugmyndir um langtímastefnumótun Íslendinga í efnahagsmálum. Mckinsey & Company, tillaga, júní, 1992.
- Skýrsla markaðs- og útbreiðslunefndar Steingríms Hermannssonar, forsætisráðh., janúar 1991.
- „Hálendi Íslands er að vetri til paradís líkast". Viðtal við Richard Decker, skipuleggjanda heimsmeistaramótsins í vélsleðaakstri. Morgunblaðinu desember 1992.
- „Öræfin eru ekki fremst á óskalista útlendra ferðamanna". Gunnlaugur Eiðsson, Lesbók Mbl. desember 1992.
- „Lífræn ræktun er framtíðin", viðtal við Baldvin Jónsson. SUS-fréttir, desember 1994.
- „Hús hátískunnar", grein í viðskiptablaði Mbl. nóvember 1988.
- Ogilvy on Advertising. Kafl. "How to advertise foreign travel". David Ogilvy, Pan b., 1983.
- The military balance in Northern Europe, 1991-1992. The Norwegian Atlantic committee. Oslo. (Hér var undirr. að velta fyrir sér hvort hernaðarumsvif á Kóla-skaga hefðu neikvæð áhrif á ímynd norður Skandinavíu. Ekki fékkst afgerandi niðurstaða).
- Námskeið í ferðafræðum: Stefnumörkun, markaðsgreining, framkvæmd og eftirlit í ferðaþjónustu. Ferðamálaskóli Íslands (M.K.) Mars, 1992.

- Auk þessa var komið að máli við ýmsa aðila, og eru þeim færðar þakkir.

## Athugasemd

Kaflarnir í þessari viðbótarritgerð voru samdir með það í huga að lesandinn gæti valið það sem hann hefði áhuga á að kynna sér, og þyrfti ekki að lesa aðra kafla til að fá skilning á efni hvers um sig. Því er það svo að eitthvað er um að ákveðin stutt grunnatriði séu endurtekin, þó reynt hafi verið að hafa slíkt í algeru lágmarki.

Þetta dreifirit var sent með pósti til rúmlega 100 móttakenda, allra þingmanna og ýmissa fleiri.

Apríl 1995:

## Möguleiki á framkvæmd. Dreifirit sent til rúmlega 100. [VA-SSS]

Hugleiðing um Ísland og framtíðina

### Möguleiki á

# framkvæmd

### hugmynda um friðlýsingu stærsta verndaða svæðis í Vestur-Evrópu

Í „hugleiðingu um Ísland og framtíðina" hefur verið rökstutt að stærsta samfellda friðlýsta svæði Vestur-Evrópu, staðfest og alþjóðlega viðurkennt, geti hjálpað við að koma erlendum þjóðum á þá skoðun að hér sé náttúra óspillt og umhverfi almennt hreinna en gengur og gerist í Evrópu, sem gæti bætt samkeppnisstöðu Íslendinga á nokkrum sviðum svo áður hefur verið nefnt. Á meðfylgjandi blaðsíðum verður kynnt til opinnar umræðu leið sem telja má að sé í dag raunhæf til að ná takmarkinu um hið stóra friðlýsta svæði, án þess að lagabreyting þurfi að koma til , að því tilskildu að áhugi sé til slíks. En það stóra svæði þarf ekki nauðsynlega að vera í formi þjóðgarðs eða friðlands. Hér að neðan eru nokkur orð um eðli þess að friðlýsa landsvæðum. *

### Ferðalög á jökla

Á síðustu árum hafa ferðalög upp á jökla orðið algeng, sem ekki var áður. Þykir sérstök upplifun að vera uppi í kyrrðinni, birtunni og hreinleikanum og ekki síst uppi á Vatnajökli sem er stærsti jökull Evrópu. Má segja að þessi þróun hafi opnað nýjan og áhugaverðan möguleika í ferðalögum um landið.

Vert er að spyrja sig hvernig landsmenn, og líklega ekki síður heimamenn, vilja að þróunin verði í framtíðinni, þar sem ferðir upp á jökla landsins eru áreiðanlega komnar til að vera. Má líta á þá sem útivistarsvæði framtíðarinnar, sem og vettvang fyrir ferðaþjónustu, sem er vel. Þá má spyrja hvort ekki væri eðlilegt ef þarna yrði markaður rammi varðandi öryggismál, umhverfismál, umgengni og mannvirkjagerð svo eitthvað sé nefnt. Myndi slík gjörð vera hugsuð sem ákveðin stefnumörkun til framtíðar.




Tvö atvik eru vísbending um að Íslendingar væru ekki verr staddir á ferðinni inn í framtíðina með slíkum ramma. Annað er atvik þegar ferðalangar skildu eftir tómar bensíntunnur uppi á jöklinum, sem var til lítillar prýði. Hefðu þeir fundist hefði lítið verið hægt að segja enda gilda engar reglur um umgengni sem hægt væri að vísa til. Hitt var öllu alvarlegra þegar alþjóðlegur hópur ferðalanga lenti í hrakningum uppi á jöklinum í ágústmánuði 1994. Gerði þar aftaka vetrarveður og fengu allavega tveir ferðamannanna snert af kali. Þetta kom ferðamönnunum á óvart, sem sögðu að þeim hefði verið seld ferðin án þess að þeim væri gert viðvart um þennan möguleika um vetrarstorm að sumarlagi, þegar maður er inni á hinum stóra jökli. Heyrðist því fleygt þegar málið stóð yfir að einhverjir væru að hugsa sér að höfða mál á hendur ferðaskrifstofunni fyrir vanrækslu í upplýsingagjöf, þó höfundi sé ókunnugt um hvernig það fór. En ekki þarf að fjölyrða um að svona mál geta haft skaðvænleg áhrif á ímynd landsins sem ferðamannalands.

Hjá Almannavörnum ríkisins var álitið að meðal annars þetta atvik sýndi að þörf væri á skilvirkari og markvissari reglum um öryggi í ferðum upp á jökla landsins, og ekki síst upp á Vatnajökul sem ber af öðrum jöklum hvað stærð varðar, og að lögsaga þyrfti að vera skýr í björgunarmálum. (1) Einnig má ætla varðandi hina þættina, m.a. af fyrra atvikinu, að ekki væri verra ef komist að samkomulagi um hvernig vilji sé til að mál þróist í framtíðinni, í góðri samvinnu allra aðila sem hagsmuna eiga að gæta, um leið og samdar yrðu reglur um öryggismálin.

Spurningin er hvernig staðið skyldi að slíku þannig að mestur hagur yrði af fyrir Íslendinga og ekki síður fólkið sem býr í byggðunum kringum jökulinn. Það mun vera álit lögfróðra að ýmis svæði á hálendinu heyri ekki neinum til, í skilningi eignarréttarins, og er Vatnajökull talinn vera eitt af þeim.

Einnig munu ekki hafa verið skilgreind stjórnsýslumörk milli sveitarfélaga uppi á jöklinum, þó að til standi að ráða bót á því bráðlega. (2) Það er því spurning með hvaða hætti væri unnt að koma þarna á þeim lögformlegu reglum sem skynsamlegt væri talið, um t.d. umgengni ferðamanna, umhverfismál og öryggismál.

Hér skal á það bent að með því að setja þarna ákveðnar reglur um önnur mál en hin beinu öryggismál, sem í raun væri skylda að setja í samráði við viðkomandi lögreglustjóraembætti sem í þessu tilfelli væru fimm talsins, væri verið að setja ákveðnar hömlur á hegðun þeirra sem þangað fara. Reglur þær sem settar eru um ýmis útivistarsvæði eru reyndar tiltölulega víðar og einfaldar, en segja þó til um að gestum beri að ganga snyrtilega um og þar fram eftir götunum. Með því að marka slíkan ramma væri í raun verið að tilgreina varðandi stærsta jökul Evrópu hvað til hans friðar heyrði. Slík reglusetning er því í eðli sínu friðun, þar eð yfirlýst hefur verið að aðgát skuli höfð í umgengni við viðkomandi svæði.

Hér verður haldið fram tveimur leiðum til að koma þessum málum í höfn þannig að gilda myndi um allan jökulinn, sérstaklega með tilliti til þess rökstuðnings að stórt friðlýst svæði gæti orðið til hagsbóta til að ljá landinu jákvæða ímynd í augum umheimsins.

Önnur er sú að sveitarfélög þau, sem eiga skilgreind stjórnsýslumörk að jöklinum, en þau eru níu talsins auk eins sem á beitarrétt á afrétti sem liggur að honum vestanverðum, myndu í ljósi þess að ætlunin er að skilgreina stjórnsýslumörk lýsa yfir vilja til að þau hefðu með það að gera hvernig þessum málum skildi háttað. Vissulega væri hægt að setja reglur án frekari ramma, en ætla má að þær myndu standa sterkar ef svæðið hefði verið skilgreint sem útivistarsvæði á áhrifasvæði sveitarfélaganna. Því er hér komið fram með þá leið að sveitarfélög þau sem á því hafa áhuga, óskuðu eftir því að jökullinn yrði lýstur opið útivistarsvæði með lögformlegum hætti í samræmi við 26. grein laga nr. 47/1971. Þar með hefði Vatnajökull, eða sá hluti hans sem er utan þjóðgarðsins í Skaftafelli og friðlands í Esjufjöllum, verið friðlýstur sem fólkvangur undir stjórn sveitarfélaganna. Af auglýsingum um aðra fólkvanga sem stofnað er til í samvinnu fleiri sveitarfélaga sést að reglur fólkvanga eru almenns eðlis og ekki sérlega flóknar, þó reglur um öryggi ferðalanga yrðu ef til vill viðameiri í þessu tilfelli, enda samdar í samráði við lögreglustjóraembættin og ef til vill fleiri aðila, eins og t.d. Almannavarnir ríkisins og Landhelgisgæsluna.

Hin leiðin væri sú að Náttúruverndarráð myndi, í samráði við sveitarfélögin í kring og aðra sem eðlilegt þætti, myndi lýsa jökulinn friðland, með þeim reglum um öryggi og annað sem talið yrði við hæfi. Skal á það bent að reglugerðir um friðlönd eru mjög mismunandi eftir eðli máls, og geta þær verið mjög opnar fyrir notum af svæðinu til útivistar. Á korti yfir friðlýst svæði og náttúruminjar má sjá að áhugi er fyrir því hjá Náttúruverndarráði að svæði sem liggja upp að jöklinum nánast óslitið frá norðri til suð-vesturs verði friðuð, enda eru þau á náttúruminjaskrá. Í ljósi þess væri ekki fjarri lagi að jökullinn sjálfur verði friðlýstur einnig, enda má hugsa sér að ekki sé óeðlilegt að stærsti jökull Evrópu njóti friðlýsingar af einhverju tagi. Vatnajökull, utan þjóðgarðarins í Skaftafelli, yrði þá friðaður í samræmi við 24. grein laga nr. 47/1971.

Þessar tvær leiðir hefðu ekki aðeins í för með sér að komið væri á reglum um þau mál sem rökstutt hefur verið að væri æskilegt, heldur myndi framkvæmd annarar þeirra leiða til þess að takmarkið um stærsta samfellda friðlýsta svæði í Vestur-Evrópu væri orðið að veruleika. Svæðið væri friðað í

samræmi við alþjóðlegar samþykktir IUCN, (World Conservation Union eða Alþjóða Náttúruverndarráðsins), sem gefur út þann staðal sem miðað er við út um allan heim.

Um það hvor þessara tveggja leiða væri fýsilegri vill höfundur í sjálfu sér ekki segja margt. Leiða má að því líkum að sú fyrri myndi vera fljótari í framkvæmd, að gefnu samkomulagi milli nægilega margra sveitarfélaga, þar sem oft tekur mörg ár að ganga frá stofnun friðlands. Í fyrra tilvikinu væri um að ræða friðlýsingu fyrir útivist, þar sem svæðið yrði undir stjórn sveitarfélaganna enda innan þeirra stjórnsýslumarka væntanlega. Í því síðara væri um að ræða friðlýsingu í tilgangi náttúruverndar og útivistar, þar sem svæðið yrði undir stjórn Náttúruverndarráðs, sem lýst getur yfir stofnun friðlands hvar sem er að gefnu samkomulagi, og þarf landið ekki að vera í eigu ríkisins.

Það er ekki ný hugmynd að jökull sé friðlýstur, og nægir að benda á þjóðgarðinn í Skaftafelli sem nær upp á jökulinn að Grímsvötnum, sem og friðlandið í Esjufjöllum sem liggur upp að þjóðgarðsmörkum inni á miðjum jöklinum. Einnig má benda á að hjá nágrönnum okkar Grænlendingum er að finna stóran þjóðgarð sem er að stórum hluta á jökli. Telst hann vera sá stærsti í heiminum og heitir hann á móðurmálinu „Avannarsuani Tunumilu Nuna Allanngutsaaliugaq" eða „Þjóðgarðurinn í Norður- og Austurgrænlandi", stofnsettur árið 1974.

Eitt er það sem fróðlegt væri athuga betur. Það er með hvaða hætti friðlýst svæði og þjóðgarðar hafi haft áhrif á ímynd landa og aðdráttarafl þess fyrir ferðamenn, í þeim löndum sem gera út á slíkt. Slíkar upplýsingar mætti fá með því að gera fyrirspurnir hjá náttúruverndar-, ferðamála- og útflutningsráðum landa eins og t.d. Sviss, Austurríkis, hjá frændum okkar sem taldir voru upp hér að ofan, í Kanada sem og í nokkrum fylkjum Bandaríkjanna, t.d. Montana, Colorado og Alaska. Þó að aðstæður milli landa séu mjög mismunandi og ekki hægt að alhæfa þar um, þá gæti slíkt gefið vísbendingar um það hvernig Íslendingar gætu farið að við að fá sem mest út úr stærsta friðlýsta svæði í Vestur-Evrópu, jafnframt því að ekki væri gengið á gæði auðlindarinnar, sem er í samræmi við stefnuna um sjálfbæra ferðaþjónustu. En burtséð frá því telur höfundur að ljóst sé að Íslendingar myndu hagnast á því að friðlýsing þess heildarsvæðis sem um er rætt yrði að veruleika:

Í skrifum sínum hefur höfundur rökstutt að eftirsóknarvert væri fyrir landið að eignast sannanlega stærsta friðaða víðerni í Vestur-Evrópu, því það yrði „fjölmiðlavænt" og almenningi erlendis þætti það áhrifamikið. Úr Ferðamálakönnun á Íslandi: Erlendir ferðamenn sumarið 1991, útg. félagsvísindastofnun október 1991, má lesa úr töflum að það sem helst heillar erlenda ferðamenn hér á landi og fær meirihluta atkvæða er landið, náttúran og það sem því tengist. Því mun það vart skemma fyrir þeim ferðaþjónustuaðilum sem selja ferðir þarna í kring, t.d. upp á jökulinn og í Mývatnssveit, þegar farið verður að selja svæði á ýmsa áfanga- og gististaði með tilvísan til þess að þeir tilheyri eða séu nálægt þessu stóra friðlýsta svæði, sem sé hið stærsta í álfunni. Því má ætla að þessi aðgerð, sem líklega yrði tiltölulega ódýr, yrði mjög arðsöm fyrir þjóðlífið, hugsanlega ein sú arðsamasta sem samfélaginu býðst. *

Ef af slíkri aðgerð myndi verða er spurning hvort æskilegt væri og þá hvernig væri unnt að stækka við þetta stærsta friðaða svæði Vestur-Evrópu. Höfundur hefur mestan augastað á að stækkun mætti verða í vest-suð-vestur frá jöklinum, en þar eru að finna svæði sem hafa mikið gildi sökum náttúrufegurðar og útivistarmöguleika. Þarna er að finna friðland að Fjallabaki (Landmannalaugar) og ýmis svæði sem nú eru á náttúruminjaskrá, svo sem Eldgjá, Veiðivötn, Hekla, Þórsmörk og Litli-Dímon

og Stóri-Dímon. Einnig er þarna hin vinsæla gönguleið sem kölluð er „Laugavegurinn". En hvort áhugi myndi vera fyrir því í framtíðinni að friða þessa staði [með einhverjum hætti] í eitt svæði sem tengdist svo því stóra, er erfitt að segja fyrir um í dag. En hér er þessari hugmynd komið á framfæri án ábyrgðar, enda þarf að skoða svona möguleika mjög vel.

**Möguleiki á stærsta samfellda friðaða svæði í Vestur-Evrópu í einu skrefi**




**Skýringar:**

f — Hugsanlegur fólkvangur eða friðland, sbr. lýsingu hér að framan, á þeim hlutum Vatnajökuls sem ekki eru friðaðir í dag.

Önnur samliggjandi svæði nú þegar friðuð, ofan frá: a. Þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum, b. náttúruvættið Skútustaðagígar, c. Mývatns- og Laxársvæðið, (friðað með sérlögum nr. 36/1974), d. friðland í Herðubreiðarlindum, e. náttúruvættið Askja, f. friðland í Kringilsárrana, g. friðland í Lónsöræfum, h. þjóðgarðurinn í Skaftafelli, i. friðland í Esjufjöllum, j. náttúruvættið Lakagígar og k. náttúruvættið Háalda.

Tilvísanir

(1) Hafþór Jónsson, skipaður framkvæmdastjóri, Almannavörnum ríkisins. Símtal feb. '96.

(2) Sesselja Árnadóttir, lögfræðingur í félagsmálaráðuneytinu, samtal feb. '96.

* Ekki er fjarri lagi að áætla að „alvöru" kynning á Íslandi með auglýsingum erlendis gæti kostað allt að hálfum milljarði á ári, enda búa gróft áætlað u.þ.b. fimm hundruð og fimmtíu milljón manns í þeim löndum sem Íslendingar líta á sem sín helstu markaðslönd.

**Nóvember 1995:**

## Um sæstreng. Dreifirit, sent til rúmlega 100. [VA-SSS]

### Ágrip

Í þessari stuttu samantekt er ætlunin að leita svara við þessari spurningu: Hver gætu áhrif orðið á orðstý og ímynd Íslands meðal erlendra þjóða, ef yrði af lagningu sæstrengs frá Íslandi til einhvers Evrópulands? Sérstaklega er litið á það út frá því markmiði að Ísland öðlist ímynd hreinnar náttúru. Bent er á hugsanleg jákvæð áhrif, sem Ísland gæti nýtt sér, sem og neikvæð áhrif, sem æskilegt væri að forðast. Þar á eftir er reifað til hvaða ráða Íslendingar gætu gripið, til að draga úr neikvæðum viðbrögðum erlendis við þessum framkvæmdum, með það að augnamiði að samkeppnisstaða landsins verði sem best á öllum þeim sviðum sem Íslendingar byggja afkomu sína á.

Ekki er ætlunin að ræða um skynsemi eða réttmæti slíkra framkvæmda, enda margir sem hafa áður gengið vasklega fram á þeim velli, og munu eflaust gera það áfram. Hér er spurt um þróunina þegar og ef ákvörðun hefur verið tekin um að láta verða af þessu verkefni.

Hugmyndir um sæstreng eru u.þ.b. 30 ára gamlar og koma alltaf upp á yfirborðið með reglulegu millibili. Þó engir erlendir aðilar standi á þröskuldinum tilbúnir til samninga þegar þessi orð eru rituð, er birting þeirra engu að síður viðeigandi. Þau mál sem hér eru reifuð eru enda hluti þeirra hliðaráhrifa sem Íslendingar þurfa að huga að með góðum fyrirvara vegna slíks stórverkefnis.

# Um sæstreng

- **Æskileg og óæskileg áhrif á ímynd Íslands**
- **Leiðir til að minnka óæskileg áhrif**

Hver verða áhrif á ímynd Íslands og orðstý meðal erlendra þjóða, ef samfélagið ákveður að láta verða af lagningu sæstrengs og byggingu virkjana?

Mikilvægt er að leita svara við þessum spurningum eins og öðrum varðandi þessi mál. Ástæða þess er að þeim hugmyndum hefur nú lengi verið haldið á lofti að afkoma Íslendinga í framtíðinni muni að hluta til byggjast á góðri ímynd landsins erlendis: Áhugi erlendra neytenda á að kaupa íslenskar vörur (matvæli t.d.) og ferðast hingað, er mikið til undir því kominn hvaða hug þeir bera til lands og lýðs.




Eins og við má búast af svo flóknu máli, er líklegt að viðbrögð umheimsins verði bæði með jákvæðum og neikvæðum hætti. Líklega má telja, með vísun til rökstuðnings hér á eftir, að jákvæð viðbrögð megi helst finna í landinu sem kaupir raforkuna, en neikvæð viðbrögð gætu orðið alþjóðleg.

Því er ekki hægt að sjá fyrirfram hver heildaráhrifin verða á ímynd Íslands og jákvæðni/neikvæðni fólks í þess garð. Í slíkri stöðu er því skynsamlegt að reyna að finna leiðir til að snúa stöðunni þannig að óæskileg hliðaráhrif verði sem minnst.

## Æskileg áhrif

Þrjú lönd hafa verið talin líklegust sem kaupendur: Þýskaland, Holland og Bretland. Þar sem Bretland var síðast inni í myndinni er ágætt að reyna að meta viðbrögð þar í landi. Viðbrögð yrðu líklega svipuð í hinum löndunum og verður minnst á þau í lokin.

Til að meta hvaða augum almenningur í Bretlandi myndi sjá raforkusölu um sæstreng er best að skoða söguna. Frá upphafi notkunar á rafmagni, kringum aldamótin, hafa Bretar fengið orkuna fyrst og fremst með rekstri raforkuvera sem eru kynt með kolum, gasi og olíu, og á síðari tímum einnig með rekstri kjarnorkuvera. Allar þessar leiðir eru óvinsælar vegna óæskilegra umhverfisáhrifa.

Framleiðsla umhverfisvænnar og ómengandi raforku er helst með rekstri vatnsorkuvera í hálöndum Skotlands og Wales. Hún er lítið hlutfall af heildinni og hefur lítil áhrif umhverfislega séð. (1)

Bretar hafa einnig keypt raforku gegnum sex sæstrengi frá Frakklandi (2), en sú orka getur varla talist nema að hálfu leiti umhverfisvæn í augum almennings, því að til að framleiða hana þurfa Frakkar að starfrækja orkuver knúin kjarnorku og kolefnisorkugjöfum.

Staðan er því sú að öll sú orka og orkugjafar sem Bretlandseyjar hafa fengið utanfrá, verða að teljast vera heldur óæskileg frá umhverfissjónarmiði. Sem leiðir að atriði sem gæti verið mjög mikilvægt: Ef verður af sæstrengslögn, mun það verða í fyrsta sinn sem Bretlandseyjar fá orku utanfrá sem hefur enga loftmengun í för með sér og engar neikvæðar hliðar umhverfislega séð fyrir íbúa Bretlandseyja.

Sagan segir af kolareyk sem lá yfir borgum og iðnaðarhéruðum á 18. og 19. öld, og skemmst er að minnast þess þegar stolt Breta, hið svarbrúna þinghús með Big Ben klukkuturninum, varð ljósbrúnt þegar kolaskíturinn var hreinsaður af því. Í ljósi þessara atriða er vel hugsanlegt að á meðal almennings í Bretlandi verði litið á þennan atburð sem mun merkilegri en almennt hefur verið rætt um. Sæstrengslögnin muni vekja verulega athygli: „Lengsti sæstrengur sögunnar sem flytur mengunarlausa orku til íbúa Bretlands". Þó orkumagnið skipti ekki sköpum, á við meðal stórt kjarnorkuver (1), yrði hugsanlega litið á þetta sem vendipunkt í orkusögu Bretlands.

Hér skal minnst á það eðli fjölmiðla að fjalla um það sem er nýstárlegt og til þess líklegt að vekja athygli. Sú staðreynd að þetta yrði í fyrsta sinn sem Bretlandseyjar fengju mengunarlausa orku frá utanaðkomandi aðila væri mikilvæg. Málinu, eða þessum þætti þess, yrði því líklega vel tekið af fjölmiðlum. Þeir myndu líta á þetta sem kærkomna jákvæða frétt, innan um hörmungar sem oft eru meginuppistaðan í efni fjölmiðla.

Þetta myndi þýða að töluverð athygli beindist að landinu í norðurhöfum. Sú athygli myndi snúast um umgengni við umhverfið, mengun andrúmsloftsins og þar fram eftir götunum. M.ö.o. landkynning sem gæti gefið Íslendingum tækifæri í þeirri viðleitni að ljá landinu ímynd hreinleika og hreinnar náttúru. En ekki er nóg að gert að líta aðeins til jákvæðra áhrifa. Taka verður þau óæskilegu inn í myndina einnig, sem gætu haft í för með sér ákveðnar viðsjár.

(Um Holland og Þýskaland: Hollendingar framleiða allnokkra raforku með vindmyllum, en það breytir ekki nýstárleika sæstrengslagnar. Holland er minna land en Þýskaland sem þýðir að orkan frá Íslandi verður mun hærra hlutfall af heildarorkunotkun landsins. Líklega leiðir það til þess að Hollendingum þykir meira um vert en Þjóðverjum. Vegna lítils hlutfalls af heildarorkunotkun og þar sem meiri áhugi er á Íslandi meðal Þjóðverja, gætu neikvæðu áhrifin orðið þar sterkari, sem skýrð eru hér að neðan. Af þessu má draga þá óformlegu ályktun að æskileg áhrif yrðu meiri í Hollandi).

## Óæskileg áhrif

Viðbrögð almennings á Vesturlöndum við sæstrengsframkvæmdum munu líklega að stórum hluta snúast um þá röskun á lítt snortinni náttúru sem virkjanaframkvæmdir munu valda. Hugsanlega munu heyrast raddir frá náttúruverndarsinnum um að „Íslendingar séu að vanvirða stærstu ósnortnu

svæðin sem eftir eru í Vestur-Evrópu, til að sinna gróðasjónamiðum", bæði þá af byggingu virkjana og sölu rafmagns.

Raddir af þessu tagi skyldu ekki verða léttvægar fundnar, enda hafa Íslendingar þegar kynnst því hverju slíkir áhugamannahópar geta áorkað. Flestum ætti að vera í fersku minni þegar hvalveiðar voru stöðvaðar, en dýravernd, umhverfisvernd og náttúruvernd svipar saman og stundum eru það ein og sömu samtökin sem sinna þessu öllu. Til að gæta meðalhófs skal þó minnst á að starf slíkra samtaka er oft til góðs. Má nefna friðun Bernhöftstorfunnar og baráttu Sigríðar í Brattholti fyrr á öldinni, sem leiddi til þess að við eigum Gullfoss ósnortinn í dag.

Spurning sem vert er að spyrja er sú hvernig afstaða almennings til stíflubygginga og uppistöðulóna muni koma til með að þróast, en nýleg yfirlýsing "United States Bureau of Reclamations"*, gefur tilefni til að ætla að Íslendingar þurfi að huga vel að því í framtíðinni.

Í ræðu sem Dan Beard, þáv. yfirmaður stofnunarinnar, hélt á þingi alþjóðasamtaka um vatnsbúskap (International Commision on Irrigation and Drainage) í maí 1994, sagði hann að „tími stíflubygginga á vegum stofnunarinnar í Bandaríkjunum er nú liðinn". Ástæðurnar voru efnahagslegs, félagslegs, rekstrarlegs og umhverfislegs eðlis, auk þess sem stofnunin telur að unnt sé að leysa vatnsöflunarvandamál betur með öðrum hætti. Hr. Beard mun hafa gefið í skyn að hluti ástæðna væri einnig að finna í þrýstingi frá samtökum umhverfisverndarsinna, og meðal dýrra mistaka í fortíðinni hefði verið tregða til að hlusta vel á gagnrýni.

Ákvörðun þessi hlýtur að teljast til tíðinda þar sem U.S BuRec, eins og hún er skammstöfuð, byggði á sínum tíma stærstu stíflur Bandaríkjanna, þ.á.m. Shasta, Hoover og Grand Coulee. (3) Þó aðstæður í Bandaríkjunum séu e.t.v. aðrar en hér er ljóst að Íslendingar mættu gjarnan kynna sér ástæður og bakgrunn þessarar stefnubreytingar.

U.S. BuRec er ekki eini aðilinn sem byggir og rekur stíflur og vatnsaflsvirkjanir í Bandaríkjunum. Engu að síður má draga þessa ályktun: Stefnubreyting opinberrar stofnunar Bandaríkjastjórnar í þessum málaflokki, jafn leiðandi aðili og hún hlýtur að teljast, mun líklega hafa áhrif á hvernig viðhorf almennings, til stíflna og virkjanaframkvæmda hér á landi jafnt sem annars staðar í heiminum, mun þróast í framtíðinni.

Athyglisvert er að heyra álit þeirra sem hafa mikla reynslu af samskiptum við þrýstihópa af því tagi sem hér er rætt um. Alþjóðabankinn í Washington D.C. er einn af þeim, enda hefur hann lánað til margra stífluframkvæmda og vatnsaflsvirkjana í þróunarlöndunum. Upplýsingafulltrúi hjá bankanum lét þau orð falla um þessa hópa almennt að „þrýstihópar hafa vissulega mjög mikið áhrifavald í svona málum og geta stundum haft það afl sem þarf til að stöðva fyrirhugaðar framkvæmdir sem þeim er í nöp við." Þetta eru töluvert stór orð sem sögð voru án hiks. Hann taldi hins vegar að mótmæli vegna framkvæmda á Íslandi yrðu líklega minni í sniðum, m.a. þar sem hér væri ekki verið að færa í kaf svæði þar sem fólk býr eins og stundum er raunin í þróunarlöndunum. (5)

Því er líklega óþarfi að gera ráð fyrir að framkvæmdir gætu stöðvast vegna mótmæla erlendis frá, hafi þjóðin sem í landinu býr á annað borð náð lýðræðislegri niðurstöðu um að láta verða af þessu verkefni. En vegna ýmissa þátta sem hér eru og verða upp taldir sem gerir verkefnið nýstárlegt, má

ætla að sitt muni sýnast hverjum og mótmælaraddir gætu heyrst sem gætu komið Íslendingum illa í tilraunum sínum til að komast í jákvætt álit meðal annarra þjóða vegna hreinnar ósnortinnar náttúru landsins og góðrar umgengni við hana.

Sem dæmi um verkefni þar sem þrýstingur umhverfisverndarsinna og annarra hópa kom við sögu má nefna Sardak Sarovar stífluna á Indlandi (4). Alþjóðabankinn dró sig út úr því þar sem hann taldi það ekki vera nægilega vel undirbúið út frá búsetu- og umhverfisþáttum, en staðfest var að þar hefðu þrýstihópar haft mikil áhrif. Eins má minnast á Great White Whale virkjanaverkefnið í Quebec í Kanada, sem áætlað var til að selja raforku til New York ríkis. Þær áætlanir vöktu upp kröftug mótmæli þrýstihópa sem höfðu mikil áhrif á afstöðu almennings til þessa máls. Ef ekki hefði komið til að New York ríki þurfti ekki lengur á raforkunni að halda, sem ástæða þess að hætt var við verkefnið, er líklega tvísýnt um að úr því hefði orðið vegna fyrrnefndra mótmæla. Þessu verkefni svipaði til sæstrengsverkefnisins að því leiti að selja átti raforkuna frá einu landi til annars. (5)

Þó sömu ástæður þess, að alþjóðleg umhverfisverndarsamtök mótmæltu fyrirhuguðum verkefnum í Asíu og Kanada, séu kannski ekki fyrir hendi hér á landi í sömu mynd, er ekki þar með sagt að Íslendingar geti sofið rólegir. Nýting vatnsfalla er viðkvæmt deilumál og eins er staðreyndin að Íslendingar eiga stóran hluta þess ósnortna

umhverfis sem eftir er í vestur-Evrópu. Það er meira en líklegt að almenningur erlendis muni láta sig örlög þess varða, eins meðvitaður og hann er orðinn um þróun mála í þessum málaflokki. Þar skipta landamæri ekki máli.

Æskilegt væri að Íslendingar gætu komist hjá því að kljást við slíka andstæðinga sem kappsfull umhverfisverndarsamtök eru. Og þá væri betra ef ráðið til þess myndi ekki fela í sér uppgjöf heldur mætti nýta sem dýnamískt tæki til að búa í haginn fyrir framtíðina.

* Stofnun á vegum bandarísku alríkisstjórnarinnar á sviði vatnsbúskapar og framleiðslu raforku með vatnsafli. Stærsti heildsali vatns í Bandaríkjunum og annar stærsti vatnsaflsframleiðandinn (á eftir verkfræðisveitum bandaríska hersins). Starfar í 17 ríkjum í vesturhluta Bandaríkjanna og ræður yfir 45 % af yfirborðsvatni þar.

## Leið til úrbóta

Þar sem gagnrýni mun líklega snúast um að Íslendingar skeyti lítið um ósnortna náttúru, ef hagnaðarvon er í boði, er besta vörnin fólgin í því að sýna svo ekki verði um villst, að svo sé ekki.

Beinasta leiðin til þess er að sýna með skýrum hætti hvaða hlutum landsins Íslendingar hyggjast halda í ástandi hreinnar og ósnortinnar náttúru, héðan og inn í framtíðina. Ekki er loku fyrir það skotið að Íslendingar hafi gert sér nokkuð góða grein fyrir því, þegar þar að kemur. Þá er mest um vert að mikil áhersla verði lögð á kynningu þess svo að afstaða Íslendinga til síns lands, að þeir hyggist halda jafnvægi milli nýtingar orkulinda og verndunar hinnar ósnortnu náttúru, sé mjög sýnileg.

Þar sem sæstrengsverkefnið er stórverkefni færi best á því að ráðið til að minnka neikvæð áhrif gagnrýni sé stórt í sniðum einnig. Að stórt mæti stóru.

Fyrr á þessu ári setti höfundur fram hugmynd ásamt rökstuðningi á þá leið að beinasta leiðin fyrir smáþjóð með lítið auglýsingafjármagn, til að draga athyglina að náttúru landsins væri sú að stofna mjög stóran þjóðgarð eða náttúruverndarsvæði. Slíkt svæði gæti því orðið einskonar einkennistákn fyrir ósnortna náttúru landsins, þegar fram í sækti. Betra væri ef slíkt svæði væri sannanlega hið stærsta í V-Evrópu út frá sjónarhóli kynningar og markaðssetningar, en slíkt svæði geta Íslendingar léttilega eignast vegna hinna miklu víðerna íslenskrar náttúru. Á hálendinu ætti því að vera pláss fyrir bæði orkunýtingu og náttúruvernd, ef báðir aðilar sætta sig við hinn og að kökunni verði skipt.

Ef slíkt væri gert, áður en til ákvörðunar kæmi um sæstrengsverkefni, gæti það dregið athyglina að hinum stóru víðernum ósnortinnar náttúru sem er að finna á Íslandi, og stærsta friðlýsta svæði í V-Evrópu hjálpað við að sannfæra almenning erlendis um það, að þó að Íslendingar ætluðu að nýta hluta sinna orkulinda, að þá sé stór hluti landsins friðaður og því ekki í hættu.

Stofnun og rekstur slíks svæðis myndi að sjálfsögðu kosta fé. Ein leið til að mæta því er að ákveða að hluta af þeim arði sem séð hefur verið fyrir að verði af sæstrengsverkefninu verði varið til að standa straum af kostnaði við náttúruverndarsvæðið. Þannig myndu Íslendingar sýna að þeir standa ábyrgir gagnvart sinni náttúru og séu góðir borgarar í heimi sem leggur sífellt meiri áherslu á umhverfismál og -vernd.

Einnig væri ekki úr vegi að gera töluvert úr þeirri staðreynd að þrátt fyrir óæskileg umhverfisáhrif, sem Íslendingar hörmuðu, væri bygging vatnsaflsvirkjana ein af fáum aðferðum sem völ er á til að framleiða „græna" og mengunarlausa orku. Hugsanlegt er að það skipti einhverju máli.

## Lokaorð

Í þessari ritgerð hefur verið tekið fyrir hvaða áhrif stórvirkjana- og sæstrengsframkvæmdir gætu haft á þá viðleitni Íslendinga að ljá landinu ímynd hreinnar náttúru. En til hvers að öðlast þá ímynd?

Mest um vert er að með réttri ímynd getur framleiðandi fengið mun hærra verð fyrir vöruna. Er ekki að efa að í matvælum getur ímynd hreinnar náttúru hækkað verð vörunnar.

Taka má dæmi um vöru frá framleiðanda, Blue Mountain kaffi frá Jamaica í þessu tilfelli. (6a) Það selst við fjórfalt hærra verði en vara keppinautarins, þrátt fyrir svipuð gæði. Ástæðan er því eingöngu eftirsóknarverðari ímynd í hugum neytenda. Það er því ljóst að eftir miklu gæti verið að slægjast fyrir íslenskt atvinnulíf þar sem jákvæð ímynd er. *

Því er sjálfsagt mál að spyrja spurningarinnar: Hvernig eiga Íslendingar að fara að því að öðlast jákvæða ímynd? Hverjar væru hugsamlegar ógnir?

Á þessum síðum hafa verið færð rök fyrir því að Íslendingar ættu að huga mjög vel að umhverfisþáttum virkjanaframkvæmda í víðu samhengi. Að skynsamlegt væri að fara að huga að

skiptingu landsins milli orkumannvirkja og ósnortinnar náttúru. Enda gætu mótmæli umhverfisverndarsinna skaðað þá viðleitni þjóðarinnar að landið geti öðlast hina eftirsóknarverðu ímynd hreinnar náttúru. Hyggilegt væri fyrir smáþjóð að reyna að komast hjá því að lenda í slíkum mótbyr, enda skynsamlegt að vera ekki svo kappsfull við að ná einu af sínum markmiðum að það myndi eyðileggja fyrir öðru ...

Fimm hundruð árum fyrir Krist sagði kínverski spekingurinn Sun Tzu (6b): „Besta hernaðaráætlunin er sú sem gerir þér kleift að ná markmiðum þínum án þess að þú þurfir að lenda í átökum".

* Sjá „Nánar um hag Íslands af góðri ímynd" í fyrra hefti, (skýringar með blaðagreinum frá 3.,4, og 10. janúar 1995), og aðra grein þar í, frá 4. jan. '95, („Mikilvægi góðrar ímyndar").

## Tilvísanir

### með kaflanum „um sæstreng"

1. Agnar Olsen, framkvæmdastjóri verkfræði og framkvæmdasviðs Landsvirkjunar. Símtal sept. 1995.

2. Þorsteinn Hilmarsson, upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar. Símtal nóv. 1995.

3. Úr tímaritinu World Rivers Review, apríl-júní hefti 1995. Útg. International Rivers Network, Berkley, Kaliforníu. Fax október 1995. Einnig: Sonja Deneale, upplýsinga-fulltrúi og Hank Willems, verkefnarannsóknum, á skrifstofu U.S. Bureau of Reclamations í Washington D.C., og Mike Roluty á skrifstofu U.S.BuRec í Denver, Colorado. Símtöl nóv. 1995.

4. Úr tímaritinu World Rivers Review: Um Sardak Sarovar stífluna í apríl-júní hefti 1993. Sami útgefandi og fax.

5. Paul Mitchell, upplýsingafulltrúi S-Asíusvið II, og Tjaarda Storm, hagfræðingur við iðnaðar- og orkudeild S-Asíusviðs II, Alþjóðabankanum, Washington D.C. Símtöl nóv. 1995. Tilvitnun birt með leyfi Paul Mitchell.

6. Ohmae, Kenichi: "The Borderless World: Power and Strategy in the Interlinked Economy", Fontana 1990. ( (6a) bls. 218, (6b) bls. 42).

**September 1996:**

## Samkeppnin Ísland árið 2018 á vegum Skipulags ríkisins og umhverfisráðuneytisins. - Verðlaunatillaga, 1.-3. verðlaun. [VA-SSS]

### Samkeppnin "Ísland árið 2018"

# Ísland, friðlýst náttúra og umheimurinn

Samkeppnistillaga nr. 89670

ATH:
Sumt af því sem sent var inn í samkeppnina var nýtt efni, en annað var í reynd efni sem sett hafði veri fram áður. Aftan við megin fyrirsagnir verður því sett [Nýtt] eða [Eldra efni úr … … ].

### Inntak

Inntak þessarar tillögu er að kynna röksemdir fyrir nauðsyn þess að halda til haga stórum friðuðum svæðum í náttúru Íslands sem einni heild, og hvernig nýta megi slík svæði í efnahagslegum tilgangi í anda sjálfbærrar þróunar án þess að slíkt þurfi að útiloka orkumannvirki. Einnig er brugðið upp mynd af því hvernig staða mála gæti verið árið 2018.

### Auðæfi Íslands [Eldra efni úr blaðagrein í Morgunblaðinu 3. Janúar 1995].

Margir eru þeirrar skoðunar, að í sérstæðri og lítt snortinni náttúru Íslands geti verið fólgin umtalsverð auðæfi. Þeir vonast til að Íslendingar muni geta byggt upp ýmis tækifæri á sviði ferðaþjónustu og matvælaiðnaðar sem muni verða byggð á þeirri jákvæðu ímynd sem landið nýtur eða muni njóta í framtíðinni. En því miður virðist staðan vera sú í dag að Ísland hefur enga sérstaka ímynd meðal íbúa Evrópu og Bandaríkjanna, hvorki jákvæða né neikvæða. Það er skoðun þeirra er til þessara mála þekkja að Ísland sé fólki almennt ekki ofarlega í huga og þekking á landinu sé fremur takmörkuð meðal almennings, þó þetta sé að breytast hægt og bítandi vegna stöðugrar viðleitni til kynningar. Helst sé að finna jákvæða afstöðu til Íslands meðal menntaðri íbúa í Þýskalandi. Þar sem að sterk og jákvæð ímynd landsins myndi væntanlega bæta mjög möguleikana á að nýta tækifæri af því tagi sem minnst var á hér að ofan er mikilvægt að finna leiðir sem gætu gert Íslendingum auðveldara að byggja upp slíka ímynd.




## **Hvernig á að kynna Ísland** [Nýtt]

Íslendingar vilja að landið öðlist eftirsótta hreinleikaímynd í augum heimsins, svo þjóðin geti hagnast af því á ýmsum sviðum, t.d. í ferðaþjónustu og hugsanlegri uppbyggingu hágæðaferðaþjónustu, í útflutningi á afurðum lands og sjávar, og fleiru. Þá er nauðsynlegt að velta fyrir sér hvernig eigi að fara að því að ná þessu markmiði.

Hverju ætla Íslendingar að tefla fram til að sannfæra önnum kafið fólk erlendis? Fólk sem jafnvel er varkárt gagnvart yfirlýsingum af ýmsu tagi, í heimi sem er fullur af fjálglegum auglýsingum, sem sumum er kannski vissara að taka með fyrirvara? Hér er ágætt að rifja upp þá staðreynd að Ísland er tiltölulega óþekkt erlendis og hefur líklega ekki allsstaðar þá góðu forgjöf, til að öðlast ímynd hreinleika, sem margir vilja halda.

Hvernig á að kynna Ísland og náttúru þess? Oft er ýmsum atriðum fagnað því þau feli í sér landkynningu, en ekki er víst að þau feli í sér beina sönnun fyrir náttúruhreinleik. Sem dæmi má taka Gullfoss, Geysi og Bláa Lónið, en maðurinn getur vel hafa spillt öðrum gæðum landsins þó slík fyrirbrigði sé það ar finna. Svo dæminu sé snúið við, að þá leiðir sú staðreynd að í einhverju landi er fagurt fjall eða foss ekki endilega til þess að Íslendingar fari sjálfkrafa að trúa því að þar sé ósnortna náttúru að finna. Önnur atriði, kraftajötnar og fallegt fólk til dæmis, eru svo enn fjær þessu, þó allir þessir þættir séu prýðileg landkynning í sjálfu sér. En almennt má álykta þeta: Ef ætlunin er að koma

hugmyndinni um hina hreinu náttúru inn hjá fólki sér staklega, er þörf á athyglivaka sem er þrengra skilgreindur og markvissari.

Hér skal haldið fram þeirri kenningu, að best sé að atriðið, sem teflt er mest fram í landkynningu, sé einfalt, veki áhuga og sé óvéfengjanlegt. Hafi Íslendingar slíkt muni þeim verða fleiri vegir færir en hingað til.

Líklegt er að almenningur á vesturlöndum leiði helst hugann að þjóðgörðum og friðlýstum svæðum þegar ósnortna náttúru ber á góma, því slík svæði eru upprunaleg náttúra á stórum svæðum. Því er hér haldið fram þeirri kenningu, að vilji Íslendingar eignast óvéfengjanlegt einkennistákn fyrir ósnortna náttúru landsins, liggi beinast við að Íslendingar ákveði að friða stóran hluta af sínu ósnortna landi sem vel væri til þess fallið. Athugun hefur sýnt að Íslendingar gætu, væri viljinn fyrir hendi, eignast lang stærsta náttúruverndarsvæði í Vestur-Evrópu. Fjölmiðlar vilja gjarnan fjalla um það sem er áhugavert, einstakt og auðvelt að koma á framfæri við lesendur og áhorfendur. Með slíku óvéfengjanlegu einkennistákni fyrir hreinleika og ósnortna náttúru væri auðveldara að skapa á huga fjölmiðla á að fjalla um landið, sem og að sannfæra almenning á vesturlöndum um, að hér séu þessi gæði í miklum mæli, og séu reyndar aðaleinkenni landsins.

Slíkt einkennistákn mætti nefna "hornstein" í ímynd landsins, því það væri grunnurinn að hinni eftirsóttu ímynd hreinnar náttúru. Stærsta friðlýsta svæði í Vestur-Evrópu, sem vonandi gæti orðið að þjóðgarði þegar kæmi inn í næstu öld, myndi með tímanum geta orðið vel þekkt í huga almennings í Evrópu og annars staðar, og myndi því marka Íslandi skýra ímynd á alþjóðavetvangi, eða verða "hornsteinn" í ímynd landsins.

(Hugmyndir þessar í heild eru aðallega undir áhrifum frá bandarísku markaðsmönnunum Al Ries, Jack Trout og David Ogilvy, auk japanska stefnumótunarráðgjafans Kenichi Ohmae.)

## **"Ný landhelgi"** [Nýtt]

Framtíðarsýn Íslendinga byggir meðal annars á þeim skilningi, að töluverðir möguleikar liggi í ímynd hreinleika, sem Ísland geti öðlast vegna ósnortinnar náttúru og almenns hreinleika umhverfisins.

Spurning sem nauðsynlegt er að velta fyrir sér er, hvort einhverjar aðgerðir séu skynsamlegar til að tryggja að sú ímynd geti orðið, og möguleikinn á því fari ekki forgörðum. þar sem þessi möguleiki byggir á hinni hreinu náttúru hlýtur því að vera nauðsynlegt að leitast við að sjá til þess, að hún spillist ekki; hugsanlega smám saman vegna aðgerðaleysis og skorts á reglum. Augljós leið til að tryggja þetta væri sú að sá hluti íslenskrar náttúru, sem vilji er til að halda óspilltum um ókomna tíð, verði friðaður. Því fylgja aðrir kostir sem ekki skyldi vanmeta. Þeir eru að þjóðgarðar og náttúruverndarsvæði vekja athygli og áhuga, sem er mun meiri en þau óskilgreindu landsvæði vekja, sem ekki hefur verið lýst yfir að séu áhugaverðari en önnur svæði. Slík svæði gætu því haft kynningargildi og verið mikilvæg hjálp í að skapa Íslandi þá hreinleikaímynd sem eftirsóknarverð er.

Hugsanlega mætti lýsa þessu sem svo að með friðun væru Íslendingar að ákveða "nýja landhelgi". En að þessu sinni ekki úti á rúmsjó heldur inni á landinu sjálfu. "Landhelgi" í merkingunni að helga landið, með friðun.

Hugleiðingar af þessu tagi hljóta að leiða hugann að málefnum vatnsaflsvirkjana og togstreitu við friðunarhugsjónir. Í því sambandi skal hér varpað fram þeirri hugmynd að skynsamlegt væri fyrir íslensku þjóðina að stefna markvisst að jafnvægi milli þessara þátta, þar sem hvorugur muni ryðja hinum til hliðar. Með ákvörðun þessara mála eru Íslendingar í raun að ákveða, á hvaða atvinnugreinar verði lögð áhersla í framtíðinni. Væri slík skipan mála í samræmi við grunnforsendur áhættustýringar sem felur í sér að skynsamlegt sé að dreifa áhættunni, eða vera ekki með "öll eggin í sömu körfunni".

Hér er því lagt til að Íslendingar finni út hvar þeir myndu vilja virkja og hvaða svæðum þeir ætli að halda ósnortnum eins og þau hafa verið frá því áður en fyrsti landnámsmaðurinn steig hér á land, fyrir ókomnar kynslóðir í fjarlægri framtíð.

# Um sæstreng og aðra stóra virkjanakosti

- Æskileg og óæskileg áhrif á ímynd landsins
- Leiðir til að minnka óæskileg áhrif
- Samspil við náttúruvernd

## **Ágrip** [Efni úr dreifiritinu Um sæstreng]

Í þessum kafla er ætlunin að leita svara við þessari spurningu: Hver gætu áhrif orðið á orðstý og ímynd Íslands meðal erlendra þjóða, ef yrði af lagningu sæstrengs frá Íslandi til einhvers Evrópulands? Sérstaklega er litið á það út frá því markmiði að Ísland öðlist ímynd hreinnar náttúru. Bent er á hugsanleg jákvæð áhrif, sem Ísland gæti nýtt sér, sem og neikvæð áhrif, sem æskilegt væri að forðast. Þar á eftir er reifað til hvaða ráða Íslendingar gætu gripið, til að draga úr neikvæðum viðbrögðum erlendis við þessum framkvæmdum, með það að augnamiði að samkeppnisstaða landsins verði sem best á öllum þeim sviðum sem Íslendingar byggja afkomu sína á.

Ekki er ætlunin að ræða um skynsemi eða réttmæti slíkra framkvæmda, enda margir sem hafa áður gengið vasklega fram á þeim velli, og munu eflaust gera það áfram. Hér er spurt um þróunina þegar og ef ákvörðun hefur verið tekin um að láta verða af þessu verkefni.

Hugmyndir um sæstreng eru u.þ.b. 30 ára gamlar og koma alltaf upp á yfirborðið með reglulegu millibili. Þó engir erlendir aðilar standi á þröskuldinum tilbúnir til samninga þegar þessi orð eru rituð, er birting þeirra engu að síður viðeigandi. Þau mál sem hér eru reifuð eru enda hluti þeirra hliðaráhrifa sem Íslendingar þurfa að huga að með góðum fyrirvara vegna slíks stórverkefnis.

## Hver verða áhrif? [Efni úr dreifiritinu Um sæstreng]

Hver verða áhrif á ímynd Íslands og orðstý meðal erlendra þjóða, ef samfélagið ákveður að láta verða af lagningu sæstrengs og byggingu virkjana?

Mikilvægt er að leita svara við þessum spurningum eins og öðrum varðandi þessi mál. Ástæða þess er að þeim hugmyndum hefur nú lengi verið haldið á lofti að afkoma Íslendinga í framtíðinni muni að hluta til byggjast á góðri ímynd landsins erlendis: Áhugi erlendra neytenda á að kaupa íslenskar vörur (matvæli t.d.) og ferðast hingað, er mikið til undir því kominn hvaða hug þeir bera til lands og lýðs.

Eins og við má búast af svo flóknu máli, er líklegt að viðbrögð umheimsins verði bæði með jákvæðum og neikvæðum hætti. Líklega má telja, með vísun til rökstuðnings hér á eftir, að jákvæð viðbrögð megi helst finna í landinu sem kaupir raforkuna, en neikvæð viðbrögð gætu orðið alþjóðleg.

Því er ekki hægt að sjá fyrirfram hver heildaráhrifin verða á ímynd Íslands og jákvæðni/neikvæðni fólks í þess garð. Í slíkri stöðu er því skynsamlegt að reyna að finna leiðir til að snúa stöðunni þannig að óæskileg hliðaráhrif verði sem minnst.

## Æskileg áhrif [Efni úr dreifiritinu Um sæstreng]

Þrjú lönd hafa verið talin líklegust sem kaupendur: Þýskaland, Holland og Bretland. Þar sem Bretland var síðast inni í myndinni er ágætt að reyna að meta viðbrögð þar í landi. Viðbrögð yrðu líklega svipuð í hinum löndunum og verður minnst á þau í lokin.

Til að meta hvaða augum almenningur í Bretlandi myndi sjá raforkusölu um sæstreng er best að skoða söguna. Frá upphafi notkunar á rafmagni, kringum aldamótin, hafa Bretar fengið orkuna fyrst og fremst með rekstri raforkuvera sem eru kynt með kolum, gasi og olíu, og á síðari tímum einnig með rekstri kjarnorkuvera. Allar þessar leiðir eru óvinsælar vegna óæskilegra umhverfisáhrifa.

Framleiðsla umhverfisvænnar og ómengandi raforku er helst með rekstri vatnsorkuvera í hálöndum Skotlands og Wales. Hún er lítið hlutfall af heildinni og hefur lítil áhrif umhverfislega séð. (1)

Bretar hafa einnig keypt raforku gegnum sex sæstrengi frá Frakklandi (2), en sú orka getur varla talist nema að hálfu leiti umhverfisvæn í augum almennings, því að til að framleiða hana þurfa Frakkar að starfrækja orkuver knúin kjarnorku og kolefnisorkugjöfum.

Staðan er því sú að öll sú orka og orkugjafar sem Bretlandseyjar hafa fengið utanfrá, verða að teljast vera heldur óæskileg frá umhverfissjónarmiði. Sem leiðir að atriði sem gæti verið mjög mikilvægt: Ef verður af sæstrengslögn, mun það verða í fyrsta sinn sem Bretlandseyjar fá orku utanfrá sem hefur enga loftmengun í för með sér og engar neikvæðar hliðar umhverfislega séð fyrir íbúa Bretlandseyja.

Sagan segir af kolareyk sem lá yfir borgum og iðnaðarhéruðum á 18. og 19. öld, og skemmst er að minnast þess þegar stolt Breta, hið svarbrúna þinghús með Big Ben klukkuturninum, varð ljósbrúnt

þegar kolaskíturinn var hreinsaður af því. Í ljósi þessara atriða er vel hugsanlegt að á meðal almennings í Bretlandi verði litið á þennan atburð sem mun merkilegri en almennt hefur verið rætt um. Sæstrengslögnin muni vekja verulega athygli: „Lengsti sæstrengur sögunnar sem flytur mengunarlausa orku til íbúa Bretlands". Þó orkumagnið skipti ekki sköpum, á við meðal stórt kjarnorkuver (1), yrði hugsanlega litið á þetta sem vendipunkt í orkusögu Bretlands.

Hér skal minnst á það eðli fjölmiðla að fjalla um það sem er nýstárlegt og til þess líklegt að vekja athygli. Sú staðreynd að þetta yrði í fyrsta sinn sem Bretlandseyjar fengju mengunarlausa orku frá utanaðkomandi aðila væri mikilvæg. Málinu, eða þessum þætti þess, yrði því líklega vel tekið af fjölmiðlum. Þeir myndu líta á þetta sem kærkomna jákvæða frétt, innan um hörmungar sem oft eru meginuppistaðan í efni fjölmiðla.

Þetta myndi þýða að töluverð athygli beindist að landinu í norðurhöfum. Sú athygli myndi snúast um umgengni við umhverfið, mengun andrúmsloftsins og þar fram eftir götunum. M.ö.o. landkynning sem gæti gefið Íslendingum tækifæri í þeirri viðleitni að ljá landinu ímynd hreinleika og hreinnar náttúru. En ekki er nóg að gert að líta aðeins til jákvæðra áhrifa. Taka verður þau óæskilegu inn í myndina einnig, sem gætu haft í för með sér ákveðnar viðsjár.

(Um Holland og Þýskaland: Hollendingar framleiða allnokkra raforku með vindmyllum, en það breytir ekki nýstárleika sæstrengslagnar. Holland er minna land en Þýskaland sem þýðir að orkan frá Íslandi verður mun hærra hlutfall af heildarorkunotkun landsins. Líklega leiðir það til þess að Hollendingum þykir meira um vert en Þjóðverjum. Vegna lítils hlutfalls af heildarorkunotkun og þar sem meiri áhugi er á Íslandi meðal Þjóðverja, gætu neikvæðu áhrifin orðið þar sterkari, sem skýrð eru hér að neðan. Af þessu má draga þá óformlegu ályktun að æskileg áhrif yrðu meiri í Hollandi).

## **Óæskileg áhrif** [Efni úr dreifiritinu Um sæstreng]

Viðbrögð almennings á Vesturlöndum við sæstrengsframkvæmdum munu líklega að stórum hluta snúast um þá röskun á lítt snortinni náttúru sem virkjanaframkvæmdir munu valda. Hugsanlega munu heyrast raddir frá náttúruverndarsinnum um að „Íslendingar séu að vanvirða stærstu ósnortnu svæðin sem eftir eru í Vestur-Evrópu, til að sinna gróðasjónamiðum", bæði þá af byggingu virkjana og sölu rafmagns.

Raddir af þessu tagi skyldu ekki verða léttvægar fundnar, enda hafa Íslendingar þegar kynnst því hverju slíkir áhugamannahópar geta áorkað. Flestum ætti að vera í fersku minni þegar hvalveiðar voru stöðvaðar, en dýravernd, umhverfisvernd og náttúruvernd svipar saman og stundum eru það ein og sömu samtökin sem sinna þessu öllu. Til að gæta meðalhófs skal þó minnst á að starf slíkra samtaka er oft til góðs. Má nefna friðun Bernhöftstorfunnar og baráttu Sigríðar í Brattholti fyrr á öldinni, sem leiddi til þess að við eigum Gullfoss ósnortinn í dag.

Spurning sem vert er að spyrja er sú hvernig afstaða almennings til stíflubygginga og uppistöðulóna muni koma til með að þróast, en nýleg yfirlýsing "United States Bureau of Reclamations"*, gefur tilefni til að ætla að Íslendingar þurfi að huga vel að því í framtíðinni.

Í ræðu sem Dan Beard, þáv. yfirmaður stofnunarinnar, hélt á þingi alþjóðasamtaka um vatnsbúskap (International Commision on Irrigation and Drainage) í maí 1994, sagði hann að „tími stíflubygginga á vegum stofnunarinnar í Bandaríkjunum er nú liðinn". Ástæðurnar voru efnahagslegs, félagslegs, rekstrarlegs og umhverfislegs eðlis, auk þess sem stofnunin telur að unnt sé að leysa vatnsöflunarvandamál betur með öðrum hætti. Hr. Beard mun hafa gefið í skyn að hluti ástæðna væri einnig að finna í þrýstingi frá samtökum umhverfisverndarsinna, og meðal dýrra mistaka í fortíðinni hefði verið tregða til að hlusta vel á gagnrýni.

Ákvörðun þessi hlýtur að teljast til tíðinda þar sem U.S BuRec, eins og hún er skammstöfuð, byggði á sínum tíma stærstu stíflur Bandaríkjanna, þ.á.m. Shasta, Hoover og Grand Coulee. (3) Þó aðstæður í Bandaríkjunum séu e.t.v. aðrar en hér er ljóst að Íslendingar mættu gjarnan kynna sér ástæður og bakgrunn þessarar stefnubreytingar.

U.S. BuRec er ekki eini aðilinn sem byggir og rekur stíflur og vatnsaflsvirkjanir í Bandaríkjunum. Engu að síður má draga þessa ályktun: Stefnubreyting opinberrar stofnunar Bandaríkjastjórnar í þessum málaflokki, jafn leiðandi aðili og hún hlýtur að teljast, mun líklega hafa áhrif á hvernig viðhorf almennings, til stíflna og virkjanaframkvæmda hér á landi jafnt sem annars staðar í heiminum, mun þróast í framtíðinni.

Athyglisvert er að heyra álit þeirra sem hafa mikla reynslu af samskiptum við þrýstihópa af því tagi sem hér er rætt um. Alþjóðabankinn í Washington D.C. er einn af þeim, enda hefur hann lánað til margra stífluframkvæmda og vatnsaflsvirkjana í þróunarlöndunum. Upplýsingafulltrúi hjá bankanum lét þau orð falla um þessa hópa almennt að „þrýstihópar hafa vissulega mjög mikið áhrifavald í svona málum og geta stundum haft það afl sem þarf til að stöðva fyrirhugaðar framkvæmdir sem þeim er í nöp við." Þetta eru töluvert stór orð sem sögð voru án hiks. Hann taldi hins vegar að mótmæli vegna framkvæmda á Íslandi yrðu líklega minni í sniðum, m.a. þar sem hér væri ekki verið að færa í kaf svæði þar sem fólk býr eins og stundum er raunin í þróunarlöndunum. (5)

Því er líklega óþarfi að gera ráð fyrir að framkvæmdir gætu stöðvast vegna mótmæla erlendis frá, hafi þjóðin sem í landinu býr á annað borð náð lýðræðislegri niðurstöðu um að láta verða af þessu verkefni. En vegna ýmissa þátta sem hér eru og verða upp taldir sem gerir verkefnið nýstárlegt, má ætla að sitt muni sýnast hverjum og mótmælaraddir gætu heyrst sem gætu komið Íslendingum illa í tilraunum sínum til að komast í jákvætt álit meðal annarra þjóða vegna hreinnar ósnortinnar náttúru landsins og góðrar umgengni við hana.

Sem dæmi um verkefni þar sem þrýstingur umhverfisverndarsinna og annarra hópa kom við sögu má nefna Sardak Sarovar stífluna á Indlandi (4). Alþjóðabankinn dró sig út úr því þar sem hann taldi það ekki vera nægilega vel undirbúið út frá búsetu- og umhverfisþáttum, en staðfest var að þar hefðu þrýstihópar haft mikil áhrif. Eins má minnast á Great White Whale virkjanaverkefnið í Quebec í Kanada, sem áætlað var til að selja raforku til New York ríkis. Þær áætlanir vöktu upp kröftug mótmæli þrýstihópa sem höfðu mikil áhrif á afstöðu almennings til þessa máls. Ef ekki hefði komið til að New York ríki þurfti ekki lengur á raforkunni að halda, sem ástæða þess að hætt var við verkefnið, er líklega tvísýnt um að úr því hefði orðið vegna fyrrnefndra mótmæla. Þessu verkefni svipaði til sæstrengsverkefnisins að því leiti að selja átti raforkuna frá einu landi til annars. (5)

Þó sömu ástæður þess, að alþjóðleg umhverfisverndarsamtök mótmæltu fyrirhuguðum verkefnum í Asíu og Kanada, séu kannski ekki fyrir hendi hér á landi í sömu mynd, er ekki þar með sagt að Íslendingar geti sofið rólegir. Nýting vatnsfalla er viðkvæmt deilumál og eins er staðreyndin að Íslendingar eiga stóran hluta þess ósnortna

umhverfis sem eftir er í vestur-Evrópu. Það er meira en líklegt að almenningur erlendis muni láta sig örlög þess varða, eins meðvitaður og hann er orðinn um þróun mála í þessum málaflokki. Þar skipta landamæri ekki máli.

Æskilegt væri að Íslendingar gætu komist hjá því að kljást við slíka andstæðinga sem kappsfull umhverfisverndarsamtök eru. Og þá væri betra ef ráðið til þess myndi ekki fela í sér uppgjöf heldur mætti nýta sem dýnamískt tæki til að búa í haginn fyrir framtíðina.

* Stofnun á vegum bandarísku alríkisstjórnarinnar á sviði vatnsbúskapar og framleiðslu raforku með vatnsafli. Stærsti heildsali vatns í Bandaríkjunum og annar stærsti vatnsaflsframleiðandinn (á eftir verkfræðisveitum bandaríska hersins). Starfar í 17 ríkjum í vesturhluta Bandaríkjanna og ræður yfir 45 % af yfirborðsvatni þar.

## **Leið til úrbóta** [Efni úr dreifiritinu Um sæstreng]

Þar sem gagnrýni mun líklega snúast um að Íslendingar skeyti lítið um ósnortna náttúru, ef hagnaðarvon er í boði, er besta vörnin fólgin í því að sýna svo ekki verði um villst, að svo sé ekki.

Beinasta leiðin til þess er að sýna með skýrum hætti hvaða hlutum landsins Íslendingar hyggjast halda í ástandi hreinnar og ósnortinnar náttúru, héðan og inn í framtíðina. Ekki er loku fyrir það skotið að Íslendingar hafi gert sér nokkuð góða grein fyrir því, þegar þar að kemur. Þá er mest um vert að mikil áhersla verði lögð á kynningu þess svo að afstaða Íslendinga til síns lands, að þeir hyggist halda jafnvægi milli nýtingar orkulinda og verndunar hinnar ósnortnu náttúru, sé mjög sýnileg.

Þar sem sæstrengsverkefnið er stórverkefni færi best á því að ráðið til að minnka neikvæð áhrif gagnrýni sé stórt í sniðum einnig. Að stórt mæti stóru.

Fyrr á þessu ári setti höfundur fram hugmynd ásamt rökstuðningi á þá leið að beinasta leiðin fyrir smáþjóð með lítið auglýsingafjármagn, til að draga athyglina að náttúru landsins væri sú að stofna mjög stóran þjóðgarð eða náttúruverndarsvæði. Slíkt svæði gæti því orðið einskonar einkennistákn fyrir ósnortna náttúru landsins, þegar fram í sækti. Betra væri ef slíkt svæði væri sannanlega hið stærsta í V-Evrópu út frá sjónarhóli kynningar og markaðssetningar, en slíkt svæði geta Íslendingar léttilega eignast vegna hinna miklu víðerna íslenskrar náttúru. Á hálendinu ætti því að vera pláss fyrir bæði orkunýtingu og náttúruvernd, ef báðir aðilar sætta sig við hinn og að kökunni verði skipt.

Ef slíkt væri gert, áður en til ákvörðunar kæmi um sæstrengsverkefni, gæti það dregið athyglina að hinum stóru víðernum ósnortinnar náttúru sem er að finna á Íslandi, og stærsta friðlýsta svæði í V-Evrópu hjálpað við að sannfæra almenning erlendis um það, að þó að Íslendingar ætluðu að nýta hluta sinna orkulinda, að þá sé stór hluti landsins friðaður og því ekki í hættu.

Stofnun og rekstur slíks svæðis myndi að sjálfsögðu kosta fé. Ein leið til að mæta því er að ákveða að hluta af þeim arði sem séð hefur verið fyrir að verði af sæstrengsverkefninu verði varið til að standa straum af kostnaði við náttúruverndarsvæðið. Þannig myndu Íslendingar sýna að þeir standa ábyrgir gagnvart sinni náttúru og séu góðir borgarar í heimi sem leggur sífellt meiri áherslu á umhverfismál og -vernd.

Einnig væri ekki úr vegi að gera töluvert úr þeirri staðreynd að þrátt fyrir óæskileg umhverfisáhrif, sem Íslendingar hörmuðu, væri bygging vatnsaflsvirkjana ein af fáum aðferðum sem völ er á til að framleiða „græna" og mengunarlausa orku. Hugsanlegt er að það skipti einhverju máli.

## **Lokaorð** [Efni úr dreifiritinu Um sæstreng]

Í þessari ritgerð hefur verið tekið fyrir hvaða áhrif stórvirkjana- og sæstrengsframkvæmdir gætu haft á þá viðleitni Íslendinga að ljá landinu ímynd hreinnar náttúru. En til hvers að öðlast þá ímynd?

Mest um vert er að með réttri ímynd getur framleiðandi fengið mun hærra verð fyrir vöruna. Er ekki að efa að í matvælum getur ímynd hreinnar náttúru hækkað verð vörunnar.

Taka má dæmi um vöru frá framleiðanda, Blue Mountain kaffi frá Jamaica í þessu tilfelli. (6a) Það selst við fjórfalt hærra verði en vara keppinautarins, þrátt fyrir svipuð gæði. Ástæðan er því eingöngu eftirsóknarverðari ímynd í hugum neytenda. Það er því ljóst að eftir miklu gæti verið að slægjast fyrir íslenskt atvinnulíf þar sem jákvæð ímynd er. **

Því er sjálfsagt mál að spyrja spurningarinnar: Hvernig eiga Íslendingar að fara að því að öðlast jákvæða ímynd? Hverjar væru hugsamlegar ógnir?

Á þessum síðum hafa verið færð rök fyrir því að Íslendingar ættu að huga mjög vel að umhverfisþáttum virkjanaframkvæmda í víðu samhengi. Að skynsamlegt væri að fara að huga að skiptingu landsins milli orkumannvirkja og ósnortinnar náttúru. Enda gætu mótmæli umhverfisverndarsinna skaðað þá viðleitni þjóðarinnar að landið geti öðlast hina eftirsóknarverðu ímynd hreinnar náttúru. Hyggilegt væri fyrir smáþjóð að reyna að komast hjá því að lenda í slíkum mótbyr, enda skynsamlegt að vera ekki svo kappsfull við að ná einu af sínum markmiðum að það myndi eyðileggja fyrir öðru ...

Fimm hundruð árum fyrir Krist sagði kínverski spekingurinn Sun Tzu (6b): „Besta hernaðaráætlunin er sú sem gerir þér kleift að ná markmiðum þínum án þess að þú þurfir að lenda í átökum".

** Sjá „Nánar um hag Íslands af góðri ímynd" í fyrra hefti, (skýringar með blaðagreinum frá 3.,4, og 10. janúar 1995), og aðra grein þar í, frá 4. jan. '95, („Mikilvægi góðrar ímyndar").

**Tilvísanir** [Efni úr dreifiritinu Um sæstreng]

með kaflanum „um sæstreng"

1. Agnar Olsen, framkvæmdastjóri verkfræði og framkvæmdasviðs Landsvirkjunar. Símtal sept. 1995.

2. Þorsteinn Hilmarsson, upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar. Símtal nóv. 1995.

3. Úr tímaritinu World Rivers Review, apríl-júní hefti 1995. Útg. International Rivers Network, Berkley, Kaliforníu. Fax október 1995. Einnig: Sonja Deneale, upplýsinga-fulltrúi og Hank Willems, verkefnarannsóknum, á skrifstofu U.S. Bureau of Reclamations í Washington D.C., og Mike Roluty á skrifstofu U.S.BuRec í Denver, Colorado. Símtöl nóv. 1995.

4. Úr tímaritinu World Rivers Review: Um Sardak Sarovar stífluna í apríl-júní hefti 1993. Sami útgefandi og fax.

5. Paul Mitchell, upplýsingafulltrúi S-Asíusvið II, og Tjaarda Storm, hagfræðingur við iðnaðar- og orkudeild S-Asíusviðs II, Alþjóðabankanum, Washington D.C. Símtöl nóv. 1995. Tilvitnun birt með leyfi Paul Mitchell.

6. Ohmae, Kenichi: "The Borderless World: Power and Strategy in the Interlinked Economy", Fontana 1990. ( (6a) bls. 218, (6b) bls. 42).

# Hvernig má búa til stærsta friðaða svæði í Vestur-Evrópu í einu skrefi

## Inngangur

Jákvæð ímynd Íslands hvað varðar hreinleika og óspillta náttúru, er ein af forsendum að góðum skilyrðum fyrir greinar eins og til dæmis ferðaþjónustu og matvælaiðnað, og einnig forsenda að aukinni fjölbreytni þeirra. Rökin í kaflanum "hvernig á að kynna Ísland" hafa verið þau að Íslendingar gætu notað stórt friðlýst svæði til að koma fólki erlendis á þá skoðun að hér sé náttúran óspilltari og umhverfi almennt hreinna en í hinum iðnvæddu löndum, svo að landið fái á sig slíka ímynd.*

Dæmi má taka um ferðamann, t.d. í Þýskalandi eða Frakklandi, sem er að skoða ferðir á nokkra áfangastaði. Ef hægt væri að segja honum að í ferðinni sem honum er boðin til Ísland, t.d. upp á Vatnajökul eða inn í Mývatnssveit, myndi ferðinni vera heitið inn á "stærsta samfellda friðlýsta svæði í Vestur-Evrópu". Er þá ekki líklegt að slíkt myndi mælast vel fyrir hjá íbúa Vestur-Evrópulands, sem býr við margskonar þrengsli, hávaða og mengun? Rannsóknir sem gerðar hafa verið meðal erlendra ferðamanna hér sýna enda að þeir hrífast helst af náttúru landsins. (7)

Í þessum lokaorðum verður sýnt fram á að friðun "stærsta friðlýsta svæðis í Vestur-Evrópu" sé ekki mjög flókin aðgerð. Um friðun almennt er það að segja að í náttúruverndarlögum og alþjóðlegum samþykktum um friðun sést að friðlýsing svæða er gerð í tvennum megintilgangi. Annars vegar til að vernda viðkvæma náttúru og lífríki (8), og hins vegar til að geta stýrt framtíðarþróuninni og viðhaldið gæðum svæðis með tilliti til útivistar og tómstundaiðkana (9), og blandast þessi tvö höfuðmarkmið svo á ýmsa vegu. Bæta má við að nokkrir friðunarflokkar IUCN (IUCN=sjá síðar) gera ráð fyrir að hefðbundin nýting landkosta á viðkomandi svæði haldi áfram eftir friðlýsingu.

(* Sjá kaflann "Hvernig á að kynna Ísland", og einnig tilvísun (16) ).

## **Framtíðarsýn fyrir Vatnajökul** [Nýtt en svipað heftinu „Möguleiki á framkvæmd]

Ferðalög á jökla eru orðin algeng sem ekki var áður, og á það ekki síst við um Vatnajökul. Hafa þau opnað nýjan og áhugaverðan möguleika í ferðalögum um landið. En þau eru ekki hættulaus. Spurningin er hvort ekki fari að verða tímabært að viðeigandi aðilar marki opinberlega viðurkenndan ramma varðandi öryggi, skilgreind hættusvæði, umgengni og möguleg umhverfismál, auk hugsanlegra sér reglna fyrir Öræfajökul, hæsta fjalla landsins.(10) Þetta væri gert til að marka framtíðarþróuninni á Vatnajökli þann farveg sem æskilegur yrði talinn. (11) Skjóta má inn í að hjá Almannavörnum ríkisins er talin þörf á hnitmiðuðum reglum um öryggi ferðalanga uppi á þessum stærsta jökli Evrópu. (12) Ef hugmynd væri að koma á slíkum reglum mætti gjarnan skoða aðra þá þætti sem hér eru nefndir um leið með heildarmyndina í huga, og væri þá horft til framtíðar.

Þá er spurning hvernig skynsamlegt væri að standa að slíku. Telja má næsta öruggt að náttúruverndarráð og sveitarfélög sem eiga skilgreind mörk að Vatnajökli myndu vera þátttakendur í slíkri vinnu. Hér er því varpað fram þeirri hugmynd að fyrirkomulagið á slíkri heildarsamþættingu yrði látið falla inn í þann ramma sem markaður er í 24. eða 26. grein laga nr. 47/1971 um náttúrvernd, en það myndi þýða fyrir utan fyrrnefnt, friðlýsingu á þeim hlutum Vatnajökuls sem ekki hafa verið friðaðir í dag. (13) Yrðu þeir líklega fremur friðaðir út frá forsendum útivistarsvæðis en beinnar náttúruverndar, þó hið síðarnefnda kæmi inn í myndina einnig. (14) Myndu þau svæði falla undir skilgreininguna friðland (undir stjórn Náttúruverndarráðs) (15) eða fólkvang (opið en friðlýst útivistarsvæði undir stjórn þeirra sveitarfélaga sem stæðu að friðlýsingunni). (16) Varðandi stöðu þessara mála skal upplýst að milli 19 og 20% jökulsins eru friðuð í dag þar sem þjóðgarðurinn í Skaftafelli og friðland í Lónsöræfum ná upp á jökul, auk friðlands í Esjufjöllum. (17)

Friðlýsingarfyrirkomulagið mætti að mörgu leiti telja viðeigandi enda teljast þrír þættir, sem taldir voru hér á fyrri síðu, til verndunarþátta, þ.e. umgengni, umhverfismál og mál er snerta Öræfajökul.

Hugsanlega væri mögulegt að koma á ramma af því tagi sem hér er um rætt eftir öðrum leiðum, en þessi hefði þó augljósan ábata í för með sér, ekki síst fyrir hinar dreifðu byggðir á norðaustur, austur og suðurlandi, og ferðaþjónustuna þar. Með þessu myndi Ísland eignast það sem hér hefur verið um rætt, eða stærsta friðlýsta svæði í Vestur-Evrópu, þar sem Vatnajökull tengir saman mörg stór friðuð svæði og staði. Hið friðaða svæði væri u.þ.b. 13.900 ferkílímetrar, friðað samkvæmt lögum og alþjóðlegum samþykktum Alþjóða Náttúruverndarráðsins (IUCN, eða World Conservation Union). Svæðin sem mynda svæðið myndu líklega vera talin upp á lista sem Sameinuðu Þjóðirnar halda yfir

friðlýst svæði í heiminum (U.N. list) (sjá mynd 1). (18) Innan svæðisins væri að finna marga markverða staði eins og til dæmis Lakagíga, þjóðgarðinn í Skaftafelli, Vatnajökul, Lónsöræfin, Öskju, Mývatn og þjóðgarðinn í Jökulsárgljúfrum.

Taka má fram að svonefnd verndarsvæði sem ætlunin er að skipuleggja á hálendinu munu ekki verða þau stærstu í Vestur-Evrópu. Þar myndu svokölluð háfjallasvæði í Norður-Svíþjóð sem njóta takmarkaðrar verndar með lögum (sjá tilvísun 18). Hið friðaða svæði sem hér er kynnt sem mögulegur kostur myndi hins vegar hafa þann sess meðal svæða sem hafa verið formlega friðlýst sbr. hér að ofan, og ekki síður ef svæðið yrði stækkað samanber þá kosti sem taldir eru pp á mynd nr. 2 og á stórri A2 litmynd: "Jafnvægið milli friðlýstra útivistar- og náttúruverndarsvæða og orkuvinnslu".

Hér er því lagt til að stefnt verði að því að Vatnajökull, sem stærsti jökull Evrópu, skuli í heild sinni njóta einhverskonar friðlýsingar en ekki aðeins hlutar hans. Friðlýsing á jökli er ekki óþekkt í öðrum löndum. Til upplýsingar má geta þess að hjá nágrönnum okkar á Grænlandi er að finna stóran þjóðgarð sem er að stórum hluta á jökli. Það er "Þjóðgarðurinn í Norður- og Austurgrænlandi", og er hann sá stærsti í heimi. Að sögn Annette Grøngård, sem stjórnar málefnum þjóðgarðsins, mun ástæðan fyrir stærð hans vera sú að vilji er til að hafa skýran lögformlegan ramma um mannaferðir og rannsóknir, svo jökullinn á þessu svæði haldist í sem mest óbreyttu ástandi fyrir vísindarannsóknir framtíðarinnar. Einnig má nefna að opinberar kröfur um öryggi og útbúnað eru miklar fyrir þá sem ætla upp á Grænlandsjökul, og á það ekki síst við um þjóðgarðinn í Norður- og Austurgrænlandi vegna hinnar norðlægu legu hans. (19) (og mynd 3).

Ekki mun til þess koma að mannvirki eða orkuvinnsla raforkuframleiðsluiðnaðarins verði staðsett uppi á Vatnajökli sjálfum. Því er ekki fyrirsjáanlegt að spyrja þurfi spurninga vegna orkugeirans, ef yrði úr hugmyndum af þessu tagi.

Eftirsóknarvert væri að geta í framtíðinni bætt markverðum stöðum við hið stóra friðlýsta svæði. Varðandi mögulega stækkun skal fyrst bent á aðliggjandi svæði sem eru á náttúruminjaskrá, en slíkt felur í sér viljayfirlýsingu Náttúruverndarráðs um að æskilegt væri að friða viðkomandi svæði. Einnig skulu hér settar fram tvær óformlegar hugmyndir að friðlýsingu. Í fyrsta lagi að friðað verði svæði milli Eldgjár og Lakagíga. Að því gefnu að nálæg svæði á náttúruminjaskrá verði síðar friðlýst, þá verður þarna í framtíðinni friðuð heild með eftirtöldum nafntoguðum eldstöðum: Heklu (einu virkasta eldfjalli landsins á sögulegum tíma), Eldgjá (talin mynduð árið 930), Veiðivötnum (mynduð árið 1480) og Lakagígum (myndaðir árið 1783 í miklu gosi sem varð upphafið að "móðuharðindunum"). Þetta væri önnur útgáfa af hugmyndinni um "eldfjallafriðland". (20) Samtengt þessari hugmynd er að friðunin verði látin ná norðureftir að svæðinu milli Þórisvatns og Vatnajökuls, þar sem er að finna Jökulgrindur, Ljósufjöll og Heljargjá, en þar fyrir utan er svæðið markvert fyrir þær sakir að vera eitt allra afskekktasta svæði á landinu. Í þriðja lagi mætti með líkum rökum og hér áður friða Eyjafjalla- og Mýrdalsjökul ásamt Fimmvörðuhálsi, sam auk þess eru á áhrifasvæði Þórsmerkur.

Sérstök hugmynd er sú að friða svæði milli Friðlands að fjallabaki og Þórsmerkur, með hinum tilkomumiklu Markarfljótsgljúfrum, en þetta svæði er á hinni vinsælu gönguleið sem nefnd hefur verið "Laugavegurinn". Hugsunin sem býr hér að baki er sú, hvort ekki væri álitlegt fyrir Íslendinga að eiga allavega eina af stórám landsins ósnortna til framtíðar. (21) Hugsanlega væri Markarfljótið vel til þess falið vegna margra fallegra og markverðra staða í nágrenninu. Tekið skal fram að Elstrum og

Fjallabaki hefur nú nýlega verið bætt á Náttúruminjaskrá og er það svæði númer 66 á stórri A2 litmynd.

Af framansögðu sést að hugmyndin er að Vatnajökull, stærsti jökull Evrópu, verði með tímanum einskonar þungamiðja í stóru friðuðu svæði sem friðlýst væri bæði til náttúruverndar og útivistar, sannkallað "friðland elds og íss" (mynd 2).

Erfitt er að koma með áætlun um kostnað varðandi megin hugmyndina, sem hægt er að útfæra með ýmsum hætti, en telur sig þó geta sagt að hann muni verða innan viðráðanlegra marka. Varðandi óformlegar vísbendingar um kostnað má skoða liðinn "14 201 Náttúruverndarráð" í ríkisreikningi, "viðfangsefni 110: Þjóðgarðar og Friðlýst svæði" og "Viðhaldsverkefni", þar sem finna má út að kostnaður við hvert friðað svæði á landinu er innan við 300.000 krónur á ári. Einnig mætti afla upplýsinga um rekstrarkostnað fólkvanga á landinu, en þeir eru tíu talsins. Kostnaður fyrir þann stærsta, Reykjanesfólkvang, er áætlaður 1.300.000 krónur árið 1996. Á jöklinum eru líf og limir þeirra sem þangað fara það mikilvægasta sem þarf að vernda, auk þess að líta eftir að vel sé gengið um. Hér er því sett fram óformleg hugmynd hvort starfsmenn þeirra fyrirtækja sem eru í ferðaþjónustu á Vatnajökli gætu ekki komið fram sem aðstoðar svæðisverðir, í samráði við stjórnendur svæðisins, enda eiga þau fyrirtæki líklega mest allra undir því að allt gangi að óskum þarna uppi.

Ef Íslendingar öðlast sess í huga Evrópubúa sem land hreinleikans og hinnar ósnortnu náttúru má benda á að líklega munu því fylgja að Evrópubúar búist við að Íslendingar standi undir því nafni á fleiri sviðum en þessu. Því þurfa Íslendingar í vaxandi mæli að huga að þáttum eins og endurvinnslu, umgengni við landið og skyldum málum. Nefna má að þörf er á að huga vel að átroðningi á vinsælum ferðamannastöðum og sjá til þess að þau mál verði í lagi svo að þessir staðir geti veitt komandi kynslóðum ánægju ekki síður en núverandi.

Varðandi jákvæða ímynd skal segja í lokin að rannsóknir sýna að hún getur flust milli mismunandi vöru og þjónustu frá sama "upprunaaðila" ef svo má að orði komast, í þessu tilviki Íslandi. Ef Ísland fengi þessa jákvæðu ímynd á sviði ferðamennsku gæti það komið sér vel við markaðssetningu matvara frá "landinu óspillta", hvort heldur sem upprunnar væru til lands eða sjávar. Neytendur myndu ósjálfrátt tengja vöruna við þær hugmyndir sem þeir væru farnir að gera sér um landið og kosti þess. (22)

Fróðlegt væri að skoða með hvaða hætti friðlýst svæði og þjóðgarðar hafi haft áhrif á ímynd landa og aðdráttarafl þeirra fyrir ferðamenn, í þeim löndum sem gera út á slíkt, þó að aðstæður milli landa séu mismunandi. Slíkar upplýsingar mætti fá með því að gera fyrirspurnir hjá viðeigandi aðilum til dæmis í Sviss, Austurríki, löndum Skandinavíu, Kanada sem og í nokkrum fylkjum Bandaríkjanna, t.d. Montana, Colorado og Alaska.

## Samhengi við aðra þætti [Nýtt]

Hér hafa verið lagðar fram röksemdir fyrir því hvernig Íslendingar gætu nálgast það takmark að landið öðlist ímynd hreinleika og óspilltrar náttúru. Íslendingar myndu eftir sem áður eiga Gullfoss, Geysi, Bláa Lónið og Perluna, auk annarra staða, en við hefði bæst þetta stóra friðaða svæði sem væri til

marks um hina lítt snortnu náttúru landsins. En er þetta eina leiðin sem Íslendingar eiga að fara? Vissulega ekki, enda útilokar hún ekki aðrar. Taka má Sviss sem dæmi. Það land hefur löngum haft mjög sterka náttúruímynd og vegnað vel bæði í heilsu- og vetrarferðaþjónustu. En þeir hafa einnig haft sterka stöðu í ýmiskonar iðnaði og hátækni, auk t.d. bankastarfsemi og ýmiskonar matvælaframleiðslu. Þannið er skynsamlegt að dreifa áherslu á nokkra þætti en reyna að styrkja sérhvern sem kostur er.




Mynd 1. Möguleiki á stærsta samfellda friðaða svæði í Vestur-Evrópu. Smelltu á myndina til að sjá stærri útgáfu.




Mynd 2. Möguleikar á stækkun hins friðlýsta svæðis.




Mynd 3. Þjóðgarðurinn í norður- og austur Grænlandi.

## Tilvísanir

**með kaflanum "Hvernig má búa til stærsta friðaða svæði í Vestur-Evrópu í einu skrefi"**

(7) Úr "Ferðamálakönnun á Íslandi: Erlendir ferðamenn sumarið 1991", (útg. félagsvísindastofnun, október 1991), má lesa úr töflum það sem helst heillar erlenda ferðamenn hér á landi, og fær landið, náttúran og því tengt meirihluta atkvæða (vegið meðaltal). Sjá einnig "Erlendir ferðamenn á heilu ári", sami útg. október 1992.

(8) Til dæmis vísindalegt friðland (strict/scientific reserve). Dæmi hérendis: Surtsey.

(9) Til dæmis fólkvangur (country/regional park).

(10) Heyrst hefur af áhuga fyrir slíku meðal íbúa í Öræfasveit.

(11) Fljótlega munu þó ganga í gildi reglur um akstur á snjó, sem gilda fyrir allt landið, en hér er átt við reglur sem hugsaðar væru fyrir jökulinn sérstaklega , og gætu orðið til að undirstrika þá sérstöðu sem hann hefur sem stærsti jökull Evrópu.

(12) Hafþór Jónsson, settur framkvæmdastjóri Almannavarna ríkisins. Símtal, febrúar 1996.

(13) Eðlilegt væri að vinna að slíku í samvinnu við hagsmunaaðila, t.d. samtök og fyrirtæki.

(14) Þar sem jökullinn telst ekki vera á eignarlandi neins þyrfti líklega að auglýsa þennan löggerning í samræmi við 30. grein sömu laga.

(15) Lýsing á friðlöndum er í náttúruminjaskrá og í 24. grein laga nr. 47/1971. Einnig má skoða auglýsingaar um stofnun friðlanda. Sjá til dæmis auglýsingu nr. 188/1978 um friðland í Esjufjöllum í Breiðamerkurjökli, í stjórnartíðindum B. Reglur um einstök friðlönd eru mjög mismunandi eftir aðstæðum, og geta þau verið mjög opin fyrir útivist og ferðafólki, sé farið eftir þeim reglum sem um þau eru sett.

(16) Lýsing á fólkvöngum er í náttúruminjaskrá og í 26. grein laga nr. 47/1971. Einnig má skoða auglýsingar um stofnun fólkvanga. Sjá til dæmis augl. nr. 520/1975 og nr. 173 /1985, um fólkvanga á Reykjanesi og í Bláfjöllum, í stjórnartíðindum B. Fólkvangar eru friðlýstir sem útivistarsvæði og opnir öllum þeim sem fara eftir þeim reglum sem um þá hafa verið settir, þó hingað til hafi þeir aðallega verið stofnsettir fyrir íbúa viðkomandi sveitarfélaga.

(17) Friðlandið í Lónsöræfum var stofnsett árið 1977, friðlandið í Esjufjöllum 1978 og þjóðgarðurinn í Skaftafelli var stofnaður 1967 en stækkaður 1984. Svæði, sem friðuð hafa verið á jöklinum eru u.þ.b. 54, 270 og u.þ.b. 1385 ferkílómetrar, í réttri tímaröð.

(18) Mæling höfundar er u.þ.b. 13904,4 ferkílómetrar. Næst stærst yrði svæði í Norður-Svíþjóð, samliggjandi þrír þjóðgarðar (Sarek, Padjelanta og Stora-Sjöfjället) og friðland (Sjaunja), 8087 ferkílómetrar. Óvíst er um viðbætur í framtíðinni (t.d. vegna mikils skógarhöggs á svæðinu), en á Vindelfjalli í nágrenninu er áætlaður stór þjóðgarður. Að auki skal nefnt tvennt. Að þessu svæði liggja stór svæði sem sænska ríkisskógræktin (Domänverket) hefur tekið frá, s.k. "domänreservater", og er u.þ.b. 20% þeirra nýtt til skógarhöggs í atvinnuskyni. Svipar þeim til svæða innan skógræktargirðingar hér, að áliti Aðalsteins Sigurgeirssonar hjá Skógræktarstöð ríkisins á Mógilsá. Samkvæmt sænsku náttúruminjaskránni "Skyddad natur" er fyrirkomulag þessara svæða sé ekki verndað með lögum, og í riti um ástand friðlýstra svæða á norðlægum svæðum, "State of Protected Areas in the Circumpolar Arctic 1994" (útg. Arctic Environment/CAFF/Conservation of Arctic Flora and Fauna, 1994) er þessara svæða ekki getið með neinum hætti. Einnig skal nefnt að samkvæmt sænskum lögum um náttúruauðlindir frá 1987, "naturresurslagen", njóta háfjallasvæði í Norður-Svíþjóð vissrar verndar gegn stóriðju og mannvirkjagerð. Í ofangreindu riti, "State of Protected Areas in the Circumpolar Arctic 1994", er þessum svæðum heldur ekki gerð nein skil. Í sænsku náttúruminjaskránni er lögunum lýst en svæðin sem þau falla undir ekki sýnd á korti. Þau eru þó sýnd í ritinu "The State of Habitat

Protection in the Arctic", (útg. Arctic Environment/CAFF og Directorate for Nature Management-Norway), og nefnast þar "continuous mountain areas". Því teljast þessar tvær tegundir svæða ekki friðlýstar þó þau njóti einhverrar verndar, og íslenska svæðið yrði því hið stærsta friðlýsta í Vestur-Evrópu.

(19) Upplýsingar frá: Annette Grøngård, stjórnanda málefna Þjóðgarðsins í Norður- og Austurgrænlandi, hjá "Direktoratet for sundhed, miljø og forskning" (stjórnarskrifstofu heimastjórnarinnar í heilbrigðis-, umhverfis- og rannsóknarmálum) í Nuuk, Grænlandi. Símtal, febrúar 1996. Einnig: Grønland Atlas", útg. Pilersuiffik, Nuuk, 1989.

(20) Hugmynd Bryndísar Brandsdóttur, Jóns Viðar og Kára Kristjánssonar snýst um eldfjallafriðland norðan Vatnajökuls, og segja má að þetta sé önnur útgáfa af henni.

(21) Til upplýsingar og hliðsjónar má geta þess að hjá Svíum eru fjórar stórár, Torne, Kalix, Pite og Vindel, friðaðar fyrir byggingu stíflna og annarra raforkuframleiðslumannvirkja, (heimild: Ritið "The State of Habitat Protection in the Arctic", lýst hér að ofan).

(22) Sjá Mill, Robert C.: "The Tourism System, an introductory text", (Prentice-Hall Inc., 1985) 2. kafli "Selection a travel destination: Information Sources and Perceptual Biases", undirkaflinn "Image shaping forces" bls. 26-28. Varðandi mikilvægi stærðar hins friðaða svæðis má skoða undirkaflann "Perception/Technical Factors" í sömu bók, bls. 25-26.

## **Um friðun á jökli** [Nýtt]

Ef spurt er hvort eftirsóknarvert væri að stærsti jökull Evrópu væri hluti af þessum náttúrugarði, út frá ímynd landsins og sjónarmiðum náttúruverndar og/eða útivistar, má telja að svarið sé "já", þar sem jökullinn er orðinn ákveðinn hluti af því sem dregur erlenda ferðamenn hingað til lands og sem gerir það að verkum að náttúra þess sker sig svo mjög frá náttúru annara landa. Stærsti jökull Evrópu yrði jafn sannfærandi hluti hins friðaða svæðis eins og hverjir aðrir, á svæði sem innihéldi í það minnsta Lakagíga, Grímsvötn, Lónsöræfi, Öskju, Herðubreið, Mývatn og Jökulsárgljúfur svo nokkrir staðir séu nefndir.

Ef til vill má líta svo á að friðun á Vatnajökli sé nýstárleg. En benda má á að svo virðist sem að stefni í að tæpur þriðjungur hans verði á endanum friðaður (staðreynd sem ekki fer hátt um). Því er hugmyndin sú að afgangur hans skuli njóta takmarkaðrar friðunar, af því tagi sem útivistarsvæði njóta, til að allt þetta gríðarstóra svæði verði ein friðlýst heild. Eins má benda á dæmið um Þjóðgarðinn í Norður- og Austurgrænlandi sem minnst er á í kaflanum "Hvernig má búa til stærsta friðaða svæði í Vestur-Evrópu í einu skrefi" sem fordæmi fyrir friðun á jökli í stórum stíl.

## **Mikilvægi góðrar ímyndar** [Endurtekið frá 2. blaðagrein 4. Janúar 1995]

Japanski stefnumótunarráðgjafinn Kenichi Ohmae kemur með lýsandi dæmi um gildi góðrar ímyndar í einni bóka sinna *, en þar tekur hann sem dæmi "Blue Mountain" kaffi frá Jamaica sem selst fyrir fjórfalt hærra verð í Japan heldur en kaffi frá Brasilíu, og það þrátt fyrir að endurteknar prófanir hafi ekki sýnt fram á neinn mun á tegundunum. Hér er það því svo að tekist hefur að telja neytendum trú um að "Bláfjallakaffið" sé svona miklu eftirsóknarverðara. Kaffið frá Jamaica hefur m.ö.o. mun betri ímynd. Í dag er hreinleiki matvæla orðinn eftirsóttur eiginleiki þar sem auka- og eiturefni ýmiskonar eru orðin töluvert vandamál, allavega í hugum neytenda. Ef tækist að fá neytendur í Evrópu til að hugsa til Íslands þegar minnst er á hreinleika og lítt snortna náttúru, þá gæti það orðið auðveldara að sannfæra þá um að matvæli framleidd á Íslandi væru sérlega hrein. ** Það gæti jafnvel orðið til að bæta frekar þá ágætu ímynd sem íslenskar sjávarafurðir hafa. Ímynd er jú fyrst og fremst spurning um tilfinningalega afstöðu og neytendur eru ekki eins og vísindamenn í hvítum sloppum sem hafa ávallt rökrétta ástæðu fyrir afstöðu sinni. Ef til vill gæti bætt ímynd landsins því hjálpað til við að gera vinnslu sjávarfangs í fullunnar neytendaumbúðir hagkvæmari, þó ekki sé ráðlegt að fullyrða of mikið í þeim efnum meðan þessar hugmyndir eru ennþá á umræðustiginu. Hvað varðar ferðaþjónustuna þarf enginn að efast um að meiri velvilji og áhugi á landinu mun skila sér og gæti hugsanlega opnað nýja möguleika sem hingað til virðast hafa verið utan seilingar.

* Ohmae, Kenichi: "The Borderless World: Power and Strategy in the Interlinked Economy", Fontana 1990.

** Sjá t.d. Mill, Robert C.: "The Tourism System, an introductory text", kaflinn "image shaping forces". Prentice-Hall Inc., 1985.

## **Nánar um hag Íslands af góðri ímynd** [Áður birt í „Nánari skýringar...“]

Kafli þessi er ætlaður þeim sem gætu hugsað sér að fá gleggri mynd af hugleiðingum undirritaðs um það með hvaða hætti góð ímynd landsins gæti komið útflutningsatvinnuvegum þjóðarinnar til góða. Bent skal á dæmi í grein #2 frá japanska stefnumótunarráðgjafanum Kenichi Ohmae um "Blue Mountain" kaffið.

Spurning: Hvað ræður vilja neytanda til að kaupa ákveðin gæði (t.d. vöru eða ferðast til lands)?

Svar: Þær hugmyndir sem viðkomandi gerir sér um viðkomandi vöru: Hvort varan teljist uppfylla þarfir neytandans vill fá uppfylltar eða ekki, t.d. um gæði og annað, og einnig ekki síður á tilfinningalegri afstöðu. Með öðrum orðum: Það er ímynd vörunnar í huga neytandans. Því betri ímynd, (jákvæðari hugmyndir), þeim mun meiri vilji til að kaupa.

Hvað ræður því hvaða verð hann er tilbúinn til að greiða fyrir umrædd gæði? Það eru sömu þættir og að ofan, þ.e. ímynd vörunnar í huga neytandans. „Er varan talin þess virði að borga fyrir hana uppsett verð eða ekki?"

Og þá er það lykil spurning: **Hvað *ræður* ímynd vörunnar í huga neytandans?**

Þar er nærtækast að benda á gæði, umbúðir, auglýsingar og fleira. En annað getur einnig haft umtalsverð áhrif á það hvaða afstöðu neytandinn tekur til vörunnar. Samkvæmt rannsóknum á sköpun ímyndar*, þá hefur ímynd tilhneigingu til að flytjast á milli tengdra fyrirbæra, vegna áhrifa sem kalla má „kunnugleika-" og „væntinga-áhrif" (familiarity- og expectations--áhrif á ensku).

Nánar tiltekið myndi það þýða fyrir Ísland sem ferðamannastað og fyrir íslenskar útflutningsvörur, að ef landið sjálft hefði fengið jákvæða ímynd í hugum almennings erlendis þá myndi almenningur hafa tilhneigingu til að bregðast jákvætt við nýjum upplýsingum sem tengdust Íslandi. Það væri vegna kunnugleika-áhrifa, hvort sem það væri um Ísland sem áfangastað eða um t.d. matvæli frá Íslandi („hreint frá hreinu landi"). Jafnvel myndi þetta þýða að almenningur myndi beinlínis búast við ýmsum jákvæðum atriðum varðandi Ísland, vegna væntinga-áhrifanna.

Samanburður leiðir mikilvægi þessa í ljós: Ef landið hefur jákvæða ímynd þá er tilhneiging til að bregðast jákvætt við viðbótar upplýsingum og hefur það jákvæð áhrif á kaupvilja. Ef landið hefur enga sérstaka ímynd þá eru viðbrögð almennt hlutlaus. Og ef land hefur neikvæða ímynd eru neikvæð viðbrögð líkleg.

Um þetta má taka laufllétt dæmi: Myndir þú, lesandi góður, kaupa súkkulaði frá Írak, með írösku vörumerki, án þess að hika eða hugsa þig um (ef viðskiptabann væri ekki í gildi)? Undirritaður viðurkennir að honum myndi líða betur borðandi súkkulaðistykki frá t.d. Þýskalandi, með þýsku vörumerki, þó fyrir því séu engin skynsamleg rök, því að sjálfsögðu ætti að vera hægt að framleiða ágætis súkkulaði í Írak eins og í hverju öðru landi. En sökum þess að landið hefur slæma ímynd meðal Vesturlandabúa vegna stjórnarfarsins, er að öllum líkindum fyrir hendi ákveðin tregða gagnvart flestu því sem þaðan kemur.

Í því gífurlega flóði upplýsinga, auglýsinga og ýmiskonar áreita sem skellur á vitund almennings í hinum vestræna heimi dag hvern er ekki auðvelt fyrir íslenska útflytjendur, sem hafa takmarkað fjárhagslegt bolmagn, að ná til almennings með sín skilaboð. Væntanlega er stór hluti ástæðunnar fyrir því að íslenskur útflutningur er fyrst og fremst í formi hrávöru, meðan illa hefur gengið að markaðssetja afurðir í fullunnum neytendapakkningum, sú að Ísland virðist ekki hafa neina sérstaka ímynd. Því sé tilhneiging meðal almennings erlendis til að bregðast við upplýsingum héðan af hlutleysi og jafnvel áhugaleysi, hvað sem íslenskum útflytjendum kann að finnast um gæði þeirrar vöru sem þeir eru að bjóða.

Önnur rök fyrir því að Ísland myndi hagnast á jákvæðri ímynd sem byggðist á umhverfismálum er sú staðreynd að neytendur hafa tilhneigingu til að kaupa vöru sem er í samræmi við þeirra sjálfs-ímynd, eða muni bæta þeirra sjálfs-ímynd. Það að vera umhverfisvænn og nota vörur sem hafa ímynd hreinleika hefur öðlast auknar vinsældir. Slík ímynd á landinu myndi því hjálpa t.d. íslenskri matvælaframleiðslu, sem myndi geta fengið á sig þetta eftirsótta yfirbragð.

(* Sjá Mill, R. C.: "The Tourism System", undirkaflinn "Image shaping forces").

## **"Laust sæti"** [Áður birt í „Nánari skýringar…“]

Einn af burðarásum þessara hugmynda er eftirfarandi staðhæfing: Ekkert land í Evrópu hefur öðlast þá sérstöðu, að þegar almenningur leiðir hugann að hugtökunum „hreinleiki" og „ósnortin náttúra", þá komi honum viðkomandi land sjálfkrafa í hug. Það geti því verið möguleiki fyrir Ísland að ná þessum sess, vegna þeirrar ósnortnu náttúru sem við eigum.

En engin þjóð fær slíkan sess sjálfkrafa. Íslendingar mega því ekki skorast undan því að bretta upp ermarnar og leggja eitthvað á sig að ná þessu markmiði, („þeir fiska sem róa"). Því önnur lönd eru nú þegar byrjuð að vinna að því að þoka sér í áttina því að ná viðlíka markmiðum, eins og t.d. Írland, Skotland og Spánn.

## **Nánar um hið friðlýsta svæði** [Áður birt í „Nánari skýringar…“]

Viðvíkjandi því hvernig ferðamálin tengjast hugmyndinni um „hornsteininn" er vert að víkja nánar að málefni sem er töluvert aðkallandi, en það er átroðningur á vinsælum ferðamannastöðum. Undirritaður telur að það gæti verið kostur að ekki yrði farið út í sérstak-ar aðgerðir til að gera svæðið, sem lagt er til að verði friðað, aðgengilegra en það er í dag.

Ástæðan er sú að „verðmæti" þessa svæðis er fyrst og fremst fólgið í því að það er lítt snortið af manna völdum, sem skapar því dulúðlegt yfirbragð. Þetta er annar heimur en sá manngerði heimur sem flestir lifa og hrærast í.

Þess vegna væri best að snerta það sem minnst en reyna að beina átroðningnum sem mest til svæða í jöðrunum, þar sem er gnótt fallegra og eftirtektarverðra staða. Halda því „hornsteininum" sem mest óspjölluðum. Að hafa á honum ákveðna helgi.

Það væri því ekki nauðsynlegt að leitast við að beina sem mestum fólksfjölda inn á sjálft svæðið til að Íslendingar gætu haft af því sem mestan hag, heldur þvert á móti. Í því sambandi má benda á að eitt af meginmarkmiðunum er að nota „hornsteininn" til að koma þeirri hugmynd inn hjá almenningi í Evrópu og e.t.v. síðar í öðrum löndum, að Ísland sé landið þar sem hreina og ósnortna náttúru sé að finna. Ef t.d. húsmóðir í Þýskalandi eða á Ítalíu er farin að vita af því og samþykkja það er hún líklega tilbúin að borga hærra verð fyrir matvæli frá þessu landi hreinleikans. En hún þarf ekki endilega að hafa komið þangað.

Þó væri að sjálfsögðu ekki verra að fá hana í heimsókn! Í því sambandi má minna á að eitt af því sem ferðalangar eru áhugasamastir um er að borða mat og kynnast matarmenningu þeirrar þjóðar sem þeir sækja heim. Þar með gætu kynni af íslenskum matvælum orðið hluti af hvatanum að því að sækja landið heim.

## Örlítið um landbúnaðinn [Endurtekið frá 2. blaðagrein 4. Janúar 1995]

Ætla má að íslenskir bændur séu sú stétt sem gæti hagnast hvað mest á því ef Ísland næði því að verða einskonar miðpunktur í augum þeirra sem áhuga hafa á ósnortinni náttúru í Evrópu, sem það er ekki í dag. Væntanlega yrðu það fyrst aðilar sem reka ferða- og gistiþjónustu á þeim svæðum sem liggja að "hornsteininum", þ.e.a.s. á suður, austur og norðurlandi, þó önnur svæði myndu á endanum njóta góðs af einnig. Einnig skulu hér nefndar til sögunnar þær mjög svo athyglisverðu hugmyndir sem eru að gerjast innan landbúnaðarins um að gera íslenskan landbúnað lífrænan, en Ísland yrði þá fyrsta landið í heiminum sem gæti státað af slíku. Hugmyndin er svo sú að hægt væri með þessu að ljá íslenskum landbúnaðarafurðum eftirsóknarverða ímynd sem gæti opnað tækifæri á erlendum mörkuðum. Það gerist hinsvegar ekki af sjálfu sér að vara fái eftirsóknarverða ímynd á markaði þar sem mikil samkeppni ríkir og getur slíkt kostað töluverð fjárútlát. Ef hinsvegar tækist að koma þeirri hugmynd inn hjá íbúum erlendis að á Íslandi væri mikið af hreinu og ósnortnu umhverfi gæti það hjálpað til við að fá neytendur til að álykta að frá Íslandi kæmu hreinni landbúnaðarafurðir en annars staðar frá, sbr. kaflann hér að ofan. "Hornsteinninn" og lífrænn landbúnaður myndu því styðja hvorir aðra og mynda sannfærandi heild í ímynd landsins. Þessu mætti ef til vill líkja við það að hafa tvo hesta til reiðar í stað eins.

## Möguleikar í hágæða ferðaþjónustu [Endurtekið frá 2. blaðagrein 4. Janúar 1995]

Einn af þeim möguleikum sem mikið hafa verið ræddir er sá hvort Íslendingar gætu átt kost á að byggja upp heilsuferðaþjónustu í framtíðinni, byggða á þeim landkostum sem hér eru. Ísland er hins vegar tiltölulega dýrt land og því væri ekki einfalt mál að sannfæra íbúa erlendis um að koma langt að á íslenska heilsustaði í stað gamalgróinna staða í Þýskalandi t.d., eða í Austur-Evrópu þar sem þjónusta er mun ódýrari. Ísland þyrfti því að hafa eitthvert það fram að færa sem önnur lönd ættu ekkert svar við. Yrði landið beinlínis þekkt fyrir hreinleika og ósnortna náttúru gæti það orðið eftirsótt sem staður fyrir heilsustaði, þrátt fyrir hátt verðlag, og samkeppnisstaða þess því batnað til muna. Ekki er ólíklegt að þessi sess gæti gert Íslendingum kleift að fá hingað fleiri ferðamenn úr efri þrepum þjóðfélagsstigans, sem ef til vill gætu orðið áhugaverður markhópur fyrir ýmsan varning er bæri séríslenskt yfirbragð í meira mæli en nú er. Ekki eru til miklar upplýsingar um það hver afstaðan er til Íslands meðal þessara hópa, en lausleg fyrirspurn gefur til kynna að þrátt fyrir nokkuð þekkingarleysi þá sé fólk mjög forvitið um landið, sem þykir spennandi og dulúðugt. Ætti það að gefa Íslendingum ágætis sóknarfæri. *

* Að áliti Helgu Björnsson, einnar aðalhönnuða Louis Féraud hátískuhússins í París, undanfarin u.þ.b. tuttugu ár.

## Ísland árið 2018: Jafnvægið milli friðlýstra náttúruverndar- og útivistarsvæða og orkuframleiðslu [Nýtt]

Í samræmi við þær hugmyndir sem koma fram í kaflanum "Ný landhelgi" um æskilegt jafnvægi milli náttúruverndar og orkuvinnslu, og í kaflanum "Um sæstreng og aðra stóra virkjunarkosti" hefur

höfundur þessarar tillögu sett saman mynd af því hvernig staðan gæti verið árið 2018 ef rösklega yrði gengið fram bæði í orkuframkvæmdum og friðunarmálum, og að stofnað yrði til stærsta friðlýsta náttúruverndar- og útivistarsvæðis í Vestur-Evrópu, sem höfundur hefur gefið nafnið "Mið-Íslands Náttúrugarðurinn", þar sem þetta yrði ekki þjóðgarður, friðland, fólkvangur né náttúruvætti heldur klasi af samtals 39 slíkum svæðum sem myndu munda eina friðlýsta heild.

Meginniðurstaðan er sú að þetta stóra friðlýsta svæði getur orðið að veruleika án þess að varpað sé fyrir róða þeirri stefnu að auka raforkuframleiðslu verulega á Íslandi.

Heildarmynd þessi er sýnd á mynd 4.

## **Nánari skýringar.** [Nýtt]

Samkvæmt hugmyndinni var gengið út frá því að náttúruminjaskrá, sem tekin er saman af Náttúruverndarráði, gefi besta mynd af því hvaða svæði á landinu sé æskilegast að friða. Auk þess bætti höfundur við fimm nýjum hugmyndum. Varðandi orkuframleiðslukosti var miðað við kort útgefið af Orkustofnun sem bar heitið "Landþörf raforkuvinnsluiðnaðarins á Íslandi eins og hann verður hugsanlega 2030", sem og rit útgefið af iðnaðarráðuneytinu árið 1994 sem bar nafnið "Innlendar orkulindir til vinnslu raforku".

Öll stærstu svæðin á Náttúrumynjaskrá eru sýnd. Þær fimm hugmyndir sem höfundur bætti við eru þessar:

Svæði A á mynd 4: Að samtengja sem kostur er friðuð svæði og svæði á náttúruminjaskrá frá Reykjanestá og norðaustur að Hveravöllum á Kili. Hugmyndin er sú að skapa stóra friðlýsta heild í nágrenni höfuðborgar með svipuðum rökum og hið stóra friðaða svæði.
Svæði B á mynd 4: Á milli Reykjafjarðar og Bjarnarfjarðar. Þar er fagurt og stórbrotið landslag og mjög gróið sem ætti friðlýsingu skilda, auk þess sem það er steinsnar frá tveimur hótelum, þ.e. Hótel Djúpuvík og gistiheimili að Laugarhól.
Svæði C á mynd 4: Eyjafjalla - og Mýrdalsjökull, auk Fimmvörðuháls.
Svæði D á mynd 4: Milli Lakagíga og Eldgjár og norður eftir til Ljósufjalla, Jökulgrinda og svæðisins milli Þórisvatns og Vatnajökuls.
Svæði E á mynd 4: Vatnajökull.
Nánari lýsing á svæðum C, D og E og rök fyrir friðun þeirra er í kaflanum "Hvernig má búa til stærsta friðaða svæði í Vestur-Evrópu í einu skrefi".

Upptalning á svæðum á Náttúruminjaskrá er í lista hér á eftir, númeraröð er önnur en í skránni.

Teknir voru inn í myndina allmargir virkjanakostir sem sýndir eru á fyrrgreindri mynd Orkustofnunar. Uppsett afl orkuvinnslu á Íslandi er um það bil 843 megawött árið 1996. Samkvæmt þessari heildarmynd myndi heildar uppsett afl orkuvinnslu vera um það bil 7.100 megawött, en til samanburðar er orkuþörf fyrir þrjú álver og tvo sæstrengi auk þess sem Íslendingar nota í dag talin vera tæp 2.700 megawött (16.000 Gwst). Hér er því ekki verið að skera við nögl orkuvinnslukostina þó að meginstefið í þessum hugmyndum sé varðandi efnahagslegan ávinning af friðlýstri náttúru.

Þeir helstu virkjanakostir sem höfundur hefur sleppt eru þessir: Uppistöðulón í Langasjó, Stórasjó, Skaftá og Markarfljóti til að rýma fyrir stærsta friðaða svæði í Vestur-Evrópu. Allir þessir kostir teljast ekki vera í flokki hagkvæmustu virkjanakosta. Einnig hefur höfundur sleppt virkjunum í Hvítá sem gætu haft áhrif á Gullfoss. Einnig virkjunum á Suðurlands undirlendi sem eru fremur smáar og vart mjög eftirsóknarverðar. Einnig er sleppt virkjun á sunnanverðum Vestfjörðum (í Hestfirði), sem er fremur lítil og er ekki í hópi hagkvæmustu virkjanakosta, auk þess sem hún fer inn á friðland í Vatnsfirði.

Höfundur hafði með hinar stóru og umdeildu virkjanir á Austurlandi (orkugeta samtals 1715 MW), vegna þess að í kaflanum "Um sæstreng og aðra stóra virkjanakosti" er gert ráð fyrir friðun stórs svæðis sem er hliðaraðgerð með slíkum framkvæmdum. Það þarf þó ekki að orðlengja að virkjanaframkvæmdir eiga ekki að vera forsenda fyrir friðun náttúrunnar annars staðar, heldur öllu fremur öfugt samkvæmt þessum hugmyndum. Bent skal á að uppistöðulón þessara stórvikjana fara inn á hið stóra friðaða svæði í tilfelli Hálslóns og Eyjabakkalóns og lóna í Hraunum en það væri þá fórn sem þyrfti að færa, svipað og hvað varðar þá virkjanakosti sem er sleppt og taldir voru upp hér að ofan.

Þeir virkjanakostir á háhitasvæðum sem er sleppt eru helstir innan friðlands að Fjallabaki (betur þekkt sem Landmannalaugar), í Öskju og Kverkfjöllum. Ástæðan er sú að jarðhitinn er óendurnýjanleg orkulind og er í útreikningum á orkugetur gert ráð fyrir 50 ára endingartíma sem er þá væntanlega einskonar meðaltal sem má vænta að yrði algengt að miða við. Á þessum svæðum sem eru friðuð (í tilfelli Fjallabaks og Öskju) og á náttúruminjaskrá (í tilfelli Kverkfjalla) er náttúrufegurð og útivistargildi mikil. Í því ljósi er ekki freistandi mynd að sjá fyrir sér útkulnað háhitasvæði með ryðgandi gufupípum og öðrum mannvirkjum eftir aðeins hálfrar aldar endingartíma. 50 ár eru ekki langur tími og má taka sem dæmi árið 1946 sem var fyrir hálfri öld og eru margir á besta aldri sem muna þann tíma ágætlega... Ef til dæmis hefði verið byrjað að virkja Torfajökulssvæðið svokallaða á því ári, sem er innan friðlands að Fjallabaki (Landmannalauga), og hefur 960 MW orkugetu í 50 ár þá væri þar nú sú staða sem hér að undan var lýst. Þetta telur höfundur ekki forsvaranlegt og hefur því sleppt þessum stöðum.

Í þessu sambandi má einnig benda á þá tilhneigingu Íslendinga sumra að líta á náttúruauðlindir sem okkar helstu auðlind, en það er álit margra að slík hugsun sé úrelt. Of mikil áhersla á náttúruauðlindirnar þar sem horft er fram hjá menntun, rannsóknum, tækniþróun og markaðsmálum geti þvert á móti vísað veginn til framtíðar fátæktar. Skal vísað nánar til þeirra orða sem er að finna í lokaorðum.

Einnig er sleppt orkuvinnslu í Ketildyngju (Fremrinámum) er fremur lítið svæði mitt á milli Mývatns og Öskju, Kerlingarfjöllum og innan Reykjanes- og Bláfallafólkvanga er valið að sleppa þeim virkjunarkosti sem gefur minni orkugetu, en það er í Brennisteinsfjöllum (100 MW í 50 ár). Í staðinn er sýndur orkuvinnslumöguleiki á háhitasvæði í Krísuvík (300 MW í 50 ár). Er ástæðan fyrir því að hluta til sú að Brennisteinsfjöll eru mjög nálægt skíðasvæði höfuðborgarbúa í Bláföllum og er þá hugsunin sú að halda ósnortnum þeim hluta þessa friðaða svæðis í nágrenni höfuðborgarinnar sem mest er nýttur til útiveru.

Að lokum þessa kafla skal sagt að tilfelli Kröflu, Námafjalls og Kvíslarvatns auk hugsanlega fleiri í framtíðinni, en þetta eru orkumannvirki sem ná inn á eða eru beinlínis inni á friðlýstum svæðum sýna að ekki þarf í öllum tilfellum að vera útilokuð sambúð orkumannvirkja og friðaðrar náttúru, svo fremi sem það sé gert með fullri virðingu milli beggja sjónarmiða. Og það er reyndar skoðun höfundar að sú mynd sem dregin er upp, og fól í sér rannsókn á því hvar væru árekstrar þessara tveggja sjónarmiða og hvar þau gætu orðið að veruleika án þess aða ganga á hitt, sýni að ekki þurfi að örvænta hvað þetta varðar.




***Mynd 4. Ísland árið 2018: Möguleg heildarmynd. Jafnvægið milli friðlýstra náttúruverndar- og útivistarsvæða og orkuframleiðslu.***

## Skýringar með mynd 4:

## NÁTTÚRUVERND

### Friðlýst svæði árið 1996

1. Reykjanes- og Bláfjallafólkvangur ásamt friðlandi í Herdísarvík

6. Eldey

7. Búðahraunsfriðland

10. Eyjar á Breiðafirði

12. Friðland í Vatnsfirði

16. Fossinn Dynjandi (náttúruvætti)

19. Friðland Hornstranda

25. Vestmannsvatn (friðland)

27. Þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum

29. Náttúruvættið Skútustaðagígar

30. Mývatns- og Laxársvæðið

31. Náttúruvættið Askja

32. Herðubreiðarfriðland

33. Friðland í Hvannalindum

46. Friðland í Kringilsárrana

48. Friðland í Lónsöræfum

58. Friðland í Esjufjöllum

59. Þjóðgarðurinn í Skaftafelli

62. Náttúruvættið Lakagígar

64. Náttúruvættið Álftaversgígar

68. Friðland að fjallabaki

70. Friðland í Þjórsárverum

72. Hveravellir

76. Gullfoss og Geysir

78. Friðlöndin Geitland og Húsafellsskógur

81. Þjóðgarðurinn að Þingvöllum

85. Surtsey

**Staðir á náttúruminjaskrá árið 1996**

2. Keilir

3. Katlahraun, Hraunsvík, Festarfjall og strandsvæði vestan Grindavíkur

4. Sundhnúksröðin, Fagridalur, Seltjörn, Snorrastaðatjarnir og hluti Hrafnagjár

5. Eldvörp, Reykjanes og Hafnarberg.

8. Undir Jökli

9. Berserkjahraun, Hraunsfjörður og nálæg hraun.

11. Kjálkafjörður, Kerlingarfjörður og Skálmanes

13. Geirþjófsfjörður

14. Breiðavík, Hvallátrar og Keflavík.

15. Ketildalir í Arnarfirði

17. Skaginn milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar, Lambadalsfjall, Botn í Dýrafirði og Hestfjarðarbrúnir við Hestfjörð

18. Mjóifjörður

20. Snæfjallahreppur hinn forni og Kaldalón

21. Veiðileysa og Kaldbaksdalur

22. Björg og Borgarvirki, Hópið, Vatnsdalshólar og Hvammsskriður

23. Fjalllendið milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar

24. Skaginn milli Eyjafjarðar og Skjálfanda

25. Smásvæði við Laxá: Halldórsstaðir og Gervigígar við Knútsstaði

26. Votlendi við Öxarfjörð

28. Jökulsárgljúfur austan ár

34. Kverkfjöll, Krepputunga, Fagridalur og Grágæsadalur

35. Melrakkaslétta norðanverð

36. Langanes utan Heiðarfjalls

37. Gunnólfsvík og Gunnólfsvíkurfjall.

38. Fagradalsfjall og Kollumúli

39. Eylendið í Jökulsárhlíð, Húsey og votlendi og sandar í Hjaltastaðaþinghá

40. Stórurð og Hafnarbjörg

41. Loðmundarfjörður, Víkur, Vestdalur og Vestdalseyri

42. Austdalur

43. Nokkur svæði frá vinstri: a) Fell, b) austanverður Eyvindarárdalur og Eyvindarárgil, c) Fjarðardalur og Kirkjubólsteigur, d) Hólar og Tandrastaðir

44. Gerpissvæðið

45 (Efri) Ranaskógur, Gilsárgil og (neðri) Strútsfoss

47. Snæfell, Vesturöræfi og Hafrahvammagljúfur

48. Eyjabakkar

50. Hofsdalur, Tunga, Hofsá, Geithellnadalur og Þrándarjökull

51. Lónsfjörður og Hvalnes

52. (Efri) Þórisdalur og (neðri) Laxárdalur

53. Skarðsfjörður og fjalllendið utan Skarðsdals

54. Umhverfi Hoffellsjökuls

55. Heinabergsfjöll

56. Steinadalur, Staðarfjall, Skálafellsjökull og fjalllendið í Suðursveit

57. Breiðamerkursandur, Jökulsárlón, jökulöldur við Kvíarjökul og Eystrihvammur

60. Núpsstaður, Nússtaðarskógur og Grænalón

61. Tungnafellsjökull og Nýidalur

63. Skálarheiði, Rauðhóll, Bunuhólar og Hálsagígir

65. Þórsmörk

66. Emstrur og Fjallabak

67. Hekla

69. (Efst) Veiðivötn og Grænifjallgarður og (neðst) Eldgjá

71. Kerlingarfjöll

73. Þjófadalir og Jökulkrókur

74. Hvítárvatn og Hvítárnes

75. Þjórsárdalur

77. Arnarvatnsheiði og Tvídægra

79. Húsafell

80 (frá vinstri) Brynjudalur og Botnsdalur, Þingvellir og Þingvallavatn, Skjaldbreiður

82. Hengilssvæðið

83. Eldborgir við Lambafell

84. Stakkavík og Hlíðarvatn í Selvogi

(Byggt á náttúruminjaskrá 1995 með breyttri númeraskipan)

**Nýjar hugmyndir um friðun**

Lýsing á svæðum A, B, C, D og E er hér að ofan. Lýsing á svæðum C, D og E er einnig í kaflanum "Hvernig má búa til stærsta friðaða svæði í Vestur-Evrópu í einu skrefi".

**RAFORKUVINNSLA**

**Uppistöðulón Vatnsaflsvirkjana og jarðhitasvæði til raforkuvinnslu**

**Í rekstri árið 1996**

**Lón:**

106. Blöndulón

125. Kvíslaveita

127. Þórisvatn

128. Krókslón

130. Hrauneyjalón

131. Sultartanga- og Bjarnalón

**Jarðhitasvæði:**

100. Reykjanes (saltvinnsla)

101. Svartsengi

112. Námafjall (Bjarnaflag)

113. Krafla

**Möguleg ný raforkuvinnsla samkvæmt hugmynd**

**Lón:**

104. Virkjun við Hvítársíðu

105. Hvalárvirkjun

107. Veita vestari Jökulsár (Blönduvirkjun)

108. Blágnípuverslón

109. Stækkuð Villinganesvirkjun

110. Bugslón (Merkigilsvirkjun)

111. Hrafnabjargamiðlun og Íshólsvatn

116. Virkjun í Hofsá

117. Arnardalslón (Arnardals- og Brúarvirkjun)

118. Hálslón (Kárahnjúkavirkjun)

119. Eyjabakkalón (Hraunavirkjun)

120. Virkjun Hólmsár, Skaftár og Tungufljóts

121. Virkjun Hverfisfljóts

122. Hágöngulón

126. Norðlingaöldulón o.fl.

127. Sauðafellslón norðaustan Þórisvatns

128. Tungnaárlón sunnan Krókslóns

130. Búðarhálslón norðvestan Hrauneyjalóns

**Jarðhitasvæði:**

102. Krísuvík

103. Hengill (Nesjavellir)

114. Þeistareikir

115. Bakkahlaup í Öxarfirði

123. Köldukvíslarbotnar

124. Vonarskarð

(Byggt á ritinu "Innlendar orkulindir til vinnslu raforku", útgefið að iðnaðarráðuneytinu 1994).


Ísland árið 2018: Möguleg heildarmynd
Jafnvægið milli friðlýstra náttúruverndar- og útivistarsvæða og orkuframleiðslu
Friðlýst náttúruverndar og útivistarsvæði árið 1996
Svæði á Náttúruminjaskrá 1995
Nýjar hugmyndir um friðun til útivistar og náttúruverndar samkvæmt tillögu
Uppistöðulón vatnsaflsvirkjana árið 1996
Möguleg ný uppistöðulón vatnsaflsvirkjana samkvæmt hugmynd
Jarðhitasvæði virkjuð til raforkuframleiðslu árið 1996
Möguleg ný virkjun jarðhitasvæða til raforkuframleiðslu samkvæmt hugmynd
Uppsett afl raforkukerfis árið 1996 840 MW
Uppsett afl raforkukerfis árið 2018 skv. hugmynd 7100 MW
(Einungis eru sýndir helstu megindrættir)
0
50
100 km
89670

## **Ísland árið 2019: Ísland og tunglið?** [Nýtt]

Hver verða þau mál sem verða efst á baugi eftir 22 ár, árið 2018? Vandasamt er að spá um slíkt. Líklega verða mörg þeirra af svipuðu tagi og eru ofarlega á baugi á flestum tímum. Greiðsluhalli, verðbólga, kaupmáttarstig, vöxtur og viðgangur fiskistofna og svo framvegis. En svo munu verða einhver þau mál sem tengjast sérstaklega tíðaranda og atvikum sem tengjast líðandi stund sérstaklega. Hér verður stungið upp á máli sem hugsanlega gæti orðið í umræðunni þegar nálgast hið mikilvæga ártal, það er að segja ef Íslendingar eru þannig þenkjandi!

Þegar líður að árinu 2018 rifjast upp fyrir einhverjum að á sínum tíma þegar Bandaríkjamenn voru að vinna að geimferðaáætlun sinni, voru væntanlegir tunglfarar þjálfaðir á Íslandi, nánar tiltekið í Ódáðahrauni norðan Öskju, vegna þess að þar var talinn vera sá staður á jörðinni sem líkastur væri því landslagi sem tunglförunum myndi mæta á tunglinu. Og menn munu átta sig á að árið 2019 er liðin nákvæmlega hálf öld síðan fyrsti maðurinn steig fæti á tunglið, en það var Neil Armstrong. "Þetta er lítið skref fyrir mann en risastökk fyrir mannkynið".

Þá kemur upp sú hugmynd að álitlegt væri að byggja líkan í réttri stærð af tungllendingarfari Appolós 9. á þeim stað sem geimfararnir voru þjálfaðir. Þetta gæti komið sér ákaflega vel fyrir Ísland sem ferðamannaland á þeim tíma sem Bandaríkjamenn fylltust þjóðræknislegu stolti vegna þessara atburða. Slíkt tiltæki myndi eiga greiða leið inn í fjölmiðla í Bandaríkjunum á þessum "strategíska" tímapunkti, og myndi veita Íslandi dágóðan skammt af hinni dýrmætu landkynningu.

Aðrir eru þjóðræknari og finnst það ótækt að byggja slíkan vanskapnað inni á miðju stærsta friðlýsta svæði Vestur-Evrópu, ári eftir 100 ára afmæli fullveldis íslensku þjóðarinnar, sem var árið 2018. Þeir sjá fyrir sér ameríska túrista í meiri mæli en þetta svæði getur borið.

En svo eru sumir sem telja að þetta myndi verða jákvætt þar sem þetta mundi sýna þann ofurlitla þátt sem Íslendingar áttu í að gera tunglferðirnar mögulega, eitt stærsta tæknistökk mannkynsins.

Einhverjir reyna að finna meðalveginn og leggja til að slíkt líkan af tunglferjunni yrði smíðað á stað utan hins friðlýsta svæði sem betra væri að komast að, sem jafnframt myndi svipa til staðarins í Ódáðahrauni. Þessir aðilar telja að slík lausn myndi ganga ágætlega ef vísað yrði til þess að ódáðahraunið væri inni á friðlýstu náttúruverndarsvæði, enda væri virðing vestrænna þjóða fyrir friðlýstum náttúruminjum mikil.

Í Bandaríkjunum eru fjölmiðlar farnir að fjalla um árin 1969 og 2019 og er komin af stað umræða hvenær unnt verði að ferðast til tunglsins, en það myndi að sjálfsögðu aðeins verða á færi hinna sterkefnuðustu í upphafi. Hjá Flugleiðum, hinu íslenska flugfélagi, er sú þróun gripin á lofti og upp kemur sú hugmynd, með tilvísun til ofangreindra hugleiðinga, að auglýsa í Bandaríkjunum að: "For those who can not afford flying to the moon, we offer a trip to Iceland!" ("Fyrir þá sem hafa ekki efni á að fljúga til tunglsins, bjóðum við ferðir til Íslands").

Og þarf ekki að orðlengja að ferðir til Íslands eru verulega ódýrari!

Þannig er að skoðanir eru verulega skiptar um þetta mál, og þá ekki síst í Mývatnssveitinni! En hvernig verður umhorfs árið 2018? Verða Íslendingar kannski sjálfir farnir að ferðast til tunglsins, nýjasta túrhestastaðarins, á fyrsta farrými?

Hver veit?!

## Lokaorð [Nýtt]

Í þessum orðum sem hér hafa verið sett fram hefur verið gerð tilraun til að setja fram raunhæf rök fyrir efnahagslegri þýðingu friðlýstra svæða, en jafnframt hefur verið reynt að sjá heildarmyndina, eða að þræða hinn gullna meðalveg sem oft vill þó reynast örðugt. Er vonast til að það hafi tekist sæmilega, jafnframt því að hugmyndirnar séu settar fram með skýrum hætti, svo ekki sé hætta á að verði misskilningur um meginatriðin. Hér hefur verið spurt, hvert leið muni liggja. Hvert stefnir Ísland? Hvað ætlar Ísland að verða? Hvernig atvinnuvegir eiga að vera hér eftir segjum tuttugu ár?

Undirrituðum hefur sýnst að Íslendingar hafi vissa tilhneigingu til þess að velja auðveldustu leiðina, sem er leið hráefnisframleiðandans. Áhugi er á því að selja raforku úr landi í heildsölu. Hafinn er útflutningur á vikri sem er einfaldlega er mokað á bíla og ekið að skipshlið. Og alkunna er að sjávarafurðir eru að mestu seldar lítt unnar úr landi.

Líklega er lítið við þetta að athuga. Atvinnurekendur hafa fullan rétt til að selja sínar afurðir með þeim hætti sem þeim hentar. En ef þetta er það sem þjóðin stefnir á í framtíðinni, beinlínis? Eða kannski að hún stefni ekki á neitt sérstakt, og þetta sé einfaldlega tilhneigingin? Hvar endar það?

Það er skoðun sumra virtra álitsgjafa að áhersla á hráefnisframleiðslu og nýtingu náttúruauðlinda geti beinlínis leitt til fátæktar, en leiðin til velmegunar liggi í gegnum fullvinnslu varnings, markaðssetningu, hönnun, stjórnun, fjármálastarfsemi o.þ.h.

Þetta er öfugt við það sem undirrituðum var kennt í barnaskóla. Í kennslubókum voru talin upp hin og þessi lönd og tiltekið að þau væru „rík" þar sem þau ættu mikið af náttúruauðlindum. Væri sú kenning rétt ættu Brasilía og Rússland að hafa sterkustu og heilbrigðustu efnahagskerfin en lönd eins og Hong Kong, Taiwan og Japan að hanga á horriminni. En hver er reyndin?

Væntanlega er affarasælast að Íslendingar haldi áfram að flytja út hráefni, þegar það er hagkvæmt. En ákveði jafnframt að stefna markvisst að því að byggja upp atvinnuvegi sem meiri arður er af. Gæti sú viðleitni að gefa landinu jákvæða ímynd verið hluti af því.

Undirritaður hafði af því nokkrar áhyggjur fyrir einu til tveimur árum að Íslendingar væru að síga ofan í kviksyndi doða og vantrausts á framtíðina og eigin getu. Mætir aðilar virtust nánast keppast um það hver gæti slegið annan út í barlóm. Þetta var einskonar tíska og sú ekki af betri gerðinni. Hvar var víkingablóðið? Hvar var seigla og æðruleysi sjómannanna sem reru vetrarvertíðir frá Bolungarvík á átjándu og nítjándu öld á opnum bátum? Hafði velmegunin og öll nútímaþægindin sogið þessa eðlisþætti úr íslensku þjóðarsálinni?

Sem betur fer virðist Eyjólfur vera að hressast. Allavega virðist bölsýnin að mestu horfin og undirrituðum finnst almennt vera léttara yfir þjóðinni en var þá, þó það sé eingöngu byggt á tilfinningu. Vonandi er að skapast hugrænt andrúmsloft fyrir framfara og bjartsýnishug, sem þó er byggður á fullu raunsæi.

Vonast er til að hugmyndirnar um „hornsteininn" sem hér hafa verið kynntar geti orðið innlegg í það hvernig Íslendingar ætla að ná þeirri jákvæðu ímynd sem hugur stendur til, og að hér hafi verið komið fram með að sumu leiti nýjar hugmyndir og ný sjónarhorn. Undirritaður er þeirrar skoðunar að með hnitmiðuðum aðgerðum megi ná ágætum árangri í kynningarstarfi á Íslandi.

Og kannski er aðalatriðið að hafa trú á eigin getu, samanber orðtakið „hugurinn ber þig hálfa leið".

Með samblandi vilja og vitsmuna getur þjóðin farið langt á veg framfara á nýrri öld.

Hreint umhverfi og náttúruvernd geta orðið besta söluvara sem Íslendingar eiga.

(Orð þessi voru sett saman á náttúruverndarári Evrópu 1995).

## Ýmsar heimildir sem hafðar voru til hliðsjónar

Við mótun þessara hugmynda voru ýmsar heimildir hafðar til hliðsjónar og höfðu því áhrif á lokaniðurstöðuna, þó það væri að misjafnlega miklu leiti. Aðeins lítils hluta þeirra var getið hér á undan. Eru þar áhrifamestar kenningar bandarísku markaðsmannanna Al Ries og Jack Trout, auk japanska stjórnunarráðgjafans Kenichi Ohmae. Fjöldi annarra heimilda kom við sögu og skal hér nokkurra getið.

Velferð á varanlegum grunni. Stefna og starfsáætlun ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks. Október 1991.

Á leið til sjálfbærrar þróunar. Umhverfisráðuneytið, mars 1993.

Heimsráðstefna Sameinuðu Þjóðanna um umhverfi og þróun, Rió de Janeiro, júní 1992. Umhverfisráðuneytið desember 1992.

Lög um náttúruvernd nr. 47/1971.

Lög um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjasýslu, nr. 36/1974.

Náttúruminjaskrá, sjötta útgáfa. Náttúruverndarráð, Reykjavík, 1991.

Categories for conservation management. Útg. IUCN.

Framtíðarnýting hálendis Íslands. Landvernd 1991.

Ísland, heilsuparadís í norðri? Útflutningsráð Íslands og Orkustofnun. Reykjavík 1994.

Omnibus könnun á afstöðu til Íslands í Þýskalandi. Basis Research Gmbh, Frankfurt, 1987.

Ferðamálakönnunin, 1972-1976. Samgönguráðuneytið, febrúar 1976.

Erindi Jóhanns Más Maríussonar, aðstoðarforstjóra Landsvirkjunar. Ársfundi Landsvirkjunar 1992.

"Línulagnir yfir hálendið". Agnar J. Olsen, forstm. verkfræðideildar Landsvirkjunar, og Þorgeir J. Andrésson, yfirverkfræðingur Landsvirkjunar. Grein í fréttabréfi Landsvirkjunar.

"Orkujöfnuður og umframorka". Halldór Jónatasson, forstjóri Landsvirkjunar. Landsvirkjun fréttabréf, mars 1992.

Morgunfundur Verslunarráðs Íslands, 28.1.1993.

Spástefnur Stjórnunarfélagsins, 1993 og 1994, (desember 1992 og 1993).

Nýjar hugmyndir um langtímastefnumótun Íslendinga í efnahagsmálum. Mckinsey & Company, tillaga, júní 1992.

Skýrsla markaðs- og útbreiðslunefndar Steingríms Hermannssonar, forsætisráðherra, janúar 1991.

"Hálendi Íslands er að vetri til paradís líkast". Viðtal við Richard Decker, skipuleggjanda heimsmeistaramótsins í vélsleðaakstri. Morgunblaðinu desember 1992.

"Öræfin eru ekki fremst á óskalista útlendra ferðamanna". Gunnlaugur Eiðsson, Lesbók Mbl. desember 1992.

"Lífræn ræktun er framtíðin", viðtal við Baldvin Jónsson. SUS-fréttir, desember 1994.

"Hús hátískunnar", grein í viðskiptablaði Mbl. nóvember 1988.

Ogilvy on Advertising. Kaflinn "How to advertise foreign travel". David Ogilvy, Pan Books, 1983.

The military balance in Northern Europe, 1991-1992. The Norwegian Atlantic Committee. Oslo. (Hér var spurt hvort hernaðarumsvið á Kóla-skaga hefðu neikvæð áhrif á ímynd Norður-Skandinavíu).

Námskeið í ferðafræðum: Stefnumörkun, markaðsgreining, framkvæmd og eftirlit í ferðaþjónustu. Ferðamálaskóli Íslands (M.K.), mars 1992.

# Umsögn dómnefndar í samkeppninni Ísland árið 2018

1- 3 VERÐLAUN. Höfundur: **SVERRIR SVEINN SIGURÐSSON**

## ÍSLAND: FRIÐLÝST NÁTTÚRA OG UMHEIMURINN

**HÖFUNDUR** leggur í tillögu sinni áherslu á mikilvægi þess að afmarka og skipuleggja stór svæði þar sem náttúrufegurð er mikil og friða þau.
Höfundur telur mikilvægt að Ísland öðlist „eftirsótta hreinleikaímynd í augum heimsins" í þeim tilgangi að efla atvinnulífið, m.a. ferðaiðnað, sérstaklega uppbyggingu hágæðaferðaþjónustu og auka árangur í útflutningi á afurðum lands og sjávar. Höfundur gerir grein fyrir því á hvern hátt ná megi þessu markmiði, m.a. hvað þurfi að gera til að sannfæra fólk erlendis og hvernig kynna eigi Ísland og náttúru þess.

Höfundur telur líklegt að almenningur á vesturlöndum leiði helst hugann að þjóðgörðum og friðlýstum svæðum þegar ósnortna náttúru ber á góma og nefnir í því sambandi stór svæði með upprunalegri náttúru. Höfundur telur mjög mikilvægt að ná jafnvægi milli friðlýstra náttúruverndar- og útivistarsvæða og orkuframleiðslu/gerðar orkumannvirkja í tengslum eða í nálægð við slík svæði.
Stór friðlýstur þjóðgarður á Íslandi sem hugsanlega gæti orðið stærsta friðlýsta svæði í vestur-Evrópu, eins konar Evrópuþjóðgarður myndi að mati höfundar skýra og skerpa ímynd Íslands á alþjóðavettvangi og skapa landinu sérstöðu í umhverfismálum.

**NIÐURSTAÐA DÓMNEFNDAR**

Höfundur þessarar tillögu leggur áherslu á mikilvægi þess að friða stór samhangandi svæði í náttúru Íslands og bendir á hvernig nýta megi þau í efnahagslegum tilgangi og án þess að slíkt þurfi að útiloka orkumannvirki. Hann telur mikilvægt að Íslendingar komi sér upp „hornsteini í ímynd landsins", stærsta friðlýsta svæði í vestur-Evrópu, ef þeir vilji öðlast eftirsótta hreinleikaímynd í augum heimsins.
Þessi tillaga er einföld, sannfærandi og vel fram sett. Tillögur höfundar um víðáttumikla friðlýsingu eru góðra gjalda verðar, en varasamt kann að vera að friðlýsa stór svæði sem komandi kynslóðir kunna að vilja nýta á annan hátt. Viðleitni til að sætta sjónarmið nýtingar og verndunar er gott framlag í umræðu um hálendi Íslands. Höfundur fjallar lítið um þróun mannlífs og byggðar á Íslandi nema að því leyti er varðar umhverfismál. Tillagan er engu að síður vel rökstudd og að mörgu leyti raunhæf og sannfærandi.

***Umsögn dómnefndar í samkeppninni Ísland árið 2018.***

## Viðtal í Morgunblaðinu, 28. janúar 1997

# Stærsti þjóðgarður Vestur-Evrópu - Ankerið í náttúruímynd Íslands – viðtal í Morgunblaðinu [VA-MBL]


Stærsti þjóðgarður Vestur-Evrópu

Ankerið í náttúruímynd Íslands

Sverrir Sveinn Sigurðarson

▶ Sverrir Sveinn Sigurðarson er fæddur 8. september 1967. Hann útskrifaðist frá Fjölbrautaskólanum í Garðabæ ár-

"Ísland: Friðlýst náttúra og umheimurinn" er heitið á tillögu Sverris Sveins Sigurðarsonar sem á dögunum fékk 1.-3. verðlaun í samkeppni um framtíðarskipulag hálendisins. Kjarninn í hugmyndum hans er að komið verði á fót stærsta friðlýsta náttúruverndar- og útivistarsvæði í Vestur-Evrópu á hálendi Íslands, með Vatnajökul sem miðpunkt. Sverrir telur að sínar hugmyndir geti farið saman við fyrirhugaðar virkjunarframkvæmdir á hálendinu.

*Nú nálgast þú náttúruvernd út frá kenningum markaðsfræðinnar. Hvernig fer það saman?*

"Hingað til hafa friðunaraðgerðir miðast af því að ná ákveðnum tilfinningalegum markmiðum. Mínar hugmyndir miðast hinsvegar að því að ná peningalegum. Ég sé ekki betur en að þetta tvennt geti farið saman vegna þess að peningalegu markmiðin nást ekki nema hægt sé að uppfylla þau tilfinningalegu markmið fyrir  þá ferðamenn sem hingað koma.
Ég staðset Ísland í Vestur-Evrópu enda er það hinn ríki hluti álfunnar. Ég er að reyna að benda á aðgerðir til að auka hreinleikaímynd landsins sem við viljum að það hafi í augum útlendinga. Í dag erum við með svæði sem eiga að sýna fram á þessa ímynd, svo sem Gullfoss, Geysi og Bláa lónið, en eru í raun ekki sjálfkrafa sönnun fyrir hreinleika landsins."

*Hvaða svæði er hér um að ræða?*

"Ég er hér að tala um svæði sem þegar er búið að friða. Það eru til dæmis þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum, Skútustaðagígar við Mývatn, Mývatns- og Laxársvæðið, friðlandið í Herðubreiðarlindum, Askja, Lónsöræfi, þjóðgarðurinn í Skaftafelli, friðlandið í Esjufjöllum í Vatnajökli og Lakagígar. Við þetta mætti einnig bæta svæðum sem Náttúruverndarráð hefur sett á náttúruminjaskrá. Þannig mætti tengja þetta við Landmannalaugar, Heklu og Þórsmörk. Þá væri svæðið ekki aðeins orðið stórt, heldur einnig mjög spennandi. Það myndi afmarkast af Heklu og Þórsmörk í suðvestri, Lónsöræfum í austri og þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum í norðri. Þá væru innan marka þessa svæðis ýmsir markverðir staðir, til dæmis yngsta eldstöðin okkar í Vatnajökli."

*Verður Vatnajökull einskonar miðpunktur þessa svæðis?*

"Mín rök eru þau að stærsti jökull Evrópu með eldstöð innan sinna marka sé jafn spennandi hluti af náttúru Íslands og önnur svæði sem þekkt eru og hluti af því sem gerir náttúru Íslands sérstaka í augum Evrópubúa. Þar með finnst mér að hann eigi heima innan friðaðs svæðis. Þegar hefur verið friðaður einn fimmti hluti jökulsins, ásamt svæðum sem náttúruverndarráð hefur sett á náttúrumynjaskrá. Þess vegna finnst mér að ganga eigi alla leið og friða allan jökulinn. Auk þess eru engar reglur um öryggi og umgengni á Vatnajökli. Fólk hefur lent þar í vandræðum og hjá Almannavörnum ríkisins eru þær skoðanir uppi að nauðsynlegt sé að koma slíkum reglum á. Að mínu mati er það viss friðlýsing að setja slíkar reglur og bendi á þá lausn að sveitarfélögin gætu tekið sig saman og stofnað til fólksvangs og komið á umgengnisreglum á jöklinum. Þar með væri komin alþjóðlega viðurkennd friðun. Þá væri Vatnajökull orðinn einskonar miðpunktur og tengja saman öll þessi svæði og þannig væri orðið til stærsta friðaða svæði Vestur- Evrópu."

*Hvernig fara hugmyndir þínar um hreina og óspillta náttúru saman við fyrirhugaðar virkjunarframkvæmdir á næstu árum?*

"Ég er ekki neinn sérstakur aðdáandi orkumannvirkja en ef málið er skoðað af köldu raunsæi þá held ég að maður verði að segja að ekki sé hægt að útiloka að Íslendingar kjósi að fara út í frekari orkuvinnslu í framtíðinni. Þess vegna fannst mér rétt að skoða þessa tvo þætti saman, það er virkjanakosti og friðun. Það kom í ljós að þeir voru oft staðsettir á ólíkum stöðum þótt það væri ekki alltaf. Það er því ekki hægt að útiloka að þessa tvær stefnur geti lifað saman í einhverju samlyndi, þótt ég voni að ráðamenn fari mjög varlega í orkuframkvæmdir."

*Gæti friðlýsing stórs hluta hálendisins e.t.v. skapað okkur jafnmiklar tekjur og virkjanir með auknum ferðamannastraumi?*

"Ég rannsakaði hvernig ímynd verður til, hvar hún hefur áhrif og hvernig hún getur færst á milli ólíkra þátta. Ef okkur tekst að koma upp þessari ímynd hreinleika, myndi fólk sem vill temja sér lífsstíl og samsama sig útiveru og hreinni náttúru fá meiri áhuga á ýmsum vörum frá Íslandi, til dæmis íslenskum matvælum. Þess vegna tel ég að ef Íslendingar gætu nýtt sér vel markaðsmöguleika á þennan hátt geti þeir skapað sér miklar tekjur út á ímynd landsins. Það koma hingað 200 þúsund ferðamenn á ári og eru yfirleitt dolfallnir yfir landinu. Slíka hrifningu er hægt að virkja, alveg eins og vatnsföllin," segir Sverrir.

## Janúar 1997

# Forystugrein Morgunblaðsins 29. janúar 1997 [VA-MBL]

Þann 29. Janúar 1997 birti Morgunblaðið forystugrein um hugmyndir Sverris Sv. Sigurðarsonar, og lýsti yfir stuðningi við tillögu að þjóðgarði á hálendi Íslands með Vatnajökul sem miðpunkt. Forystugreinina má finna í gagnasafni Morgunblaðsins (þetta er neðri helmingur forystugreinaskrifa þann daginn, efri helmingurinn fjallaði um átök í Alþýðubandalaginu).

Forystugreinina má finna í gagnasafni Morgunblaðsins á mbl.is. Til hægenda er hún birt hér undir.



## ÞJÓÐGARÐUR Á HÁLENDINU

ÁMEÐAL verðlaunatillagna í samkeppni um framtíðarskipulag hálendisins var tillaga ungs viðskiptafræðinema, Sverris Sveins Sigurðarsonar, sem gerir ráð fyrir að á hálendi Íslands verði komið á fót stærsta friðlýsta náttúruverndar- og útivistarsvæði í Vestur-Evrópu, sem hafi Vatnajökul sem eins konar miðpunkt. Að hluta yrðu núverandi þjóðgarðar hluti þessa svæðis, en við það yrði bætt öðrum svæðum á náttúruminjaskrá.

Hugmyndin um stærsta þjóðgarð Evrópu á hálendinu er út af fyrir sig ekki ný. Hún tengist einnig hugmyndum um að skipuleggja hálendið þannig að á ákveðnum svæðum verði virkjanir og lagning raflína leyfðar, en önnur svæði, þar sem náttúrufegurð er mikil, verði friðlýst og tekin frá fyrir útivist og ferðaþjónustu.

Hins vegar er athyglisvert með hvaða rökum Sverrir Sveinn styður tillögur sínar: „Hingað til hafa friðunaraðgerðir miðað að því að ná ákveðnum tilfinningalegum markmiðum. Mínar hugmyndir miða hins vegar að því að ná peningalegum. Ég sé ekki betur en að þetta tvennt geti farið saman vegna þess að peningalegu markmiðin nást ekki nema hægt sé að uppfylla þau tilfinningalegu markmið fyrir þá ferðamenn, sem hingað koma.“

Mörgum þykir sem nú sé kominn tími til að staldra við og móta skýra stefnu um það, hvernig finna beri jafnvægi milli mismunandi nýtingar hálendisins — annars vegar til orkuframleiðslu og hins vegar til ferðamennsku og útivistar. Ekki fer á milli mála að hin stórbrotna náttúra hálendisins er verðmæti í sjálfri sér og hana verður að vernda sem slíka. En hún er líka „útflutningsvara“ vegna gildis hennar fyrir ferðamennsku. Það þarf þess vegna ekki bara að finna jafnvægi milli hagnaðarsjónarmiða og verndunarsjónarmiða, heldur á milli mismunandi hagnaðarsjónarmiða.

Stærsti þjóðgarður Vestur-Evrópu myndi án efa draga til sín ferðamenn, jafnframt því sem stofnun þjóðgarðs myndu væntanlega fylgja skýrar reglur um umgengni við viðkvæmustu og fegurstu náttúruperlur Íslands. Hugmyndin er því einn þeirra kosta, sem skoða á þegar mótuð er framtíðarstefna um nýtingu hálendisins.

## Apríl 1997:

## Landnýting og orka. Verðlaunaritgerðin í ritgerðarsamkeppni Vísbendingar, tímarits um efnahagsmál, meðal háskólanema, 1997. [VA-SSS]

Íslendingar vilja að landið öðlist eftirsótta ímynd hreinleika og ósnortinnar náttúru í augum umheimsins, en slík ímynd þykir eftirsóknarverð. Með þessu gæti þjóðin hagnast á ýmsum sviðum, til dæmis í ferðaþjónustu (hugsanlega hágæðaferðaþjónustu), í útflutningi á afurðum lands og sjávar, og fleiru. Því er nauðsynlegt að velta fyrir sér hvernig eigi að fara að því að ná þessu markmiði. Ímynd óspilltrar náttúru krefst þess að lítið sé um stór mannvirki og miklar framkvæmdir á viðkomandi svæði. Hugsanlega væri því skynsamlegt að endurmeta áætlanir um orkuframleiðslu í ljósi þessa.

### Ímynd óspilltrar náttúru

Hverju ætla Íslendingar að tefla fram til að sannfæra önnum kafið fólk erlendis um ósnortna náttúru landsins? Hvernig á að kynna Ísland? Ýmsu er hampað þegar kemur að landkynningu, en ekki er víst að þau atriði sem kynnt eru sanni hreinleika náttúrunnar fyrir erlendum þjóðum. Dæmi um þetta eru Gullfoss, Geysi og Bláa Lónið, en maðurinn getur vel hafa spillt öðrum gæðum landsins þó slík fyrirbrigði sé þar að finna. Ef dæminu er snúið við, þá trúa Íslendingar því ekki sjálfkrafa að náttúran sé ósnortin þótt þeir sjái mynd af fögru fjalli eða foss. Aðrar landkynningaraðferðir, svo sem kraftajötnar og fallegt fólk eru enn fjær þessari hreinu ímynd, þótt þær geti verið prýðileg landkynning í sjálfu sér. En almennt má álykta þetta: Ef ætlunin er að koma hugmyndinni um hina hreinu náttúru inn hjá fólki sérstaklega, er þörf á þrengra skilgreindum og markvissari athyglivökum.

Í ritum um markaðs- og auglýsingamál er talið best í landkynningum að tefla fram atriðum sem eru einföld, vekja áhuga og eru óvéfengjanleg. (1) Líklegt er að almenningur á Vesturlöndum leiði hugann að ósnortinni náttúru þegar þjóðgarða og friðlýst svæði ber á góma, því slík svæði eru upprunaleg náttúra á stórum svæðum. Því er hér sett fram sú staðhæfing, að vilji Íslendingar eignast óvéfengjanlegt einkennistákn fyrir ósnortna náttúru landsins væri hyggilegt fyrir þá að friðlýsa stóran hluta af sínu ósnortna landi. Sýnt hefur verið fram á að Íslendingar gætu, ef vilji væri fyrir hendi, eignast lang stærsta náttúruverndar- og útivistarsvæði í Vestur-Evrópu. (2) Fjölmiðlar vilja gjarnan fjalla um það sem er áhugavert, einstakt og auðvelt að koma á framfæri við lesendur og áhorfendur. Með slíku einkennistákni fyrir hreinleika og ósnortna náttúru væri auðveldara að skapa áhuga fjölmiðla á umfjöllun um landið, sem og að sannfæra almenning á Vesturlöndum um að hér séu þessi gæði í miklum mæli og séu raunar aðaleinkenni landsins. Nái Íslendingar að ljá landi sínu slíka ímynd gætu opnast ný og gjöful mið á sviði ferðaþjónustu, markaðssetningu matvæla frá landinu óspillta og ekki síður í markaðssetningu á ýmiskonar varningi í anda hinnar eftirsóttu ímyndar landsins. Nefna má útivistarfatnað frá landi hinnar óspilltu náttúru sem dæmi um þetta. Þessi varningur bæri með sér yfirbragð þeirra gilda og gæða sem almenningur vildi gera að lífsgildum sínum en ekki er ósennilegt

að tugir milljóna Vestur-Evrópumanna með mikinn samanlagðan kaupmátt hafi áhuga á ósnortnu umhverfi a.m.k. ef miðað er við áhuga á umhverfismálum.




## Orkuframleiðsla og aðrar verðmætasköpunarleiðir

Talið er að hagkvæmt sé að nýta 10.400 MW af raforku hér á landi. Þar af yrðu 6.800 MW fáanleg með virkjun vatnsorku og 3.600 með virkjun jarðhita. (3)(4) Þó er ekki ósennilegt að þessar tölur séu ónákvæmar þar sem ekki hefur verið tekið tillit til tækniframfara eins og þeirra að með endurhönnun hverfiltúrbína fyrir Búrfellsvirkjun var afl hennar aukið töluvert. Einnig er afl jarðhitavirkjana miðað við 50 ára tæmingu varmans úr „hitageyminum", en ef forsendur eru aðrar þá gæti aflið augljóslega orðið annað. Raforkuframleiðsla á Íslandi í dag tæp 850 MW. Tvö ný álver og tveir sæstrengir til Evrópu eru talin kalla á heildar uppsett afl kringum 3.150 MW (3).

Íslendingar standa frammi fyrir því að velja um hve mikið af orkulindum eigi eða þurfi að nýta. Er hagkvæmast fyrir þjóðina að stefna að hámarksnýtingu á orkulindum, eða væri skynsamlegt að hverfa frá hluta af orkuframleiðslunni svo að atvinnugreinar sem byggja á óspilltri náttúrunni njóti sterkar samkeppnisstöðu gagnvart öðrum þjóðum sem kunna að róa á sömu mið?

Í löndum Evrópu utan Íslands mun vera u.þ.b. 22,5 sinnum meira af hagkvæmri vatnsorku sem er óvirkjuð en Íslendingar hafa til reiðu, eða 833 TWh á móti 37 TWh.(5) Ísland hefur margfalt meira af ósnortnu umhverfi en mörg lönd í Vestur-Evrópu en þar eru milljónir íbúa sem áhugasamir eru um

umhverfismál. Því er ljóst að samkeppnisforskot Íslendinga liggur ekki síður í hreinleika náttúrunnar en í raforkuframleiðslu. Auðvelt er að nálgast svar við því hversu mikils virði náttúran er okkur Íslendingum í hagrænum stærðum. Gjaldeyristekjur Íslendinga vegna ferðaþjónustu voru 18,7 milljarðar króna árið 1995 og hafa verið í talsverðum vexti frá fyrri árum, eða u.þ.b. 8 % að jafnaði á ári frá 1990. Tekjur Íslendinga af stóriðju voru u.þ.b. 17 milljarðar það sama ár.(6) Tölfræðilega marktækar kannanir sem gerðar hafa verið meðal erlendra ferðamanna sýna að hin stórbrotna og óspillta náttúra er það sem hrífur mest og ræður jafnframt mestu um þeirra hingað til lands.(7) Einnig er vert að benda á það álit Kaupmannasamtaka Íslands að ferðamannaverslun hér geti, miðað við umfang hennar erlendis, auka um nærfellt 100 %, eða úr 2-2,5 milljörðum króna í 4,5 milljarða á ári.(8) Augljóst er að forsenda aukinna tekna og nýrra sóknarfæra, er sú að ferðamenn hafi áfram jafn mikinn áhuga á að koma hingað til lands. Því er vissara að fara varlega þegar ákvarðanir eru teknar um nýtingu hálendisins. Þessir tveir kostir, vernduð náttúra og orkuframleiðsla, geta þrengt hvor að vaxtarmöguleikum annars. Náttúruvernd og orkuframleiðsla geta verið tvær jafnrétthááar leiðir til verðmætasköpunar fyrir þjóðina.

Höfundur mælir með því að eftirfarandi atriði verði höfð í huga við ákvarðanir um framtíðarnýtingu landsins:

1. Að tekið verði frá stórt friðað svæði sem væri hið stærsta í Vestur-Evrópu, eins og getið var um hér að ofan.

2. Að ekki verði fórnað svæðum og stöðum sem teljast einstakir í náttúru Íslands fyrir orkuiðnaðinn, sem hægt er að staðsetja annars staðar.

3. Að einungis verði friðuð áhugaverð svæði og staðir í náttúru Íslands, þannig að sú „upphefð" sem staðir fá af friðlýsingu verði ekki „útþynnt" vegna ofnotkunar.

## Nokkrir kostir

Hér fyrir neðan er stillt upp nokkrum kostum sem sýna fram á möguleika á nýtingu landsins til orkuframleiðslu jafnframt því sem áhugaverð landsvæði eru friðuð. Sjá jafnframt myndir nr. 1-4. (Athugið að skýringar á myndunum eru fyrst um sinn á ensku).

**Staðan í dag: Orkuframleiðsla, friðun og svæði á náttúruminjaskrá.**




**Kostur 1: Hámarksorkuframleiðsla samkvæmt áætlunum Orkustofnunar. Friðun og svæði á náttúruminjaskrá eru óbreytt.**



**Kostur 2: Stærsta friðaða svæði í Vestur-Evrópu. Í því eru sameinuð mörg friðuð svæði og svæði á náttúruminjaskrá, og tengd saman. Svæðið allt telst til jarðfræðilega yngsta hluta landsins, og til þess telst m.a. Hekla, Skaftafell, Vatnajökull, Askja og Jökulsárgljúfur. Ekki er gert ráð fyrir nýjum orkuframkvæmdum sem eru innan þessa svæðis en annað er óbreytt.**




**Kostur 3: Austan og sunnan við hið stóra friðaða svæði eru engar nýjar orkuframkvæmdir, nema að undanskildum Hraunavirkjun (Eyjabakkalóni) og virkjunum suðvestan Vatnajökuls.**



**Kostur 4: Austan og sunnan við hið stóra friðaða svæði eru engar nýjar orkuframkvæmdir.**




Staðan í dag ásamt kostum 1, 2 og 3 er sýnd á myndum. Mynd 5 sýnir mögulega orkuframleiðslu þessara kosta, þ.e. framleiðslu í dag að viðbættri hugsanlegri framleiðslu með jarðhita. Einnig er sýnt hversu mikil framleiðsla myndi falla í mismunandi hagkvæmnisflokka vatnsaflsframleiðslu en flokkur I telst sá hagkvæmasti en flokkur IV sá lakasti. Láréttu línurnar tvær sýna orkuframleiðslu að viðbættum tveim álverum (sú neðri u.þ.b. 2050 MW) og að viðbættum tveimur sæstrengjum (sú efri). (9)

Í stuttri grein sem þessari er hvorki hægt að gera öllum hliðum málsins skil né geta allra kosta sem máli skipta. Til dæmis er ekki sjálfgefið að sæstrengur sé skynsamlegur kostur eða að allir mögulegir virkjanamöguleikar á vesturhluta Íslands séu viðeigandi. En vonast er til að þessi grein gefi einhverjum vísbendingar um það hvernig unnt sé að skoða þessi mál frá nýju sjónarhorni svo hægara sé að stýra þeim heilum í höfn.

## Tilvísanir

(1). Sjá til dæmis: Ries, Al & Trout, Jack: "Marketing Warfare", McGraw-Hill, 1986; Trout, Jack: "The 22 Immutable Laws of Marketing", Harper-Collins, 1994; Ogilvy, David: "Ogilvy on Advertising", kaflinn "How to advertise foreign travel", Pan Books, 1983.
(2). Sjá: Sverrir Sv. Sigurðarson, "Ísland, friðlýst náttúra og umheimurinn", ritgerð, hlaut 1.-3. verðlaun í hugmyndasamkeppninni Ísland árið 2018 sem haldin var af Skipulagi ríkisins og umhverfisráðuneytinu, 1996.




Mynd 5. Orkuframleiðsla við mismunandi valkosti hér að framan.

(3). Sjá „Innlendar orkulindir til vinnslu raforku", útg. iðnaðarráðuneytið, maí 1994.

(4). Eitt megawatt (MW) er ein milljón watta. Eitt megawatt í uppsettu afli jafngildir um það bil 6,18 gígawattstundum (GWst) á einu ári. Ein gígawattstund er einn milljarður watt-klukkustunda, þ.e. 1watt/klst x 1.000.000.000. Ein teraswattstund (TWst) er eitt þúsund GWst.

(5). Hilmar J. Malmquist: „Náttúra Íslands og vatnsaflsvirkjanir". Aðsend grein, Morgunblaðið, 18. október 1995, og „Innlendar orkulindir til vinnslu raforku", bls. 16.

(6). „Glærupakki 1995", útg. Úflutningsráð Íslands, 1996.

(7). Sjá „Ferðamálakönnun á Íslandi: Erlendir ferðamenn á heilu ári", útg. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, október 1992, og einnig „Erlent ferðafólk í náttúru Íslands. Könnun á viðhorfum...", Davíð Bjarnason, Einar Skúlason og Erla Hlín Hjálmarsdóttir í samvinnu við Ferðamálaráð, 1996.

(8). Sigurður Jónsson, framkv.stj. Kaupmannasamtaka Íslands: „Verslun-ný „Smuga" og auknir atvinnumöguleikar". Aðsend grein, Morgunblaðið, 8. marz 1996.

(9). Myndirnar eru byggðar á náttúruminjaskrá 1996, ritinu „Innlendar orkulindir til vinnslu raforku" og mynd frá Orkustofnun sem ber nafnið „Landþörf raforkuvinnsluiðnaðarins á Íslandi eins og hann verður hugsanlega 2030". Sú mynd birtist einnig í grein í Morgunblaðinu, sjá (5).

## Nóvember 1997:

## Um skipulag hálendis Íslands og alþjóðlegt samhengi. Grein í Morgunblaðinu. 28. nóvember 1997. [VA-SSS]

Eftir Sverri Svein Sigurðarson

Tillaga Skipulags ríkisins að skipulagi hálendis Íslands liggur nú frammi til skoðunar og athugasemda, og rennur frestur til að gera athugasemdir út þann 10. desember næstkomandi. Þetta er í fyrsta sinn sem gert er svæðisskipulag hálendisins. Það verður að teljast nokkuð merkur atburður, því að verið er að marka stefnu um hvernig nýta skuli til framtíðar þessa fjóru tíundu hluta landsins. Í tilefni þessa er ágætt að staldra við og skoða tillöguna með tilliti til framtíðarinnar, og einnig með tilliti til þróunar mála í löndunum í kring um okkur. Höfundur telur að helstu þættir tillögunnar séu með skynsamlegum hætti, einkum með tilliti til viðhorfa almennings í löndum beggja vegna Atlantshafsins og þeim möguleikum sem gætu tengst ímynd landsins. Í þessari grein verða teknar fyrir nokkrar vísbendingar í þessu tilliti.

Megindrættir tillögunnar eru þeir að stefnt er að umfangsmikilli verndun á meginhluta hálendisins (sjá meðfylgjandi mynd). Ljósgrænu svæðin eru verndarsvæði með takmarkaðri vernd, en dökkgrænu svæðin náttúruverndarsvæði með meiri verndun. Einnig er stefnt að takmarkaðri nýtingu á þeim auðlindum sem hálendið hefur að geyma, það er raforkuframleiðslumöguleikum fyrst og fremst.

Á hálendinu er að finna stærstu ósnortnu víðerni sem finna má á Íslandi, samanber greinagerð samvinnunefndar um skipulag hálendisins, og einnig virðist sem að hér megi finna einhver stærstu ósnortnu svæði sem enn er að finna í Vestur-Evrópu.

Verndun náttúrusvæða er eitt þeirra atriða sem eru áberandi í óskum almennings hérlendis og erlendis varðandi umgengni mannsins við umhverfið. Með tillögunni virðist ljóslega verið að svara þessum viðhorfum. Verndunin er fyrst og fremst í þeim tilgangi að tryggja að Íslendingar framtíðarinnar hafi aðgang að náttúrusvæðum þar sem kyrrðin og óspillt víðáttan ríkir. Einnig munu þessi sömu svæði verða erlendum gestum sem hingað koma uppspretta ánægju og afslöppunar, eins og þau eru nú þegar. Um leið er leitast við að svara óskum um að framleidd verði raforka með vatnsafli sem er laus við loftmengun. Þannig er tillagan málamiðlun eins og sjálfsagt er þegar ólíkar óskir koma saman á einu og sama svæðinu. Í stóru máli sem þessu munu alltaf einhverjir hafa athugasemdir um þætti sem þeir vildu hafa séð öðruvísi. En í þessari grein verður aðallega horft til þeirrar megintillögu sem snýr að verndun hálendissvæða, og aðrar sértækari athugasemdir látnar öðrum eftir.



MORGUNBLAÐIÐ

SKOÐUN

# SKIPULAG HÁLENDIS ÍSLANDS OG ALÞJÓÐLEGT SAMHENGI

Sverrir Sveinn Sigurðarson

Möguleikar framtíðar

Vestur-Evrópa

Bandaríkin

Viðhorf fólks austan hafs og vestan gefur til kynna, segir Sverrir Sveinn Sigurðarson, að megintillaga sem kynnt hefur verið um verndun hálendis Íslands sé raunsæisleg og geti reynst happadrjúg.

MORGUNBLAÐIÐ

SKOÐUN

MIÐHÁLENDI ÍSLANDS: Svæðisskipulag 2015



SKIPULAGSUPPDRÁTTUR hálendisins.

Kanananir erlendis

## Möguleikar framtíðar

Mikið hefur verið rætt um hér á Íslandi þá möguleika sem ósnortið umhverfi og náttúra landsins geti opnað íbúum landsins á erlendum mörkuðum. Þar er aðallega rætt um tækifæri tengd ferðamennsku (og ferðamannaverslun?), þá möguleika að íslensk matvæli geti notið góðs af jákvæðri ímynd hreinleika sem hægt sé að byggja upp, og loks má nefna tækifæri sem hugsanlega mætti byggja upp sem sneru að markaðssetningu á vörum sem hefðu yfir sér yfirbragð sem tengdist þáttum á borð við útivist og ósnortnum náttúrusvæðum. Það er skoðun undirritaðs að Íslendingar, eða einstök fyrirtæki, þyrftu að gera sér grein fyrir þremur atriðum til að glöggva sig á stöðu mála. Í fyrsta lagi að fá upplýsingar um hvert sé mikilvægi þess að upplifa náttúrusvæði meðal íbúa landanna í kring, svona almennt. Í öðru lagi að fá um það upplýsingar hver sé afstaða almennings í löndunum í kring til Íslands, og hver sé ímynd þess. Og í þriðja lagi hvar megi helst finna tækifæri til nýrra afreka, og hvernig sé helst hægt að nýta þau, en um það atriði verður ekki fjallað hér.

## Bandaríkin

Í Bandaríkjunum hafa verið unnar ýmsar rannsóknir á viðhorfum þjóðarinnar til ýmissa þátta náttúruverndarmála og umhverfismála, sem gefa vísbendingar um hverjar skoðanir eru meðal Bandaríkjamanna á þessu sviði. Í rannsókn sem gerð var árið 1991 meðal 798 manna hóps sem var þverskurður íbúa fylkja á meginlandi Bandaríkjanna kom fram að yfir þrír fjórðu töldu að upplifun tómstunda utandyra ("outdoor recreation") væri "mikilvæg" eða "mjög mikilvæg". Í annarri rannsókn sama ár sögðu 73% að tjaldferðir og tómstundaiðkun utandyra væri að verða mikilvægari hluti af þeirra lífi, ( sagt var frá könnuninni í blaðinu USA Today, en fjöldi og aðferðafræði kom ekki fram). Og í könnun sem gerð var árið 1986 meðal 2000 Bandaríkjamanna sem einnig voru þverskurður íbúa sögðust 97% svarenda vera "sammála" eða "mjög sammála" því að stjórnvöld þar í landi ættu að vernda náttúrusvæði fyrir kynslóðir framtíðarinnar til að njóta. Þessar þrjár vísbendingar eru ekki fullkomnar en gefa þó allgóða hugmynd um viðhorf almennings í Bandaríkjunum til ósnortinnar náttúru. Þá er forvitnilegt að halda yfir hafið og skoða hvað hægt er að rýna út úr gögnum varðandi viðhorf almennings í Vestur-Evrópu.

## Vestur-Evrópa

Með reglubundnum hætti eru gerðar á vegum Evrópusambandsins svonefndar "Eurobarotmeter" kannanir meðal almennings í löndum sambandsins. Í þessum rannsóknum er grennslast fyrir um ýmislegt sem snýr að lífi fólks í Evrópu og viðhorfum þess. Þar á meðal eru kannanir um viðhorf almennings til ýmissa þátta umhverfismála sem gerða hafa verið á nokkurra ára fresti frá árinu 1982. Samkvæmt niðurstöðum síðustu rannsóknar sem gerð var árið 1995, lýsa 88% Evrópubúa því yfir að þeir hafi áhyggjur af því að ýmis náttúrugæði séu að tapast, þar á meðal ósnortin náttúrusvæði ("natural habitats"). Óskir Evrópubúa varðandi það að njóta ósnortinna náttúrusvæða koma ekki fram með beinum hætti í umræddri Eurobarometer könnun, að öðru leiti en því sem þarna kemur fram. Með hliðsjón af þessum tölum, og af því að lífstíll og viðhorf í Vestrænum heimi er að verða æ líkari milli landa, má draga þá ályktun að líklega sé staða mála ekki óáþekk í Evrópu og í Bandaríkjunum.

Af þessum upplýsingum má draga þá ályktun að meginþorri íbúa hins vestræna heims láti sig varða þessi mál og hafi áhuga á að upplifa ósnortna náttúru. Íbúatala landanna hér að ofan er nálægt 640 milljónum, og því eru vísbendingar um að allt að 350 milljón einstaklinga láti sig varða þessi mál, þ.e. þrír fjórðu af íbúum 20 ára og eldri, ( þessum hóp skyldi ekki jafnað saman við mun fámennari stuðningsmannahóp erlendra umhverfisverndarsamtaka sem hafa verið mis vinsæl hjá Íslendingum). Þó er vissara að fara mjög varlega í að draga stórar ályktanir um tækifæri vegna þessara vísbendinga, því fátt gerist af sjálfu sér. Þar þurfa Íslendingar að vinna mikla vinnu ef ný tækifæri eiga að opnast af því tagi sem að ofan var minnst á. En ljóst má vera að hér er á ferðinni geypi stór hugsanlegur markaður sem Íslendingar munu hafa áhuga á í framtíðinni.

## Kannanir erlendis

Í þessu sambandi er forvitnilegt að athuga hvað vitað er um viðhorf til landsins erlendis. Ekki hefur verið mikið gert af því af íslenskum aðilum að kaupa rannsóknir á þessum þáttum meðal almennings í Evrópu eða annars staðar. Þó má nefna Omnibus spurningavagn í Þýskalandi sem íslenskir aðilar tók þátt í árið 1987, en úrtak var 1000 manns meðal almennings um allt Þýskaland. Þar kom fram fremur jákvæð afstaða til landsins, sem og að afstaða til þess var jákvæðari meðal betur menntaðra einstaklinga en hjá fólki með minni menntun. Jákvæð atriði sem tengd voru landinu snerust helst um náttúru þess. Einnig er rétt að nefna meistaraprófsritgerð í rekstrarhagfræði sem unnið er að sem lokaverkefni við Verslunarháskólann í Kaupmannahöfn, þar sem rannsökuð er ímynd Íslands, íslenskra vara og þjónustu meðal neytenda í Danmörku og Svíþjóð. Úrtak könnunarinnar er 650 manns og er þetta efnismesta rannsókn sem unnin hefur verið á þessu sviði sem gefur án efa áhugaverðar upplýsingar. Það verður áhugavert að sjá hvert framhald verður á þessum málum í framtíðinni, en það verður að segjast að rannsóknir af þessu tagi eru dýrar í augum Íslendinga. Þær geta þó skipt miklu máli en verður að standa að slíkum með hliðsjón af langtímastefnu, sem og í samhengi við þær aðgerðir sem Íslendingar hafa uppi til að byggja upp ímynd landsins. Enginn skyldi ætla að miklar líkur séu til að ímynd landsins taki miklum og varanlegum stakkaskiptum til hins betra án þess að til þess sé kostað því sem þarf. Þar er afmörkun stórra verndarsvæða á hálendinu skynsamlegt fyrsta skref, samanber þær tölur sem nefndar voru hér að ofan. Verndun svæðis, eða friðlýst svæði eins og hluti svæðisins er, er til marks um ósnortið ástand svæðisins, og verður þarna auk þess til langs tíma. Slíkur náttúrugarður gæti því orðið lykillinn að sannfærandi náttúruímynd landsins meðal annarra þjóða. Einnig má vonast eftir að slík svæði veki áhuga fjölmiðla, en við Íslendingar höfum einmitt upplifað talsverða aukningu í umfjöllun erlendra fjölmiðla um landið og fólkið sem hér býr. Slíkur byr í seglin getur orðið til að lækka þann kostnað sem annars hefði þurft að leggja í til að byggja upp ímynd landsins í vitund fólks erlendis, og er það vel.

Að lokum má segja að þó að í þessari stuttu grein hafi fyrst og fremst verið litið til afstöðu almennings í löndunum í kring, þá hlýtur verndun svæða á hálendinu fyrst og fremst að vera mál Íslendinga, og verða þeim til ánægju í framtíðinni. Það eru Íslendingar sem eru vörslumenn ósnortinna svæða sem eru meðal þeirra stærstu sem eftir eru í Vestur-Evrópu og það verður að vera skilyrðislaust fyrsta markmið að umgengni Íslendinga og annarra við hálendið skili því til næstu kynslóða í jafn góðu ástandi og sú fyrri fékk það í hendur. Viðhorf almennings í löndunum í kring á í sjálfu sér ekki að þýða að Íslendingum beri að vernda þessi svæði. En að lokum skal sagt að viðhorf almennings í Vestur-Evrópu og Bandaríkjunum gefur til kynna að sú megintillaga sem kynnt hefur verið um verndun stærsta hluta hálendis Íslands sé, að minnsta kosti hvað varðar þessa hlið mála, raunsæisleg stefna sem gæti reynst Íslandi happadrjúg í framtíðinni.

## Tilvísanir

1 Tillagan er til sýnis í Þjóðarbókhlöðu, hjá Skipulagi Ríkisins og á 14 öðrum opinberum stöðum víðsvegar um landið. Einnig á Internetinu http://www.islag.is

2 Samkvæmt athugun höfundar; önnur stór svæði í Vestur-Evrópu eru í Skandinavíu. Sjá samkeppnistillögu í keppninni Ísland árið 2018, "Ísland, friðlýst náttúra og umheimurinn".

3 Úr Jolma, Dena Jones: "Attitudes Toward the Outdoors, an annotated bibliography of U.S. survey and poll research concerning the environment, wildlife and recreation. (Rannsóknir #611, 612, 613). Útg. McFarland & Co., Publishers, Jefferson, North Carolina, 1994

4 Úr "Eurobarometer 43.1 bis; Europeans and the environment", rannsókn unnin af INRA (Europe) - E.C.O., útg. European Commission, Directorate General "Environment, Nuclear Safety and Civil Protection", nóvember 1995.

5 Mannfjöldatölur byggðar á "Demographic Statictics 1996", útg. Eurostat, og "The World Factbook Page on the United States" (Internetinu).

6 Munnlegar heimildir, Ferðamálaráð, Flugleiðir og Útflutningsráð.

7 Basis Research Gmbh, Frankfurt. Omnibus spurningavagn. 1987.

8 Hákon Þór Sindrason, "The image of Iceland and Icelandic product and services abroad", Cand.Merc. lokaritgerðarverkefni frá Københavns Handelshøjskole. Áætluð lok haust 1997.

## 10. desember 1997

# Athugasemd Hjörleifs Guttormssonar við tillögu að svæðisskipulagi hálendisins 1997 með tillögu hans um fjóra jöklaþjóðgarða [DR-HG]

10. desember 1997 sendi Hjörleifur Guttormsson, alþingismaður, inn athugasemdir við auglýsta tillögu að svæðisskipulagi hálendisins. Þar leggur hann til að skipulagið eigi að innifela fjóra þjóðgarða á fjórum meginjöklum hálendisins og dálítil svæði umhverfis þá. Þessir þjóðgarðar áttu að vera á Langjökli, Hofsjökli, Suðurjöklum (Mýrdalsjökli og Eyjafjallajökli) og á Vatnajökli.

Höfundur fékk afrit af athugasemdinni frá Skipulagi ríkisins, samkvæmt beiðni, enda um opinbert plagg að ræða sem er ekki bundið trúnaði. Athugasemd Hjörleifs er níu og hálf síða. Enginn uppdráttur af hinum hugsanlegu þjóðgörðum er í athugasemdunum.

Í stuttu máli fjallar Hörleifur í athugasemdum sínum fyrst almennt um tillöguna að svæðisskipulagi hálendisins að miðhálendisskipulagi, um þá skoðun hans að hugmyndafræðin að baki skipulaginu sé óskýr, um afmörkun landslagsheilda og flokkun tillagna eftir sýslum, og um verndarheildir og mannvirkjabelti. Þetta er á fyrstu þremur blaðsíðum. Á síðustu fimm og hálfu síðunum eru athugasemdir við ýmislegt sem kemur fram í tillögunni að svæðisskipulaginu, talið upp samkvæmt tölusettum liðum.

Inn á milli þessara þátta er tillaga Hjörleifs til svæðisskipulagsnefndar hálendisins um fjóra þjóðgarða. Þetta er í fimmta kafla athugasemdar hans sem heitir: **5. Þjóðgarðar á Miðhálendinu með jökla sem kjarna**. Þessi kafli er rúmlega ein blaðsíða og er texti hans eftirfarandi (skannað inn af Skipulagi ríkisins):

**5. Þjóðgarðar á Miðhálendinu með jöklana sem kjarna.**

Undirritaður leyfir sér að leggja til að svæðisskipulag Miðhálendisins verði gerð skýrara og markvissara með því að komið verði þar upp þjóðgörðum sem verði burðarásinn í náttúruverndarvæðum á hálendinu. Jöklarnir (Vatnajökull, Tungnafellsjökull, Hofsjökull, Langjökull, Eiríksjökull, og Mýrdalsjökull að meðtöldum Eyjabakkajökli) myndi þar eins konar kjarna sem ríkislendur (almenningar) og þeim tengist síðan náttúruverndarsvæði og verndarsvæði svipað og fram kemur í skipulagstillögunni. Haldið yrði mannvirkjabeltum um Sprengisand og Kjöl eins og tillagan gerir ráð fyrir. Þjóðgarðssvæðin væru þannig að vísu aðgreind en eftir sem áður yrði til geysivíðlendur "Miðhálendisþjóðgarður" og honum tengdust núverandi friðlönd (samkvæmt náttúruverndarlögum) og framtíðar verndarsvæði sem lögð yrðu til hans. Stjórnun þjóðgarðanna yrði á hendi Náttúruverndar ríkisins í samvinnu við ýmsa hlutaðeigandi og þannig mætti tryggja samfellu í stjórnun og eftirliti. Hér verður samhengis vegna dregin upp mynd af þessum þjóðgörðum Miðhálendisins.

5.1 Vatnajökulsþjóðgarður.

Hann tæki yfir Vatnajökul ásamt Öræfajökli og skriðjöklum. Þjóðgarðurinn í Skaftafelli yrði hluti af honum og Esjufjöll sem þegar eru friðlýst. Einnig með samkomulagi fjalllendi ofan byggðar milli skriðjökla allt austur í Lón. Þar tekur við Friðland á Lónsöræfum og kragi norðvestur með jökli til Snæfells og Vesturöræfa. Um síðastnefnda svæðið hefur um skeið legið fyrir fullmótuð tillaga að friðlýsingu. Kringilsárrani er friðland að náttúruverndarlögum, og þaðan teygja sig samkvæmt skipulagstillögunni til vesturs samfelld verndarsvæði allt til Vonarskarðs og Tungnafellsjökuls . Verndarsvæðin við vestanverðan Vatnajökul allt til Eldborgaraða (Lakagíga) ættu að verða hluti þjóðgarðsins sem og fjallendið inn af Núpsstað. Þannig yrði til einn stærsti þjóðgarður Evrópu með jökulinn og nær samfelldan kraga af stórbrotnu landi umhverfis. Honum gæti tengst til norðurs Ódáðahraun samkvæmt sérlögum um Mývatn og Laxá.

5.2 Hofsjökulsþjóðgarður.

Við Hofsjökul bætast m.a. Þjórsársver og samkvæmt skipulagstillögunni belti vestan Þjórsár allt niður í Þjórsárdal. Einnig tengjast honum Kerlingarfjöll og nálæg svæði svo og verndarsvæði austan Hofsjökuls um Háumýrar, meðfram Miklafelli og norður fyrir jökulinn að Laugafelli eða vestur að Tvífelli (Ingólfsskála).

5.3 Langjökulsþjóðgarður.

Langjökull verði kjarninn og umhverfis hann skapast samfellt verndarsvæði samkvæmt skipulagstillögunni með Jarlhettum, Hvítárvatni, Hrútfelli og Þjófadölum norður um Hveravelli. Eiríksjökull og Flosaskarð sem og Geitland, Kaldidalur, Ok og Þórisjökull tengjast þessum stóra þjóðgarði. Til suðvesturs kemur síðan aðliggjandi Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og til norðvesturs Arnarvatnsheiði sem votlendisfriðland.

5.4 Mýrdalsjökulsþjóðgarður og Friðland að Fjallabaki.

Mýrdalsjökull og Eyjafjallajökull ættu að mynda uppistöðu þessa þjóðgarðs með

— 4 —

Þórsmörk norðvestan undir og Emstrur og Mælifellssand norður af. Samkvæmt skipulagstillögunni er með réttu sýnt samfellt náttúruverndarsvæði norður að Torfajökli þar sem við tekur Friðland að Fjallabaki. Tekið er einnig undir þá stefnu samvinnunefndar að færa verndarsvæði út um Tindfjallajökul og Heklu og til norðausturs yfir Veiðivötn, Grænafjallgarð og Eldgjá. *Hins vegar er gerð alvarleg athugasemd við að undanskilja Langasjó með aðliggjandi fjöllum og setja fram þá hugmynd að Skaftá verði veitt inn í Langasjó og þaðan miðlað vatni til Tungnár.* Tengja ætti Vatnajökulsþjóðgarð og Mýrdalsjökulsþjóðgarð með samfelldu verndarsvæði frá Síðumannaafrétti norðvestur um Langasjó og áfram norðvestan Tungnár um Heljargjá og Veiðivatnahraun. Sprungureinar út frá megineldstöðvum undir Vatnajökli og Mýrdalsjökli ná saman á þessu svæði og hvergi í heimi er slíka reglu að finna í goshryggjum frá ísöld og gossprungum frá nútíma og einmitt á þessu svæði.

Sú stefna að gera jökla miðhálendisins og aðliggjandi verndarsvæði að þjóðgörðum fellur mjög vel að meginhugmyndum fyrirliggandi skipulagstillagna. Með því fæst skýr heildarstefna og meiri samfella en ella í skipulagið. Staða verndunar á hálendinu styrkist til muna og gildi Miðhálendisins vex í augum þjóðarinnar og þeirra sem um það ferðast. Með friðlýsingum sem þeim er hér um ræðir mun Ísland verða í fremstu röð þjóða í náttúruvernd. Með framkvæmd þessara hugmynda tækju náttúruverndarsvæði lauslega áætlað til um fjórðungs landsins.

## 3. febrúar 1998

# Þingsályktunartillaga Hjörleifs Guttormssonar um fjóra jöklaþjóðgarða 1998 [DR-HG]

Þann 3. febrúar 1998 lagði Hjörleifur Guttormson, alþingismaður, fram þingsályktunartillögu á Alþingi um þjóðgarða á miðhálendinu. Þessi tillaga var sú sama, alla vega að mestu, og hann hafði komið á framfæri í athugasemdum við skipulagstillögur á hálendinu, í desember árið áður. Að þessu sinni fylgdi með lengri greinargerð og uppdráttur af hinum hugsanlegu fjórum jöklaþjóðgörðum sem hann lagði til, á Langjökli, Hofsjökli, Mýrdalsjökli (ásamt Eyjafjallajökli) og á Vatnajökli.

Tillagan til þingsályktunar fylgir hér á næstu síðum.

Tillaga um stofnun þjóðgarða á Langjökli, Hofsjökli og á Mýrdalsjökli (ásamt Eyjafjallajökli) hafði aldrei komið fram áður samkvæmt því sem höfundur (eða samsetningarmaður) þessa rits veit til. Alla vega hafði engum megin kröftum verið varið í að tala fyrir slíkum hlutum, gegnum tíðina. Þetta var því nýlunda, órökstudd fram að þessu. Hins vegar höfðu verið settar fram viðamiklar tillögur að friðlýsingu Vatnajökuls og nágrennis í eitt, samfellt, friðlýst svæði eða þjóðgarð, á fjórum árum á undan eins og sést á fyrri síðum í þessu hefti. Það var hins vegar ekki á pólitískum vettvangi, heldur á óformlegum vettvangi og komið frá aðila sem hafði engin völd eða áhrif. Sá hafði hins vegar hugmyndaauðgi og framtakssemi. Það var því fróðlegt hvað myndi verða um þessa tillögu.

Þar sem um er að ræða tillögu að stofnun fjögurra þjóðgarða, og engin tilraun í textanum gerð til að draga athygli að Vatnajökli umfram aðra jökla í tillögunni, telst þetta vera dreifð hugmynd.

Í þingsályktunartillögunni segir að „Oft hefur þeirri hugmynd verið hreyft á síðari árum að vernda beri náttúru miðhálendis Íslands með því að lýsa svæðið þjóðgarð í heild sinni eða að stórum hluta. Tillögur hafa þó ekki komið fram um það efni á Alþingi eða frá yfirstjórn náttúruverndarmála."

Taka má fram að stofnun þjóðgarðs krefst þess að landið sé að mestu í eigu þjóðarinnar, eða ríkisins, (því nafnið þjóðgarður). Frá landnámi hafði enginn slegið eign sinni á mest af hálendinu, og það var því einskismanns land. Það þýddi einnig að landið var ekki í eigu ríkisins, og því ekki lögformlega hægt að stofna þjóðgarð. Með þjóðlendulögum sem samþykkt voru árið 1997 opnaðist hins vegar möguleiki á að ríkið myndi eignast land á hálendinu og undir jöklum. Lögformlega myndi því verða hægt að stofna þjóðgarð á Vatnajökli eða öðrum jöklum, þegar það væri gengið í gegn.

122. löggjafarþing 1997–98.
Þskj. 727 – 406. mál.

# Tillaga til þingsályktunar

um þjóðgarða á miðhálendinu.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson.

Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að láta undirbúa, í samvinnu við skipulagsyfirvöld og hugsanlega rétthafa, stofnun fjögurra þjóðgarða á miðhálendi Íslands er hafi innan sinna marka helstu jökla og aðliggjandi landsvæði. Ráðherra kynni Alþingi stöðu málsins á vorþingi 1999 og stefnt verði að formlegri stofnun þjóðgarðanna árið 2000.

## Greinargerð.

**Þjóðgarðar á miðhálendinu.**

Oft hefur þeirri hugmynd verið hreyft á síðari árum að vernda beri náttúru miðhálendis Íslands með því að lýsa svæðið þjóðgarð í heild sinni eða að stórum hluta. Tillögur hafa þó ekki komið fram um það efni á Alþingi eða frá yfirstjórn náttúruverndarmála. Ýmislegt sem tengist hugmyndinni hefur þótt óljóst, þar á meðal mörk miðhálendisins og eignar- og stjórnsýsluréttur á einstökum hlutum þess. Þessi óvissuatriði eru nú smám saman að skýrast fyrir atbeina Alþingis og annarra stjórnvalda, að sveitarfélögum meðtöldum. Samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálendis Íslands skilaði í maí 1997 tillögu að svæðisskipulagi fram til ársins 2015, ný skipulags- og byggingarlög voru samþykkt vorið 1997 (lög nr. 73/1997) og fyrir Alþingi (122. löggjafarþingi) liggur stjórnarfrumvarp um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta (367. mál) og frumvarp til sveitarstjórnarlaga (288. mál) sem gerir ráð fyrir að lögfest verði stjórnsýslumörk sveitarfélaga inn til landsins.

Í ljósi þessa þykir nú tímabært að leggja fram þá tillögu til þingsályktunar sem hér er flutt um stofnun fjögurra þjóðgarða á miðhálendinu. Þjóðgarðarnir verði burðarásinn í náttúruverndarsvæðum á hálendinu. Helstu jöklar miðhálendisins, Vatnajökull, Hofsjökull, Langjökull og Mýrdalsjökull, og minni jöklar eins og Tungnafellsjökull, Eiríksjökull og Eyjafjallajökull, myndi eins konar kjarna þjóðgarðanna sem ríkislendur (almenningar). Jöklunum tengist síðan náttúruverndarsvæði og önnur verndarsvæði sem sumpart eru þegar friðlýst á grundvelli laga og hugmyndir liggja fyrir um í tillögu að svæðisskipulagi.

Eins og í tillögu samvinnunefndar að svæðisskipulagi miðhálendisins er hér gert ráð fyrir mannvirkjabeltum og samgönguleiðum um Sprengisand og Kjöl sem greindu að þjóðgarðssvæðin og skil væru um Fjallabaksveg nyrðri milli Mýrdals- og Vatnajökulsþjóðgarðs. Þrátt fyrir þetta yrðu til víðlendir þjóðgarðar á miðhálendinu og þeim gætu tengst núverandi friðlönd að náttúruverndarlögum og framtíðarverndarsvæði sem lögð yrðu til þeirra.

Brýnt er að fólk á þeim svæðum sem liggja að miðhálendinu líti á stofnun þjóðgarðanna sem jákvæða aðgerð og komi að undirbúningi hennar og eigi hlut í stjórnun svæðanna. Því ber að leggja áherslu á nána samvinnu stjórnvalda við heimaaðila, hlutaðeigandi skipulagsyfirvöld og hugsanlega rétthafa við undirbúning málsins. Umhverfisráðherra felur að líkindum Náttúruvernd ríkisins að sjá um undirbúning fyrir hönd ráðuneytisins og stofnunin færi með umsjá þjóðgarðanna í samvinnu við ýmsa hlutaðeigandi svo sem lög heimila. Þannig mætti tryggja samfellu og samvinnu um stjórnun og eftirlit með náttúruverndarsvæðum miðhálendisins.

**Stórbrotin og einstæð náttúra.**

Miðhálendi Íslands á hvergi sinn líka. Þar er Vatnajökull, stærsti jökull Evrópu, og þrír aðrir stórir hveljöklar auk nokkurra minni. Þessum jöklum tengist eldvirkni og jarðhiti á yfirborði. Mið-Atlantshafshryggurinn liggur frá suðvestri norður yfir hálendið. Hryggnum tengjast tvö gosbelti og er jarðfræðilegt eðli hans allt annað en meginlanda. Ísland er langstærsta eyjan sem upp af honum rís. Jarðskorpan er samsett af flekum sem myndast á úthafshryggjunum. Tveir slíkir flekar, Norður-Ameríkufleki og Evrasíufleki, koma saman við gosbeltin hér á landi og rekur hvorn frá öðrum um 2 cm á ári. Hvergi er landrek eða gliðnun jafnvel sýnileg og aðgengileg og hérlendis. Svipað á við um jökulmyndanir á hálendinu, við jaðra núverandi jökla og í jökulskerjum. Samspil jarðelds og íss eru stórbrotin og uppspretta gífurlegra náttúruhamfara sem skollið geta á þá minnst varir. Þessar fágætu aðstæður auka mjög á aðdráttarafl landsins og miðhálendisins sérstaklega. Við þetta bætast auðnir og ósnortin víðerni sem flest er að finna í grennd jöklanna.

Þessa gersemi ber Íslendingum að varðveita og vernda sjálfra sín vegna og í alþjóðaþágu. Það verður best gert með hyggilegu verndarskipulagi. Nú er í fyrsta sinn unnið að svæðisskipulagi miðhálendisins og því kjörið tækifæri að móta slíka verndarstefnu. Fyrirliggjandi þingsályktunartillaga tekur í meginatriðum mið af þeim áherslum er fram komu í maí 1997 í tillögu samvinnunefndar um svæðisskipulag miðhálendis Íslands til ársins 2015. Til viðbótar þeirri stefnu sem þar er mörkuð er með þingsályktunartillögu þessari bent á æskilegar leiðir til að tryggja verndun stórs hluta miðhálendisins um langa framtíð með því að stofna þar til þjóðgarða og tengja við þá önnur náttúruverndarsvæði.

**Þjóðgarðar og löggjöf um náttúruvernd.**

Tillaga þessi gerir ráð fyrir að stofnaðir verði fjórir stórir þjóðgarðar á miðhálendinu og verði jöklar og aðliggjandi landsvæði kjarninn í hverjum þeirra. Samkvæmt alþjóðlegri hefð sem á uppruna sinn í Bandaríkjum Norður-Ameríku og mótast hefur frá því á 19. öld er litið á þjóðgarða sem víðlend og verðmæt náttúruverndarsvæði á landi í ríkiseign. Kröfur til verndunar eru almennt miklar í þjóðgörðum, en jafnframt er gert ráð fyrir að fólki sé leyft að njóta náttúru þeirra „að svo miklu leyti og á þann hátt sem skili þeim óspilltum og til yndisauka fyrir ókomnar kynslóðir“ svo vitnað sé til bandarísku þjóðgarðalaganna.

Í lögum um náttúruvernd nr. 93/1996 segir um stofnun þjóðgarða í 29. gr.:

„Umhverfisráðherra getur, að fengnum tillögum eða áliti Náttúruverndar ríkisins, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Náttúruverndarráðs, lýst landsvæði þjóðgarð, enda sé það sérstætt um landslag, gróðurfar eða dýralíf eða á því hvílir söguleg helgi þannig að ástæða sé til að varðveita það með náttúrufari sínu og leyfa almenningi aðgang að því eftir tilteknum reglum.

Landsvæði þjóðgarða skulu vera í ríkiseign, nema sérstakar ástæður mæli með öðru og um það náist samkomulag milli umhverfisráðherra og landeigenda.

Ráðherra er heimilt að stofna ráðgjafarnefnd með þátttöku hlutaðeigandi sveitarstjórna til að fjalla um rekstur og skipulag þjóðgarða.

Umhverfisráðherra setur, að fenginni tillögu Náttúruverndar ríkisins, reglugerð um meðferð og rekstur þjóðgarða og umgengni almennings.“

Nánar er kveðið á um framkvæmd friðlýsingar í 33. gr. náttúruverndarlaga og um umsjón og rekstur friðlýstra svæða í 6. og 7. gr. sömu laga.

Samkvæmt þessu er hérlendis gengið út frá því sem aðalreglu að land þjóðgarða sé í ríkiseign, en jafnframt megi með samkomulagi leggja til þjóðgarða land þótt í einkaeign sé. Þá fer og vel á því að önnur verndarsvæði, til dæmis friðlönd skv. 28. gr. laga um náttúruvernd, liggi að þjóðgörðum og myndi með þeim stjórnunarlega heild samkvæmt skipulagi.

Á slíkt fyrirkomulag getur einmitt reynt í mörgum tilvikum í tengslum við þá þjóðgarða sem hér er gerð tillaga um.

Almennt hefur verið litið svo á að jöklar falli undir hugtakið almenningur að fornum lögum, og raunar með ótvíræðari hætti en önnur landsvæði. Í frumvarpi til laga um þjóðlendur, sem lagt var fyrir 121. þing og endurflutt á 122. þingi (367. mál), segir m.a. í greinargerð að „jöklar sem ekki teljast innan eignarlanda, falli undir flokk þjóðlendna". (bls. 7). Þannig lítur flutningsmaður svo á að hinir stóru jöklar miðhálendisins fullnægi ótvírætt lagakröfunni um ríkiseign þegar um stofnun þjóðgarðs er að ræða og svo er að líkindum einnig um mörg stór óbyggðasvæði hið næsta þeim. Í ýmsum tilvikum er hins vegar nauðsynlegt að samkomulag sé gert við viðkomandi sveitarfélög og/eða landeigendur þá ákvörðuð eru mörk verndarsvæða í grennd jöklanna, einkum þar sem þeir liggja nærri byggð.

**Verndarskipulag þarf að ná til jöklanna.**

Mörg og sterk rök má færa fyrir því að setja beri jökla landsins undir verndarskipulag. Jöklarnir eru í hugum margra tákn hins ósnortna og yfir þeim hvílir dulúð og upphafning. Þeir eru snar þáttur í náttúrufari landsins og bakhjarlinn í vatnakerfum þess, bæði jökulfljóta, lindáa og grunnvatns á stórum svæðum. Vatnsvernd og verndun á hreinleika jöklanna eru því samofnar og hafa í senn heilbrigðislegt og hagrænt gildi.

Jöklar eru sífelldum breytingum háðir vegna sveiflna í veðurfari og loftslagi. Mest gætir þessara breytinga við jökuljaðrana, einkum í grennd skriðjökla. Þar er að finna minjar um framgang og hop jökla, sumpart frá löngu liðnum tíma. Jöklar hafa verið mikilvirkasti þátturinn í landmótun á Íslandi frá því ísöld gekk í garð og í grennd þeirra er víða stórfellt rof og hrikalegt landslag. Í jöklunum er að finna heimildir um loftslagssögu liðinna alda og gjóskulög sem vitna um eldgos langt aftur í aldir. Íslenskir jöklar eru þannig viðfangsefni margháttaðra vísindarannsókna og auka skilning manna í suðlægari löndum á ísaldarskeiðum jarðsögunnar.

Jöklar draga að sér ferðamenn í síauknum mæli og eru að verða mikilvægur þáttur í ferðaþjónustu sem atvinnugrein hér á landi. Jafnhliða því sem nýta ber þá fjölmörgu kosti sem tengjast ferðum á jöklum og í grennd þeirra er brýnt að setja um þær reglur sem tryggja náttúruvernd og varðveislu á hreinleika og eftirsóttum eigindum ferða um jökla og nálæg víðerni. Jafnframt þarf að skýra réttarstöðu þeirra sem standa fyrir ferðum á jöklum og stuðla að öryggi ferðamanna. Allt þetta og fleira ótalið kallar á náttúruvernd og skipulag umferðar á jöklum miðhálendisins. Með því að gera þá að kjarna í þjóðgörðum er lögð áhersla á þýðingu þeirra og nærliggjandi svæða í náttúruvernd og ferðaþjónustu og leitast við að tryggja að Íslendingar og aðrir fái notið þeirra óspilltra til yndisauka um langa framtíð.

**Þjóðgarðarnir fjórir — stærð og ábendingar um afmörkun.**

Til glöggvunar verða þjóðgarðarnir fjórir, sem hér eru gerðar tillögur um, kenndir við stærstu jöklana innan hvers þeirra, þ.e. Vatnajökul, Hofsjökul, Langjökul og Mýrdalsjökul. Eðlilegt er að stjórnun þeirra og eftirlit með þeim verði samhæfð af hálfu ríkisins í samstarfi við aðra hlutaðeigandi. Samtals er það landsvæði sem þeir tækju yfir, um 22 þúsund ferkílómetrar. Hér fer á eftir yfirlit um hugsanlega afmörkun hvers þeirra og tengsl við aðliggjandi verndarsvæði (sjá einnig uppdrátt á fylgiskjali).

*Vatnajökulsþjóðgarður.*

Flatarmál hans gæti orðið um 15 þúsund ferkílómetrar, en hluti þess er þegar þjóðgarður (Skaftafell), eða friðlýst samkvæmt öðrum reglum (Lónsöræfi, Kringilsárrani, Eldborgaraðir

[Lakagígir], Esjufjöll). Þá eru stór svæði innan marka að auki á opinberri náttúruminjaskrá, það eru svæði númer 635, 633, 654, 631, 627, 616, 615, 614, 613, 517 og 516/702, sbr. sjöundu útgáfu náttúruminjaskrár Náttúruverndarráðs 1996. Innan þjóðgarðsins yrði Vatnajökull með skriðjöklum og landsvæði og markalínur utan jökuls í aðalatriðum eins og lýst er hér á eftir, sbr. uppdrátt.

Sunnan jökuls er þjóðgarðurinn í Skaftafelli og Núpsstaður sem afar æskilegt er að verði hluti þjóðgarðs en jörðin er nú á náttúruminjaskrá (701). Að öðru leyti yrði í aðalatriðum fylgt hálendislínunni til austurs eins og hún er dregin á tillögu samvinnunefndar um svæðisskipulag til 2015. Þannig yrðu innan þjóðgarðsmarka m.a. Breiðamerkurfjall, Suðursveitarfjöll, Heinabergsfjöll og fjalllendi við Viðborðsdal, Hoffellsjökul og Lambatungnajökul.

Austan og norðaustan Vatnajökuls kæmu innan marka Hoffellslambatungur, friðland á Lónsöræfum með hugmynd að stækkun, Geldingafell og innanvert Múlahraun, svo og Eyjabakkar, sbr. tillögu um svæðisskipulag til ársins 2015.

Norðan Vatnajökuls yrðu innan marka Snæfellssvæði og Vesturöræfi, Kringilsárrani og Kverkárnes, friðland í Hvannalindum, Fagradalsfjall, Grágæsadalur og Fagridalur, Kverkfjöll og Kverkfjallarani. Vestan Jökulsár á Fjöllum er gert ráð fyrir markalínu um Vaðöldu, milli Dyngjufjalla og Trölladyngju um Þríhyrning vestur í Fjórðungsöldu.

Vestan og suðvestan Vatnajökuls yrði markalína frá Fjórðungsöldu vestan Tungnafellsjökuls, um Krosshnjúka (1.258 m), Skerðing (1.137 m), Vatnsleysuöldur (867 m), Helgrindur (831 m), Þóristind (822 m) og í Tungná við Vesturbjalla (706 m). Þaðan upp með Tungná að Austurbjöllum (805 m). Frá Austurbjöllum skammt norðan við Fjallabaksveg nyrðri og mörk Friðlands að Fjallabaki austur fyrir Eldgjá. Frá Eldgjá (Hólaskjóli) lína austur í Skaftá. Áfram austur sunnan Eldborgaraða (Lakagíga) og Galta að Hverfisfljóti. Sunnan Síðujökuls sunnan við fremstu menjar um framhlaup á nútíma, um Langasker (624 m), Rauðhóla (768 m) og í hnjúk 816 m við Gæsabringur.

*Hofsjökulsþjóðgarður.*

Stærð hans er áætluð 2.230 ferkílómetrar. Innan þjóðgarðs kæmi allur Hofsjökull með skriðjöklum. Friðland í Þjórsárverum yrði hluti af þjóðgarðinum, sem og Kerlingafjöll sem nú eru á náttúruminjaskrá (732).

Að öðru leyti fylgdu þjóðgarðsmörkin í aðalatriðum markalínu sem hugsast dregin sem hér segir. Sunnan jökuls við mörk dökkgræns svæðis á skipulagsuppdrætti 2015 (tillaga að svæðisskipulagi) þannig að innan þjóðgarðs yrðu Kerlingafjöll og Þjórsárver. Austan jökuls lína við austurmörk ljósgræns svæðis á skipulagsuppdrætti 2015 að Laugafelli (879 m). Norðan jökuls lína frá Laugafelli í Sátu (941 m) og þaðan í Bláfell (826 m) norðvestan Hofsjökuls. Vestan Hofsjökuls lína frá Bláfelli (826 m) um Hrygg (685 m), Fjórðungsöldu (653 m) og í Hnappöldu (764 m).

*Langjökulsþjóðgarður.*

Stærð Langjökulsþjóðgarðs er áætluð um 2.500 ferkílómetrar. Innan marka hans væru Langjökull, Þórisjökull og Eiríksjökull með skriðjöklum. Friðland í Geitlandi ætti að tengjast þjóðgarðinum, sem og núverandi náttúruvætti á Hveravöllum. Svæði, sem nú eru á náttúruminjaskrá eins og Hvítárnes (734), Þjófadalir og Jökulkrókur (733), féllu innan þjóðgarðsins. Aðliggjandi til norðvesturs en utan þjóðgarðsins yrðu Arnarvatnsheiði og Tvídægra (209/401) sem sérstök náttúruverndarsvæði, sem og Húsafell (206) til vesturs. Til suðvesturs tæki við þjóðgarðurinn á Þingvöllum og þá miðað við að hann verði stækkaður norðaustur fyrir Skjaldbreið.

5

Að öðru leyti eru mörk Langjökulsþjóðgarðs hugsuð sem hér segir: Að sunnan markalína skammt norðan línuvegar milli Skjaldbreiðs/Hlöðufells og Langjökuls. Að austan lína frá Móskarðsfjalli (593 m) norðan Sandvatns austur að vegi um um Bláfellsháls (Kjalvegi). Með Kjalvegi að Hvítárbrú og áfram norður á móts við Sandkúlufell.

Mörk að norðan væru frá Sandkúlufelli (847 m) lína um Lyklafell (977 m), Guðnahæð (625 m), norðvesturenda Eiríksgnípu suðvestur í Strút (937 m). Mörk að vestan væru lína úr Strút (937 m) suður að Kaldadalsvegi, vestan Geitlands og með Kaldadalsvegi suður undir raflínuslóð nálægt vegamótum við Uxahryggjaveg.

*Mýrdalsjökulsþjóðgarður.*

Stærð Mýrdalsjökulsþjóðgarðs er áætluð um 3.100 ferkílómetrar. Innan hans lægju Mýrdalsjökull með skriðjöklum, svo og Eyjafjallajökull, Torfajökull og Tindfjallajökull. Eðlilegt væri að Friðland að Fjallabaki yrði innan þjóðgarðsins. Þá er gert ráð fyrir að náttúruverndarsvæði við Heklu (730), svo og Emstrur og Fjallabak (761), yrðu hluti af þjóðgarðinum, sem og Þórsmörk (714) og Eldgjá (706) sunnan Fjallabaksvegar nyrðri.

Að öðru leyti yrðu þjóðgarðsmörkin í aðalatriðum dregin sem hér segir: Að sunnan um undirhlíðar Mýrdalsjökuls og Eyjafjallajökuls, að gerðu samkomulagi við rétthafa. Að austan væru mörk á vestanverðum Mýrdalssandi, t.d. austan Hafurseyjar í Einhyrning (694 m). Frá Einhyrningi norðnorðaustur að Hólaskjóli (sjá uppdrátt af svæðisskipulagi 2015). Mörk að norðan væru í vestur frá Hólaskjóli sunnan Fjallabaksvegar nyrðri að Tungná á móts við Austurbjalla. Þaðan með mörkum Friðlands að Fjallabaki í Stóra-Mælifell. Frá Stóra-Mælifelli í Valafell (649 m) og áfram í Þjórsá við Árskóga. Mörk að vestan fylgi fyrst Þjórsá suður frá Árskógum og eftir markalínu um dökkgrænt svæði á skipulagstillögu 2015 vestan Heklu, Selsundsfjalls og Tindfjallajökuls að Fljótsdal inn af Fljótshlíð; þaðan suður í mörk vestan Eyjafjallajökuls.

Með tilkomu þeirra þjóðgarða sem hér er gerð tillaga um kæmust Íslendingar í fremstu röð þjóða að því er varðar náttúruvernd. Sú verndarstefna sem margir hafa lýst eftir varðandi miðhálendið fengi á sig skýra og fastmótaða mynd. Jöklum miðhálendisins væri lyft á þann stall sem þeir verðskulda og aðdráttarafl og gildi óbyggðanna yrði meira en áður í hugum manna. Fyrir þjóð sem ætlar sér stóran hlut í ferðaþjónustu er mikið í húfi að vernda náttúru landsins, ekki síst jarðsögulegar minjar og víðerni og jökla hálendisins.




*Bls. 6-7. Kort af jöklaþjóðgörðunum fjórum.*

Þingsályktunartillögu Hjörleifs var dreift þann 3. febrúar eins og áður sagði. Yfirlit yfir ferli málsins á Alþingi er að finna á slóðinni http://www.althingi.is/dba-bin/ferill.pl?ltg=122&mnr=406.

Þingsályktunartillagan var tekin til umræðu á Alþingi þann 5. febrúar 1998 kl. 18:37, og stóð umræðan yfir til klukkan 19:09, og stóð því yfir í 32 mínútur. Hjörleifur Guttormsson fylgdi tillögunni úr hlaði. Guðmundur Bjarnason tók til máls, og lýsti yfir ánægju með tillöguna. Hjörleifur Guttormsson kom svo í pontu aftur og svaraði fyrir sitt leiti. Tal þeirra tveggja fyllir sjö blaðsíður A4.

Hér er birt ræða Hjörleifs Guttormssonar þar sem hann fylgdi tillögu sinni úr hlaði. Annars verður að mestu vísað í umræður um tillöguna með tenglum á vef Alþingis, enda er um talað mál að ræða, og er líklega betra að vísa í þær frekar en að prenta hér í fullri lengd:

Hjörleifur Guttormsson:

> „Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. forseta fyrir að taka þetta mál fyrir á þessum fundi. Það er nýlega fram komið í þinginu, þessi till. til þál. um þjóðgarða á miðhálendinu. Ég vil leyfa mér að lesa tillögutextann, með leyfi forseta:
>
> ,,Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að láta undirbúa, í samvinnu við skipulagsyfirvöld og hugsanlega rétthafa, stofnun fjögurra þjóðgarða á miðhálendi Íslands er hafi innan sinna marka helstu jökla og aðliggjandi landsvæði. Ráðherra kynni Alþingi stöðu málsins á vorþingi 1999 og stefnt verði að formlegri stofnun þjóðgarðanna árið 2000.``

Þetta er tillögugreinin. Tillögunni fylgir greinargerð og sérstakur uppdráttur sem fylgiskjal til glöggvunar á tillöguflutningnum. Þar eru lauslega dregin hugsanleg mörk umræddra þjóðgarða og þeirra svæða sem þeim gætu tengst í nágrenni umræddra jökla.

Ástæður fyrir því að þessi tillaga kemur nú fram eru kannski fleiri en ein. En það sem hvatti flutningsmann þó mjög til að leggja málið fram var sú tillaga að svæðisskipulagi fyrir miðhálendi Íslands sem kynnt hefur verið og lá frammi til umsagnar til 10. desember sl. Í athugasemdum mínum við það svæðisskipulag sem ég kom á framfæri við samvinnunefndina vék ég að því máli sem hér er reifað sem þingmál, að vænlegt væri til árangurs sem vinnuaðferð, að koma á fót þjóðgörðum sem tækju til helstu jökla miðhálendisins og aðliggjandi svæða. Eftir að ég hafði rætt þetta mál við nokkra aðila fann ég að hljómgrunnur var fyrir því að skoða verndun á miðhálendinu út frá því sjónarmiði sem hér er lagt til.

Vissulega geri ég ráð fyrir því að talsverð umræða og athugun þurfi að fara fram áður en slík tillaga fær afgreiðslu. Ég lít því á það sem vænlega aðferð að þessi tillaga sem ég legg til að verði vísað til hv. umhvn. þingsins, verði send út til umsagnar. Ég er reiðubúinn til þess að endurskoða eða endurmeta málið út frá undirtektum, en jafnframt leita frekara fylgis á Alþingi við þá meginhugsun sem sett er fram í tillögunni. Þá geri ég ráð fyrir því að tillagan, verði hún ekki samþykkt á þessu þingi sem ég geri vart ráð fyrir að svigrúm verði til eða aðstæður, yrði endurflutt í byrjun næsta þings og þá hugsanlega breytt í ljósi þeirra ábendinga sem fram koma í þinginu og athugasemda þeirra sem umsögn gefa.

Gert er ráð fyrir samkvæmt tillögunni að stofnaðir verði fjórir þjóðgarðar á miðhálendinu og verði jöklar og aðliggjandi svæði kjarninn í hverjum þeirra. Samkvæmt alþjóðlegri hefð sem á uppruna sinn í Bandaríkjum Norður-Ameríku og mótast hefur frá því á 19. öld er litið á þjóðgarða sem víðlend og verðmæt náttúruverndarsvæði á landi í ríkiseign. Við Íslendingar höfum tekið upp þessa stefnu sem endurspeglast m.a. í friðlýsingu í Skaftafelli þar sem stofnað var til þjóðgarðs 1967 og í stofnun þjóðgarðs í Jökulsárgljúfrum að náttúruverndarlögum nokkru síðar.

Kröfur til verndunar eru almennt miklar í þjóðgörðum, en jafnframt er gert ráð fyrir að fólki sé leyft að njóta náttúru þeirra ,,að svo miklu leyti og á þann hátt sem skili þeim óspilltum og til yndisauka fyrir ókomnar kynslóðir`` svo vitnað sé til bandarísku þjóðgarðalaganna.``

Í okkar náttúruverndarlöggjöf, nr. 93/1996, er kveðið á um skilyrði varðandi stofnun þjóðgarða í 29. gr. Ég tel rétt að lesa þá grein hér upp, með leyfi forseta, en þar stendur:

,,Umhverfisráðherra getur, að fengnum tillögum eða áliti Náttúruverndar ríkisins, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Náttúruverndarráðs, lýst landsvæði þjóðgarð, enda sé það sérstætt um landslag, gróðurfar eða dýralíf eða á því hvílir söguleg helgi þannig að ástæða sé til að varðveita það með náttúrufari sínu og leyfa almenningi aðgang að því eftir tilteknum reglum.

Landsvæði þjóðgarða skulu vera í ríkiseign, nema sérstakar ástæður mæli með öðru og um það náist samkomulag milli umhverfisráðherra og landeigenda.

Ráðherra er heimilt að stofna ráðgjafarnefnd með þátttöku hlutaðeigandi sveitarstjórna til að fjalla um rekstur og skipulag þjóðgarða.

Umhverfisráðherra setur, að fenginni tillögu Náttúruverndar ríkisins, reglugerð um meðferð og rekstur þjóðgarða og umgengni almennings.``

Þetta er 29. gr. laganna, en nánar er kveðið á um framkvæmd friðlýsingar í 33. gr. náttúruverndarlaga og um umsjón og rekstur friðlýstra svæða í 6. og 7. gr. sömu laga.

[18:45]

Ég legg áherslu á það við flutning þessa máls að ekki aðeins æðstu stjórnvöld náttúruverndarmála, hæstv. umhvrh., Náttúruvernd ríkisins og fleiri sem vísað er til í lögunum komi að þessu máli heldur tel ég brýnt að fólk á þeim svæðum sem liggja að miðhálendinu líti á stofnun þjóðgarðanna sem jákvæða aðgerð og komi að undirbúningi hennar og eigi hlut í stjórnun svæðanna. Því ber að leggja áherslu á nána samvinnu stjórnvalda við heimaaðila, hlutaðeigandi skipulagsyfirvöld og hugsanlega rétthafa við undirbúning málsins.

Ég vek athygli á því og vísa þá til uppdráttar og nánari lýsingar á hugsanlegri afmörkun umræddra þjóðgarða að að hluta til liggja þessi mörk að heimalöndum jarða. Það á m.a. við um svæðin við sunnanverðan Vatnajökul og sunnanverðan Mýrdalsjökul og Eyjafjallajökul svo dæmi séu tekin. Það eru kannski aðalsvæðin þar sem svona hagar til. Í þessum efnum reynir að sjálfsögðu, þegar kemur að svæðinu utan sjálfra jöklanna, á samkomulag við heimamenn og rétthafa og verður ekki lengra gengið en samkomulag næst um.

Auðvitað má hugsa sér, og það er tekið fram í greinargerð með tillögunni og kemur fram í uppdrætti, að einstök svæði hljóti verndun samkvæmt öðrum ákvæðum náttúruverndarlaga en greininni um þjóðgarða en verði samt með vissum hætti felld að þjóðgörðunum sjálfum og gætu notið þess hagræðis að umsjón væri samræmd og yrðu þá hluti af umsjón þjóðgarðanna með nánara samkomulagi. Það tel ég að komi fyllilega til álita. Svo hagar til að sum þeirra svæða sem eru í nágrenni við stóru jöklana hafa einmitt verið sett á náttúruverndarskrá eða verið friðlýst beint. Dæmi um slíkt er friðland á Lónsöræfum eða í Stafafellsfjöllum, Kringilsárrani og Hvannalindir norðan Vatnajökuls. Þetta eru dæmi. Sama gildir um Eldborgaraðir sem almennt eða oftast eru kallað Lagagígar, en hér er fylgt málvenju heimamanna í nafngift. Einnig má nefna Þjórsárver við sunnanverðan Hofsjökul sem er þegar friðlýst svæði.

Með þeirri gjörð sem hér er gerð tillaga um væri verið að tryggja og ákvarða betur en nú er, verndun á stórbrotinni og einstæðri náttúru sem tengist jöklum miðhálendisins og næsta nágrennis þeirra. Jöklarnir sjálfir verðskulda að sjálfsögðu vernd og þarf að hafa uppi ákveðnar reglur í sambandi við meðferð þeirra. Ég vek athygli á því að jöklarnir eru bakhjarl í vatnsbúskap landsins á vissan hátt, jafnt vatni á yfirborði sem og grunnvatni sem sumpart kemur fram í lindám þannig að af þeim sökum er að sjálfsögðu skylt að tryggja hreinleika þessara svæða þannig að þau mengist ekki af gáleysi eða vegna mannanna tilverknaðar. Einnig eru þessi svæði í vaxandi mæli með mikið aðdráttarafl fyrir ferðaþjónustu og nú þegar að nokkru leyti nýtt af aðilum í ferðaþjónustu. Við þá þarf að sjálfsögðu að leita samkomulags í sambandi við þessi mál sem hér er gerð tillaga um og gildir það um þá sem aðra sem teljast ljóslega rétthafar.

Ég vek einnig athygli á því að jöklar landsins eru það afl sem hefur verið mikilvirkast í landmótun hérlendis eftir að ísöld gekk í garð eða það tímabil sem við köllum einu nafni ísöld og hófst hér fyrir nokkrum milljónum ára. Algeng viðmiðun er fyrir rösklega 3 millj. ára, en kannski var hún hafin að einhverju leyti nokkru fyrr en það tímatal segir til um. Það er því engin tilviljun að í nágrenni jöklanna er að finna bæði stórbrotið land vegna rofs og veðrunar en einnig mjög verðmætar minjar um landmótun sem vekja hvarvetna athygli þeirra sem fást við jarðfræðileg efni. Hér á Íslandi er að finna í náttúru landsins og ekki síst á miðhálendinu sýnishorn af aðstæðum sem ríktu sunnar í Evrópu og annars staðar en á Íslandi, á Norðurlöndum, suður af Þýskalandi og víðar og einnig er að finna í Norður-Ameríku, leifar af samspili jökla ísaldarskeiðanna og landsins sem var sunnan þeirra. Það

er því eðlilegt að sjónir manna beinast að Íslandi þar sem þessar myndanir er að finna og þær liggja fyrir eins og kennslubók, opin bók til skoðunar og rannsókna.

Ferðaþjónustan er orðinn gildur þáttur í búskap okkar Íslendinga. Við þurfum að huga mjög vandlega að því að tryggja undirstöðu undir þá mikilvægu atvinnugrein. Það er alveg ljóst að náttúra landsins er aðalaðdráttaraflið fyrir þá sem sækja okkur heim og eins fyrir okkur Íslendinga sem ferðast um okkar land. Það fer því mjög vel á því og væri tvímælalaust til mikils stuðnings við þessa atvinnugrein, að stofnað væri til þjóðgarða eins og hér er gerð tillaga um og því er ástæða til þess að hvetja til þess að ráðist verði í slíkt við fyrstu hentugleika og það færi mjög vel á því að til slíkrar stofnunar þjóðgarða kæmi einmitt í tilefni komandi aldamóta þó ég geri mér ljóst að tíminn fram að þeim er ekki langur.

Ég legg líka áherslu á að auðvitað koma upp álitaefni í sambandi við þetta mál. Auðvitað er um að ræða hagsmuni af ýmsum toga sem tengjast þeim svæðum sem hér er gerð tillaga um. Á þá er að sjálfsögðu rétt og skylt að líta og meta. En þá verða menn einnig að fara yfir málin með opnum huga og gæta þeirra verðmæta sem við þurfum að gæta, gæta þess að þeim verði ekki spillt með mannlegum athöfnum og vera mjög gætnir þegar um er að ræða breytingu og röskun á þeim víðernum sem tengjast víða jöklum landsins og öðrum svæðum sem skylt er að vernda. Þó hér sé fyrst og fremst hugað að nágrenni stóru jöklanna, þá tek ég fram að auðvitað þarf að skoða allt hálendið eins og landið allt út frá verndunarsjónarmiði til viðbótar við það sem hér er lagt til.“

Ræðan er á slóðinni http://www.althingi.is/altext/122/02/r05183809.sgml

Guðmundur Bjarnason, þáverandi umhverfisráðherra, fór í pontu og sagði meðal annars að hann teldi tillöguna allrar athygli verða, og var hann sammála flutningsmanni tillögunnar að nauðsynlegt væri að gæta að því hvernig Íslendingar umgengjust náttúruna. Einnig minntist hann á ferðamennsku, nefnd um ósnortin víðerni og (þá) nýstofnaðan þjóðgarð Snæfellsjökul. Ræða Guðmundar er annars í fullri lengd á vef Alþingis: http://www.althingi.is/altext/122/02/r05185344.sgml

Þá fór Hjörleifur Guttormsson aftur í pontu og sagði meðal annars, að sú hlið tillögunnar sem sneri að stofnun fjögurra þjóðgarða væri meðal annars vegna áherslu tillögu að skipulagi hálendisins um mannvirkjabelti. Ræðu Hjörleifs er einnig að finna í fullri lengd á vef Alþingis: http://www.althingi.is/altext/122/02/r05190226.sgml

Tillagan var tekin til atkvæðagreiðslu þann 9. Febrúar, og var samþykkt með 62 atkvæðum að vísa henni til umhverfisnefndar Alþingis.

Umhverfisnefnd sendi svo beiðnir um umsagnirvið þingsályktunartillöguna, til ýmissa hagsmunaaðila innanlands. Þetta var gert þann 16. febrúar.

Umsagnir bárust frá 32 aðilum á næstu vikum eða mánuðum. Engin umsagnanna minntist á Vatnajökul, og engin þeirra snerist þar með um Vatnajökul. Því er því sleppt að birta afrit af neinni umsagnanna hér í þessari bók.

**Október 1998**

## Umræða í þingsal á Alþingi um þingsályktunartillögu Hjörleifs Guttormssonar [DR-HG&ALÞ]

Þingsályktunartillaga Hjörleifs Guttormssonar var tekin til umræðu á Alþingi þann 22. október 1998, þá var komið 123. Þing Alþingis. Yfirlit yfir málsmeðferðina frá 6. október þegar tillögunni var dreift, og til 9. mars 1999 er á vef Alþingis: http://www.althingi.is/dba-bin/ferill.pl?ltg=123&mnr=16.

Í þessari fyrri umræðu töluðu Hjörleifur Guttormsson, þingflokki vinstri óháðra, og Össur Skarphéðinsson, Samfylkingu, sem lýsti yfir stuðningi við málið. Fyrri umræðan stóð samanlagt í 14 mínútur, eða að meðaltali þrjár og hálf mínúta hver ræða.

Hjörleifur Guttormsson var frummælandi og sagði meðal annars að margir af umsagnaraðilum hefðu lýst stuðningi við tillöguna. Fór hann því næst í gegnum nokkur atriði úr þeim umsögnum. Öll ræðan er á http://www.althingi.is/altext/123/10/r22184904.sgml.

Össur Skarphéðinsson tók þvínæst til máls og sagðist hann m.a. telja að tillagan um jöklaþjóðgarða gæti verið leið til að leysa harðvítugar deilur sem hefðu verið um miðhálendið, á sviði landnýtingar, eignarhalds og stjórnsýslu. Hann sagðist styðja tillöguna, sem og „ýmsir aðrir vandamenn hans“ í Samfylkingunni. Sjá alla ræðuna á  http://www.althingi.is/altext/123/10/r22185628.sgml.

Hjörleifur Guttormsson fór í pontu og þakkaði fyrir mjög jákvæðar undirtektir Össurar við málið, sem kæmu ekki á óvart. Hann sagðist einnig hafa komið auga á stuðning í þinginu, m.a. úr stuðningsliði ríkisstjórnarinnar (sem var ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, en Hjörleifur var í stjórnarandstöðu). Sjá allt svarið á http://www.althingi.is/altext/123/10/r22185814.sgml.

Össur Skarphéðinsson fór loks í pontu og sagði meðal annars að þó að hugmyndir Hjörleifs væru ekki algerlega í anda þeirra skeleggu skoðana sem Össur hefði haft um stjórnsýslu miðhálendisins, gæti hann fallist á þær sem málamiðlun. Sjá http://www.althingi.is/altext/123/10/r22190012.sgml.

Með þessu var fyrstu umræðu um málið lokið á Alþingi. Þann 2. nóvember var atkvæðagreiðsla um málið út úr fyrri umræðu, og var þingsályktunartillögunni vísað til umhverfisnefndar Alþingis til meðferðar.

## Nóvember 1998:

## Grein í Morgunblaðinu „Ímynd Íslands og íslenskrar vöru og þjónustu erlendis“ 6. Nóvember 1998 eftir Hákon Þór Sindrason. [VA-HS]

Hákon Þór Sindrason vann lokaverkefni í rekstrarhagfræðinámi, Cand. Merc., frá viðskiptaháskólanum í Kaupmannahöfn (Copenhagen Business School). Verkefnið fjallaði um ímynd Íslands og íslenskrar vöru og þjónustu erlendis, og vann hann spurningarannsókn meðal neytenda í Danmörku og Svíþjóð. Í niðurstöðum verkefnisins vildi Hákon vísa til hugmyndarinnar að hinu stóra friðlýsta svæði á Vatnajökli, sem hugmyndar sem gæti stutt við markmið í hans niðurstöðum. Hákon útskrifaðist um vorið 1998.

Í nóvember 1998 birti Hákon svo tvær greinar í Morgunblaðinu, þann 4. og 6. nóvember, þar sem sagt var frá lokaverkefninu. Í síðari greininni fjallaði Hákon um tillöguna varðandi Vatnajökul. Hér er textinn úr greininni sem fjallar um þessi atriði:

**„Hornsteinninn“**



ÍSLAND Í AUGUM ÚTLENDINGA

Ímynd Íslands og íslenskrar vöru og þjónustu erlendis

Í þessari síðari grein sinni dregur Hákon Þór Sindrason saman helstu niðurstöður úr fyrri grein, sem birtist á miðvikudag, og kynnir stefnumótunartillögur um hvernig ímynd Íslands geti verið búin til og notuð.

„Sem hluti af stefnumótunartillögunum í rannsókninni eru kynntar til sögunnar mjög athyglisverðar tillögur eftir Sverri Svein Sigurðarson sem unnu hugmyndakeppni Skipulags ríkisins og samgönguráðuneytisins um framtíðarsýn Íslands árið 2018. Í tillögu Sverris er sjónum beint að mögulegri ímynd landsins vegna hreinleika og ósnortinnar náttúru, og þeirra möguleika sem hún gæti fært landinu. Sverrir Sveinn heldur því fram að best sé að þau atriði sem sett eru fram í markaðssetningu lands séu einföld, áhugaverð og óvéfengjanleg. Það er líklegast að almenningur á Vesturlöndum hugsi um þjóðgarða og náttúruvernd þegar óspillta náttúru ber á góma, þar sem slík svæði eru upprunaleg og ósnortin náttúra á stórum svæðum. Kenning hans er að vilji Íslendingar hafa óvéfengjanlegt tákn fyrir hina ósnortnu náttúru landsins, sé nærtækast að friða einhvern stóran og hentugan hluta af ósnortinni náttúru landsins. Athuganir hans sýna að Íslendingar gætu hæglega haft stærsta friðaða náttúruverndarsvæði í Vestur-Evrópu. Fjölmiðlar vilja fúslega fjalla um allt sem vekur áhuga og er einstakt (aðgreining) og auðskilið fyrir lesendur og áhorfendur. Með slíkt auðþekkt tákn fyrir hreina og ósnortna náttúru, er auðveldara að vekja áhuga fjölmiðla á að fjalla um landið og sannfæra almenning á Vesturlöndum um að gæði eru einkennandi

fyrir landið og framleiðsluvörur þess. Þetta tákn mætti kalla hornstein í ímynd landsins þar sem það er grunnur þeirra ímyndar fyrir hreina náttúru sem við sækjumst eftir og fyrri greinin sýndi að við ættum að hafa alla möguleika að öðlast.

Hornstein má skilgreina sem eitt auðskiljanlegt einkenni sem er vel þekkt meðal almennings um víða veröld og gefur viðkomandi landi "sterkan persónuleika". Sem dæmi um hornsteina ýmissa landa má nefna Eiffel-turninn og Sigurbogann í Frakklandi, Frelsisstyttuna í Bandaríkjunum og Alpana í Sviss.

Tillagan er að gera hluta Íslands að stærsta náttúruverndarsvæði í Vestur-Evrópu, og vonandi að þjóðgarði á næstu öld. Það myndi með tíð og tíma verða þekkt meðal almennings í Evrópu og annars staðar. Þetta myndi veita Íslendingum ákveðna og aðgreinandi ímynd (sanna og trúverðuga) á alþjóðavettvangi og verða hornsteinn að ímynd landsins. Hugmyndina um þjóðgarð má sjá á eftirfarandi mynd. Hún sýnir þau svæði sem nú eru vernduð, áhugaverð svæði og nýjar hugmyndir að verndarsvæðum.

Hugmyndirnar samræmast mjög vel niðurstöðum rannsókna greinarhöfundar meðal neytenda í Danmörk og Svíþjóð (og rannsókna annarra í Þýskalandi). Einnig eru þær markvissar en taka þó hvorki of eindregna afstöðu með sjónarmiðum eindreginnar náttúruverndar né talsmanna óheftrar orkunýtingarstefnu, þar sem gert er ráð fyrir að virkjanir megi staðsetja fyrir utan friðaða svæðið. Þetta passar því við þær efnahagslegu tillögur mínar að landið verði að nýta auðlindirnar skynsamlega til að hámarka hagvöxt og þar með velferð þegnanna.

Friðlýsta svæðið sem samnefnari fyrir hina hreinu náttúru, myndi til lengri tíma skapa Íslandi ímynd sem hefði mjög jákvæð áhrif á viðhorf til íslenskra útflutningsvara. Þetta má sjá á eftirfarandi mynd af svokölluðu Halo-módeli sem sýnir tengsl ímyndar og viðhorf til vara og þjónustu.“

Fyrri grein Hákonar má **lesa hér**, og hér er **síðari greinin sem tæpir á hugmynd minni um friðun Vatnajökuls og nágrennis**, í gagnasafni Mbl.

## Desember 1998:

## Náttúra Íslands og viðskiptalífið. Ritgerð í ritgerðasafninu Hugmyndir sem gefið var út til minningar um Eyjólf K. Jónsson. [VA-SSS]

### Inngangur

Sá sem flogið hefur yfir meginland Evrópu og litið hefur út um glugga flugvélarinnar hefur án mikils efa orðið var við, að þar eru fá stór svæði, sem maðurinn hefur ekki breytt eða umbylt að einhverju leyti, til að uppfylla þarfir mannfjöldans sem þar býr. Í stað gróinna ása og óbrúaðra vatnsfalla, sem einkenndu umhverfið í árdaga, er vegum, húsum og verksmiðjum haganlega niðurskipað innan um akra og einstaka skógarsvæði. Þessu er töluvert öðruvísi farið á eldfjallaeyjunni í norðri, Íslandi, þar sem byggð er þéttust út við ströndina en landið er tiltölulega ósnortið upp til fjalla. Þar er að finna berangurslega en afar sérstæða og oft ægifagra náttúru þar sem ljóslega má sjá átök elds og íss. Náttúra landsins lætur fáa þá ósnortna sem hingað koma. Hin hrjóstruga ásýnd hennar, þar sem form og fletir flæða óhindrað fram, háð tilviljunarkenndum duttlungum móður náttúru, myndar sterka andstæðu við manngert reglustrikað borgarlandslagið þar sem maðurinn ræður hverri línu, hvert sem litið er.

Því er afar áhugavert að skoða hvaða sérstöðu þessi einkenni landsins gefa Íslandi gagnvart öðrum löndum og hvaða tækifæri til viðskipta þau gætu opnað þjóðinni í framtíðinni. Samkvæmt kenningunni gæti slík ímynd orðið hjálpleg við að skapa áhuga á og velvild í garð ýmisskonar vara og þjónustu sem Íslendingar hefðu hug á að selja. Í eftirfarandi ritgerð verður reynt að varpa ljósi á hvaða þættir hafa áhrif á þessi mál. Ætla má að möguleikar Íslands ráðist af þrennu: Af aðstæðum hér á landi í þessum efnum, áhuga almennings í útlöndum fyrir ósnortinni náttúru og getu Íslendinga til að koma á framfæri skilaboðum og byggja upp þann skilning meðal almennings, að hér á landi sé sérstæð ósnortin náttúra mikilvæg einkenni landsins.

### Af hvaða tagi eru möguleikarnir?

Þau viðskiptatækifæri sem jákvæð ímynd landsins getur hugsanlega skapað mætti flokka með eftirfarandi hætti.

> Annars vegar er um að ræða tækifæri sem koma til af því að traust neytenda erlendis á vöru eða þjónustu frá Íslandi eykst vegna ímyndar landsins.
>
> Hins vegar er um að ræða tækifæri sem koma til af því að áhugi neytenda erlendis á vöru eða þjónustu frá Íslandi eykst vegna ímyndar landsins.

Í báðum þessum flokkum geta tækifæri einkennst af því að sala á vöru eða þjónustu yrði að fara fram hérlendis og hvergi annars staðar, eða á hinn bóginn að markaðssetningin geti verið í öðrum löndum.

Þessu má skipta í fjóra flokka:




*Mynd sem sýnir hinar fjórar grunn gerðir tækifæra. Mynd svipuð þessari átti að vera í bókinni en birtist ekki, enda engar myndir í bókinni allri. Þessi er úr hefti frá 2004, „Áhrif V. á þjóðarbúið“.*

**1. Tækifæri vegna aukins *trausts* neytenda; sala/neysla á Íslandi.**

Möguleg heilsuferðaþjónusta er gott dæmi í þessum flokki, en vitneskja um hreint og óspillt umhverfi á Íslandi gæti aukið traust mögulegra viðskiptavina, án tillits til annarra breytna, á því að hingað sé gott að koma til að njóta hressingar og endurnæringar, í hreinu umhverfi, hreinu lofti og með hreint, ferskt drykkjarvatn í krananum. Ástæða þess að heilsuferðaþjónusta byggist á trausti en ekki áhuga er sú að þeir sem þurfa á heilsuþjónustu að halda vilja geta treyst því að þjónustan uppfylli ákveðnar kröfur sem líklegar eru til að gera dvölina heilnæmari.

**2. Tækifæri vegna aukins *trausts* neytenda; sala/neysla erlendis.**

Íslendingar eru þjóð sem byggir afkomu sína að stórum hluta á matvælaframleiðslu. Sérstök tiltrú almennings á því að Ísland sé sérlega og óspillt land gæti aukið traust almennings á því að matvara héðan sé hrein gæðavara. Þetta væri huglægt traust sem kæmi til viðbótar vitneskju um notkun viðurkenndra gæðakerfa við framleiðslu matvælanna hér á landi. Traust þetta gæti að líkindum fyrst og fremst tengst þeim matvælum þar sem hráefnið væri upprunnið á Íslandi að mestum hluta, en dæmi um það eru kjöt- og mjólkurvörur. Spurningin um hvort sjávarafurðir verði eftirsóknarverðari vegna slíkrar ímyndar, byggir á því hverjum Íslendingar eru að selja. Almennir neytendur hafa ekki þá djúpu þekkingu á gæðakröfum og vinnslu íslenskra sjávarafurða sem stórkaupendur á heildsölumarkaði hafa. Því gætu jákvæðar fyrirframhugmyndir neytandans um Ísland almennt hjálpað

við að vinna traust hans á þeim skamma tíma sem hann er staddur í matvöruversluninni, og þarf að ákveða í skjótheitum hvað skuli vera á borðum fjölskyldunnar þann daginn.

**3. Tækifæri vegna aukins *áhuga* neytenda; sala/neysla á Íslandi.**

Ferðaþjónusta er nærtækasta dæmið um tækifæri í þessum flokki. Hér er ekki um að ræða tækifæri sem eru óþekkt þjóðinni, enda er ferðaþjónusta orðinn mikilvægur þáttur í atvinnulífi þjóðarinnar. Áhugi fólks á að sækja landið heim byggist meðal annars á því áliti sem það hefur á landinu og hvort hér sé hægt að upplifa umhverfi og öðlast reynslu sem höfðar til viðkomandi. Þegar gögn eru skoðuð um viðhorf almennings erlendis til ósnortinnar náttúru sést að þar er fjöldi manna áhugasamur um þau lífsgæði, en það gefur óformlegar vísbendingar um að ekki ætti að vera hörgull á hugsanlegum gestum í framtíðinni. Enn sterkari ímynd landsins á þessu sviði ætti að bæta hina almennu samkeppnisstöðu ferðaþjónustunnar frekar.

**4. Tækifæri vegna aukins *áhuga* neytenda; sala/neysla erlendis.**

Hér geta tækifæri snúist um ýmisskonar varning sem neytendum finnst að beri með sér með einhverjum hætti þá ímynd landsins, sem er þeim vel að skapi. Hér kemur afar margt til greina og veltur í raun aðeins á kunnáttusemi þess sem framleiðir og markaðssetur vöruna. Að starfa á þessum markaði krefst mikillar þekkingar á síbreytilegum þörfum og óskum neytenda. Á móti kemur að markaðsverð vöru, þar sem ímynd skiptir máli, er undantekingalítið talsvert hærra en fyrir vöru sem einungis er ætlað að svara grunnþörfum kaupandans. Sterkari ímynd landsins á sviði ósnortinnar náttúru gæti þýtt að framleiðendur varnings, sem tengja mætti við ímynd landsins til dæmis gegnum hönnun eða auglýsingar, ættu kost á að höfða til fólks sem hefði áhuga á ósnortinni náttúru og hefði það sem mætti nefna "lífsstílsþrá" af þeim toga. Því fólki þætti eftirsóknarvert að nota vörur og t.d. klæðast fötum sem bæru umhverfinu skilaboð um hvaða viðhorf hún hefði til lífsins, sem í þessu tilviki einkenndist af áhuga á útivist og ósnortinni náttúru. Slíka vara er nú þegar seld hérlendis til ferðamanna, og erlendis einnig, til dæmis í formi fatnaðar úr ull.

Tækifæri sem byggst gætu á ímynd landsins grundvallast á því að hugsanlegur neytandi eða kaupandi tengi ímynd landsins við vöru sem kemur frá eða er markaðssett í nafni þess sama lands. Þannig fær hann, að öðru óbreyttu, sjálfkrafa jákvæðari hugmyndir um vöru, sem kemur frá landi sem hann ber sérstaklega jákvæðan hug til, og öfugt. Þessi tengsl hafa verið rannsökuð oft og eru vel þekkt. [1]

Mikilvægi ímyndar landsins er all nokkuð, á þeim tíma sem þessi orð eru rituð, þó erfitt sé að mæla af nákvæmni. Augljóst má telja að velgengni íslenskrar ferðaþjónustu, sem sér fyrir u.þ.b. 10% af gjaldeyristekjum þjóðarinnar, sé að miklu leyti til komin vegna álits erlendra ferðamanna á landinu og gæðum þess, en niðurstöður viðhorfsrannsókna meðal ferðamanna styðja þá kenningu. [2][3] Líklegt má telja að einhver hluti þess verðs sem fæst fyrir íslenskt sjávarfang sé tilkomið vegna hreinleika sjávarins, en óljóst er hvort sjálf ímynd landsins kemur sjávarútvegi til góða, eins og nefnt var hér að ofan. Á árinu 1994 kom gróft áætlað nálægt 30-40% vergrar landsframleiðslu Íslands (GDP) frá greinum, sem samkvæmt ofantöldum skilgreiningum má ætla að gætu haft hag af jákvæðri ímynd landsins tæknilega séð (á þann hátt sem á ensku kallast "theoretically"), þó ekki sé þar með sagt að ímynd landsins hafi raunverulega verið þeim mikilvæg á því ári.

Að þessum orðum sögðum er viðeigandi að taka fram að margar mikilvægar útflutningsatvinnugreinar Íslendinga hafa þau einkenni, að ímynd Íslands hefur þar lítil áhrif. Hér má til dæmis nefna orkufrekan iðnað, framleiðslu á tæknivörum ýmisskonar, framleiðsla á rekstrarvörum til sjávarútvegs og hugbúnaðargerð, en í þessum greinum eru það tæknileg gæði sem skipta öllu máli. Því er það svo að hluti atvinnugreina á Íslandi geta notið góðs af jákvæðri náttúruímynd landsins, meðan að velgengni annarra greina er undir öðrum þáttum komin. Nálægt 10-20% landsframleiðslunnar féllu undir starfsemi, sem m.a. leggur stund á útflutning, og samkvæmt ofantöldu er ekki þess eðlis að geti haft hag af jákvæðri ímynd Íslands.

Nálægt 50% landsframleiðslunnar mátti rekja til enn annarrar starfsemi, svo sem byggingastarfsemi, fjármálastarfsemi og þjónustu hins opinbera. Tölur þessar eru afar grófar nálganir, sem aðeins er ætlað að gefa lauslega mynd af stöðu þessara mála. [4]

## Viðhorf erlendis.

Tækifæri þau sem talin voru hér að ofan byggjast á náttúru Íslands. Því er fróðlegt að skoða hver viðhorf almennings í löndunum í kring eru til þeirra mála. Hér má notast við fyrirliggjandi gögn sem eru afrakstur viðhorfsrannsókna meðal almennings í löndum Evrópusambandsins og Bandaríkjanna til að átta sig á því hve mikill að vöxtum áhugi og stuðningur er við verndun óspillts umhverfis.

Í Bandaríkjunum hafa verið unnar ýmsar rannsóknir á viðhorfum þjóðarinnar til ýmissa þátta náttúruverndar- og umhverfismála, sem gefa vísbendingar um hverjar skoðanir eru meðal Bandaríkjamanna á þessu sviði. Í rannsókn sem gerð var árið 1991 í 798 manna hópi sem var þverskurður íbúa fylkja á meginlandi Bandaríkjanna kom fram að yfir þrír fjórðu töldu að upplifun tómstunda utandyra (e. "outdoor recreation") væri "mikilvægar" eða "mjög mikilvægar". Í annarri rannsókn sama ár sögðu 73% að tjaldferðir og tómstundaiðkun utandyra væri að verða mikilvægari hluti af þeirra lífi, (fjöldi og aðferðafræði kom ekki fram). Og í könnun sem gerð var árið 1986 meðal 2000 Bandaríkjamanna, sem einnig voru þverskurður íbúa sögðust 97% svarenda vera "sammála" eða "mjög sammála" því að stjórnvöld þar í landi ættu að vernda náttúrusvæði fyrir kynslóðir framtíðarinnar. Þessar þrjár vísbendingar eru ekki fullkomnar en gefa þó allgóða hugmynd um viðhorf almennings í Bandaríkjunum til ósnortinnar náttúru. [5]

Með reglubundnum hætti eru gerðar á vegum Evrópusambandsins svonefndar "Eurobarotmeter" kannanir meðal almennings í löndum sambandsins. Í þessum rannsóknum er grennslast fyrir um ýmislegt sem snýr að lífi fólks í Evrópu og viðhorfum þess. Þar á meðal eru kannanir um viðhorf almennings til ýmissa þátta umhverfismála sem gerð hafa verið á nokkurra ára fresti frá árinu 1982. Samkvæmt niðurstöðum síðustu rannsóknar frá árinu 1995, lýsa 88% Evrópubúa því yfir að þeir hafi áhyggjur af því að ýmis náttúrugæði séu að glatast, þar á meðal ósnortin náttúrusvæði ("natural habitats"). [6] Önnur rannsókn sem náði til 8 Vestur-Evrópulanda (íbúatala 323 milljónir) gaf til kynna stuðning 93% svarenda við umhverfisverndarstarf og náttúruvernd. [7]

Íbúatala landanna sem um ræðir er nálægt 640 milljónum, samkvæmt áætlunum þegar þetta er ritað. Það segir þó afar lítið með beinum hætti um möguleika Íslendinga, annað en að segja má að hér væri lítil þjóð að leggja net sín fyrir geypilegan mannfjölda. Og þjóð sem er undir 300 þúsund manns getur vart gert sér vonir um stóra sneið af markaði þar sem búa 638 milljónir manna, þó ætla megi að þrír

fjórðu séu að einhverju leiti áhugasöm um þau lífsgæði sem felast í óspilltu umhverfi. En þær geypilegu stærðir sem þarna birtast gefa vísbendingu um að þarna geti verið von um vinning og vert að skoða ofan í kjölinn eftir því sem kostur er þau tækifæri sem þarna kunna að bjóðast. Það myndi að sjálfsögðu verða verkefni hins sjálfstæða einkaframtaks sem hefði þekkingu, dug og fjármagn til að vinna úr tækifærum. En stjórnvöld gætu lagt hönd á plóg við að búa í haginn fyrir nýtingu tækifæranna.

## Stærsta friðlýsta náttúruverndar- og útivistarsvæði í Evrópu

Tilvist óspilltrar náttúru á Íslandi og áhugi almennings erlendis á þeim gæðum eru ein og sér ekki nóg til að skapa grunn að tækifærum af þeirri gerð sem að ofan voru talin. Þetta tvennt þarf að tengjast á þann hátt að íbúar annarra landa hafi um það varanlega vitneskju og beri til þess jákvæðan hug.

Til að varpa ljósi á það sem leitt getur af sér þekkingu almennings í erlendum löndum er ágætt að skoða boðmiðlunarleiðirnar, en þrjár leiðir eru til að ná fram sterkri og jákvæðri ímynd landsins, í því tilviki sem hér er til skoðunar.

**A. Auglýsingar**. Kostur þessarar leiðar er að með henni geta Íslendingar ráðið algerlega þeim skilaboðum sem sett eru fram, sem og hvernig þau birtast, en ókostur er hinsvegar kostnaður.

**B. Fjölmiðlaumfjöllun, eða notkun almannatengsla**. Hún er mun ódýrari en auglýsingar en Íslendingar, en hefur þann ókost að erfitt er að ráða efni umfjöllunar. Engu að síður getur slík umfjöllun gefið af sér kynningu, sem hefði kostað of fjár ef kaupa hefði átt auglýsingu á sama plássi.

**C. Bein tjáning eða munnmæli**. Annars vegar er um að ræða ummæli og frásagnir sem ganga milli manna, oft frá þeim sem hingað hafa komið, og gildir þá að gera dvöl þeirra hér sem besta til að góður rómur sé gerður að. Einnig geta yfirlýsingar um ágæti landsins komið fram í persónulegri sölumennsku fyrir ýmsa vöru og þjónustu. Þó að þetta séu ekki formlegar kynningarleiðir fyrir Ísland geta þær skipt einhverju máli. [8]

Kynningarstarf af gerðinni A. og B. kosta fé. Nágrannaþjóðirnar Danmörk, Noregur, Svíþjóð og Finnland verja að meðaltali 1700 milljónum hvert land í landkynningarstarf meðal annarra þjóða. [9] Lítil teikn eru á lofti um að Ísland sé með í bígerð að verja svipuðum upphæðum til landkynningar, og er enda ekki hægt að búast við því af jafn fámennri þjóð. Við þær aðstæður er mikilvægt að reyna að finna leiðir sem auka líkur þess, að almenningur í löndunum umhverfis okkur komist á þá skoðun að hér sé náttúra óspillt.

Höfundur er þeirrar skoðunar að það atriði sem haldið yrði fram sem einkennistákni landsins vegna ósnortinnar náttúru þyrfti að vera einfalt, áhugavert, auðskilið og óvéfengjanlegt. [10] Jafnframt er því haldið fram að stór friðlýst svæði séu til marks um ósnortinnar náttúru, og að þau séu talin markverðari en önnur óskilgreind svæði. Það er vegna þess að svæði eru almennt friðuð vegna sérstæðs náttúrufars, og að friðun svæðis felur í sér upphefð fyrir viðkomandi landsvæði, líkt og helgi hvíli á því. Hvort svo sé í huga fólks sem hingað kemur er atriði, sem æskilegt væri að kanna.

Það er í ljósi þessara atriða, sem talin hafa verið upp til þessa í þessari grein, að sett er fram hugmynd um að nokkur stór og smá friðlýst svæði á hálendi Íslands, ásamt svæðum sem sett hafa verið á náttúruminjaskrá af Náttúruvernd ríkisins verði tengd saman með nýrri friðun, auk þess sem að þau á náttúruminjaskrá verði friðuð einnig. Nýju svæðin eru þeir hlutar Vatnajökuls sem ekki eru friðaðir í dag, auk afar fáfarins svæðis vestan jökulsins, og eru þau að mörgu leyti markverð frá náttúrufarslegu sjónarmiði. Svæðið í heild myndi ná frá Heklu í vestri, um Lónsöræfi í austri og til Þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum í norðri, og yrði stærsta samfellda friðlýsta náttúrverndar- og útivistarsvæði í Vestur-Evrópu. Yrði þessi samfelldi klasi friðaðra svæða á lista Sameinuðu Þjóðanna yfir friðlýst svæði á jörðinni (UN List) og formlega friðað samkvæmt skilgreiningum Alþjóða Náttúruverndarráðsins IUCN. Innan svæðisins yrðu nokkrar af markverðustu náttúruperlum Íslands: Þar yrðu tíu af þeim tólf eldfjöllum sem gosið hafa það sem af er tuttugustu öldinni. Einnig náttúrufyrirbrigði á borð við Jökulsárgljúfur, Mývatn, Herðubreið, Öskju, Kverkfjöll, Vatnajökul auk Mýrdals- og Eyjafjallajökuls, Lónsöræfin, Skaftafell, Lakagíga, Heklu og Þórsmörk.

Eitt stórt svæði er einfalt í framsetningu, það vekti áhuga, gildi þess sem friðaðs svæðis í heild sinni er auðskilið og stærð þess yrði ómótmælanleg. Með þessu væru Íslendingar búnir að eignast fyrirbrigði sem fjölmiðlum þætti forvitnilegt: Efnisgerður fulltrúi fyrir drauminn um óspillta og afar sérstæða náttúru, og yrði með tímanum hornsteinn í ímynd landsins. [11] Sérstaklega mætti hugsa sér að svæðið yrði sérstætt í hugum íbúa Vestur-Evrópu, þar sem það tilheyrir þeim hluta heimsins, sem þeir byggja. Með samfelldri friðun yrði einnig betur tryggt að svæðið haldist óspillt að mestu fyrir ókomnar kynslóðir, sem er megintilgangur friðunar.

## Lokaorð

Eins og við er að búast eru ýmsir óvissuþættir samfara hugmyndinni um ímynd landsins og hið friðaða svæði. Þeir eru helstir að ekki er hægt að vita með fullri vissu hvaða áhrif slíkt svæði muni hafa á ímynd landsins, hvaða tíma það muni taka og meðal hvaða þjóða svæðið muni hafa mest að segja. Slík óvissa af einhverju tagi er innifalin í öllum málum og ætti því ekki að láta hana sem slíka hamla för.

Þegar rætt er um hugmynd sem felur í sér friðun stórra svæða á hálendi Íslands berst talið fyrr eða síðar að öðrum nýtingarkostum sem tengjast hálendinu. Þar ber hátt virkjanamöguleika, sem svo aftur tengjast stóriðjumöguleikum eða möguleikum á flutningi raforku á markaði í Evrópu.

Vegna þessara óvissuþátta sem tengjast ímynd landsins og möguleikum þar að lútandi, telur höfundur ekki skynsamlegt að algjör einstefna verði ríkjandi í verndun náttúrunnar á hálendinu, með útilokun annarra kosta. Þannig má telja að ekki sé óeðlilegt að leitast verði við að stefna að nýtingu beggja möguleika, verndunar og virkjana, en þó þannig að heildstæðri ímynd verndaðrar náttúru sé ekki raskað með óæskilegum hætti. Þá væri einnig dregið úr áhættu af ýmisskonar óvissu sem innbyggð væri í báða kosti og fjöreggjum þjóðarinnar dreift í fleiri körfur. Slík samhæfing er án efa vandasöm og kallar á útsjónarsemi og samningsvilja Í þessu sambandi má nefna að höfundur telur æskilegt að minnsta kosti ein stóránna fái að falla til sjávar án þess að við farvegi hennar sé raskað. Þannig héldist heildstæð náttúran á að minnsta kosti einum stað á Íslandi til frambúðar.

Ágætt er að hafa í huga, þegar bornir eru saman náttúruvernd og orkufrek stóriðja, sem tveir kostir til sköpunar verðmæta, að þeir byggja á gjörólíkum viðhorfum og krefjast ólíkra hæfileika frá þjóðinni. Þann mun er skynsamlegt að hafa í huga þegar endanleg stefna er valin, en það er álit höfundar að óspillt náttúra og víðerni Íslands verði í framtíðinni ein af þeim mörgu stoðum sem búseta og velferð í landinu mun byggja á.

## Heimildir


1. Engel, James F.; Blackwell, Roger D.; Miniard. Paul W.: *Consumer Behaviour* bls. 529, 8. útg., Dryden Press 1995, og Mill, Robert C.: *The Tourism System, an introductory text*, kaflinn "image shaping forces", Prentice-Hall Inc., 1985.

2. *Ferðakönnun á Íslandi júní 1991-júní 1992, ERLENDIR FERÐAMENN Á HEILU ÁRI*, Félagsvísindastofnun, Október 1992.

3. *Hagtölur mánaðarins*, Seðlabanki Íslands.

4. *Landshagir 1997*, bls. 221, Hagstofa Íslands.

5. Jolma, Dena Jones: *Attitudes Toward the Outdoors, an annotated bibliography of U.S. survey and poll research concerning the environment, wildlife and recreation*, (Rannsóknir #611, 612, 613). McFarland & Co., 1994.

6. *Eurobarometer 43.1 bis; Europeans and the environment*, graf 2.2, rannsókn unnin af INRA (Europe) - E.C.O. European Commission, Directorate General "Environment, Nuclear Safety and Civil Protection", nóvember 1995.

7. Engel, Blackwell, Miniard *Consumer Behaviour* bls. 460.

8. Kotler, Philip: *Marketing Management, Analysis, Planning, Implementation and Control*, bls 567, 7. útg. Prentice-Hall 1991.

9. *Stefnumótun í ferðaþjónustu, Markaðsáætlun*, tillögur starfshóps samgönguráðherra um markaðsaðgerðir í ferðaþjónustu til ársins 2005, bls. 35, júní 1997.

10. Ogilvy, David: *Ogilvy on Advertising*, bls. 130, Pan Books, London, 1983.

11. Sjá Sverri Svein Sigurðarson: *Hugleiðing um Ísland og framtíðina*, blaðagreinar, Morgunblaðinu 3., 4.og 10. janúar 1995; *Ísland, friðlýst náttúra og umheimurinn*, verðlaunatillaga í hugmyndasamkeppni umhverfisráðuneytisins og Skipulags ríkisins "Ísland árið 2018", maí 1996; *Landnýting og orka*, verðlaunaritgerð í ritgerðasamkeppni Vísbendingar meðal háskólanema, Vísbending, 25. apríl 1997; *Um skipulag hálendis Íslands og alþjóðlegt samhengi,* blaðagrein, Morgunblaðið 17. nóvember 1997.

## Febrúar 1999

# Umræða í umhverfisnefnd Alþingis um þingsályktunartillögu, og breytingartillaga Hjörleifs Guttormssonar um að aðeins Vatnajökulssvæðið verði þjóðgarður [VA-HG&ALÞ]

Á fundi umhverfisnefndar Alþingis þann 4. febrúar 1999 var til umfjöllunar þingsályktunartillagan um stofnun fjögurra jöklaþjóðgarða á hálendi Íslands, sem Hjörleifur Guttormsson hafði lagt fyrir Alþingi þann 3. febrúar árið áður, árið 1998. Tillagan snerist um Langjökul, Hofsjökul, Suðurjökla (Mýrdalsjökul ásamt Eyjafjallajökli) og einnig Vatnajökul. Á fundinum kom fram vilji meirihluta nefndarmanna um að vilji væri til að taka minna svæði en fjóra jökla í einu undir þjóðgarð. Þá gerði Hjörleifur tillögu um að aðeins Vatnajökulssvæðið yrði gert að þjóðgarði. Þetta var því breytingartillaga frá hinni upprunalegu tillögu, og í fyrsta sinn sem nokkur gerði tillögu um Vatnajökul eingöngu, frá því að Sverrir Sv. Sigurðarson lagði það til í janúar 1995.

Á fundinum voru nefndarmennirnir Ólafur Örn Haraldsson, Hjörleifur Guttormsson, Tómas Ingi Olrich, Magnús Árni Magnússon, Ísólfur Gylfi Pálmason, Kristján Pálsson og Árni M. Mathiesen. Texti í fundargerðinni er svohljóðandi:

> *3. 16. mál, Þjóðgarðar á miðhálendinu.*
> *HG [Hjörleifur Guttormsson innsk.] dreifði bréfi sem honum hafði borist og minnisblaði sem hann vann um það. Í framhaldi þess var málið rætt mjög. Vilji er í nefndinni til að taka minna svæði undir þjóðgarð en allt miðhálendið. HG gerði það að tillögu sinni að Vatnajökulssvæðið verði gert að þjóðgarði. Ákveðið að fresta ákvörðun málsins.*

Ljósrit úr fundargerðinni er á næstu síðu:


14. fundur

206 umhverfisnefnd ... fimmtudaginn 4. feb. 1999 kl. 8^15

Mætt: ...

Bókað:

...


3. 16. mál, þjóðgarður á miðhálendinu.
HG dreifði bréfi sem honum hafði borist og minnisblaði sem hann vann um það. Í framhaldi þess var málið rætt mjög. Vilji er í nefndinni til að taka minna svæði undir þjóðgarð en allt miðhálendið. HG. gerði það að tillögu sinni að Vatnajökulssvæðið verði gert að þjóðgarði. Ákveðið að fresta afgreiðslu málsins.

*Úr fundargerð 4. febrúar 1999.*

Þann 11. febrúar 1999 var aftur fundur í umhverfisnefnd. Í fundargerð segir:

> *8. 16. mál þjóðgarðar á miðhálendinu*
> *HG kynnti drög að nýrri tillögu sem hefði tengingu við alþjóðaár fjalllenda árið 2002 og þá hugmynd að Ísland tilnefni hugsan...[legan?] Vatnajökulsþjóðgarð sem sitt framlag til þess. Ákveðið að vísa málinu til 3ja manna starfshóps innan nefndar[innar?] (ÓÖH, HG, ÁMM).*


15. fundur
11.2.1999

... ... ... ...
... ...


8. 16. mál þjóðgarðar á miðhálendinu
HG kynnti drög að nýrri tillögu sem hefði tengingu við alþjóða
fjallanna árið 2002 og þá hugmynd að Ísland tilnefni hugsa
Vatnajökulsþjóðgarð sem sitt framlag til þess.
Ákveðið að vísa málinu til 3ja manna starfshóps innan nefnda
(ÖÖH, HG, ÁMM)

*Úr fundargerð 11. febrúar 1999.*

Fundur var í nefndinni þann 22. febrúar,

*Málið rætt en engar ákvarðanir teknar.*


17. fundur
211
umhverfisnefndar á 123. löggjafarþingi haldinn í Þórshamri
mánudaginn 22. febrúar 1999 kl. 15:20

... ... ... ...
... ...


X
4. Þjóðgarðar á miðhálendinu, 16. mál,
Málið rætt en engar ákvarðanir teknar.

*Úr fundargerð 22. febrúar 1999.*

Loks var fundur í umhverfisnefnd þann 6. mars 1999. Í fundargerð segir:

*3. 16. mál, Þjóðgarðar á miðhálendinu.*

*Málsmeðferð rædd. Málið samþykkt með breytingu þar sem umhverfisráðherra verði falið að láta kanna möguleika á stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs.*



47. fundur

222 umhverfisnefndar á 123. löggjafarþingi haldinn í Þórshamri laugardaginn 6. mars 1999 kl. 8.30

Mætt: Ólafur Örn Haraldsson, Hjörleifur Guttormsson, Margrét Frímannsdóttir, Árni M. Mathiesen, Ísólfur Gylfi Pálmason, Magnús Árni Magnússon, Kristján Pálsson

... ... ... ... ... ...

3. 16. mál, Þjóðgarðar á miðhálendinu.
Málsmeðferð rædd. Málið samþykkt með breytingu þar sem umhverfisráðherra verði falið að láta kanna möguleika á stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs.

*Úr fundargerð 6.mars 1999.*

## Mars 1999

# Umræður í þingsal um þingsályktunartillögu um Vatnajökulsþjóðgarð [VA-HG&UMH&ALÞ]

Þingsályktunartillagan kom aftur til umræðu á Alþingi, í annarri umræðu. Þann 9. mars var nefndaráliti umhverfisnefndar með frumvarpinu dreift til þingmanna. Þann 10. mars var svo umræða um tillöguna, og loks atkvæðagreiðsla. Yfirlit yfir atburðarásina þann 10. Mars er á vef Alþingis: http://www.althingi.is/dba-bin/ferill.pl?ltg=123&mnr=16. Í nefndarálitinu sagði:

---

**123. löggjafarþing 1998–99. Þskj. 1100 — 16. mál.**

**Nefndarálit**

um till. til þál. um þjóðgarða á miðhálendinu.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið á fundum sínum. Nefndinni bárust umsagnir frá Arkitektafélagi Íslands, Bændasamtökum Íslands, Ferðafélagi Íslands, Ferðaklúbbnum 4x4, Félagi íslenskra náttúrufræðinga, Félagi leiðsögumanna, félagsmálaráðuneyti, héraðsnefnd Árnesinga, hérðsnefnd Eyjafjarðar, héraðsnefnd Rangárvallasýslu, héraðsnefnd Vestur-Húnavatnssýslu, héraðsnefnd Þingeyjarsýslu, Hinu íslenska náttúrufræðifélagi, landbúnaðarráðuneyti, Landgræðslu ríkisins, Landvernd, Lögmannafélagi Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúruvernd ríkisins, Náttúruverndarráði, Náttúruverndarsamtökum Austurlands, Neytendasamtökunum, Orkustofnun, Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Skipulagsstofnun, Skotveiðifélagi Íslands, Skógrækt ríkisins, Stofnun Vilhjálms Stefánssonar, Veðurstofu Íslands og Alþýðusambandi Íslands. Voru umsagnirnar flestar jákvæðar um efni tillögunnar sem gerir ráð fyrir stofnun fjögurra stórra þjóðgarða á miðhálendinu með helstu jökla og aðliggjandi landsvæði innan sinna marka. Nefndin taldi þó rétt að takmarka ályktunina við að fela umhverfisráðherra að láta kanna möguleika á stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs sem tæki til alls jökulsins með það í huga að unnt verði að stofna þjóðgarðinn á aldamótaárinu. Með stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs fengist reynsla sem síðar gæti nýst við hugsanlegan undirbúning fleiri slíkra þjóðgarða á miðhálendinu. Vakin er athygli á að tillagan fellur vel að fyrirliggjandi skipulagstillögu um miðhálendið. Að Vatnajökli liggja ýmis svæði sem þegar njóta verndar að náttúruverndarlögum, svo sem friðland á Lónsöræfum, Kringilsárrani og Eldborgaraðir (Lakagígir). Þá nær þjóðgarðurinn í Skaftafelli nú þegar inn á Vatnajökul. Með friðlýsingu alls jökulsins tengjast þessi svæði saman í eina verndarheild.

Rétt er að taka fram að með stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs væri ekki verið að hindra ferð fólks um jökulinn heldur að skapa forsendur fyrir vernd hans og nýtingu sem útivistar- og rannsóknarsvæðis til frambúðar. Jöklar landsins eru snar þáttur í náttúrufari þess og bakhjarl vatnakerfa. Vatnsvernd og verndun hreinleika jöklanna eru samofnir þættir og hafa í senn heilbrigðislegt og hagrænt gildi. Þá hefur Vatnajökull með sínum mörgu og fjölbreytilegu eldstöðvum alþjóðlegt gildi fyrir rannsóknir.

Í undirbúningi er á vegum Sameinuðu þjóðanna sérstakt „Ár fjalla 2002“. Fram hafa

komið hugmyndir hjá þeim sem vinna að undirbúningi þess árs að kjörið væri að tilnefna Vatnajökulsþjóðgarð sem sérstakt framlag af Íslands hálfu í tengslum við það.
Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

B R E Y T I N G U:

Tillögugreinin orðist svo:
Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að láta kanna, í samvinnu við skipulagsyfirvöld og hugsanlega rétthafa, möguleika á að stofna Vatnajökulsþjóðgarð.
Umhverfisráðherra kynni Alþingi stöðu málsins á vorþingi árið 2000 með það í huga að unnt verði að stofna Vatnajökulsþjóðgarð á aldamótaárinu.

Alþingi, 9. mars 1999.

Ólafur Örn Haraldsson,
form., frsm.
Margrét Frímannsdóttir.
Hjörleifur Guttormsson.
Árni M. Mathiesen.
Ísólfur Gylfi Pálmason.
Magnús Árni Magnússon.
Kristján Pálsson.

---

10. mars var svo önnur umræða í þinginu. Fyrst setti Ólafur Örn Haraldsson, formaður umhverfisnefndar, fram örlitla breytingartillögu sem var að fyrirsögn þingsályktunartillögunnar skyldi vera „Tillaga til þingsályktunar um Vatnajökulsþjóðgarð“ en ekki um þjóðgarða á miðhálendinu, en það virðist hafa láðst að breyta titli tillögunnar. Önnur umræða hófst svo, og stóð hún yfir í 58 mínútur, frá 12:00-12:58. Fimm þingmenn töluðu í umræðum um málið, og alls var stigið 16 sinnum í pontu. Meðaltals ræðutími var því um þrjár og hálf mínúta. Hér eru stutt ágrip af hvað hver þingmaður sagði, en einnig eru tenglar á ummæli hvers um sig aftan við nafn ræðumanns:

Ólafur Örn Haraldsson var frummælandi sem formaður umhverfisnefndar, enda var nú þingsályktunartillagan í nafni nefndarinnar. Hér er það sem Ólafur sagði þegar hann fylgdi tillögunni úr hlaði, í fullri lengd:

> „Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá umhvn. um þáltill. sem var flutt sem þáltill. um gerð þjóðgarða á miðhálendinu. Þáltill. er flutt á þessu þingi að nýju en var áður flutt á fyrri þingum. Á þeim þingum fékk tillagan ítarlega umfjöllun í umhvn. og umsagnir og gestir komu til nefndarinnar en hún var ekki afgreidd.
>
> Eftir ítarlegar umræður að nýju í umhvn. að undanförnu varð niðurstaðan sú að afgreiða þáltill. en þó þannig breytta að hún fengi nýja fyrirsögn og héti nú: ,,Tillaga til þingsályktunar um Vatnajökulsþjóðgarð.`` Er sú tillaga lögð hér fram.
>
> Efni tillögunnar var einnig breytt þannig að tillagan nær nú til þjóðgarðs sem næði til Vatnajökuls eingöngu. Gengur þáltill. í þá áttina að kannaðir verði möguleikar á slíkum þjóðgarði.

> Ég vek athygli á því að með þessu er ekki verið að leggja til að þjóðgarðurinn næði til jaðarsvæða Vatnajökuls þó svo að um leið sé bent á að þar séu ýmis svæði sem njóti verndar.
>
> Ég vil einnig leggja áherslu á að með hugsanlegum þjóðgarði á Vatnajökli væri ekki verið að skerða umferð manna og þá nýtingu sem er nú á jöklinum, heldur fyrst og fremst að skapa möguleika á aukinni vernd, vekja athygli á einstöku svæði Vatnajökuls og stuðla að vísindalegum rannsóknum sem geta án efa leitt til merkra niðurstaðna vegna sérstöðu jökulsins.“ Sjá á http://www.althingi.is/altext/123/03/r10120057.sgml.

Hjörleifur Guttormsson tók því næst til máls, og sagði hann meðal annars að þó að verið væri að stefna á Vatnajökulsþjóðgarð en ekki fjóra jöklaþjóðgarða eins og upphafleg tillaga hans gerði ráð fyrir, teldi hann að verið væri að leggja út á braut sem hann vænti að myndi fljótlega leiða til stærri skrefa með því að friða önnur svæði einnig. Margir kostir væru því samfara. Hann talaði um friðuð svæði sem lágu að Vatnajökli og vatnsvernd. Þá minntist Hjörleifur á að kjörið gæti verið að tengja verndun Vatnajökuls við ár fjalla, árið 2002, sem lýst var yfir af Sameinuðu þjóðunum, en eins og kunnugt er tók undirbúningur lengri tíma og var þjóðgarðurinn stofnaður árið 2008. Hann þakkaði svo umhverfisnefnd og formanni nefndarinnar fyrir afgreiðslu málsins. Sjá alla ræðu Hjörleifs á vef Alþingis, á slóðinni http://www.althingi.is/altext/123/03/r10120417.sgml.

Ólafur Örn Haraldsson fór þá aftur í pontu og minnti á að með Vatnajökulsþjóðgarði væri verið að feta svipaða slóð og annars staðar, en stór hluti Grænlandsjökuls væri þjóðgarður, og einnig væri hluti Suðurskautslandsins friðað. Eins væri Vatnajökull ekki aðeins stórbrotinn, heldur einnig mikilvægur í tekjuöflun vegna ferðaþjónustu. http://www.althingi.is/altext/123/03/r10121306.sgml.

Ísólfur Gylfi Pálmason, nefndarmaður í umhverfisnefnd, Frams.fl., fór þvínæst í pontu og taldi hann m.a. tillögu um þjóðgarð á Vatnajökulssvæðinu afar merkilega - gagnmerka tillögu, afar vel unna, framsækna og metnaðarfulla. Lagt væri út á nýjar brautir í umhverfismálum, og væri flutningsmaður, Hjörleifur Guttormsson, að horfa til framtíðar. Ísólfur minntist einnig nokkuð á Heklusvæðið og fjallabak. Sjá alla ræðu Ísólfs á http://www.althingi.is/altext/123/03/r10121518.sgml.

Hjörleifur Guttormsson fór aftur í pontu og sagði að Ísólfur Gylfi þekkti vel til á Mýrdalsjökli, fjórða svæði upphaflegrar tillögu. Hjörleifur minnti svo á að upphafleg tillaga um fjóra þjóðgarða félli vel að tillögu um skipulag miðhálendisins. Sjá http://www.althingi.is/altext/123/03/r10121714.sgml.

Rannveig Guðmundsdóttir, þingmaður Samfylkingar, sagði m.a. að hún væri ánægð með tillöguna og styddi hana, en teldi afgreiðslu hennar ekki metnaðarfulla, að stefna á einn þjóðgarð en ekki fjóra. En svo sagði Rannveig að hún gerði sér mjög vel grein fyrir að flutningsmaður mætti vera sáttur við að koma máli sínu áleiðis, því mjög erfitt væri fyrir þingmenn að fá stór mál af stað gegnum kerfið. Mál hennar var talsvert lengra, sem sést á http://www.althingi.is/altext/123/03/r10121950.sgml.

Hjörleifur Guttormsson kom í pontu og þakkaði fyrir stuðning Rannveigar, sem væri formaður nýs þingflokks hinnar nýstofnuðu Samfylkingar. Hann sagði einnig að ekki væru stór árekstrarefni í tillögu um þjóðgarða á miðhálendinu, en það myndi kalla á verulega lagni að koma þessu máli í höfn. Sjá allt svarið á http://www.althingi.is/altext/123/03/r10122912.sgml.

Rannveig Guðmundsdóttir tók aftur til máls og sagði m.a. að nauðsyn væri á sátt um landið, sátt við dreifbýli og þéttbýli. Hún minntist á fund sem hún sat, um auðlindir landsins, sem hefði verið áhrifaríkur, og væri hún bjartsýn þó skrefið væri stutt. Sjá allt svar Rannveigar á þessari slóð: http://www.althingi.is/altext/123/03/r10123133.sgml.

Hjörleifur Guttormsson svaraði og sagðist m.a. telja að stórfelld breyting hefði orðið á almenningsáliti og þekkingu á auðlegð hálendisins. Einnig talaði hann um aðferðarfræði varðandi nýtingu á auðlindum, og að nauðsyn væri á heildstæðri nálgun í þeim efnum. Sjá allt svarið á http://www.althingi.is/altext/123/03/r10123341.sgml.

Össur Skarphéðinsson tók þá til máls og lýsti því, að hann teldi að samþykkja hefði átt upprunalega tillögu Hjörleifs um fjóra jöklaþjóðgarða. Svo sagði Össur orðrétt að „Það er oft þannig að þegar góðar tillögur koma eins og þessi, sem kemur frá manni sem hefur verið harður í stjórnarandstöðu sinni við núv. ríkisstjórn, að næst kraftaverki stappar ef menn raunverulega ráðast í það að tillögunni samþykktri að koma þessu á fót. Við höfum séð svo mörg dæmi um það og af tiltölulega skammri þingveru gæti ég rakið nokkur mál sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur fengið hér samþykkt sem stjórnarandstæðingur, sem ekki hafa raunverulega orðið að veruleika.“ Össur sagðist svo styðja tillöguna, en hún gengi allt of skammt. Þetta mál Össuarar var annars lengra en flestra, og má lesa það allt á http://www.althingi.is/altext/123/03/r10123551.sgml.

Ólafur Örn Haraldsson sté í pontu á minnti á að verið væri að ganga frá svæðisskipulagi Miðhálendisins, og væri eðlilegt að klára það ferli og huga svo að frekari útfærslu á þjóðgörðum. Sjá hans mál á slóðinni http://www.althingi.is/altext/123/03/r10124441.sgml.

Össur Skarphéðinsson taldi að Ólafur Örn væri bestur liðsmanna umhverfisverndar í Framsóknarflokknum, en taldi að erfiðara væri að hrinda svona hugmyndum í framkvæmd þar sem hálendinu hefði verið skipt upp á milli sveitarfélaga. Hann hefði sjálfur mætt mikilli andstöðu sveitarfélaga í sínum undirbúningi að eldfjallaþjóðgarði þegar hann var umhverfisráðherra. Sjá allt svarið á http://www.althingi.is/altext/123/03/r10124653.sgml.

Hjörleifur Guttormsson tók til máls og þakkaði Össuri hans orð, og sagði að kannski yrði þetta mál ísbrjótur í þessum málaflokki. Hann minntist einnig á hugmyndir um stækkun Þingvallaþjóðgarðs sem gætu tengst Langjökulsþjóðgarði. Sjá allt á http://www.althingi.is/altext/123/03/r10124913.sgml.

Össur Skarphéðinsson talaði svo, og sagði m.a. að ákveðin verndarhefð væri kringum Vatnajökul. Að þörf væri á fjölgun þjóðgarða, og að mikilvægt væri vatnsforðabúrið kringum Þingvallavatn og Langjökul. Sjá allt á http://www.althingi.is/altext/123/03/r10125147.sgml.

Hjörleifur Guttormsson sté í pontu og sagði m.a. að fulltrúar í Borgarfirði vestra hefðu minnst á, að þeir hefðu síst á móti því að Langjökull yrði þjóðgarður. Svo minntist Hjörleifur á umsögn Skipulagsstofnunar, sem fagnaði tillögunni og taldi hana í „í samræmi við tillögu að svæðisskipulagi miðhálendisins sem nú liggur fyrir og rökrétt framhald hennar.“ Einnig minntist hann á umsögn ASÍ, sem væri ekki oft að álykta í umhverfismálum, en ASÍ hafði tekið undir tillöguna og lagði til að hún yrði samþykkt. Sjá allt svar Hjörleifs, sem var hans lokaorð um tillöguna á Alþingi, hér á þessari slóð á vef Alþingis: http://www.althingi.is/altext/123/03/r10125358.sgml.

Síðastur ræðumanna var Össur Skarphéðinsson sem áréttaði m.a. að hann teldi að upprunaleg tillaga um fjóra jöklaþjóðgarða hefði stuðst við góð rök, og að í henni hafði Össur séð ákveðna fegurð. Hann sagðist styðja hana heils hugar, og slæmt, þar sem litlir þröskuldar væru á því að hrinda verkinu í framkvæmd, að ekki skyldi gengið alla leið. Hann taldi þó að málið væri ísbrjótur, hefði komið umræðu af stað, og að klárt væri að viðhorfin til umhverfismála væru gjörbreytt. Allt svar Össurar er á slóðinni http://www.althingi.is/altext/123/03/r10125621.sgml.

Svo löng var sú umræða.

Það er athyglisvert að enginn þingmaður Sjálfstæðisflokksins tók til máls, allan feril málsins, en stærsti hópur þingmanna sem studdi tillöguna var úr þingflokki Sjálfstæðisflokksins, eða 20 af 46 þingmönnum sem samþykktu þingsályktunartillöguna um Vatnajökulsþjóðgarð. Því heyrðust sjónarmið Sjálfstæðismanna ekki úr pontu á Alþingi, þó að þeirra flokkur réði í raun að miklu leiti framgangi málsins, enda í ríkisstjórn.

Gengið var til atkvæða, og tillagan samþykkt klukkan 14:05 þann 10. mars 1999.

**Þingsályktunin í sinni lokamynd:**



**Þingsályktun**

**um Vatnajökulsþjóðgarð.**

---

Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að láta kanna, í samvinnu við skipulagsyfirvöld og hugsanlega rétthafa, möguleika á að stofna Vatnajökulsþjóðgarð.

Umhverfisráðherra kynni Alþingi stöðu málsins á vorþingi árið 2000 með það í huga að unnt verði að stofna Vatnajökulsþjóðgarð á aldamótaárinu.

---

*Samþykkt á Alþingi 10. mars 1999.*

# Tölfræði: Yfirlit efnis frá öllum höfundum

Hér gefur að líta kökurit sem sýnir hve margar blaðsíður hver kafli var hér á undan. Þetta sýnir hversu mikið umfangið var á framlagi hvers og eins, hvort það var dreifð tillaga, eða hnitmiðuð tillaga um Vatnajökul, og eins hvenær hvert framlag var sett fram.

Þetta er að sjálfsögðu ekki (endanlegur) mælikvarði á gæði eða það hve mikil áhrifa hver þáttur um sig hafi haft, þó þetta sé viss mælikvarði á umfang vinnu hvers og eins. Með þessu fæst hins vegar visst yfirlit yfir umræðuna með hugmyndum og rökum fyrir friðlýsingu Vatnajökuls, á árunum áður en þingsályktunartillagan um það var samþykkt.

Hér eru tekin út bréfin frá hótelfyrirtækjum árið 1994, og umsögn dómnefndar í keppninni Ísland árið 2018, frá árinu 1996, sem eru ekki talin með þessari tölfræði.




***Yfirlit efnis sem birtist formlega á opinberum vettvangi, í skriflegu formi, bæði hnitmiðaðar tillögur um Vatnajökul, og dreifðari hugmyndir – Stöplarit.***

Hér er sama efni og í stöplaritinu, í kökuriti:




***Yfirlit efnis sem birtist formlega á opinberum vettvangi, í skriflegu formi, bæði hnitmiðaðar tillögur um Vatnajökul, og dreifðari hugmyndir – kökurit.***

Tillögur Sverris Sv. Sigurðarsonar, og umfjöllun annarra um þær: 99,5 blaðsíður.
Tillögur Hjörleifs Guttormssonar, og umræður um þær: 22 blaðsíður.
Tillögur Kára Kristjánssonar og Bryndísar Brandsdóttur: 3,5 blaðsíður.

Hér eru tillögur sem settar voru fram, eingöngu hnitmiðaðar um Vatnajökul, frá þeim sem settu þær fram (en hvað varðar tillögu Hjörleifs eru umræðurnar sjálfar hafðar með, í umhverfisnefnd Alþingis, og á þingfundi á Alþingi.




***Yfirlit efnis sem birtist formlega á opinberum vettvangi, í skriflegu formi, aðeins hnitmiðaðar tillögur um Vatnajökul – kökurit.***

# Hluti II: Atburðarásin

# Hvað var gert? Hvernig var unnið? Hvaðan komu upplýsingar? á árunum 1992 til 1999?

Í þessum Hluta II er frásögn af atburðarásinni sjálfri í kringum þróun þeirra tillagna þegar tillögur að friðun Vatnajökuls voru kynntar á árunum 1992-1999, en þær tillögur eru taldar upp í fyrsta hluta.

Þessi hluti er byggður á reynslu höfundar af þróun þeirra hugmynda sem hann setti fram, ásamt því sem hann veit um þróunarvinnu annarra, eða samkvæmt því sem kemur fram og má lesa úr atburðarásinni. Frásögnin er að hluta til í fyrstu persónu. Það er í sjálfu sér val hvort höfundur skrifar eigin hugleiðingar í fyrstu eða þriðju persónu, en hér þótti það allavega eðlilegra.

Að einhverju leiti er um að ræða tvítekningu, þ.e. minnst er stuttlega á tillögur sem birtar voru í hlutanum á undan í sinni opinberu, formlegu mynd. En aðallega er fjallað um hvað var gert, hvernig, og hvers vegna tiltekin skref voru tekin.

Áður en farið er í atburðarásina eru settar fram **sjö mikilvægar spurningar** um þróun málsins sem varð Vatnajökulsþjóðgarður. Eftir lýsingu á atburðarásinni er sex af þessum sjö spurningum svo svarað. Sjöundu spurningunni er svarað aftast.

# Sjö mikilvægar spurningar

Hér eru nokkrar spurningar sem lesandinn má hafa á bakvið eyrað um leið og lesið er. Í lokin verður farið yfir líklegustu svörin við þessu.

## 1. Af hverju hefur verið svo lítið um þras og deilur?

Íslendingar eru sæmilega færir um að hefja þras og deilur um ýmis málefni. Vatnajökulsþjóðgarður er engin smásmíð, og er auk þess á vettvangi náttúruverndar, þar sem deilur hafa verið tíðar. Telja má að fyrsta alvöru tillaga að friðlýsingu Vatnajökuls og nálægra svæða í eina heild hafi komið fram árið 1995, þingsályktunartillaga var samþykkt árið 1999, þjóðgarðurinn var samþykktur af ríkisstjórn árið 2000 og hann var stofnaður 2008. Hann hefur lagt undir sig um 13% landsins. Samt sýnist mér að ekki hafi hafist neinar deilur um þetta mál fyrr en árið 2009 með athugasemdum aðila á Mývatni, sem þó voru ekki með þátttöku margra. Svo blossuðu upp nokkrar deilur um ferðir mismunandi farartækja, og veiðar innan þjóðgarðsins á tilteknum stöðum árið 2010-2011, og virðast óútkljáð enn. Slík skoðanaskipti eru ekki óeðlileg í svo stóru máli, en þetta var ekkert í líkingu við mótmælin gegn Kárahnjúkum. Í núverandi stöðu þjóðlífsins þar sem eldar deilna loga siglir hinn stóri þjóðgarður að mestu rólegan kúrs. Er einhver sérstök ástæða fyrir því, sem hefur þó verið hulin að mestu? Þessi friður er kannski ekki tilviljun. Og svarið gæti jafnvel gefið innblástur á öðrum sviðum.

## 2. Hvers vegna spyr enginn hvaðan hugmyndin kom, og hvers vegna?

Það var verið að búa til friðlýst svæði, þjóðgarð, sem nær yfir um 13% af landinu (og e.t.v. meira síðar). Þetta er um 1/8 hluti landsins, í einu skrefi. Hvernig stendur á því að hjá heilli þjóð virðist enginn hafa spurt þessarar spurningar á meira en einum áratug: „***Hvaðan kom þessi hugmynd eiginlega? Á hvaða forsendum var hún sett fram?***“ Það er eins og fólk taki því bara eins og hverju öðru smámáli að 1/8 hluti landsins falli undir eitt friðlýst náttúruverndarsvæði, og enginn virðist hugsa af hverju? Hvernig stendur á því? Það er miklu meira spurt um afhverju Ísland lendir í sæti X í Eurovision... Eru 13% af landinu minna mál en það?

## 3. Af hverju komst þessi óvenjulega hugmynd í gegn um síuna og var samþykkt? (Það var hægri-miðju stjórn á þessum tíma).

Á þeim tíma sem Vatnajökulsþjóðgarður var samþykktur voru Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur í ríkisstjórn. Líklega eru flestir því sammála að Sjálfstæðisflokkurinn hefur almennt ekki verið talinn helsta málpípa náttúruverndar á Íslandi. Aðrir flokkar, vinstri sinnaðri, hafa verið taldir standa þar framar. Hinn risavaxni Vatnajökulsþjóðgarður hefði aldrei verið samþykktur ef Sjálfstæðisflokkurinn hefði verið honum mótfallinn. Hvernig voru hinar raunverulegu tillögur sem þjóðgarðurinn byggði á ólíkar fyrri hugmyndum um friðlýst svæði?

## 4. Hvers vegna var lýst vilja til miklu meiri útgjalda vegna nýs þjóðgarðs en venjan var að verja til náttúruverndarsvæða (þar með talið þjóðgarða)?

Á fjárlögum árið 2000 kom fram að allar fjárveitingar til þjóðgarða og friðlýstra svæða á Íslandi voru um 50 milljónir í almennan rekstur og 21 í viðhald. Þá voru 89 þjóðgarðar og önnur friðlýst svæði (friðlönd, náttúruvætti o.s.frv.) á Íslandi. Þetta gerði 797 þúsund krónum samtals á hvert svæði að meðaltali. Þetta eru engin ósköp. Á sama tíma var verið að samþykkja að bæta við nýju friðlýstu svæði, Vatnajökulsþjóðgarði, og var nokkru síðar gert ráð fyrir að stofnkostnaður gæti orðið 600 milljónir króna, og rekstrarkostnaður um 115 milljónir króna á ári. Þetta er ansi hressilegur mismunur. Hvað var það við þjóðgarðinn stóra sem olli því að stjórnmálamenn virtust tilbúnir að setja svo miklu hærri fjárhæðir en venjan var? (Ath. Tölurnar eru víst aðrar í dag, og enginn veit hverjar þær verða í framtíðinni, en þessa yfirlýsti vilji þá var engu að síður athyglisverður).

## 5. Hvað er að marka spár um aukningu tekna?

Samkvæmt opinberum áætlunum sem tvenn ráðuneyti létu vinna kringum 2004 er talið mögulegt að Vatnajökulsþjóðgarður geti leitt af sér mikinn tekjuauka fyrir samfélagið gegnum auknar tekjur af ferðamönnum. Að vísu má líkja þjóðgarðinum við nytjaskóg sem er plantað; það tekur líklega minnst 20 ár áður en þjóðgarðurinn er orðinn það þekktur alþjóðlega, að hann dragi slíkan fjölda ferðamanna til landsins sem stillt er fram í þessum áætlunum. Þetta er hins vegar verulegt, jafnvel svo nemi milljörðum eða tugum milljarða á ári í áhrif á landsframleiðslu. Hvað er að marka þessar spár? Í lokin er reynt að útskýra það og vísað á aðra umfjöllun, fyrir þá sem hafa áhuga.

## 6. Hvers vegna er þróun þessa máls mikilvæg í stöðunni í dag?

Það er rétt að velta fyrir sér hvers vegna árangursríkt „boðhlaup“ sem unnið er á vandaðan hátt skiptir máli, í ljósi þessa máls? Þetta verður einnig skoðað örstutt, en annars er megin umfjöllun um „boðhlaup“ í greininni „Er ekki tími fyrir uppbyggingu“ á vefnum Uppbygging.org.

## 7. Hvernig atvikuðust hlutar „boðhlaupsins“ sem varð Vatnajökulsþjóðgarður 1992-2013?

Megin málið á vefnum uppbygging.org er þróun nýrra verðmætra hugmynda eða lausna, ákvörðun og framkvæmd. Módelið um „boðhlaup“ er sett fram í hluta III (blaðsíðu 249) til að skýra og skilja betur þetta ferli, því þetta er það sem er mikil þörf á á Íslandi, eftir atburðarásina á fyrsta áratug 21. aldar. Það ferli sem varð hinn stóri Vatnajökulsþjóðgarður er ferlið sem höfundur hefur reynslu af, og hér er því sett fram útskýring á því sem gerðist, til að gefa dæmi um stórt „boðhlaups“ ferli sem náði alla leið. Sjöunda spurningin varpar ljósi á það.

# Atburðarásin kringum þróun og kynningu hinnar stóru hugmyndar um Vatnajökul og nágrenni 1992-1999

### Hvað bjó í fortíðinni?

Fyrir árið 1992 mun það aldrei hafa gerst að nokkur hafi sett fram formlega tillögu, eða sæmilega yfirgripsmikla og hnitmiðaða hugmynd, um það að friðlýsa Vatnajökul, sem sett var fram opinberlega. Þetta hef ég frá samtölum við menn sem sátu í Náttúruverndarráði fyrr á árum, þar á meðal fyrrum formann ráðsins, Arnþór Garðarsson (símtöl 3.1.2004 og 13.2.2005). Öðru hvoru, t.d. árið 1993, munu hafa komið upp lauslegar hugmyndir á meðal fólks í friðunargeiranum, þar sem Vatnajökull var í myndinni, en þær fóru ekki hátt og varð ekki meira úr. Reyndar skal tekið fram, sem Arnþór Garðarsson benti á, að í náttúruverndargeiranum tíðkast ekki að tengja tilteknar hugmyndir við einstaklinga, andstætt við t.d. heim stjórnmála. En á það skal bent að hugmyndirnar sem fjallað er um hér á eftir voru atvinnusköpunar- og markaðshugmyndir í fyrsta sæti, en náttúruverndarhugmyndir í öðru sæti, og hér er vissulega um að ræða mjög mikla vinnu einstaklings en ekki hópvinnu, og því varla annað hægt en að segja frá ferlinu eins og það var, sem var sköpunarverk einstaklings.

# 1992 – upphaf hugleiðinganna

Um haustið 1992 blossuðu upp deilur um hugsanlega línulögn Landsvirkjunar þvert yfir Ódáðahraun, nærri Öskju. Landsvirkjun vildi leggja línu þar yfir, enda taldi fyrirtækið það hagkvæmasta kostinn. Náttúruverndarsinnar mótmæltu hástöfum enda væri þetta ósnortið víðerni og eitt stærsta af slíkum í Evrópu. Þeir vildu að raflínan færi aðeins norðar.

Undirritaður höfundur þessa pappírs fylgdist með þessum deilum, og agnarsmárri eldingu laust niður í hugann. Gæti ekki verið að þetta svæði væri býsna verðmætt í þessu ósnortna ástandi, efnahagslega en ekki bara út frá hugsjónum náttúruverndar? Gæti verið að verðmætið væri miklu meira en sem næmi sparnaði Landsvirkjunar við að leggja línuna þvert yfir, í stað þess að fara aðeins lengri leið norðureftir, nær Mývatni, sem gæti þó verið ögn dýrara en að leggja línuna þarna beint yfir? Ef þetta svæði væri ósnortið mætti markaðssetja það sem stærsta ósnortna víðerni Vestur-Evrópu um alla eilífð ef því væri hlíft. Það myndi skapa viðskipti og ný störf. Myndi hagnaðurinn af því, til langs tíma, ekki slá algerlega út sparnað Landsvirkjunar af þeirri raflínuleið sem Landsvirkjun vildi fara?




**Mismunandi línustæði Fljótsdalslínu skv. tillögum Landsvirkjunar.**
***Mynd úr DV, 15. Október 1992. Mynd fengin af vefnum timarit.is (ath bls. 7.)***

Málflutningur náttúruverndarsinna var út frá náttúruverndarstefnunni, svo undirritaður ákvað að skrifa blaðagrein með þessum atvinnu- og viðskiptatengda fókus. Greinin birtist í sem aðsendi grein í Morgunblaðinu frekar seint í október 1992, nokkrum dögum fyrir tímamörk til að skila inn mótmælum. Því er óljóst hve mikil áhrif hún hafði. Greinin átti að hafa fyrirsögnina ‚Austfirðingar og Norðlendingar: Vaknið' en Morgunblaðið breytti fyrirsögninni í ‚Hörmuleg fyrirætlun,' án þess að ég vissi af. Nú var greininni beint til Austfirðinga og Norðlendinga fyrst og fremst, svo kannski geigaði fyrirsögnin eitthvað við þetta. Því verður ekki svarað, en þetta var hinsvegar líklega fyrsta hnitmiðaða umræðan, og blaðagreinin, á opinberum vettvangi á Íslandi þar sem mælt var með náttúruvernd út frá markaðsfræðum og atvinnulífsrökum eingöngu, en ekki hefðbundnum hugsjónum náttúruverndarsinna. (Greinin er á blaðsíðu 26.)



MORGUNBLAÐIÐ FIMMTUDAGUR 15. OKTÓBER 1992

# Hörmuleg fyrirætlun

*Frá Sverri Sveini Sigurðarsyni:*

Við Íslendingar stöndum nú frammi fyrir mestu kreppu í atvinnumálum í langan tíma. Samdráttur blasir við á mörgum sviðum, bæði í höfuðborginni og á landsbyggðinni. Á slíkum tímum er mjög mikilvægt að huga að framtíðinni. Hvað getur komið í staðinn fyrir minnkandi landbúnað og fiskvinnslu í landi?

Einn af þeim möguleikum sem dreifbýlinu stendur opinn er aukin uppbygging ferðamannaþjónustunnar, og það er helst talið að hin hreina og ósnortna náttúra sé sá grunnur sem hún muni byggja á.

Margir telja að eitt helsta tromp sem Austur- og Norðurland hafi á hendi í því efni sé víðáttan norðaustan Vatnajökuls, því þarna er hvorki meira né minna en stærsta ósnortna víðerni í gjörvallri Evrópu. Hrein og ómenguð náttúran, laus við mannanna brambolt.

Á tímum mikillar og vaxandi umhverfisvitundar og áhuga á ósnortinni náttúru í öllum hinum vestræna heimi er augljóst að íbúar á Norðausturlandi geta hugsað sér gott til glóðarinnar þegar þeir fara að huga að frekari uppbyggingu ferðamannaþjónustu. Tilvist þessa svæðis mun gera þeim mun auðveldara fyrir í þeim efnum, því fjöldi útlendinga mun í framtíðinni hafa áhuga á að leggja leið sína til Íslands til að kynnast „stærsta ósnortna svæði Evrópu".

En þá kemur babb í bátinn.

Landsvirkjun hefur kynnt nýja hugmynd að legu Fljótsdalslínu 1, svonefnda E-leið, í stað A-leiðar sem hafnað var í fyrra sökum mótmæla. Þessi nýja leið hefur sama galla og sú fyrri að hún liggur þvert í gegnum umrætt svæði. Landsvirkjun hefur haldið því fram að með því að leggja línuna þessa leið í stað þriðju leiðarinnar, meðfram byggðalínu, muni hún spara þjóðarbúinu umtalsverðar upphæðir. En er það svo?

Ég tel ekki. Við skulum gera okkur grein fyrir því að þetta svæði mun í framtíðinni geta orðið mikil skrautfjöður fyrir íslenska ferðamannaþjónustu, þar sem það gefur Norðausturlandi (og Íslandi öllu), mjög mikla sérstöðu.

Það er hins vegar ljóst að ef að línan verður lögð þarna í gegn þá er ekki lengur um að ræða „stærsta ósnortna víðerni Evrópu". Svæðið mun því hafa mun minni sérstöðu og aðdráttarafl fyrir erlenda ferðamenn og erfiðara verður að sannfæra þá um að Norðausturland hafi upp á eitthvað merkilegt að bjóða. Það þýðir að tekjulega séð hefur „verðgildi" svæðisins stórlækkað fyrir þá sem vinna við ferðamannaþjónustuna. Og ef litið er til langs tíma er þar ekki verið að tala um neinar smáupphæðir.

Hvað mun það geta þýtt tekjulega ef að svæðinu verður þyrmt? Ég vil fullyrða að með skynsamlegri markaðssetningu þá geta árlegar tekjur íbúa á svæðinu í kring numið a.m.k. helmingi þeirrar upphæðar sem Landsvirkjun hyggst „spara" þjóðarbúinu með því að eyðileggja ósnortinleik þessa svæðis. Og ef við reiknum saman þær tekjur t.d. næstu 50 árin, þá er „sparnaður" Landsvirkjunar farinn að fölna ansi mikið við samanburðinn. Og við skulum gera okkur grein fyrir einu mikilvægu atriði: Ef við Íslendingar erum nógu skynsamir að láta þetta svæði í friði, þá mun „stærsta ósnortna víðerni í Evrópu" verða okkar eign, ekki aðeins næstu 50 árin, heldur um alla eilífð.

Ég hvet alla hugsandi menn og konur að mótmæla þessum hörmulegu fyrirætlunum Landsvirkjunar. Það verður að koma í veg fyrir að þeim miklu möguleikum sem liggja í þessu svæði verði kastað á glæ.

Mótmælum skal skilað skriflega til: Skútustaðahrepps, Múlavegi 2, 660 Reykjahlíð, Jökuldalshrepps, Skjöldólfsstöðum, 701 Egilsstöðum og afriti til Skipulags ríkisins, Laugavegi 166, 105 Reykjavík, (símbréf 91-624155) fyrir 16. október nk. (Ath. að mótmæla bæði A- og E-leið). Einnig væri hugsanlegt að hafa samband við þingmenn og aðra þá sem hugsanlega gætu haft áhrif á málslok. Athugið að þögn verður túlkuð sem samþykki.

SVERRIR SVEINN SIGURÐARSON,
Hagaflöt 4, Garðabæ.

## Pennavinir

***Íslendingar höfðu skrafað og skrifað margt gagnmerkt um náttúruvernd frá upphafi, en var það allt frá sjónarhól hefðbundinnar náttúruverndar og -fræða. Þessi grein var hins vegar líklega sú fyrsta sem birtist á Íslandi um náttúruvernd, nánast eingöngu með sjónarhorn á markaðsleg, viðskiptaleg og atvinnusköpunar viðhorf. Úr Morgunblaðinu 15.10.1992. Fengið af vefnum tímarit.is.***

## Forsagan á undan aðsendu greininni

Ákveðin forsaga var á undan þessari aðsendu grein. Þetta má líklega rekja til áranna kringum 1988, þó það væri nákvæmlega ekkert sem benti til þess að þá væri eitthvað að gerast, sem gæti átt eftir að leiða af sér stærsta þjóðgarð Vestur-Evrópu. Á þessum árum var blússandi góðæri á Íslandi, miklir peningar, allir höfðu vinnu, glansandi bílar og flott föt, mikið djammað. Svo sló í bakseglin og kreppa

tók við. Atvinnuleysi jókst mjög og landflótti varð. Fyrirtæki og einstaklingar urðu gjaldþrota í meiri mæli en fyrr. Höfundur hafði sjálfur fundið fyrir þessu, en var á þeim tíma nemandi í fornámi Myndlista- og handíðaskóla Íslands (í dag LHÍ). Slíkir nemendur eru engir auðkýfingar svo atvinnuleysi í nokkra mánuði breytti ekki stórkostlega miklu.

Ástandið var hins vegar heldur fúlt á Íslandi árin 1990-1992. Það var mikið um vonleysi og nöldur, (hljómar kunnuglega?), en of lítið um að fólk væri í sóknarhug að leita nýrra tækifæra. Þessi hugdetta höfundar, að sniðugt gæti verið að hlífa Ódáðahrauni við raflínulögn til að styrkja aðra atvinnuvegi, var sprottin upp úr þeirri hugsun að nauðsynlegt væri að leita að og benda á einhverjar leiðir til að styrkja atvinnusköpun, svo hægt væri að vinna gegn þeirri kreppu og atvinnuleysi sem skyndilega hafði lagst yfir íslenskt þjóðlíf eins og mara, eftir gleðina 1988.

Þessi litla blaðagrein í Velvakanda Morgunblaðsins um ósnortið Ódáðahraun og tilfærslu raflínu var framlag og tilraun undirritaðs í því. Því má segja að efnahagssamdrátturinn frá 1988 til 1992 var jarðvegurinn á bakvið greinina. Hún var svo grunnurinn að áframhaldandi þróun málsins, eins og kemur fram hér á eftir.

# Árið 1993

Þessi hugsun um svæðið norðan Vatnajökuls hélt áfram að „ónáða“ með reglulegu millibili. Í byrjun var þetta þó aðeins hugboð eða tilfinning, frekar en skýrar hugmyndir um hvernig þetta ætti að hanga saman. Um vorið 1993 prófaði ég nám í iðnrekstrarfræðum við Tækniskóla Ísland, og gluggaði þar meðal annars í markaðsfræði. Árin 1993 og fram í september 1994 vann ég í markvissari mæli að því að þróa þessa hugmynd um hið stóra ósnortna svæði þannig að úr mætti verða tillaga sem væri nógu góð til að setja fram formlega. Slík hugmynd gæti orðið hluti af þeim hugmyndum sem væru uppi á borðum, og hægt væri að taka afstöðu til ef fólk hefði áhuga á því. Þetta var gert af áhuga, og ljóst að ég var ekki að verja neina sérstaka hagsmuni sem ég tengdist persónulega. Ég hafði þá hugmynd í kollinum að á ævinni ætti maður að gera allavega einn stóran hlut sem væri ekki í eigingjörnum hvötum heldur ætti að vera samfélaginu til góða. Þetta gæti þá orðið mitt framlag af því tagi. Hér er ekki um að ræða nýsköpun af algengasta tagi, sem þó er góð og gild, bissness, fyrir einn eða fáa að græða á, heldur það sem má kalla samfélagsleg nýsköpun, sem getur orðið grunnur að hagnaði samfélagsins. Ég held að ef margir myndu gera slíkt, að gera eitt stórt fyrir fleiri en sjálfan sig, þá væri frekar fljótt hægt að bæta úr ýmsu, þó ekki sé hægt að ráðast í öll verk með slíkri hugsjón.

Strax þarna í upphafi fann ég fyrir því að svona hugmynd gæti fengið bæði jákvæð og neikvæð viðbrögð, en vonaði að ef hugmynd væri sett fram af stakri kurteisi með vönduðum rökstuðningi, og hlutleysis væri gætt þannig að ekki væri hallað á neinn, heldur hugað að hagsmunum allra hópa, væri mögulegt að setja svona hugmynd fram án þess að höfundur myndi verða fyrir óþægindum af. Það má vel vera að slíkt sé hægt, en ég sé núna að það er engan veginn tryggt.

Áherslan var þung á nokkra hluti:

- Að hvergi væri sett fram fullyrðing byggð á tilfinningu eða egóískri yfirlýsingagleði, heldur væru það gögn og staðreyndir lægju til grundvallar (enda hafði ég enga persónulega þungavikt eða fylgi, og því enginn sem tryði mér vegna þess eins að ég væri að tala).
- Að þessi gögn og staðreyndir væru byggðar á eins traustum heimildum og mögulegt væri.
- Að allar hugmyndir og staðhæfingar væru byggðar á jarðbundinni rökhugsun þar sem hlutir héngu saman á rökréttan hátt.
- Að þetta væri hlutlaust og kurteist þannig að ekki væri verið að veitast að neinum, eins og því miður er algengt í umræðu hér á landi.
- Að engar persónulegar skoðanir kæmu fram heldur væri allt eins og að ofan greinir.

Leiðin á býsna víða til að afla ýmiskonar upplýsinga. Ég átti samtöl við einstaklinga með þekkingu á stöðu náttúruverndar á Íslandi, meðal annars Harald A. Einarsson líffræðing og Kára Kristjánsson landvörð. Þar sá ég m.a. kort með náttúruminjaskrá, sem sýndi friðlýst svæði. Þar voru svæði sem voru þegar friðuð, og kom á óvart að svæðið í Ódáðahrauni var þegar friðað sem hluti af Mývatns- og Laxársvæðinu sem friðað var með sérstökum lögum nr. 36/1974 (síðar lagt niður). Einnig mátti sjá svæði kringum Vatnajökul og sem náðu jafnvel upp á jökulinn, eins og Skaftafellsþjóðgarð. Þar, horfandi á kortið útgefið af Náttúruverndarráði, fékk ég þá hugdettu að með því að friðlýsa restina af Vatnajökli væri komin tenging á milli allra þessara friðlýstu svæða og til væri orðin ein friðlýst heild. Samtal við Geir Egilsson í Keflavík var mikill innblástur vegna jákvæðra viðbragða, en hann hafði ákveðin tengsl inn í hótelgeirann sem gaf innsýn sem var mikilvæg. Ýmis gögn voru skoðuð á Landsbókasafni, og talað við umhverfisráðuneytið og ýmis önnur ráðuneyti, Náttúruverndarráð, Orkustofnun, Landsvirkjun, iðntæknistofnun, sendiráð og víðar.

Á einhverjum tímapunkti var ég t.d. að spá í samkeppni við náttúrusvæði í norður Skandinavíu og hvort að hernaðarbrölt Rússa (áður Sovétmanna) á Kola skaga hefði neikvæð áhrif á ímynd þessara svæða, og þar með aðdráttarafl fyrir ferðamenn? Ég leitaði svara í sænska, norska og finnska sendiráðinu, og fékk þar bæklinga og ljósrit til að skoða. Þeim þótti þetta frekar óvenjuleg fyrirspurn minnir mig. Án nokkurrar fjárveitingar var semsagt reynt að vinna þetta eins vel og hægt var.

Myndirnar hér á eftir sýna hluta þeirra gagna sem skoðuðu voru í þessari vinnu árin 1993 og 1994.



Hluti þeirra gagna sem skoðuð voru þegar hugmyndirnar voru þróaðar og kynntar. Mynd 1.



Hluti þeirra gagna sem skoðuð voru þegar hugmyndirnar voru þróaðar og kynntar. Mynd 2.




Hluti þeirra gagna sem skoðuð voru þegar hugmyndirnar voru þróaðar og kynntar. Mynd 3.




Hluti þeirra gagna sem skoðuð voru þegar hugmyndirnar voru þróaðar og kynntar. Mynd 4.

# Forsendur fyrir tillögu að eldfjallafriðlandi á Náttúruverndarþingi

Á 8. Náttúruverndarþingi sem haldið var 29. og 30. október 1993 í Reykjavík kom fram hugmynd að Eldfjallafriðlandi, að mestu norðan Vatnajökuls. Kári Kristjánsson var skrifaður fyrir tillögunni, en ásamt honum mun Bryndís Brandsdóttir, jarðvísindamaður, hafa tekið þátt í þróun þessarar tillögu. Greinargerðin með tillögunni er hér á undan, á blaðsíðu 28.




Kári Kristjánsson var landvörður á sumrin í Herðubreiðarlindum á sumrin á þessum árum, en hann starfar nú hjá Vatnajökulsþjóðgarði, meðal annars á sama svæði. Þessi hugmynd að viðeigandi væri að stofna til friðlands mun hafa komið upp í samtölum milli hans og Bryndísar Brandsdóttur, þar sem hún vann að rannsóknum í jarðfræði svæðisins. Kosturinn við að stofna friðland á þessu svæði að þarna voru flestar tegundir af eldfjöllum, en einstök náttúrufyrirbrigðin eru talin upp í greinargerðinni eftir blaðsíðu 28. Með því að teygja svæðið inn á Vatnajökul, suður að mörkum þjóðgarðsins í Skaftafelli, yrði allt svæðið sem tilheyrir syðri hluta Skútustaðahrepps hluti af friðlandinu eins og þau sáu það fyrir sér.

Hugmyndin að friðlandinu kom upp sem viðbrögð við deilum um hugsanlega línulögn yfir Ódáðahraun sem Landsvirkjun hafði ráðgert. Þær deilur hófust um eða fyrir 1990. Töldu Kári og Bryndís að leiðin sem farin var í tillögu að Eldfjallafriðlandi væri líkleg til að verða sáttaleið, og þar með tiltölulega líkleg til að geta orðið að veruleika. Bryndís taldi að Sigurður Þórarinsson, jarðfræðingur, hefði einhvern tímann haft svipaðar hugmyndir. Það myndi hafa verið í kringum 1960 líklega, en nánari upplýsingar um það eru ekki fyrir hendi og skipta ekki máli fyrir efni bókarinnar. Í bókun sem sveitarstjórn Skútustaðahrepps á þessum árum, er suðurhluti hreppsins, þ.e. Ódáðahraun tekið frá til útivistar, eins og segir í samþykktinni.

Tillagan var sett fram á 8. Náttúruverndarþinginu í nafni Kára, og samþykkt sem ályktun þingsins. Hún var aftur áréttuð á 9. Náttúruverndarþingi árið 1997, og í þriðja sinn, í það skiptið sem tillaga að Eldfjallaþjóðgarði, á 10. Náttúruverndarþinginu árið 2000. Meðfylgjandi myndi sýnir tillöguna að Elfdjallafriðlandinu, og eru mörk Vatnajökulsþjóðgarðs jafnframt dregin. Eins og sést er stærstur hluti þess svæðis sem tillöguhöfundar sáu fyrir sér að yrði að þessu friðlandi nú hluti af Vatnajökulsþjóðgarði.

## Umgjörðin um tillögu Hjörleifs Guttormssonar um Vatnajökul

Eins og áður sagði virðist sem að aldrei og hvergi hafa verið lagt til eða talað opinberlega með hnitmiðuðum tillögum, um þann möguleika að friðlýsa Vatnajökul fyrir 1992. Þetta skilst þegar megin áherslur náttúruverndarsinna eru skoðaðar, en þeir lögðu áherslu á tvennt: Annars vegar á viðkvæmt plöntuvistkerfi eða lífríki, og hins vegar viðkvæmar jarðmyndanir. Á íshellu Vatnajökuls er augljóslega ekki gróskumikið plöntuvistkerfi eða mikið af villtum dýrum, það þarf varla að ræða það, og jökullinn sem slíkur er jökulþekja sem bætast nokkrir metrar af snjó ofaná á hverju ári, og uppfyllir því heldur ekki þann skilning að vera viðkvæm jarðmyndun sem þarf að vernda fyrir yfirborðsraski. Undantekning er Esjufjöll í miðjum jöklinum sunnanverðum, (þar er víst mávavarp hef ég heyrt), og að einhverju leiti Grímsvötn. Bæði svæði voru friðuð; Esjufjöll sem friðland og þjóðgarðurinn í Skaftafelli var látinn teygja sig norður í Grímsvötn. Að öðru leiti uppfyllti Vatnajökull sem og aðrir stórir jöklar landsins ekki hugmyndir um svæði sem þyrfti að vernda, og því varla ástæða fyrir náttúruverndarsinna að hafa aðkallandi áhyggjur af þeim.

Haustið 1993 á Náttúruverndaþingi, því sama og tillagan um Eldfjallafriðland var sett fram, steig Hjörleifur Guttormsson alþingismaður hins vegar í pontu og lagði fram lista yfir sautján svæði sem hann taldi að væru vænleg til friðlýsingar. Eitt af þessum svæðum var Vatnajökull, **eins og sjá má á listanum á blaðsíðu 32**. Öll svæðin voru á Austurlandi, sem var einmitt kjördæmi Hjörleifs. Hjörleifur er náttúrufræðingur og hafði auk þess yfirburðaþekkingu á náttúrufari á því svæði, sem hann hafði skoðað og rannsakað um áratuga skeið. Á listanum stóð jafnframt að þetta væri „langs frá því að vera tæmandi upptalning," og því ljóst að hann hafði ekkert á móti verulega auknum friðlýsingum.


22. október 1993

Hjörleifur Guttormsson
Alþingi

Náttúruverndarráð
Hlemmur 3
125 Reykjavík

Efni: Athugasemdir til Náttúruverndarþings við drög að stefnumörkun í náttúruvernd.

Meðfylgjandi sendir undirritaður athugasemdir við drög að stefnu Náttúruverndarráðs í náttúruvernd til framlags á 8. Náttúruverndarþingi.

Með vísan til bréfs Náttúruverndarráðs frá 11. október 1993 til þingfulltrúa óska ég eftir að athugasemdum þessum verði dreift til þingfulltrúa og að mér gefist kostur á að fylgja þeim úr hlaði með stuttri framsögu á þinginu eða í vinnuhópum.

Með vinsemd

Hjörleifur Guttormsson

Ellefu svæði á lista Hjörleifs voru á náttúruminjaskrá, sem er einskonar óskalisti eða biðstofa friðlýsingar, en hefur ekkert formlegt friðlýsingargildi. Hin sex svæðin voru ekki á náttúruminjaskrá. Vatnajökull var á meðal þessara sautján svæða á listanum, enda hafði náttúruverndarfólk í gegnum áratugina ekki séð ástæðu til að setja hann á skrána meðal náttúruminja.

**Þetta mun líklega hafa verið í fyrsta skipti sem að fram kom hugmynd á opinberum vettvangi (eða ábending eins og segir á blaðinu sem hann lagði fram), um friðlýsingu á Vatnajökli.**

Það er því ekki úr vegi að skoða kringumstæðurnar á þessu Náttúruverndarþingi, sem ábendingar Hjörleifs voru settar fram við. Fyrir Náttúruverndarþingið hafði hann sent bréf með athugasemdum hans við drög að stefnumörkun í náttúruvernd, sem taka átti fyrir á þinginu. Óskaði hann eftir því að honum „gefist kostur á að fylgja þeim úr hlaði með stuttri framsögu á þinginu eða í vinnuhópum."

Athugasemdir hans voru á átta síðum. Á bréfið hafði hann jafnframt handskrifað að með tillögunni væri einnig tillaga að friðlýsingu vatnasviðs Þingvallavatns og stækkun þjóðgarðsins á Þingvöllum. Hann óskaði eftir að gera grein fyrir henni líka. (Sjá mynd af bréfinu á fyrri síðu).

Til viðbótar þessum tveimur málum í bréfinu lagði Hjörleifur einnig fram tillögu um skipulag friðlands á Lónsöræfum (Stafafellsfjöllum), og óskaði eftir að Náttúruverndarþing samþykkti þá tillögu.



25 OCT 1993
Skjalasafn 00.17 Viðt.

**Athugasemdir**

**við drög Náttúruverndarráðs að stefnu í náttúruvernd**

**frá Hjörleifi Guttormssyni**



**Tillaga á 8. Náttúruverndarþingi**
frá Hjörleifi Guttormssyni
**um skipulag friðlands á Lónsöræfum (Stafafellsfjalla)**

Náttúruverndarþing 1993 beinir því til Náttúruverndarráðs og Skipulags ríksins að sjá til þess að hið fyrsta verði hafin vinna að aðalskipulagi fyrir friðlandið á Lónsöræfum á grundvelli gildandi friðlýsingar í samráði við sveitarstjórn, landeigendur, ferðafélög og aðra heimaaðila. Tryggt verði að nauðsynlegar athuganir og rannsóknir fari fram á svæðinu vegna skipulagsins svo og á hugsanlegri stækkun friðlandsins.

38



NÁTTÚRUVERNDARRÁÐ
25 OCT 1993
Skjalasafn 00.17 Viðt.

**Tillaga á 8. Náttúruverndarþingi**
frá Hjörleifi Guttormssyni
**um friðlýsingu vatnasviðs Þingvallavatns og stækkun þjóðgarðsins á Þingvöllum.**

Náttúruverndarþing 1993 skorar á Alþingi að minnast 50 ára afmælis lýðveldisstofnunar 1994 með því að setja sérstaka verndarlöggjöf um allt vatnasvið Þingvallavatns. Jafnframt verði núverandi þjóðgarður á Þingvöllum stækkaður svo sem aðstæður frekast leyfa.

Greinargerð

Þingvellir hafa sérstöðu umfram aðra staði vegna náttúru sinnar og tengsla við sögu þjóðarinnar. Þegar árið 1928 voru sett

***Fyrirsagnir á málunum þremur sem Hjörleifur Guttormsson hafði undirbúið fyrir þingið og lagði fram til samþykktar.***

Örlög þessara þriggja mála, (sjá fyrirsagnir málanna þriggja á mynd), voru eftirfarandi: Í vinnuhópi nr. 1 um náttúruminjar og friðlýsingar á þinginu var athugasemdum Hjörleifs við stefnumörkun í náttúruvernd var vísað til Náttúruverndarráðs til umfjöllunar, þegar stefnan væri tekin þar fyrir. Tillaga um friðlýsingu vatnasviðs Þingvallavatns var samþykkt í vinnuhópnum, og samþykkt að mæla með henni óbreyttri við Náttúruverndarþing. Náttúruverndarþing samþykkti svo þá tillögu. Mælt var með að samþykkja tillögu að skipulagi í Lónsöræfum óbreytta. Náttúruverndarþing samþykkti svo ályktun um skipulag Lónsöræfa, en ályktanir eru hinar formlegu samþykktir sem beint er til ýmissa ráðuneyta og stofnana í samfélaginu. Tillagan um skipulag Lónsöræfa var númer 38 af þeim tillögum sem teknar voru fyrir í vinnuhópnum.


VINNUHÓPUR NR. I NÁTTÚRUMINJASKRÁ OG FRIÐLÝSINGAR

Áttunda náttúruverndarþing 28. október 1993 kl. 13.45 - 17.25


nr. 38 Um skipulag friðlands á Lónsöræfum. Flutningsm. Hjörleifur Guttormsson. **Samþykkt að mæla með henni óbreyttri.**

Ónúmeruð ábending frá Hjörleifi Guttormssyni um svæði á Austurlandi, sem lagt er til að verði skoðuð sérstaklega m.t.t. að þau verði gerð að þjóðgörðum eða annars konar verndarsvæðum, sbr. greinargerð Náttúruverndaráðs bls. 16. **Samþykkt að vísa þeim til Náttúruverndarráðs til frekari skoðunar, þegar ráðið gengur endanlega frá stefnunni.**

***Afgreiðsla vinnuhóps nr. 1 á ábendingum Hjörleifs má sjá neðst á blaðinu.***

Þá eru það hinar 17 ábendingar um svæði á Austurlandi. Sá listi var ekki komin fram áður en þingið hófst, og var ekki tekinn til formlegrar atkvæðagreiðslu á Náttúruverndarþingi. Svo virðist sem að hann hafi verið settur fram á meðan á þingi stóð. Engin greinargerð virðist hafa fylgt þessu blaði. Eins og áður sagði var síðasta málið á lista vinnuhóps nr. 1, um skipulag Lónsöræfa, númer 38. Á blaðið sem er í gögnum Þjóðskjalasafns hefur verið skrifað númerið 39, og svo krotað yfir það aftur. Kannski ætluðu menn að taka þessar tillögur til formlegrar afgreiðslu, en síðan hætt við vegna þess að málið hefði verið komið fram of seint og ekki í samræmi við þingsköp? (**Sjá mynd af lista Hjörleiffs á blaðsíðu 32**). Vinnuhópur nr. 1 samþykkti að vísa hinni ónúmeruðu ábendingu til Náttúruverndarráðs. Á fundi sjálfs Náttúruverndarþings virðist sem að þessi tillaga hafi verið lítillega rædd, en í fundargerð stendur „039 Athugasemdir ekki tillaga til samþykktar."

Líklega hefur engum sem sat þetta Náttúruverndarþing dottið í hug að þarna væri verið að leggja fram hnitmiðaða og röskstudda tillögu að friðlýsingu Vatnajökuls. Það er nokkurn veginn augljóst að

svo var ekki, enda aðeins eitt af sautján svæðum á listanum. Á þessum lista hefðu kannski verið talin líklegri svæði á borð við Krepputunga og Kverkfjöll, eða Snæfell sem öll voru á náttúruminjaskrá. Vegna lengdar listans og stærðar Vatnajökuls má kannski segja að það hefði verið skrýtið ef slíkur listi hefði verið lagður fram og Vatnajökull hefði ekki verið á honum. En jökullinn var ekki sú gerð af svæði sem náttúruverndarmenn lögðu megin áherslu á, eins og áður sagði.




Þó ég geti ekki lesið huga manna efast ég líka um að Hjörleifur og aðrir sem sátu þetta Náttúruverndarþing hafi talið það líklegt, á þeirri stundu sem hann lagði fram listann með svæðunum 17 og þar með talið Vatnajökli, að einungis rúmum fimm árum síðar myndi Alþingi samþykkja sérstaka þingsályktunartillögu um Vatnajökulsþjóðgarð (án þess að Náttúruverndarþing hefði samþykkt neitt um slíkt hvorki þarna né á 9. Náttúruverndarþinginu rúmum þremur árum seinna), og að tæpum sjö árum síðar myndi ríkisstjórnin Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks samþykkja að friðlýsa Vatnajökul sem þjóðgarð.

Í símtölum við fyrrum formann Náttúruverndarráðs sem höfundur bókarinnar átti, (símtöl 3.1.2004 og 13.2.2005), sagði formaðurinn fyrrverandi, að enginn hefði lagt til friðlýsingu Vatnajökuls hnitmiðað og formlega áður en höfundur gerði það, sem gert var í janúar 1995 eins og kemur fram annars staðar. Hann mundi alla vega ekki eftir því. Ekkert hefur frést af hvernig listinn með hinum 17 svæðum var afgreiddur í Náttúruverndarráði, sem vinnuhópur nr. 1 vísaði til.

Hjörleifur sendi höfundi bókarinnar þennan lista með faxi árið 2004, eftir símtal um þessi mál. Næstu fjögur árin eftir 1993 var Hjörleifur ekki að halda fram opinberlega hugmynd að friðlýsingu Vatnajökuls. Hins vegar talaði hann fyrir hugmynd um friðlýsingu Gerpissvæðisins, austasta odda Íslands, árið 1995, sjá nánar á blaðsíðu 214. Hjörleifur virðist ekki hafa lagt 17 svæða listann fram aftur á níunda Náttúruverndarþinginu í janúar-febrúar árið 1997. Allavega er ekkert um slíkt í ályktunum þess þings. Hins vegar fylgdi hann eftir hugmynd um Vatnajökul í athugasemdum við skipulag hálendisins í desember 1997, og svo í þingsályktunartillögunni sem hann lagði fram á Alþingi í febrúar 1998.

**Það er stór spurning hvort að þessi listi með 17 svæðum hafi haft mikil áhrif í áttina að friðlýsingu Vatnajökuls sem þjóðgarðs nokkrum árum síðar? En þarna kom í fyrsta sinn fram tillaga að friðlýsingu Vatnajökuls, formlega og opinberlega, og er rétt að halda því til haga eins og vera ber.**

Sjálfur hafði ég engar fregnir af þessum lista Hjörleifs, og enginn sem ég talaði við minntist á hann eða sagðist muna eftir að nokkurn tímann hefði verið minnst á Vatnajökul m.t.t. friðunar.

# Árið 1994

Smám saman tók vinna Sverris Sv. á sig mynd, og þróaðist yfir í tillögu um friðun á öllum Vatnajökli, sem myndi tengja saman jökulinn og friðuð svæði í kringum hann sem náðu þá norður fyrir Mývatn. Hugmyndin var loks tilbúið að mestu í byrjun september 1994, en ég var þá að hefja nám í viðskiptafræðum við H.Í. Um haustið var unnið að lokafrágangi. Stefnt var á kynningu í janúar 1995. Á myndunum fjórum hér á undan má sjá hluta þeirra gagna sem voru skoðuð fram að 1995, og líka að hluta til á næstu árum þar á eftir. Þetta er aðeins hlutinn, en einnig var talsvert af öðru prentuðu efni, ljósritum og skrifuðum nótum.

## Spurningar til erlendra hótelfyrirtækja

Uppúr miðju ári 1994 var tillagan búin að fá á sig heildarmynd. Spurning var hinsvegar hvort ég gæti sett þetta fram án þess að verða mér til háðungar? Það er auðvelt að spyrja vini og fjölskyldu, en þau eru ekki endilega með faglega innsýn. Hugmyndin gekk að mörgu leit út á að skapa betri skilyrði fyrir ferðaþjónustu, svo ákveðið var að búa til samantekt hugmynda og röksemda á ensku, og senda út til 30 alþjóðlegra hótelkeðja. Ég spurði þau fyrirtæki hvort þau gætu eytt smá tíma í að skoða þetta, og hvort þau teldu eitthvað vit í þessum pælingum? Tekið var fram að bréfritari væri að hefja nám á fyrsta ári í viðskiptafræðum og stæði einn að fyrirspurninni. Nokkrum póstkortum frá fallegum stöðum á Íslandi var bætt í hvern pakka til að gera þetta skemmtilegra. Ég þurfti að velja þau vel út frá því hvaða peningi var hægt að eyða í þetta, m.t.t. ljósritunarkostnaðar, þunga bréfsins og þar með póstkostnaði, og svo framvegis. Svo var þetta sent af stað í byrjun september.  Einnig var sent út bréf númer tvö, í byrjun október, með ýmsum upplýsingum.

Hvaða svörum gat ég búist við? Kannski 2-3 svörum? Það var ánægjulegt að á endanum komu 12 svör. Þá var spurning hvernig ætti að túlka svörin? Nú var málið að lesa milli línanna. Fá tilfinningu fyrir því sem að baki bjó. Voru svarendur að senda staðlað, þurrt og áhugalaust svar? Innihaldslaus vinsamlegheit? Var svarandi að hæðast að sendanda, og þótti þetta óttalegt bull? Eða hafði svaranda raunverulega þótt þetta dálítið sniðugar hugleiðingar? Tilgangurinn var ekki að reyna að fá þessi fyrirtæki í einhvern bissness, heldur aðeins að reyna að átta sig á hvort þeim hefði þótt þetta áhugavert eða ekki - sæmilega vel hugsað eða illa hugsað.

Ekki var hægt að skynja háð eða fyrirlitningu í neinu svari. Þess í stað nokkra jákvæðni með hlutleysi. Það virtist sem að sumir svarendur hefðu raunverulega eytt dálitlum tíma í að skoða þetta. Þarna voru hvetjandi setningar eins og „your analysis of the situation is to the point“, „most interesting“, „very comprehensive and carefully thought out“, „extremely well thought out,“ „I thoroughly enjoyed your observations“ og „your document provided me with an interesting read.“
Auðvitað eru svona bréf uppörvandi kurteisishjal að hluta til, en þetta leit ekki svo illa út. Ég tek fram að ég reyndi að hafa bréfið til hótelkeðjanna skemmtilega og áhugaverða lesningu, og nálgunin þar hentaði slíkum fyrirtækjum, meðan nálgun var aðeins önnur í síðari skrifum á Íslandi. En hugmyndin um friðlýst svæði á Vatnajökli og umhverfis hann var þungamiðjan í erindinu.
Svörin komu meðal annars frá hótelkeðjunum Hilton International, Hyatt International, ITT Sheraton, Forte Group, Four Seasons-Regent Hotels & Resorts og Westin Hotels & Resorts. Það var líka áhugavert að talsvert háttsettir aðilar voru að skrifa undir virtist vera í flestum tilvikum. Tveir höfðu

titil Director of Development (Four Seasons-Regent og Westin), tveir Vice President of Development (Hyatt International og Four Seasons-Regent), Director of Corporate Affairs (Hilton International) og einn með General Manager – Management Contracts titil (Champney‘s Group), ein með titil Director of Public Relations and Media (Leading Hotels), einn General Counsel og Associate General Counsel hjá Hyatt International (General Counsel er aðallögfræðingur fyrirtækis). Aðeins fjögur svör voru undirrituð af einhverjum sem virtist ekki vera háttsettur stjórnandi, og þetta var frá sumum af stærstu hótelkeðjum í heimi.  Athuga skal að þessir aðilar voru að skrifa undir svör til einhvers gaurs sem sagðist vera að hefja nám á fyrsta ári, ekki útskriftarnemi. Eitt fyrirtæki gaf til kynna að það vildi fá að vita meira. Ég kom því máli áfram til Útflutningsráðs, en ég veit ekki hvað kom frekar út úr því.



A proposition for a future strategy for Iceland.

Iceland has unspoiled nature in abundance, which today has
The strategy in short: become a valuable resource because of the increased interest in environmental issues.
But this fact has to be presented to the people in Europe in an easily understood way.
Iceland should legislate an area (see map) as a nature reserve, which would be the
largest nature reserve in western Europe, and use this fact to acquire an improved and
more visible image. This would be used to aid in popularizing Iceland as a place to
come to, for relaxation and retreat from the noise and pollution of the big cities, among
the most prestigious and affluent social group: The high class. If this group would
start to come here then 1) that could give Iceland a higher status among other classes
and help in popularizing it among these groups, and then it 2) might be possible to try
to popularize Icelandic products among this group.

itself as a tourist destination and Icelandic products to become
If Iceland wants desirable in the eyes of the world, then I believe that the first thing necessary for
Iceland is to improve its image. I believe that Iceland might profit considerably by
acquiring what I have chosen to call a "cornerstone" in the country's image. A
"cornerstone" is a single object or natural landmark which is easy to describe and
understand. A concept which is well known by the world and stands as a symbol for
the country and makes it more visible than other countries. Some countries have such a
cornerstone and some don't. Countries that don't are f. exc. Belgium, Germany,
Norway and Canada. Countries that have are for instance France (the Eiffel tower),
Switzerland (the Alps), Egypt (the Pyramids) and the United States (the Statue of
Liberty). Today, Iceland does not have a "cornerstone" that is well known to the
outside world. Iceland is not, as a matter of fact, often thought about or spoken of
around the world and it's image is therefore not very visible.

A propositon for Iceland's "cornerstone". The best "cornerstone" is the one that stands
as a symbol for a value that people desire and want to have more of in their lives. In
the last ten or twenty years unspoiled nature has become increasingly valued among the
public, because of increased interest in environmental matters. And unspoilt nature is
exactly what Iceland has in abundance. But it has to be"presented" in a concept that is
simple and easily understood so that it can become a "cornerstone". My proposition
will be that a large area (see picture) will be taken and legislated as a nature reserve.
The reserve's size would be about 30.000 square kilometres and by far the largest
nature reserve in western Europe. The second largest reserved area in w-Europe is in
Sweden, roughly 8800 square kilometres, and consists of three national parks and one
nature reserve that all lie together. The area will include many significant natural
landmarks, such as the glacier Vatnajökull (Europe's largest), the Skaftafell and
Jökulsárgljúfur national parks, six nature reserves and five natural monuments, plus
many areas that have been legislated as "areas of special interest", such as the well
known Þórsmörk and the legendary volcano Hekla. The reason that Iceland would give
for this action is that it has recognised the value of its nature and wants to make sure
that it will remain mostly unspoiled from now on and into the unforeseeable future.

Since we live in a world that often believes that the biggest is the best, then it will
become much easier, (that is less expensive) with this clear and easily understandable
phenomenon or concept, to persuade the world into believing that Iceland is the country
with clean and unspoiled nature in western Europe. The message will be simpler and it
will be easier to get foreign media to publish articles about it because of that. Now
there is one important thing to point out: No single nation in Europe "owns" the
concept "clean and unspoilt nature" in the minds of the public (is known for it). So
therefore the concept is "free" or "vacant" which makes it possible for Icelanders to



***Blaðsíða 1 og 7 af heftinu sem var sent til 30 hótelfyrirtækja, með grunn hugmyndinni. Heftið þurfti að höfða til þessara erlendu aðila og vera áhugavert, svo það var af ásettu ráði ögn „flippað“. Heildarlistinn yfir hvaða 30 hótelfyrirtæki þetta voru sem fengu bréfið er því miður fastur inni í 1990 árgerð af Apple IIe tölvu sem er fremur treg í gang og verður það eflaust áfram, en þetta var „who‘s who“ af stóru hótelfyrirtækjunum.***

Niðurstaðan úr þessari æfingu var einföld, að hvað varðar gæði hugmyndarinnar og vinnu gæti ég líklega sett hana fram á Íslandi. Þá vissi ég það og þeim tilgangi náð. Þetta þýddi þó ekki að menn myndu samþykkja hugmyndina um friðlýst svæði á og kringum Vatnajökul. Það var annar hlutur.




***Bréfhausar nokkurra svarbréfa frá hótelfyrirtækjunum, september-október 1994.***

## Fyrirspurn til dr. Jóhannesar Nordal

9. júlí 1994 birtist í Morgunblaðinu grein eftir dr. Jóhannes Nordal, stjórnarformann Landsvirkjunar, þar sem hann velti fyrir sér ýmsum óvissuþáttum sem væru á lagningu sæstrengs frá Íslandi til Evrópu. Greinin hét *Tenging Íslands við orkukerfi Evrópu*. Ekki var einu orði minnst á umhverfismál í greinagóðri umfjöllun stjórnarformannsins, sem kom svosem ekki á óvart enda ekki eitt af megináhugamálum Landsvirkjunar á þeim tíma. Vegna þess sem ég var að vinna að fannst mér að það gæti verið gott að fá viðhorft fyrirtækisins í þessum efnum. Ég skrifaði því grein í Morgunblaðið sem hét „Fyrirspurn til dr. Jóhannesar Nordal,“ þar sem hann var inntur eftir því hver gætu verið umhverfisáhrif stórvirkjana sem þyrfti að reisa til að sjá slíkum sæstreng fyrir raforku; væru þau góð eða slæm? Einnig var spurt hvort Landsvirkjun hefði skoðun á hver gætu orðið áhrif slíkra framkvæmda á ímynd Íslands og viðbrögð erlendra náttúruverndarsamtaka?

Athugið að þetta var árið 1994, en orðið „Eyjabakkar“ fór ekki að heyrast að ráði fyrr en árið 1998, og hið þekkta „Kárahnjúkar“ ekki fyrr en árið 2000. Í gegnum gömul kunningjatengsl föður míns inn í toppinn hjá Landsvirkjun (faðir höfundar er verkfræðingur sem hóf sinn feril í orkubransanum) fékk ég að heyra að Jóhannesi hefði þótt fyrirspyrjandi „nokkuð ákveðinn en þó sanngjarn.“ Jóhannes Nordal svaraði nokkrum dögum síðar, en reyndar voru það að mestu einhverjir menn hjá Landsvirkjunar sem unnu svarið skilst mér, sem var svo sett fram sem svar stjórnarformannsins. Fyrirspurn Sverris er á blaðsíðu 33. Upprunalega grein dr. Jóhannesar Nordal frá 9. Júlí og svar stjórnarformanns Landsvirkjunar þann 28. september 1994 er að finna á **á gagnavef Morgunblaðsins** og sú síðari er einnig **á gagnavef Morgunblaðsins**. Leita má undir nafni og dagsetningu.

Þarna í byrjun september 1994 var ég að hefja nám í viðskiptafræðum við Háskóla Íslands, en ég hafði hætt við nám í iðnrekstrarfræði rúmu ári fyrr. Þessi fyrirspurn kann að hafa þótt nokkuð óvenjuleg, og

kannski óskiljanleg einhverjum, en var þó ekki sérlega stór miðað við það sem beið handan við hornið. Ég ætlaði að nota svarið frá stjórnarformanni Landsvirkjunar þar.



AÐSENDAR GREINAR

Umhverfismál vatnsaflsvirkjana

***Svargrein Jóhannesar Nordal, stjórnarformanns Landsvirkjunar, við spurningum mínum. Birtist 28. September 1994. Falleg litmynd af Sultartangalóni með. Fengið af vefnum timarit.is. Ég hafði verið nemandi í viðskiptafræðum í innan við fjórar vikur, og þarna var Jóhannes Nordal, stjórnarformaður Landsvirkjunar og fyrrum seðlabankastjóri, að svara mér með heilsíðugrein í Morgunblaðinu. Athyglisverð byrjun á námi.***

Ég ákvað að hafa samband við Jóhannes Nordal beint til að heyra aðeins í honum og útskýra fyrirspurnina, og einnig til að róa andrúmsloft ef hann hefði orðið eitthvað óhress með þetta. Ég hringdi heim til hans og fékk að vita að hann væri í Þjóðarbókhlöðunni, þar sem hann var sestur við skriftir að skrifa sögu Seðlabankans. Hann var þá nýhættur sem seðlabankastjóri. Ég náði ekki sambandi við hann en í staðinn var það frekar taugatrekktur starfsmaður Þjóðarbókhlöðunnar sem bar það sem ég sagði í hann, og bar til baka svör til mín, en Jóhannes stóð við hliðina á starfsmanninum sem hélt um símtólið. Ég heyrði í honum á bakvið. Þannig var það símtal. Ég bað fyrir þakkir fyrir svarið, bað hann að vera viðbúinn grein sem ég væri að skrifa með nýjum hugmyndum, og að ég væri ekki á móti virkjanabransanum heldur þvert á móti. Svo var þakkað kurteislega fyrir sig. Ég heyrði það síðar að Jóhannes hefði á sínum tíma sem stjórnarformaður Landsvirkjunar verið sérlega erfiður ljár í þúfu fyrir náttúruverndarsinna. Hann var kallaður „Járnkarlinn“ þeirra á meðal.

Um haustið var frítími frá námsbókunum notaður til að klára tillöguna. Það dugði ekki ein grein til að setja fram allt sem þurfti fyrir svo stóra hugmynd, heldur urðu þetta þrjár blaðagreinar, hver um sig tæplega heilsíða. Ég hafði samband við Morgunblaðið um miðjan nóvember og óskaði eftir að fá að panta pláss fyrir birtingu greinanna þriggja í fyrstu þremur tölublöðum á nýju ári 1995. Þeir urðu hálf hvumsa en mótmæltu því ekki. Greinunum var svo skilað inn til blaðsins kringum jólin 1994.

**Hvað annað var að gerast varðandi friðlýsingu Vatnajökuls frá öðrum árið 1994?**
Aðrir voru ekki að setja fram einhverjar tillögur varðandi friðlýsingu Vatnajökuls - athugasemdir, röksemdir, óskir eða slíkt, árið 1994.

# Árið 1995 – kynning hugmyndarinnar stóru

Fyrsti útgáfudagur Morgunblaðsins árið 1995 myndi vera 3. Janúar. Þann 2. janúar fór ég af stað með sérstök bréf í umslögum og keyrði þeim heim til allra þingmanna og ráðherra, stílað á hvern og einn. Þar var viðkomandi bent kurteislega á að í Morgunblaðinu þann 3. janúar myndi vera grein eftir undirritaðan um ímynd landsins, framtíðina og slíkt, og væri hann vinsamlegast beðinn um að lesa greinina og hinar tvær sem kæmu beint á eftir. Þetta tók allan daginn og fram á kvöld, enda 63 áfangastaðir. Svona aðgerð kallast „beinn markpóstur“ í markaðsfræðum, og mig grunar að vegna þessa hafi mun fleiri þingmenn og ráðherrar hafi rennt augum yfir þessar greinar en ella hefði orðið.

Daginn eftir þann þriðja janúar birtist svo fyrsta greinin með ítarlegri tillögu að friðlýsingu Vatnajökuls og nágrennis í Morgunblaðinu. Þar sem þetta var fyrsta blað ársins voru ávörp forseta Íslands, forsætisráðherra, biskupsins yfir Íslandi í blaðinu, og einnig grein eftir mig. Sniðugt ekki satt? Allir




***Fyrsta tillagan að friðlýstu svæði, birt í Morgunblaðinu 3. Janúar 1995.Dökku reitirnir eru þáverandi þjóðgarðar Skaftafells- og Jökulsárgljúfurs (alveg nyrst).***

þingmenn og ráðherrar höfðu fengið bréf um að lesa greinina. Aftur hafði Morgunblaðið hins vegar snúið við fyrirsögninni. Fyrirsögnin átti að vera Hugleiðing um Ísland og framtíðina en var breytt í Friðun leið að bættum hag? Ég veit að Mogginn má breyta fyrirsögnum ef blaðið vill, en ég veit ekki af hverju menn þar voru að standa í því. Greinin mín birtist á vinstri síðu, en á hægri síðu opnunnar var sett stór grein eftir Árna Finnsson hjá Greenpeace. Árni var nokkuð óvinsæll hjá mörgum á Íslandi þá, vegna hvalveiðideilna. Fyrsta greinin kynnti frum hugmyndina með uppdrætti af hugsanlegu friðlýstu svæði á og kringum Vatnajökul, sem tillaga að „hornstein í ímynd Íslands." Þessi upprunalega hugmynd var mjög stór, eða um 30.000 ferkílómetrar.

3. janúar 1995


AÐSENDAR GREINAR

Hugleiðing um Ísland og framtíðina

Friðun – Leið að bættum hag?

4. janúar 1995


AÐSENDAR GREINAR

Hugleiðing um Ísland og framtíðina

Friðun: Leið að bættum hag?


AÐSENDAR GREINAR

Hugleiðing um Ísland og framtíðina

Friðun og/eða stórvirkjanir?

Þriðja grein

10. janúar 1995

***Greinarnar þrjár, í Morgunblaðinu 3., 4. og 10. Janúar 1995. Mynd af timarit.is***

Ég gerði fyrirspurn um titilinn, og grein númer tvö birtist svo daginn eftir, 4. Janúar, með réttri fyrirsögn „Hugleiðing um Ísland og framtíðina." Önnur greinin fjallaði um mikilvægi góðrar ímyndar, um þá hlið er sneri að bændum og ferðaþjónustu, og tæpt stuttlega á viðbrögðum erlendis frá.

Svo bólaði ekkert á þeirri þriðju. Ég hafði að lokum samband og spurðist fyrir, svo hún birtist þann 10. janúar 1995. Þriðja greinin tók fyrir ýmsa óvissuþætti sem sneru að þessum friðlýsingarhugmyndum, og jafnframt teknar fyrir hliðar vatnsaflsvirkjana, jákvæðar og minna æskilegar, ásamt niðurstöðu og lokaorðum. Þarna var minnst á svar Jóhannesar Nordal og var lögð áhersla á nauðsyn þess að finna jafnvægislausn milli virkjana og verndunar, en slíkar raddir voru ekki sérlega algengar hér og hafa kannski aldrei verið. Greinarnar þrjár í Morgunblaðinu má lesa hér á undan. Grein 1 á blaðsíðu 56, grein 2 á blaðsíðu 59, og grein 3 á blaðsíðu 63.

## Verki lokið?

Með þessu taldi ég í fyrstu að ég væri búinn að gera mína pligt. Ég hafði hugsað mér að setja 2-3 vikur í að koma þessu á framfæri. Þar með væri þessi grunnhugmynd komin upp á borð þannig að fólk gæti skoðað hana ef það vildi, samþykkt hana eða hafnað. Þetta var aðeins rökstudd tillaga, en ekki beinlínis mitt baráttumál. Það skipti mig frekar litlu máli hvort það yrði úr þessu eða ekki. Engin bein gróðatækifæri fyrir mig. Það þýddi líka að ég dró ekki taum neinna hagsmunaaðila heldur var ein áherslan á að finna leið til að finna sáttaflöt milli náttúruverndarstefnunnar og virkjanaframkvæmda.

Þrjár heilsíðugreinar í Morgunblaðinu, og bréf beint til allra þingmanna og ráðherra daginn fyrir birtingu fyrstu greinarinnar. Hver voru viðbrögðin? Ég bjóst ekki við miklu, en viðbrögðin voru alls engin. Ekki bofs. Kannski bjóst þetta fólk við að ég myndi sækja til þeirra? En málið var að ég var ekki að berjast fyrir neinum eigin hagsmunum, og hafði því ekki ástæðu til að stunda lobbíisma. Svo þurfti líka að sinna náminu.

## Fyrsta aukahefti

Eftir umhugsun komst ég að þeirri niðurstöðu að það mætti gjarnan útskýra nokkra þætti betur. Þess vegna var sett saman viðbótar hefti, 15 bls í prenti, með nánari skýringum á ýmsum atriðum. Þarna var líka ítarlegri heimildaskrá en var að finna í blaðagreinunum. Þetta hefti var ljósritað á endurunninn pappír, blaðagreinarnar sjálfar ljósritaðar líka og settar með, og allt saman sent með sérstöku bréfi til allra þingmanna og ráðherra, auk nokkura lykil stofnana, ráðuneyta, fyrirtækja og embættismanna, alls rúmlega hundrað aðila. Fyrsta heftið er á blaðsíðu 67.

Á forsíðu heftisins var hjól sem ég hafði hannað, líkt vagnhjóli af hestvagni. Aftast í heftinu var útskýrt hver væri merking þessa hjóls: „Á forsíðu þessa bæklings er mynd af hjóli, sem táknað getur hjól atvinnulífsins eða þjóðlífsins. Má líta svo á að hver geiri þessa hjóls sé táknrænn fyrir einn af hagsmunaaðilum. Það er „í miðju hjólsins" sem jöfnust yfirsýn er yfir markmið og þarfir allra aðila. Í tilreiðslu og framsetningu þessara hugmynda reyndi undirritaður að halda sig þar, svo minnst hætta væri á að á einhverja væri hallað. Tilgangurinn var því ekki að setja fram afgerandi afstöðu, heldur grunnhugmynd sem unnt væri að ræða frá öllum hliðum. Að engum dyrum væri lokað. Er vonast til að það hafi tekist sæmilega, jafnframt því að hugmyndirnar séu settar fram með skýrum hætti, svo

ekki sé hætta á að verði misskilningur um meginatriðin.“ Það var því ljóst að þetta voru ekki hugmyndir sérhagsmunaaðila.



***Myndin af hjólinu var teiknuð í grafísku hönnunarforriti af höfundi, en það forrit var líka notað til að teikna upp kortin sem birt voru í greinum, dreififiritum og verðlaunatillögum.***

Svo beið maður. Viðbrögðin við þessu voru svipuð og áður. Engin viðbrögð. En þó með einni undantekningu. Ég var einn heima við að morgni dags klukkan ca 10:30, en fyrsti tími í skólanum átti að byrja upp úr hádegi. Það var milt veður, hálfskýjað mistur, og ekki mikill vindur. Ég heyrði að bíll stöðvaði framan við húsið, og mannvera kom gangandi gangstéttina að dyrunum. Viðkomandi var á hörðum skósólum svo smásteinar snörkuðu undir á stéttinni. Þetta var ekki póstburðarmanneskjan. Ég hlustaði eins og gengur. „Einhver að koma?“ Öðru hvoru komu einhverjir, það var ekkert stórmál. Bjöllunni var ekki hringt heldur heyrðist skrölt í bréfalúgunni, og maðurinn gekk til baka svo small í stéttinni. Ég horfði út um glugga þar sem sést út á götu og sá manninn. Í gráum ullarfrakka, fínteinóttum jakkafötum og í stífpússuðum svörtum skóm. Þetta var Björn Bjarnason, þá alþingismaður Sjálfstæðisflokksins. Bíllinn var steingrár sanseraður BMW af litlu 300 línunni, tveggja dyra. Hann horfði í kringum sig eitt augnablik, og settist svo upp í bílinn og ók brott. Ég var forvitinn að sjá hvað hann hefði komið með og viti menn, það var bréf til mín, handskrifað á bréfsefni Alþingis dagsett 16/2/1995. Í bréfinu þakkaði Björn fyrir skrifin. Hann sagðist hafa lesið greinarnar og heftið, og kom með kurteislegar athugasemdir. Stutt og laggott, og vinsamlegt.

Ég verð að segja að ég var dálítið undrandi. Ég hafði búist við að yfirlýstir umhverfissinnar á Alþingi myndu kannski svara með einhverjum athugasemdum. Hjörleifur Guttormsson, Össur Skarphéðinsson, Kolbrún Halldórsdóttir og kannski umhverfisráðherrann þáverandi. Björn Bjarnason var ekki meðal þeirra sem ég bjóst við að heyra kannski frá. Björn var hinsvegar þekktur fyrir vinnusemi og ákveðna víðsýni, en hann var frumkvöðull meðal þingmanna á ýmsum sviðum, t.d. í upplýsingatækni. Síðar var mér bent á að Björn hefði árum saman átt sæti í Þingvallnefnd og unnið í málefnum þjóðgarðsins þar. Þar var kannski komin ástæða þess að hann hafði áhuga á málinu.

Ég var þó sáttur að við að þetta hefðu verið viðbrögðin, fyrst viðbrögð frá aðeins einum aðila voru það sem tilveran bauð upp á. Það var nefnilega ljóst að þær hugmyndir sem ég setti fram voru viðskipta- og atvinnulífsmiðaðar, og því kannski nær hægristefnu heldur en hefðbundinn málflutningur náttúruverndarmanna. Það vita líka allir að Björn var ekki einhver „Mr. Nobody“ í

Sjálfstæðisflokknum. Ég og vinur minn í náminu grínuðumst með það að þarna væri verið að setja fram hægrisinnaða umhverfisstefnu, sem hljómaði vel þegar maður áttaði sig ekki á hve áhættusamt slíkt getur verið. Hins vegar var þetta allt sett fram sem flokkspólitískt hlutlaust, má koma fram.



ALÞINGI
ÍSLENDINGA

16/2/1995

Hr. Sveinn Sveinn Sigurðsson
Garðabæ.

Ég þakka bréf og hugleiðingar um framtíðarmöguleika fyrir Ísland og betri markaðsstöðu þess. Las ég greinar þínar í Morgunblaðinu fyrr í vetur. Hugmynd þín er athyglisverð, þótt ég hafi þann fyrirvara, að það er aldrei neitt eitt, sem sköpum skiptir heldur margir samverkandi þættir.

Ég er sammála því, sem segir í lokaorðum, að ofuráhersla á auðlindaeign og verndun þeirra til eigin nota getur snúist upp í andhverfu sína. Aðalatriðið er að kunna að nýta sér tækifærin án þess að setja sjálfum sér óeðlilegar hömlur, sem oft eru meðal annars byggðar á of ríkri tilhneigingu til [illegible] og náttúruverndar.

Með bestu kveðju
Björn Bjarnason

***Bréf Björns Bjarnasonar til höfundar, dagsett 16. febrúar 1995.***

## Annað aukahefti

Í blaðagreininni fyrstu birti ég hugmynd um það hvernig hið stóra firðlýsta svæði gæti litið út, og var það af stærri gerðinni. Þegar ég rýndi betur í kortin mátti sjá, að það var hægt að stofna stærsta firðlýsta svæði í Vestur-Evrópu með aðeins einni, einfaldri aðgerð. Það fælist í því að friðlýsa þá hluta Vatnajökuls sem ekki væri búið að friða. (Um 19% var friðaður á þremur stöðum samtals). Sú friðlýsing myndi tengjast við friðlýst svæði við jökulinn og myndi verða stór heild úr því. Rökin voru meðal annars vegna öryggismála og ferðalaga á jökla, til að fá einhverjar reglur þarna á Vatnajökli í




***Önnur tillagan að friðlýstu svæði, birt í dreifiritinu Möguleiki á framkvæmd í apríl 1995.***

stað regluleysis sem var þá. Þessi tillaga nr. 2 var mun minni en sú fyrsta, eða um 13.000 ferkílómetrar. Þessi ábending, með frekari athugasemdum, var sett fram í öðru hefti, sem aftur var ljósritað og dreift í apríl 1995 undir nafninu „Möguleiki á framkvæmd“. Þetta var sent til allra þingmanna og ráðherra, auk nokkura lykil stofnana, ráðuneyta, fyrirtækja og embættismanna, alls rúmlega hundrað aðila. Hefti númer tvö er á blaðsíðu 82.

Með þessu var vinnu minni lokið á fyrri hluta árs 1995, og engin plön um að gera meira í þessu. Ég vissi enda, þó mér þættu þetta góðar hugmyndir og vel rökstuddar, að náttúruvernd, leiðin til að ná þessum atvinnumarkmiðum, væri sums staðar litin hornauga. Ekki voru allir jafn víðsýnir. Fannst mér betra að láta sem minnst fara fyrir mér persónulega í tengslum við þetta, og hélst sú stefna í gegnum þessa vinnu alla. Þrátt fyrir að ég hefði ekki plön um að gera meira í þessu fór það samt svo að verkefnið hélt áfram skref af skrefi.

Engin viðbrögð komu við þessari sendingu, að undanskildum svörum frá tveimur ráðuneytum, eitt örstutt frá landbúnaðarráðuneytinu sem sagði aðeins að „Ráðuneytið hefur móttekið… … erindið er áhugavert og mun ráðuneytið varðveita það í gögnum sínum…“ Hitt var með smá vinsamlegum bollaleggingum á nokkrum línum frá ráðuneytisstjóranum, Árna Kolbeinssyni í sjávarútvegsráðuneytinu. (Kannski var málefnið nógu langt frá starfsvettvangi ráðuneytisins, svo honum fannst sér óhætt að tjá sig um þetta skemmtilega mál). Þessi tvö voru þakkarverð, en mér fannst athyglisvert að bera saman viðbrögðin hér og svo frá erlendum hótelkeðjum sem eiga svosem

engar skyldur á Íslandi. Eiga svona aðilar ekki að svara? En það þýddi ekkert að fást um það. Síðar um haustið kom hins vegar bréf frá Stefáni Thors, skipulagsstjóra ríkisins, þar sem hann þakkaði fyrir það sem hann hafði fengið sent. Hann sagði frá því að á næsta ári, 1996, yrði haldin opin hugmyndasamkeppni á vegum Skipulags ríkisins og umhverfisráðuneytisins þar sem hugmyndir mínar gætu vel átt erindi, og hvatti hann mig til að hafa það í huga.

## Skrif „Um sæstreng“ í sér hefti sem var dreift í pósti

Seinni hluta árs 1995 spratt upp umræða um sæstrengsmöguleika í þjóðfélaginu. Ég ákvað að setja fram sanngjarnar og málefnalegar athugasemdir út frá tillögunni um friðlýsingu Vatnajökuls. Þarna var annar veturinn í viðskiptafræðináminu að hefjast.

Veruleg vinna fór í þetta, og meðal annars voru upplýsingar sóttar til Bandaríkjanna. Í tímaritinu World Rivers Review voru athyglisverðar upplýsingar, en einnig átti ég símtöl við tvo menn hjá Alþjóðabankanum (World Bank) í Washington D.C., sem hétu Paul Mitchell og Tjaarda Storm, og jafnframt símtöl við þrjár manneskjur hjá United States Bureau of Reclamations sem er sú stofnun sem sér um uppistöðulón og stíflur sem Bandaríkjastjórn á og rekur, og annast jafnframt raforkuframleiðslu tengda þeim stíflum. Þær hétu Sonja Deneale, Hank Willems og Mike Roulty. Ég er að fletta gegnum handskrifaðar nótur frá 1995. Ég mundi að ég hafði fengið upplýsingar frá Bandaríkjunum en hafði steingleymt að símtölin hefðu verið við svo marga. Auk þessa fékk ég upplýsingar frá tveimur aðilum hjá Landsvirkjun. Þetta var í nóvember 1995.

Þetta var sett fram í fjölfölduðu hefti (en ekki blaðagrein) sem var, aftur, dreift til sama hóps þingmanna, ráðherra, stofnana o.s.frv. o.s.frv. rúmlega 100 stykki. Þarna voru tekin fyrir hugsanleg æskileg og óæskileg áhrif af sæstreng og tilheyrandi stórvirkjunum. Kannski má segja að þetta hafi verið í framhaldi af svari stjórnarformanns Landsvirkjunar árinu áður. Þarna komu fram jákvæðar hliðar, og minna jákvæðar hliðar. Svo var bent á leiðir til að minnka óæskileg áhrif, sem fól í sér að stofna hið stóra friðlýsta svæði sem mótvægi. Málið er að þessum hugmyndum um friðlýsingu Vatnajökuls var ekki teflt gegn virkjanaframkvæmdum, heldur var áhersla á að finna leið til að þetta tvennt gæti búið saman í sæmilegri sátt. Þetta hefti sem hét „Um sæstreng“ er á blaðsíðu 87. Engin viðbrögð komu við þessu hefti beint eftir sendingu þess.

Eins og sjá má var lagt til, að betur gæti gengið að byggja stórvirkjanir og ef til vill sæstreng, ef stórt friðlýst svæði væri stofnað um leið. Með því væri skapað mótvægi við virkjanir, en friðaða svæðið kæmi ekki í veg fyrir þær. Þetta er augljóslega allt annað viðhorf en náttúruverndarsinnar settu venjulega fram, en þeir sýndu venjulega andstöðu við virkjanir. Ég átti því ekki samleið með náttúruverndarsinnum, en átti ég samleið með virkjanamönnum? Eða var ég rödd í eyðimörkinni? Það er ljóst að ekki aðeins hafði ég sett formlega og ítarlega fram einar stærstu náttúruverndartillögur í sögu landsins og raunar þær stærstu í sögu Vestur-Evrópu, heldur var ég líka á þessum árum að setja fram umfangsmestu pælingar í sögunni sem miðuðu að því að benda á hugsanlega friðsamlegan milliveg milli náttúruverndar og virkjanaframkvæmda. Nú er það svo að það hefur verið ákveðin víglína, einskonar kaldastríðs víglína, milli virkjanasinna (í virkjanageiranum en líka stuðningsmenn virkjana utan virkjanageirans formlega) og náttúruverndarsinna. Mér fannst nauðsynlegt að reyna að finna grundvöll friðsamlegrar lausnar, því þar á sköpunin sér stað. Hve margir hefðu þroska til að sjá handan við þessa víglínu?

**SJÁVARÚTVEGSRÁÐUNEYTIÐ**
REYKJAVÍK

Sverrir Sveinn Sigurðarson
Hagaflöt 4,
210 Garðabær

DAGS. 22. mars 1995
TILV.

Ráðuneytið hefur móttekið skýrslu yðar "Hugleiðingar um Ísland og framtíðina" og getur heilshugar tekið undir mikilvægi þess að ímynd Íslands í hugum annarra þjóða verði á þann veg að umhverfi Íslands sé hreint og þjóðin áhugasöm um umhverfisvernd. Það er mjög líklegt að neytendur muni í vaxandi mæli velja að kaupa vörur sem eru framleiddar og upprunnar á umhverfisvænum landssvæðum. Ráðuneytið getur ekki á þessu stigi lagt mat á hvort "hornsteinshugmyndin" er öðrum hugmyndum vænlegri til að ná þessu markmiði, enda þótt hún sé allrar athygli verð. Með þessu er þó ekki sagt að hún sé framkvæmanleg óbreytt. Eins og hugmyndin liggur fyrir í skýrslunni er t.d. hvorki reynt að meta kostnaðinn af friðlýsingunni né af þeirri kynningu sem fram þyrfti að fara til að markmið um hreinleikaímynd Íslands á alþjóðavettvangi náist, en ljóst er að slík kynning er afar kostnaðarsöm.

F.h.r.

Árni Kolbeinsson

| HEIMILISFANG: | SÍMI: | PÓSTFAX: | TELEX: |
|---|---|---|---|
| Skúlagata 4<br>150 Reykjavík | 91-609670 | 91-621853 | 2342 MINFIS |

***Bréf frá Árna Kolbeinssyni, ráðuneytisstjóra sjávarútvegsráðuneytisins, dags. 22. mars 1995.***



9090framssvs

SKIPULAG RÍKISINS

Sverrir Sv. Sigurðarson
Keilugranda 6
107 Reykjavík

Reykjavík 15. desember 1995

**Mál: Hugleiðing um Ísland og framtíðina**

Vísað er til erindis þíns dags. 4. desember 1995 og fyrra erindis frá því í mars 1995 varðandi hugleiðingar um Ísland og framtíðina.

Hugmyndir þær sem þú hefur sett fram eru allrar athygli virði og þarft framlag í umræðuna um framtíð Íslands. Efni það sem þú sendir okkur í mars var kynnt á fundi samvinnunefndar um svæðisskipulag miðhálendisins þar sem hugmyndirnar voru ræddar. Samvinnunefndin vinnur að tillögugerð um landnotkun á miðhálendinu og samræmingu á hugmyndum hagsmunaaðila. Þar er m.a. verið að skoða ítrustu verndunarsjónarmið og ítrustu nýtingarhugmyndir. Reiknað er með að fyrstu tillögur verði kynntar fyrri hluta árs 1996 og stefnt að því að lokatillaga liggi fyrir seinni hluta árs 1997.

Í tilefni þess að á næsta ári eru liðin 75 ár frá setningu fyrstu skipulagslaganna hefur umhverfisráðuneytið og Skipulag ríkisins ákveðið að efna til hugmyndasamkeppni um Ísland árið 2018 en á því ári verða liðin 100 ár frá því Ísland fékk fullveldi. Verið er að skipa í dómnefnd samkeppninnar og stefnt að því að keppnislýsing verði tilbúin eftir miðjan janúar 1996. Samkeppnin er öllum opin og er reiknað með að tillögur geti verið í ýmsu formi t.d. sem ritgerðir eða myndbönd. Hugleiðingar þínar gætu vissulega átt erindi í samkeppnina.

Áhugi sá sem þú hefur sýnt á framtíðinni er virðingarverður og koma hugleiðingar þínar vonandi að gagni í þeirri framtíðarsýn sem nauðsynlegt er að hver þjóð hafi.

Stefán Thors

LAUGAVEGI 166 • 150 REYKJAVÍK
SÍMI: 91-624100 • BRÉFASÍMI: 624165 • GRÆN LÍNA: 996100 • KT: 590269-5149
GLERÁRGÖTU 30 • 600 AKUREYRI • SÍMI: 96-26387

***Bréf frá Stefáni Thors, skipulagsstjóra ríkisins, dags. 15. desember 1995.***




***Heftin þrjú sem voru send til móttakenda árið 1995. Þetta voru rúmlega 100 móttakendur, en ekkert kom fram um þetta í fjölmiðlum og því ekki fyrir allra augum, eins og blaðagreinarnar voru.***

### Hvað annað var að gerast varðandi friðlýsingu Vatnajökuls frá öðrum árið 1995?

Engin umræða, tillögur, eða slíkt, sem var beinlínis um friðlýsingu Vatnajökuls átti sér stað frá öðrum í samfélaginu þannig að það væri vel formlegt og vel sýnilegt opinberlega.

Hins vegar setti Hjörleifur Guttormsson fram hugmynd að friðlýsingu Gerpissvæðisins, en Gerpir er fjall á Austurlandi og jafnframt austasti oddi Íslands. „Gerpir er austasti höfði landsins, snarbrattur og hömróttur sjávarmegin, 661 m. hár. Talið er að eitt elsta berg landsins, um 12 milljóna ára gamalt, sé að finna í Gerpi.“ ... segir á vefnum East.is. Tillögu Hjörleifs má sjá á heimasíðu hans hér, á vefnum Eldhorn.is: http://www.eldhorn.is/hjorleifur/bladagreinar/000095.html.

Gerpir var hins vegar eitt af svæðunum 17, á listanum sem hann setti fram á því þingi.

# Árið 1996

Kringum áramótin 1995-1996 langaði mig að sjá hvort ég gæti fengið meiri viðbrögð við þessum skrifum öllum en ég hafði fengið. Mér fannst þetta helst til lítið og leiðinlegt að láta þetta allt gleymast án þess að ég hefði vitað mikið um hvað fólki fannst. Því sendi ég bréf enn og aftur. Þar sagði að mér þætti ánægjulegt að fá viðbrögð og athugasemdir almenns eðlis við þessari vinnu. Í bréfinu var stutt upprifjun á megin hugmyndinni í fjórum köflum, og einnig úrdráttur úr svörum hótelfyrirtækjanna frá september 1994. Segja má að þrjú svör hafi borist, mis ítarleg.

## Spurningar og svör Landsvirkjunar

15. janúar fékk ég sent bréf frá upplýsingafulltrúa Landsvirkjunar, Þorsteini Hilmarssyni, þar sem hann sagði að Helga Jónsdóttir, stjórnarformaður Landsvirkjunar, og Halldór Jónatansson, forstjóri fyrirtækisins, hefðu beðið hann um að koma á framfæri þökkum fyrir tilskrifin. Þorsteinn sagði þó að honum fyndist hugmyndir mínar afar almennar og varla marktækar. Svo stillti hann fram nokkrum áhugaverðum athugunarefnum. Þetta voru fimm spurningar sem voru áþekkar að yfirbragði og þær tvær spurningar sem ég setti fram sjálfur til Jóhannesar Nordal 16 mánuðum fyrr; nokkuð ákveðnar en þó ekki mjög ósanngjarnar. Það var hins vegar ansi snúið að svara sumum þeirra og kannski alls ekki á mínu færi, og jafnvel varla á færi t.d. íslenskra eða breskra stjórnvalda. Mér þótti þetta aðeins óþægilegt – það kom vel á vondan - en það var ekkert annað að gera en að reyna að svara þessu til að varpa ljósi á málin. Ég gerði það og sendi bréf til baka. Ekkert svar barst við því og heyrði ég ekki frá fyrirtækinu fyrr en mörgum árum seinna. Mér finnst ekki úr vegi að leyfa þessum bréfaskriftum milli mín og Landsvirkjunar að koma hér fram, og hef ég skannað bréfin sem birtast á næstu fjórum síðum. Líklega hef ég skrifað bréf og látið svo fylgja svörin frá mér, þar sem svörin eru með frekar snubbóttri byrjun. Þetta efni hefur hvergi sést áður, en telst varla trúnaðarmál.

Aðrir sem má segja að hafi svarað þessari beiðni voru Náttúruverndarráð, en Aðalheiður Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri svaraði með bréfi dags. 28. Maí. Þar sagði að erindinu hefði verið dreift í Náttúruverndarráði og yrði fjallað um það á komandi mánuðum. Ég fékk engin frekari svör. Þetta voru einu viðbrögðin sem ég fékk frá hinum formlega náttúruverndargeira í þessari vinnu á þessum árum. Einnig svaraði Björn Bjarnason, sem þá var orðinn menntamálaráðherra. Hann þakkaði fyrir og sagði að honum fyndist sjálfsagt að ég kynnti þessa miklu vinnu sem víðast. Hann sendi einnig svar þegar verðlaun voru komin í hús í keppninni sem sagt er frá hér næst, og sagði „Ég óska þér innilega til hamingju með þann árangur, sem þú náðir“. Svörin frá Birni voru ekki stór að vöxtum en sýndu ákveðin huggulegheit, og hann var eini stjórnmálamaðurinn sem sagði eða svaraði með einu eða neinu á þessum tíma. Það voru alls fimm bréf til stjórnmálamanna. Þetta, og þessi hvatning að kynna þetta sem víðast, skipti örlitlu máli þótt svörin virðist ekki stórvægileg, aðeins 2-3 línur. Björn virðist hafa verið á hærri útsýnisstað en allir aðrir stjórnmálamenn á þeim tíma, og það er rétt að taka slíkt fram og virða. Það má skoða í samhengi við aðrar og almennar pælingar um nýsköpun og umræðu sem koma síðar.

Ég hafði sent frá mér margskonar efni, ítarlegt og vel unnið, margoft, og varla nein viðbrögð. Er það rétt eða rangt? Er það besta ástandið, eða hefði það mátt vera aðeins betra, eins og að t.d. 2-3 eða 4-5 stjórnmálamenn hefðu sýnt einhver viðbrögð eftir þetta, til að rabba um málið, bollaleggja við höfundinn? Þeir hefðu getað spurt hver væri tilgangurinn með þessari vinnu? Hver verði næstu skref? Komið með uppástungur? Mér þótti þetta örlítið fúlt, en það átti eftir að koma í ljós að aðal viðbrögðin komu síðar og í öðru formi en svörum.

Landsvirkjun

Sverrir Sveinn Sigurðarson
Keilugranda 6

107 REYKJAVÍK

Tilv. yðar
Tilv. vor 216.30
Dags. 15.01.1996

Varðar: **Bréf þitt 4. desember 1995**

Þau Helga Jónsdóttir og Halldór Jónatansson báðu mig að koma á framfæri við þig þökkum fyrir tilskrifin og bregðast við hugleiðingum þínum f.h. Landsvirkjunar.

Um afstöðu Landsvirkjunar til nýtingar orkulindanna og stefnu í umhverfismálum vísa ég í kaflana þar um í meðfylgjandi bæklingi, bls. 11-15, en hann verður fáanlegur á ensku í lok janúar og er þér velkomið að fá þá nokkur eintök til kynningar erlendis.

Eins og fram kom í símtali okkar í síðustu viku virðast mér hugleiðingar þínar vera afar almennar og þær verða varla marktækar án undangenginnar athugunar á margvíslegum staðreyndum sem kynnu að styðja þær eða hrekja. Hér koma nokkur dæmi um áhugaverð athugunarefni í þessu sambandi:

- Hversu stór hluti erlendra ferðamanna á Íslandi ferðast um hálendið árlega? Hækkar hlutfall slíkra ferðalanga og eru þeir á ferð hér vegna áhuga á útivist og náttúrufegurð? Láta þeir sig umhverfismál varða?

- Þú telur stórt friðlýst svæði snjallt mótvægi við stórar virkjunarframkvæmdir. Eru til upplýsingar um að stærð þjóðgarða og friðlýstra svæða í hinum ýmsu löndum skipti máli fyrir aðdráttarafl þeirra og hug almennings til viðkomandi lands?

- Hver er ímynd Íslands í hugum t.d. Breta núna og hvað af því sem við gerum í virkjunarmálum og náttúruvernd breytir henni og þá hvernig?

- Eru líkur á að almenningur í Bretlandi mundi láta sig varða umhverfishliðar stórvirkjana á Íslandi? Ef svo er, skiptir þá máli hvort rafmagnið er framleitt fyrir Bretlandsmarkað fremur en til stóriðju á Íslandi?

- Ef reyna á að koma ákveðinni ímynd Íslands á framfæri með friðlýsingu landsvæða, hvernig hyggstu þá gera það? Í hverju fælist slík herferð?

Landsvirkjun og Orkustofnun hafa skilgreint mögulegar orkuframkvæmdir á hálendinu og lagt þar fram skýrari upplýsingar en aðrir hagsmunaaðilar hafa getað gert um sín mál þegar hálendið er annars vegar. Það er brýnt að stjórnvöld kalli eftir jafn skýrri "þarfagreiningu" frá öðrum og að

Háaleitisbraut 68 103 Reykjavík Sími 515 9000 Myndrit 515 9007 Telex 2054 Internet póstfang: landsvirkjun@lv.is

***Spurningar frá Landsvirkjun, 15. 1. 1996. Síða 1.***

- 2 -

unnið verði úr upplýsingum um heildarskipulag hálendisins og stefna í nýtingu þess. Slíkt starf er hafið að einhverju marki en mætti ganga hraðar. Ef til vill þarf niðurstöðu úr slíku starfi áður en hægt er að taka afstöðu til hugmynda í ætt við þínar

Þitt starf ber vott um áhuga og framtak og eins og þú bentir sjálfur á í símtali okkar er kannski ekki hægt að komast mikið lengra áleiðis sem áhugamaður um þessi efni. Frekari úrvinnsla virðist mér felast í stefnumörkun og rannsóknarstarfi sem vonandi fer fram á næstu árum.

Virðingarfyllst

Þorsteinn Hilmarsson
upplýsingafulltrúi

***Spurningar frá Landsvirkjun, 15. 1. 1996. Síða 2.***

Sverrir Sveinn Sigurðarson
Keilugrandi 6
107 Reykjavík

# Spurningar Landsvirkjunar og svör.

**Bréf Landsvirkjunar dags. 15.01. 1996.**
**Bréf ofanritaðs dags. 28. janúar 1996.**

1. spurning: „Hversu stór hluti erlendra ferðamanna á Íslandi ferðast um hálendið árlega? Hækkar hlutfall slíkra ferðalanga og eru þeir á ferð hér vegna áhuga á útivist og náttúrufegurð? Láta þeir sig umhverfismál varða?"

Komast má nálægt svari með því að lesa úr ýmsum töflum í rannsóknarritgerðunum „Ferðakönnun á Íslandi: Erlendir ferðamenn sumarið 1991.", útg. Félagsvísindastofnun október 1991 og „Ferðakönnun á Íslandi, júní 1991-júní 1992: Erlendir ferðamenn á heilu ári. Samanburður milli árstíða", sami útg. október 1992. Dæmi um töflur eru: Í fyrra ritinu 1.14, 1.44, 1.29, 1.46, 1.48, 1.50, 1.51 og 1.52. Í síðara ritinu: Mynd 3. bls. 12 og töflur 3.8, 4.8, 4.9, 4.10, 4.11, 4.12 og 4.13.

Erfitt er að segja til um hvernig þróunin er, þ.e. í hlutfallinu, þar sem könnun af þessu tagi hefur ekki verið árviss liður í því að afla upplýsinga um ferðamarkaðinn sem í dag er orðinn að hinum næst stærsta gjaldeyrisaflandi fyrir Íslendinga. Vonandi stendur það til bóta, en þessi könnun gefur þó góðar vísbendingar. Auk þess má benda á þróunina í sjálfum fjölda ferðamanna hingað til lands.

2. spurning: „Þú telur stór friðlýst svæði snjallt mótvægi við stórar virkjanaframkvæmdir. Eru til upplýsingar um að stærð þjóðgarða og friðlýstra svæða í hinum ýmsu löndum skipti máli fyrir aðdráttarafl þeirra og hug almennings til viðkomandi lands?"

Hér snýst spurningin fyrst um það hvers konar aðdráttarafl og hug almennings til ákveðins lands viðkomandi land vill skapa sér. Land sem hyggst ekki hasla sér völl með ímynd hreinleika og ósnortinnar náttúru að vopni, þar sem það hafi hugsanlega lítið til brunns að bera á því sviði, gerir eðlilega lítið úr stærð friðaðra svæða innan sinna landamæra. Rök höfundar hafa hins vegar snúist um það að ef Íslendingar ætla sér að öðlast þessa tegund ímyndar, án þess að vilji sé fyrir hendi að verja mjög stórum fjárhæðum í auglýsingar og kynningu, þá liggi möguleikinn til þess helst í því að stofna mjög stórt friðlýst svæði til að laða að athygli fjölmiðla í meira mæli en nú er og marka landinu þar með þennann sess á alþjóðavettvangi. Benda má á að hinn mikli áhugi almennings á umhverfismálum er tiltölulega nýtilkominn og því sé líklega ekkert land búið að marka sér sess á þessu sviði með afgerandi hætti ennþá. En svo reynt sé að svara spurningunni um það hvort umfang friðlýstra svæða hafi áhrif á aðdráttarafl og hug til lands þá tel ég líklegt að fá megi vísbendingar um slíkt í fyrirspurnum til ferða- og útflutningsráða í Sviss, Austurríki, Kanada, Bandaríkjunum og hugsanlega Noregi, Svíþjóð og Finnlandi. Varðandi það hvort snjallt sé eða ekki að skapa stór friðlýst svæði má benda á að samkvæmt Ferðakönnun Félagsvísindadeildar þá er náttúran það sem heillar erlenda ferðamenn mest. Og samkvæmt auglýsingafræðum er affarasælast í landkynningu að leggja áherslu á þá þætti sem ferðamennirnir vilja helst sjá, og því yrði stórt friðlýst náttúruverndarsvæði til að undirstrika þetta einkenni íslenskrar náttúru.

3. spurning: „Hver er ímynd Íslands í hugum t.d. Breta núna og hvað af því sem við gerum í virkjunamálum og náttúruvernd breytir henni og þá hvernig?"

Ef reynt er að meta ímynd Íslands í Bretlandi er helst að líta til áðurnefndar Ferðakönnunar, „Erlendir ferðamenn sumarið 1991", en þar eru töflur með hinum ýmsu þáttum af þeim toga sem ég taldi upp hér á undan sundurgreindum eftir þjóðerni. Hins vegar hefur aldrei verið gerð nákvæm könnun á því hvaða ímynd Ísland hefur í hinum ýmsu löndum, ef frá er talin þáttaka Útflutningsráðs Íslands í s.k. Omnibus-spurningavagni á vegum Basis-research gmbh, 27. ágúst og 2. september 1987, þar sem innt var eftir áliti á Íslandi hjá úrtaki meðal almennings í Þýskalandi, sem segir vissulega lítið um Bretland. En meginniðurstaðan var sú að ímynd landsins snerist fyrst og fremst um náttúrufar, hreint umhverfi o.þ.h. Einnig má benda á að skoðun fulltrúa hjá Útflutningsráði Íslands í Berlín og New York, í símtölum við undirritaðan, er sú að ímynd sú sem landið hefur er helst af þessum toga, þó Ísland sé fremur lítið kynnt. Sú

***Svör mín til Landsvirkjunar, 28 . 1. 1996. Síða 1.***

ímynd (ósnortinnar náttúru og hreinleika) sem áhugi er um að Ísland öðlist í augum umheimsins mun byggjast á yfirbragði og ástandi landsins og náttúrunnar, og því hljóta aðgerðir íslendinga á sínum ósnortnu svæðum að hafa þar áhrif, til góðs eða ills. Varðandi það hver áhrif virkjanir og náttúruvernd hafa á ímynd landsins, (og þá í fleiri löndum en Bretlandi), þá er það skoðun mín að virkjanaframkvæmdir á ósnortnum svæðum hafi mun verri áhrif á ímynd ósnortinnar náttúru heldur en engar virkjanir, og yfirlýst ákvörðun Íslendinga um að vernda stóran hluta af stærstu ósnortnu svæðum í Vestur-Evrópu muni hafa mun betri áhrif á orðspor landsins á þessu sviði heldur en engin ákvörðun um slíkt. Þetta er mín skoðun sem þ.a.l. þyrfti að kanna betur.

4. spurning: „Eru líkur á að almenningur í Bretlandi muni láta sig varða umhverfishliðar stórvirkjana á Íslandi? Ef svo er, skiptir þá máli hvort rafmagnið er framleitt fyrir Bretlandsmarkað fremur en stóriðju á Íslandi?"

Hér er spurningin um það hvort „líkur séu á" enda er vart hægt að fá nákvæmt og óyggjandi svar um það fyrirfram. Til að reyna að nálgast svar við þessu má benda á hvernig almenningur í Evrópu og Bandaríkjunum, þar á meðal í Bretlandi, lætur sig sífellt meira máli skipta slíkar framkvæmdir í öðrum löndum og jafnvel öðrum heimsálfum, t.d. hugsanlegar framkvæmdir í Brasilíu, Indlandi og Kína. Í skrifum mínum tók ég sérstaklega fyrir hver viðbrögð sæstrengsframkvæmdir myndu geta vakið hjá almenningi bæði á Bretlandseyjum, ef Bretland fengi rafmagn héðan, sem og í Vestur-Evrópu almennt. Var þá kenning mín sú að jákvæðar hliðar slíkrar sölu, sem og óvenjulegir þættir þess, yrðu til að vekja athygli á málinu, og myndi við það athygli þeirra vakna, sem líklegir væru til að skipta sér af neikvæðum hliðum málsins. Það, hvort mikil óþægindi myndu skapast af fyrir Íslendinga, byggir að miklu leiti á því hvort háværum aðilum, s.k. „opinion makers", takist að blása almenningi áhuga í brjóst. Má líta á þetta sem svar við síðari spurningunni, þar sem raforkusalan yfir Atlantshafið yrði sú „eimreið" sem drægi athygli-lestina ef svo má segja. En með því er þó ekki loku fyrir það skotið að erlendir umhverfissinnar geti farið að beina hingað augum þar sem hér er að finna ein stærstu svæði sem enn eru ósnortin af manna völdum, enda eru landamæri hætt að skipta máli í þeim efnum sem sést af ofansögðu.

5. spurning: „Ef reyna á að koma ákveðinni ímynd Íslands á framfæri með friðlýsingu landsvæða, hvernig hyggstu þá gera það? Í hverju fælist slík herferð?"

Það er rétt að ég hef ekki sett fram nákvæma tillögu að kynningaráætlun fyrir Ísland. En ég hef samt talað um að friðaða svæðið eigi að auðvelda þá landkynningu sem þegar er unnin, t.d. þegar vakinn er frekari áhugi fjölmiðla á að fjalla um landið. Hér skal vísað aftur í textann sem ég sendi frá mér fyrri hluta árs 1995 og í lok sama árs, þar sem þessu er lýst á nokkrum stöðum (t.d. í fyrra hefti „Hvernig á að kynna Ísland" bls. 6 og „Varðandi kostnað við hornsteinshugmyndir" bls 8, og „Hvernig á að kynna Ísland" bls. 1 í síðara hefti, stuttu). Auk þess vísa ég í athugasemd við aðra spurningu hér að ofan þessu til frekari skýringar. Ef sá áhugi myndi vakna hjá Íslendingum að verja meira fjármagni í auglýsingar og aðra kynningu myndi hið stóra friðaða svæði einnig geta orðið áhrifamikið í slíkri kynningu.

***Svör mín til Landsvirkjunar, 28 . 1. 1996. Síða 2.***



BJÖRN BJARNASON
MENNTAMÁLARÁÐHERRA

Reykjavík, 6. maí 1996

Sverrir Sveinn Sigurðsson
Keilugranda 6
107 Reykjavík

Bestu þakkir fyrir að senda mér lokaorðin á hugleiðingum þínum um Ísland og framtíðina.

Mér finnst sjálfsagt fyrir þig að kynna þessa miklu vinnu þína sem víðast. Sjálfur hef ég engar athugasemdir, enda í nógu að snúast á öðrum sviðum sem einnig snerta Ísland og framtíðina.

Með bestu kveðju,

Menntamálaráðuneytið · Sölvhólsgötu 4 · 150 Reykjavík · Sími: 560 9500 · Bréfasími: 562 3068 · Netfang:

***Bréf nr 2 frá Birni Bjarnasyni, þarna orðinn menntamálaráðherra, dags. 6 .5. 1996.***

Í þriðja bréfinu sem hann sendi 7. nóvember 1996, eftir verðlaunaafhendingu í samkeppninni Ísland árið 2018, sagði „Ég óska þér innilega til hamingju með þann árangur, sem þú náðir."

Þetta voru ekki digrar yfirlýsingar og flugeldasýning í orðum og loforðum. En þessi hvatning um að kynna þessa vinnu sem víðast, og örlitlar hamingjuóskir, skiptu samt örlitlu máli. Þetta var betra en ekki neitt, alger þögn, sem var réttur dagsins hjá flestum öðrum.



NÁTTÚRUVERNDARRÁÐ

Sverrir Sveinn Sigurðarson
Keilugranda 6
107 Reykjavík

28. maí 1996
20. AJ

Vísað er til erindis yðar, dags. 2. apríl sl., "Hugleiðing um Ísland og framtíðina". Erindinu hefur verið dreift til Náttúruverndarráðs og var kynnt á fundi ráðsins þann 9. maí sl. Skrifstofa Náttúruverndarráðs mun fjalla um erindið á komandi mánuðum.

Virðingarfyllst,

Aðalheiður Jóhannsdóttir
framkvæmdastjóri

Hlemmur 3 · Pósthólf 5324 · 125 Reykjavík · Sími 562 7855 · Bréfasími 562 7790

***Bréf frá Náttúruverndarráði, dagsett 28. maí 1996.***

## Samkeppnin Ísland árið 2018

Um vorið 1996 var kynnt opin hugmyndasamkeppni á vegum Skipulags ríkisins og umhverfisráðuneytisins. Keppnin hét Ísland árið 2018, og var tilefnið að þarna voru 75 ár liðin frá setningu fyrstu skipulagslaga. Í fréttatilkynningu um málið sagði að „Leitað er eftir hugmyndum og tillögum um stöðu og framtíð Íslands á nýrri öld, til dæmis um þróun byggðar og umhverfis í landinu og tengsl Íslands við breytilegan heim og leitað eftir framtíðarsýn sem hafa má til hliðsjónar við ákvarðanatöku í skipulagsmálum.“ Ég tók saman flest af því sem hafði verið sent út áður, bætti nokkru við, setti saman í hefti. Útbjó svo tvo stóra uppdrætti af mögulegu friðlýstu svæði í myndvinnsluforriti, með mörgum aukaupplýsingum héðan og þaðan. Þetta var prentað fullum litum í stærðinni um 80x100 cm minnir mig. Þetta varð mín samkeppnistillaga. Svo liðu margir mánuðir.




***Þriðja tillagan að friðlýstu svæði, í verðlaunatillögu í keppninni Ísland árið 2018.***

Í byrjun nóvember 1996 voru kynnt úrslit í verðlaunasamkeppninni. Þar kom í ljós að mín tillaga var ein af þremur sem fengu jafnar efstu verðlaun í keppninni. Verðlaunafé var 550.000 krónur til hvers og eins af þessum þremur. Verðlaun voru veitt í Þjóðarbókhlöðunni, þar sem tillögurnar voru einnig til sýnis, í kringum tvær vikur minnir mig. Aðrir verðlaunahafar voru Einar Valur Ingimundarson, umhverfisverkfræðingur, og Ólafur Pétursson, grafískur hönnuður, annars vegar, og hins vegar Þór Sigfússon, hagfræðingur. Svo voru einnig tvær tillögur verðlaunaðar með lægri peningaverðlaunum fyrir 4.-5. Sæti, 175.000 minnir mig á hvora. Undirritaður var sá eini af verðlaunahöfum sem var námsmaður, en allir aðrir voru vel lærðir í sínu fagi. Reyndar var bara einn annar námsmaður sem tók þátt í keppninni, með stórskemmtilegar hugmyndir um samgöngur, en hann hlaut ekki verðlaun.




***Tillagan í lit í verðlaunatillögunni. Stærra svæði yrði til með því að bæta við tillögu nr. tvö frá í apríl 1995 svæðum sem voru á náttúruminjaskrá. Á kortinu má sjá öll svæði á skránni þá. Undirfyrirsögn er „Jafnvægið milli friðlýstra náttúruverndar- og útivistarsvæða og orkuframleiðslu, en bláu blettirnir voru núverandi og hugsanlega lónstæði vatnsaflsvirkjana, og svo rauðu og bleiku fletirnir núverandi og hugsanlegar jarðhitavirkjanir.***

Menn voru ekki á einu máli í dómnefnd heyrði ég síðar gegnum algerlega pottþéttar heimildir. Sumir í dómnefndinni töldu mína hugmynd langbesta og raunar þá einu sem væri raunverulega eitthvað vit í [sic], en annar eða aðrir í dómnefnd voru harðir á móti minni tillögu. Það voru háværar deilur og meira að segja rokið á dyr og skellt hurðum svo hrikti í. Niðurstaðan varð millilending um að þrjár













***Frá verðlaunaafhendingunni í samkeppninni Ísland árið 2018 í Þjóðarbókhlöðunni. E.v. ég tek við verðlaunum úr hendi Arinbjarnar Vilhjálmssonar, formanns dómnefndar og arkitekts. Stefán Thors, skipulagsstjóri ríkisins stendur hjá. E.h. Verðlaunahafar stilla sér upp. Frá vinstri Þorsteinn Ingi Sigfússon prófessor (fyrir hönd bróður síns Þórs Sigfússonar sem var ekki á landinu), Einar Valur Ingimundarson, umhverfisverkfræðingur, og Ólafur Pétursson, grafískur hönnuður, ég, (þessar þrjár tillögur hlutu 1.-3. verðlaun), Auður Sveinsdóttir, landslagsarkitekt, Anna Fjóla Gísladóttir, ljósmyndari, og Guðrún Jónsdóttir, arkitekt, (held þetta sé rétt), og loks Einar Þorsteinn, hönnuður og m.a. sá sem skapaði margstrenda formið í glerhjúp Hörpunnar tónlistar- og ráðstefnuhúss, (þessar síðari tvær tillögur hlutu 4.-5. Verðlaun). N.v. opna úr greinargerð dómnefndar sem sýnir mína tillögu, (framan við er forsíða greinagerðarinnar með myndskreytingu eftir börn í Vesturbæjarskóla). N.h. Ég standandi framan við mína tillögu.***

hugmyndir voru verðlaunaðar jafnar, í 1.-3. Sæti. Þó að mín samkeppnistillaga hyrfi þannig að stóru leiti innan um aðrar verðlaunaðar í efsta sætum, þá hvarf sjálf hugmyndin um friðun Vatnajökuls ekki, sem kom í ljós síðar. Það er langt um liðið svo þetta má vel koma fram, að það voru skiptar skoðanir um þetta. Meira skiptar en ég hélt. Það kom mér á óvart að heyra þetta.

Að vinna 550.000 var ekkert smá fínt! Háskólanemar eru ekki syndandi í peningum og að fá svona myndarlega upphæð sem aukaeyri var gaman, svo maður gæti gert eitthvað smá aukalega fyrir sjálfan sig, eða manns nánustu? Það var málið. Eða hvað? Ekki voru allir sammála því. Þannig er að þetta voru skattskyldar tekjur svo að af þessu fóru um 40% enda búið að ná hinu lága tekjumarki háskólanema. En svo kom þetta til frádráttar af framfærsluláni hjá Lánasjóði námsmanna, þ.e. námslán lækkuðu um 50% af þessu. Þannig að auka aurar í vasann, á þessu hausti 1996, lækkuðu um tæp 90%, eða úr 550.000 krónum niður í ca. 60-70 þúsund krónur. Þetta dugði ekki einu sinni til að kaupa sér fartölvu eða skreppa í helgarferð til Köben... Ég var nú hálf spældur, ég viðurkenni það. Ef ég hefði lent einn í efsta sæti hefði ég kannski fengið 800 þúsund í verðlaun, en þá hefði þetta dregist enn meira saman. Svo kannski var eins gott að ekki varð úr því. En það má benda á, að þeir verðlaunahafar sem voru ekki námsmenn, þeir juku handbært fé um ca 320.000 krónur eftir skatta. Svona er lífið.

Verðlaunatillöguna í samkeppninni má lesa á blaðsíðu 94.

Þarna í nóvember 1996 var smávægilegt útvarpsviðtal tekið við mig á Rás 2 um verðlaunatillöguna. Það var dálítil umfjöllun um samkeppnina í blöðum, 3 dálka frétt með mynd er eitt sem ég á, en ekki talað beint við mann útaf þessu. Formaður dómnefndar, Arinbjörn Vilhjálmsson arkítekt, kynnti einnig verðlaunatillögurnar á Skipulagsþingi sem haldið var um sama haust.

### Hvað annað var að gerast varðandi friðlýsingu Vatnajökuls frá öðrum árið 1996?

Engar tillögur eða athugasemdir varðandi hugsanlega friðlýsingu á Vatnajökli sjálfum og nágrenni komu fram frá einhverjum öðrum en Sverri Sv. Sigurðarsyni árið 1996, utan auðvitað athugasemd dómnefndar í samkeppninni Ísland árið 2018, sem má sjá á blaðsíðu 130.

# Árið 1997

Málþing var haldið í Norræna húsinu þann 18. janúar árið 1997 þar sem vinningshafar í samkeppninni Ísland árið 2018 kynntu tillögur sínar, og var ég þar á meðal með glærufyrirlestur. Einar Valur Ingimundarson kynnti verðlaunatillögu hans og Ólafs Péturssonar, sem bar nafnið „Sjálfbjarga samfélag." Þór Sigfússon, sem átti þriðju megin verðlaunatillöguna „Þekkingarsamfélagið", var erlendis svo einhver vinur hans, sem starfaði í Seðlabankanum minnir mig, kynnti tillöguna hans í staðinn. Þarna var fjölmenni, og viðstaddur umhverfisráðherra, Guðmundur Bjarnason, og líklega öll umhverfisnefnd Alþingis, og Hjörleifur Guttormsson þar á meðal líklega. Allavega var Árni M. Mathiesen þarna. Ég tók í hendina á Guðmundi Bjarnasyni eftir þingið og var hann hinn vinsamlegasti, en það voru einu samskiptin sem ég átti við umhverfisráðherrann.

## Viðtal og forystugrein

Eftir málþingið í janúar var hringt frá Morgunblaðinu og ég beðinn um að koma og veita blaðinu stutt viðtal um þær hugmyndir sem ég setti fram um hálendið í hugmyndasamkeppninni. Ég fór upp í Kringlu þar sem blaðið var og settist í gulan sófa andspænis blaðamanni, framan við kaffiaðstöðuna á annarri hæð þar sem blaðamenn höfðu sína vinnubása, sagði frá málinu. Viðtalið birtist 28. janúar 1997, á síðu sex eða átta. Viðtalið er á blaðsíðu 131. En daginn eftir dró verulega til tíðinda.

Morguninn eftir 29. janúar var ég á gangi framan við kennslustofu í byggingunni Odda í Háskólanum. „Jæja, Mogginn er sammála," sagði Guðmundur Ólafsson, nú þekktur pistlahöfundur, og kennari okkar í upplýsingatækni. „Nú, hvað meinarðu?" spurði ég. „Hefurðu ekki séð blaðið?" Nei, ég hafði ekki séð Morgunblaðið þann morguninn, en ég vissi að viðtalið hafði birst daginn áður. „Það er forystugrein," sagði Guðmundur þá. Í Morgunblaði dagsins var þá forystugrein um hálendishugmyndirnar mínar, og nafngreindi höfund sem Sverri Sv. Sigurðarson viðskiptafræðinema sem hefði sigrað í hugmyndasamkeppni með hugmynd um stærsta þjóðgarð Vestur-Evrópu. Hugmyndin var reifuð, sem og röksemdir undirritaðs, og sagt að hugmyndin „væri því einn þeirra kosta, sem skoða á þegar mótuð er framtíðarstefna um nýtingu hálendisins." Þetta er nokkuð nálægt stuðningsyfirlýsingu. Leiðarann má lesa á vef Morgunblaðsins, og á blaðsíðu 133.

Leiðari Morgunblaðsins var líklega ein mesta þungaviktarstaðsetning fyrir umræðu í öllum fjölmiðlum á Íslandi, enda ritstjórar blaðsins afar áhrifamiklir. Það eru ekki allir sem fá umfjöllun um sig í leiðara. Ég var þarna námsmaður í fyrrihlutanámi í háskóla, sem var að dunda sér einn við að þróa hugmyndir án tengsla við prófessora eða stofnanir háskólans, eða stúdentapólitíkina. Það er staðreynd að háskólanemar hafa allt önnur megin verkefni en það fólk sem er fullir þátttakendur í atvinnulífi, stjórnsýslu og pólitík. Nemendur innbyrða allskyns sannleik en ekki búa hann til, skemmta sér og taka þátt í stúdentapólitík.

Það er ekki algengt að háskólanemi setji fram þungaviktarpælingar svo eftir sé tekið. Það er örugglega mjög sjaldan á 20. öld sem Morgunblaðið hefur birt forystugrein um námsmann og hans sjálfstæðu verk, og kannski var þetta eina skiptið á öldinni. Mér hafði allavega aldrei dottið þetta í hug. Með þessari yfirlýsingu í forystugrein þóttist ég sjá að þarna væri hugmyndin búin að ná í gegn, hjá einhverjum hluta áhrifamanna alla vega, eða eins og sagt er í amerískum fótbolta, „hit the homerun." Sjálfstæðisflokkurinn var enda í ríkisstjórn þá, og allir vita að Morgunblaðið hefur áhrif í Sjálfstæðisflokknum. Það var ljóst að einhver á Morgunblaðinu var hrifinn af svona náttúruverndarhugmynd, en það þýddi ekki endilega að allir þar væru á slíkri skoðun. Það er enda þekkt að Sjálfstæðisflokkurinn var ekki sá flokkur sem almennt hafði mestan áhuga á náttúruvernd, en hafði meiri áhuga á stóriðju og orkuframkvæmdum.

## Spjallað hjá Náttúrverndarsamtökum Íslands

Skömmu síðar líklega í febrúar-mars 1997, frekar en í nóv-des árið 1996, var haft samband við mig og ég beðinn að koma á fund hjá Náttúruverndarsamtökum Íslands til að kynna þær hugmyndir sem ég hafði verið að setja fram næstu tvö árin á undan. Nú er það svo að ég var ekki bara að leggja til að Vatnajökull yrði friðlýstur ásamt svæðum umhverfis, heldur voru þetta líka tillögur um það hvernig væri hægt að finna sæmilega sátt milli náttúruverndar og stóriðjustefnu. Stefnt skyldi að því að bæði

28 MIÐVIKUDAGUR 29. JANÚAR 1997

**Morgunblaðið**

STOFNAÐ 1913

ÚTGEFANDI: Árvakur hf., Reykjavík.
FRAMKVÆMDASTJÓRI: Hallgrímur B. Geirsson.
RITSTJÓRAR: Matthías Johannessen, Styrmir Gunnarsson.

# FLOKKUR Á KROSSGÖTUM

FUNDUR miðstjórnar Alþýðubandalagsins um síðustu helgi var vettvangur nokkurra pólitískra tíðinda. Hvað sem líður yfirlýsingum forystumanna flokksins um sættir, lítil át[illegible] óbreytta stefnu, sýndi fund[illegible]inn að Alþýðu- [illegible]nda á kross[illegible]mt að h[illegible] [illegible]mþyk[illegible] [illegible]ndarins. Me[illegible] nefur Margrét Fr[illegible]ur stigið ákveðið skref til þess að breyta Alþýðubandalaginu. Fróðlegt verður að sjá hversu stór hluti flokksmanna verður reiðubúinn að fylgja flokksformanninum á þeirri braut.

# ÞJÓÐGARÐUR Á HÁLENDINU

Á MEÐAL verðlaunatillagna í samkeppni um framtíðarskipulag hálendisins var tillaga ungs viðskiptafræðinema, Sverris Sveins Sigurðarsonar, sem gerir ráð fyrir að á hálendi Íslands verði komið á fót stærsta friðlýsta náttúruverndar- og útivistarsvæði í Vestur-Evrópu, sem hafi Vatnajökul sem eins konar miðpunkt. Að hluta yrðu núverandi þjóðgarðar hluti þessa svæðis, en við það yrði bætt öðrum svæðum á náttúruminjaskrá.

Hugmyndin um stærsta þjóðgarð Evrópu á hálendinu er út af fyrir sig ekki ný. Hún tengist einnig hugmyndum um að skipuleggja hálendið þannig að á ákveðnum svæðum verði virkjanir og lagning raflína leyfðar, en önnur svæði, þar sem náttúrufegurð er mikil, verði friðlýst og tekin frá fyrir útivist og ferðaþjónustu.

Hins vegar er athyglisvert með hvaða rökum Sverrir Sveinn styður tillögur sínar: „Hingað til hafa friðunaraðgerðir miðað að því að ná ákveðnum tilfinningalegum markmiðum. Mínar hugmyndir miða hins vegar að því að ná peningalegum. Ég sé ekki betur en að þetta tvennt geti farið saman vegna þess að peningalegu markmiðin nást ekki nema hægt sé að uppfylla þau tilfinningalegu markmið fyrir þá ferðamenn, sem hingað koma.“

Mörgum þykir sem nú sé kominn tími til að staldra við og móta skýra stefnu um það, hvernig finna beri jafnvægi milli mismunandi nýtingar hálendisins — annars vegar til orkuframleiðslu og hins vegar til ferðamennsku og útivistar. Ekki fer á milli mála að hin stórbrotna náttúra hálendisins er verðmæti í sjálfri sér og hana verður að vernda sem slíka. En hún er líka „útflutningsvara“ vegna gildis hennar fyrir ferðamennsku. Það þarf þess vegna ekki bara að finna jafnvægi milli hagnaðarsjónarmiða og verndunarsjónarmiða, heldur á milli mismunandi hagnaðarsjónarmiða.

Stærsti þjóðgarður Vestur-Evrópu myndi án efa draga til sín ferðamenn, jafnframt því sem stofnun þjóðgarðs myndu væntanlega fylgja skýrar reglur um umgengni við viðkvæmustu og fegurstu náttúruperlur Íslands. Hugmyndin er því einn þeirra kosta, sem skoða á þegar mótuð er framtíðarstefna um nýtingu hálendisins.

***Forystugrein Morgunblaðsins, 29. Janúar 1997. Hún var í tveimur hlutum. Klippt er úr efri hlutanum enda á efni þess hluta, átök í Alþýðubandalaginu, ekki erindi hér.***

náttúruvernd og virkjanaframkvæmdir gætu vaxið og dafnað upp að vissu marki, en ekki væri stefnt að gersigri annarrar stefnu yfir hinni. Mínar hugmyndir voru því um það meðal annars hvernig væri hægt að halda áfram að virkja á vissum stöðum, og hvernig stór friðlýst svæði gætu virkað jákvæð fyrir slík verkefni gegnum það að skapa mótvægi við nýjar virkjanir. Með því væru Íslendingar að sýna að þó þeir byggðu virkjanir væri þeim líka alvara með að vernda sína náttúru. Þetta hafði komið fram á mörgum stöðum. Svo voru mínar hugmyndir í raun markaðshugmyndir, settar fram til að sýna hvernig mætti skapa störf og efla atvinnulíf.

Ég var því alls ekki viss um hvernig þessu yrði tekið hjá félagsmönnum í náttúruverndarsamtökunum. Fundurinn var í húsnæði Ferðafélags Íslands í Mörkinni, og var reytingur af fólki. Ég kynnti þetta í fyrirlestri, og að honum loknum var fátt sagt nema að Einar Valur Ingimundarson sem var þarna á fundinum stóð upp og sagðist telja að þetta væri sú leið, þessi millileið, sem farsælast væri að fara í þessum málum. Enginn á fundinum mótmælti þessu. Ég var hálf hissa á þessum viðbrögðum en auðvitað ekki ósáttur við.




***Úr verðlaunatillögunni Landnýting og orka í Vísbendingu. Einn af möguleikunum (scenarios).***

## Verðlaun Vísbendingar og talað á fundum í M.H. og hjá Siv Friðleifsdóttur

Um vorið 1997 var haldin hin árlega ritgerðarsamkeppni Vísbendingar, tímarits um efnahagsmál, sem gefið var út af útgáfufélaginu Heim. Mín ritgerð sigraði í þessari samkeppni, en mér skilst reyndar að það hafi ekki verið nein rífandi þátttaka. Þetta var engu að síður ánægjulegt. Ég vann alveg nýtt efni fyrir þetta og gerði samanburð á því hve mikil áhrif mismunandi friðlýsing á Vatnajökli og nágrenni

myndi hafa á möguleika til nýtingar orkulinda, jarðhita- og vatnsafls-, skv. upptalningu Orkustofnunar á virkjanakostum og hagkvæmniflokkum þeirra, og teiknaði upp myndir af þessu með fjórum möguleikum eða „scenarios." Verðlaun voru 20 þúsund krónur og miðað við kaupin á eyrinni þá fékk ég um 3 þúsund kall aukalega í vasann fyrir sirka hálfrar viku vinnu, sem var auðvitað mjög fínt. Ritgerðin er á blaðsíðu 134.




***Úr verðlaunatillögunni Landnýting og orka í Vísbendingu. Hér er skoðað hve mikil orkunýting er möguleg miðað við mismunandi umfang friðunar.***

Vorið 1997 var einnig haft samband og ég spurður hvort ég væri til í að mæta á fund á einhverskonar nemendadögum eða menningarviku hjá Menntaskólanum við Hamrahlíð. Þarna mættu fjórir gestir ásamt mér og ræddu umhverfismál frá ýmsum hliðum, og voru líklega um 200-300 nemendur sem hlýddu á. Aðrir sem töluðu þarna voru Kári Kristjánsson landvörður og náttúruverndarsinni og Hjörleifur Guttormsson alþingismaður og náttúruverndarsinni en hann talaði um náttúruvernd almennt án þess að minnast sérstaklega á Vatnajökul. Svo voru frá hinni hliðinni og Þorsteinn Hilmarsson, kynningarfulltrúi Landsvirkjunar, og Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins.

Ég kynnti þarna mínar hugmyndir um Vatnajökul með glærum af myndvarpa minnir mig, og hinir fluttu sitt mál. Í umræðum á eftir kom í ljós að framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins var ekki sérlega hrifinn af mínum tillögum. Þeir sem voru viðstaddir er kannski enn í fersku minni þegar hann sagði með miklum þjósti að ég vildi að Íslendingar yrðu eins og Jógi björn, vafrandi um einhvern þjóðgarð, lifandi á snöpum af ferðamönnum. Ég hélt nú ekki, og svaraði að ég væri alls ekki á móti orkugeiranum og vildi finna jafnvægi, og fyndist skrýtið að ekki mætti ræða þessi mál málefnalega.

Reyndar hefur líklega enginn leikmaður sett fram viðameiri tillögur en ég, í sjálfboðavinnu ólaunað, um hvernig megi samþætta náttúruvernd og stóriðju- og orkustarfsemi, svo þetta geti lifað í sæmilegri sátt. Auk þess voru mínar pælingar algerlega hlutlausar. Ég held að Sveinn hafi verið að reyna að skora stig hjá krökkunum en sá ekki að það yrðu nein sérstök viðbrögð yfirhöfuð.



***Frá fundinum í M.H. vorið 1997. Lengst til vinstri er Kári Kristjánsson landvörður, svo Hjörleifur Guttormsson alþingismaður, ég Sverrir Sv. í lopapeysunni, Þorsteinn Hilmarsson, upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar, og loks Sveinn Hannesson framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins.***

Í maí 1997 hafði Siv Friðleifsdóttir, alþingiskona, samband við mig og bað mig að koma á fund til að kynna mínar hugmyndir og ræða málin. Hún hafði safnað kringum sig hópi af ungu fólki, líklega úr Framsóknarflokknum að mestu leiti, sem hún kallaði reglulega á til að ræða ýmis mál í samfélaginu. Þetta var auðsótt mál og á laugardagsmorgni hjólaði ég heim til hennar og hitti þennan ágæta hóp. Þarna útskýrði ég hugmyndirnar mínar, og sýndi einhverja pappíra og myndir minnir mig. Það virtist góður rómur gerður að. Siv var þarna fremur nýr þingmaður, og ekkert sem benti sérstaklega til þess að hún yrði nokkurn tímann umhverfisráðherra. Hún hafði séð viðtalið í Morgunblaðinu sem birtist 28. Janúar 1997. Siv sagði síðar að hún hefði verið afar hrifin af þessum umhverfisvæna samgöngumáta, þar sem ég mætti í spjallið á hjóli. En þetta var bara námsmannadrossían, ég hefði alveg viljað vera á flottum bíl. En það var ekki verra að vinna umhverfisprik.

## Viðbrögð við þessu í háskólanum

Á þessum tíma sem vinna í málinu stóð var ég nemandi í viðskiptafræðum við Háskóla Íslands eins og áður kom fram, og var markmiðið að klára viðskiptafræðigráðu sem ég og gerði rúmu ári síðar.

Varðandi tímann í háskólanum skal fyrst talað um hið svonefnda „akademíska frelsi“. Það felur í sér að þeir sem starfa við háskóla hafi frelsi til að hugsa og tala um það sem þeir vilja, og varpa fram kenningum og ályktunum að vild. Háskólin á að vera frísvæði þar sem þröngsýnir hagsmunaverðir, fulltrúar gamalla valdablokka, eiga ekki að setja mönnum skorður. Ég held að þetta hafi skipt máli, þar sem ég var að kynna þá óvenjulegu hugmynd að friðlýsa Vatnajökul í heild sinni og svæðin í kring. Fólk lítur kannski á Vatnajökulsþjóðgarð í dag og finnst þetta nokkuð staðfest mál, en þetta var alls ekki sjálfsögð hugmynd á þeim tíma. Mér finnst líklegt að ef ég hefði verið í vinnu hjá einhverjum „ferköntuðum“ og íhaldssömum vinnuveitanda er vel hugsanlegt að ég hefði fundið fyrir meiri andúð og fengið á mig þrýsting, erfiðleika varðandi frama, jafnvel hótanir, eða það að vera rekinn úr starfi með erfiðleikum í að fá aðra vinnu í framhaldinu fyrir það að vera að setja fram einhverjar svona náttúruverndarhugmyndir. Hið akademíska frelsi kann því að hafa skipt máli hér.

Hins vegar er annað, að viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands var á þeim tíma langt frá því að vera ein helsta miðstöð náttúruverndarhugmynda á Íslandi, er það líklega ekki enn í dag, og verður kannski aldrei. Þar er hugsað um rekstur, debet og kredit, og ávöxtunarkröfu (eða ávaxtakörfu eins og ég kalla það stundum). Til að finna náttúruverndarhugmyndir þarf að fara í t.d. jarðfræði- eða líffræðiskor. Að skrifa stórar greinar með tillögu um að friða Vatnajökul er frekar sérkennilegt uppátæki hjá fyrsta árs nema í viðskiptafræðum, og örugglega ávísun á andúð hjá sumum en þó ekki öllum. Segja má að viðmót samnemenda hafi verið þannig, að lang flestum virtist standa á sama (eða kannski vissu þau ekki af þessari vinnu), örfáir höfðu jákvætt viðmót í fyrri hluta náms, en hjá nokkrum fjölda, það má kalla það hóp í náminu, virtist sem að viðmót væri ekki beint blíðlegt í garð höfundar. Hvað sem líður akademísku frelsi sem starfsmenn og kennarar virða þýðir það ekki að allir séu sjálfkrafa hrifnir af öllum óvenjulegum hugmyndum.

Þó að ég hefði mig ekki mikið í frammi hafði þessi vinnan ekki verið beint falin, með þremur nærri-heilsíðu greinum í Morgunblaðinu og sendingum hingað og þangað sem gátu vakið upp spurningar. Þetta er lítið samfélag. Á þessum tímapunkti var ekkert vitað hvort eitthvað yrði úr svona hugmyndum. Ég var aðeins að leggja til að Vatnajökull yrði friðlýstur – sannarlega framúrstefnuleg og jafnvel stórskrýtin hugmynd frá viðskiptafræðinema. Það er öruggt að það var ekki stofnaður neinn aðdáendaklúbbur kringum undirritaðan. Frekar hið gangstæða. En það voru aldrei nein læti. Um þetta leiti, eftir forystugreinina í sjálfu Morgunblaðinu og verðlaun í tveimur samkeppnum, er ekki frá því að viðmót einhverra hafi farið að mildast.

Eins virtust einhverjir kennarar kannski ekki himinlifandi af hrifningu, en það er alltaf betra að vera í náðinni hjá kennurum frekar en hitt. Flestum virtist þó standa á sama, þeir höfðu nóg með sitt, og enginn framan af sem var að spyrja og spjalla. Þetta brölt hafði því kannski einhver áhrif á andrúmsloft, sem ég hafði ekki endilega séð fyrir. Á vissum tímapunkti hafði ég lúmskt á tilfinningunni að eitthvað væri að bresta hjá einhverjum kennurum, og skrifaði þá bréf með tilvísun í hvatningarorð sjálfs menntamálaráðherra, æðsta yfirmanns háskólans, og sendi öllum kennurum í deildinni. Fannst mér þá slakna þá á andrúmsloftinu.

Að vori eða hausti 1997 kom einn kennari að máli við mig og stakk upp á að það væri haldinn fundur þar sem ég gæti kynnt þessar hugmyndir sem ég hafði unnið að allan námstímann, fyrir nemendum og kennurum. Ég hinsvegar ákvað að gefa afsvar við þessu, því ég var ekki viss um hvort margir hefðu jákvæðan áhuga á slíku. Var orðinn þreyttur á, og var um mig, gagnvart fýlulegu viðmóti sem mér

fannst hafa verið hér og þar. Ég veit ekki hvort það voru mistök. Varla mistök þó, en kannski hefði það verið huggulegt. Kannski hefði verið jákvætt andrúmsloft, og kannski ekki.

En það er mikilvægt að komi fram að ég lenti aldrei í neinum deilum og orðaskaki við fólk, hvorki í skólanum né neins staðar annars staðar (fyrir utan einkennilega uppákomuna í MH). Þetta var aðallega fýlulegt andrúm hjá sumum að manni fannst, og ég er nokkuð viss um að það var ekki ímyndun. Maður sigldi gegnum það með yfirvegun og kurteisi sem vopn. Málið var semsagt, að á meðan ég var að vinna að kynningu hugmyndanna fékk ég að mestu að vera í friði með þetta. Kynningin stóð yfir þar sem ítrekað var minnt á þær og nýjum rökum bætt í sarpinn, í fjögur ár. Það skipti líklega máli, tel ég. Að birta eina blaðagrein eða þó þær séu þrjár á nokkurra daga bili hreyfir ekki mikið við svona stóru máli.

## Umræður um skipulag hálendisins haustið 1997

Haustið 1997 voru kynnt opinber drög að skipulagi hálendisins, og risu upp miklar deilur um það mál sem kemur kannski ekki á óvart þeim sem þekkja til íslensks samfélags. Þar stigu fram aðilar sem töldu að náttúruvernd væri gert allt of hátt undir höfði í drögunum, og gagnrýndu það hástöfum. Mér fannst vanta ákveðna þætti í umræðuna og fór í Mál og Menningu. Þar voru þykkir katalógar úr pappír enda Amazon ekki komið til sögunnar. Þar fann ég bók sem fjallaði um skoðanakannanir í Bandaríkjunum varðandi afstöðu almennings til náttúru(verndar)svæða og friðunar þar í landi. Margir Bandaríkjamenn eru miklir útivistarmenn og hafa í hávegum sín „outdoors." Bókin var pöntuð og náði hún til landsins í tæka tíð svo hægt væri að skrifa grein um viðhorf almennings, með tilvísun í tölur sem komu þar fram, ásamt öðrum upplýsingum.




***Forsíða bókarinnar Attitudes Towards The Outdoors sem keypt var frá USA.***

Ég taldi að viðhorf almennings á vesturlöndum gætu verið þáttur sem vert væri að taka tillit til þegar skipulagið væri íhugað, út frá tekjuhagsmunum ferðaþjónustunnar. Þetta var svo tengt við hugmyndir um friðun á hálendinu og friðun Vatnajökuls. Greinin hét „Um skipulag hálendisins og alþjóðlegt

samhengi“ og birtist í Morgunblaðinu þann 28. nóvember 1997. Þá höfðu ekki birst greinar eftir mig frá í janúar 1995, og er þetta raunar síðasta greinin sem birst hefur í blaði fram að þessu, þó ég hafi komið ýmsu á framfæri gegnum dreifirit og vefinn. Það er erfitt að meta hvenær umræða deyr út, en þegar greinin birtist virtist eins og umræða og mótmæli gegn náttúruverndaráherslu skipulagstillagna gufaði upp samstundis, líkt og dögg fyrir sólu. Höfundur veit svosem ekki hvort það tengist. Greinin „Um skipulag hálendisins og alþjóðlegt samhengi“ er á blaðsíðu 141.


MORGUNBLAÐIÐ

SKOÐUN

SKIPULAG HÁLENDIS ÍSLANDS OG ALÞJÓÐLEGT SAMHENGI

Viðhorf fólks austan hafs og vestan gefur til kynna, segir Sverrir Sveinn Sigurðarson, að megintillaga sem kynnt hefur verið um verndun hálendis Íslands sé raunsæisleg og geti reynst happadrjúg.

MORGUNBLAÐIÐ

SKOÐUN



***Greinin í Morgunblaðinu, sem birtist þann 28. nóvember í Morgunblaðinu.***

## Lokaverkefni við Viðskiptaháskólann í Kaupmannahöfn

Haustið 1997 hafði nemandi í rekstrarhagfræði við Viðskiptaháskólann í Kaupmannahöfn, Hákon Þór Sindrason, samband við mig og baðst leyfis að fjalla um hugmyndirnar í lokaritgerð í meistaranámi í rekstrarhagfræði, Cand. Merc. svokölluðu. Það leyfi var auðfengið. Megin þátturinn í lokaverkefni Hákonar var hins vegar spurningarannsókn um ímynd Íslands sem var unnin meðal neytenda í Svíþjóð og Danmörku.

## Áhugavert tilboð um skrif í bók

Um haustið 1997 líklega frekar en snemma árs 1998 hringdi síminn, og hinum megin á línunni var Þór Sigfússon hagfræðingur. Hann tjáði mér að til stæði að gefa út bók með skrifum ýmissa ungra höfunda. Bókin yrði til minningar um Eyjólf Konráð Jónsson heitinn, einnig þekktur undir gælunafninu

Eykon. Eyjólfur var þingmaður Sjálfstæðisflokksins og ritstjóri Morgunblaðsins, og mikill áhugamaður um nýsköpun og ýmsar pælingar gegnum tíðina. Um vorið 1997 hafði ég ákveðið að ganga í Sjálfstæðisflokkinn en hafði áður ekki skipt mér af stjórnmálum eða flokkum. Ég ætlaði í sjálfu sér ekki að taka þátt í stjórnmálastarfi, en fannst allt í lagi að gera þetta, eins og um 40.000 Íslendingar. Þarna var ég á fjórða ári í viðskiptafræðum í Háskóla Íslands.




***Úr heftinu Áhrif Vatnajökulsþjóðgarðs á þjóðarbúið. Fjórar grunn gerðir viðskiptatækifæra sem gætu styrkst vegna sterkari ímyndar. Þetta er mynd af því sem fjallað var um í bókinni Hugmyndir – Greinasafn sem var gefið út til minningar um Eykon árið 1998, en myndin sjálf birtist ekki í bókinni.***

Þór var sjálfur einn af verðlaunahöfum í samkeppninni Ísland árið 2018 eins og áður var nefnt, en annars veit ég ekki hver fékk hugmyndina að því að bjóða mér að koma með framlag í þetta áhugaverða rit. Mín fyrstu viðbrögð voru að ég væri búinn að gera nóg í þessu, og ég hefði ekkert nýtt að segja. Mér er illa við að endurtaka mig. Þór sagði frá hverjir stæðu að þessu, og að Davíð Oddsson forsætisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins væri formaður útgáfuráðs. Þá hugsaði ég að það væri kannski ekki svo vitlaust þegar maður væri að klára nám að vera með í svona bók. Sagðist skyldu athuga hvort ég fyndi einhvern nýjan flöt á þessum hugmyndum mínum. Við nánari umhugsun sá ég að hægt væri að bæta við þetta og skrifaði grein fyrir bókina sem fór kerfisbundið gegnum það á hvaða sviðum ímynd landsins gæti batnað með stóru friðlýstu svæði, og hvar það gæti opnað ný tækifæri. Þetta var ekki grein sem kynnti hugmyndina í grunninn heldur fræðilegar hugleiðingar til viðbótar við allt sem áður var komið fram, ásamt því að tæpa á grunn hugmyndinni líka. Matrixumynd átti að sýna þetta en birtist ekki í bókinni, en myndin hér undir er úr heftinu Áhrif Vatnajökulsþjóðgarðs á þjóðarbúið sem ég setti fram árið 2004, þar sem efnið var útskýrt aftur.

## Athugasemd Hjörleifs Guttormssonar við skipulagstillögu hálendisins með tillögu um fjóra jöklaþjóðgarða

Um haustið 1997 var unnið að því verkefni að vinna tillögu að skipulagi hálendis Íslands. Var áhugasömum boðið að senda inn athugasemdir við þá skipulagstillögu. Einn þeirra sem það gerði var Hjörleifur Guttormsson, og sendi hann inn sína athugasemd þann 10. Desember. Í þessari ítarlegu, 10 blaðsíðna, athugasemd bar einn kaflinn, 5. Kafli, heitið **Þjóðgarðar á Miðhálendinu með jökla sem kjarna**. Þarna gerði Hjörleifur að tillögu sinni við nefndina sem vann svæðiskipulagið, að skipulag hálendisins ætti að gera ráð fyrir fjórum þjóðgörðum á hinum stóru megin jöklum: Vatnajökli, Hofsjökli, Langjökli og Mýrdaljökli (ásamt Eyjafjallajökli). Þennan hluta af athugasemd Hjörleifs má lesa hér á undan, á blaðsíðu 146. Þetta var í fyrsta sinn sem Hjörleifur setti fram tillögu eða athugasemd opinberlega sem innifól Vatnajökul frá því að hann lagði fram listann árið 1993, sem sjá má á blaðsíðum 32 og 196.

Hjörleifur tjáði höfundi einnig árið 2004, að hann hefði talað úr ræðustól á fundi, á Austurlandi minnir mig, um möguleikann á að stofna Vatnajökulsþjóðgarð. Ég veit hins vegar ekki hve ítarleg sú ræða var. Líklega var minnst á fjóra jöklaþjóðgarða, í samræmi við athugasemd Hjörleifs við framansagða auglýsta tillögu að svæðisskipulagi hálendisins.

### Hvað annað var að gerast varðandi friðlýsingu Vatnajökuls frá öðrum árið 1997?

Þessi tillaga var líklega í fyrsta sinn, síðan árið 1993, sem einhver annar en höfundur þessarar bókar lagði til friðlýsingu á Vatnajökli opinberlega. Að öðru leiti voru engar tillögur, umsagnir, óskir o.s.frv. frá öðrum opinberlega, að undanskildum athugasemdum sem höfundur fékk við sitt mál.

# Árið 1998

## Þingsályktunartillaga Hjörleifs Guttormssonar

Þann 3. febrúar 1998 lagði Hjörleifur Guttormsson, alþingismaður fram „tillögu til þingsályktunar um þjóðgarða á miðhálendinu“ (122. löggjafarþing 1997–98, þingskjal 727 - 406. mál). Þessir þjóðgarðar ættu að vera fjórir talsins, á Langjökli, Hofsjökli, Mýrdalsjökli (ásamt Eyjafjallajökli) og á Vatnajökli, og var þeim ekki raðað í mikilvægisröð. Hann var á þeim tíma ekki að stefna á Vatnajökulsþjóðgarð heldur fjóra þjóðgarða. En tillaga sem meðal annars innifól Vatnajökul var þarna komin fram á Alþingi, á formlegum pólitískum vettvangi. Líklega var enginn betur til þess fallinn að setja fram þessa tillögu en hann, og auðvitað hafði hann sett fram listann yfir 17 svæði þar á meðal Vatnajökul árið 1993. Allan texta þingsályktunartillögunnar má lesa í fyrri kafla á blaðsíðu 148.

Forsendur Hjörleifs fyrir þessari þingsályktunartillögu voru væntanlega að minnsta kosti athugasemd hans við svæðisskipulag hálendisins, sem innifól tillögu um fjóra jöklaþjóðgarða, sem sagt var frá hér á undan á blaðsíðum 146 og 235. Hann var einfaldlega að koma henni á framfæri á vettvangi Alþingis, sem hann gat gert sem þingmaður. Einnig er forsendan áratuga starf hans að náttúrurannsóknum og umhverfismálum, sem gáfu honum glögga innsýn í slíka valkosti.




***Kort af tillögu Hjörleifs Guttormssonar úr tillögu til þingsályktunar. Hér sjást tillögur að fjórum þjóðgörðum á fjórum jöklum, auk þess sem dregnar eru áhrifalínur kringum þá, og önnur friðuð svæði sjást einnig, t.d. Mývatns- og Laxársvæðið sem teygir sig norður frá Vatnajökli, friðað með sérlögum árið 1974, en svo var friðun aflétt að mestum hluta árið 2004 sem ekki var fyrirsjáanlegt þegar ég var að skrifa mínar tillögur, eða þegar Hjörleifur setti fram þessa.***

Alþingi sendi þingsályktunartillöguna til umhverfisnefndar Alþingis til umfjöllunar. Á fundi nefndarinnar þann 16. Febrúar 1998 var ákveðið að óska eftir umsögnum ýmissa hagsmunaaðila. 32 umsagnir bárust. Ég fékk ljósrit af fundargerðabók umhverfisnefndar Alþingis frá þessum tíma, sem og ljósrit af þessum umsögnum sem bárust (allt opinber plögg). Umsagnirnar voru um hitt og þetta, eftir því hver var að gefa umsögnina, en umsagnaraðilar voru ekki að fókusera á mögulegan Vatnajökulsþjóðgarð sérstaklega, enda fjallaði þingsályktunartillagan um fjóra þjóðgarða. Það má færa rök fyrir því að tillaga Hjörleifs hafi verið tilraun til að setja af stað fyrsta hluta nýs „boðhlaups" með nýju endamarkmiði (að stofna fjóra þjóðgarða), en svo snerist málið og hann var jafnframt upphafsmaður hluta númer tvö í því raunverulega „boðhlaupi" sem náið alla leið. Þingsályktunartillagan og umræður eru á blaðsíðu 148.

## Blaðagrein Hákonar Þórs í nóvember

Hákon birti svo tvær greinar í Morgunblaðinu 6. og 7. nóvember 1998 um niðurstöður lokaverkefnisins, þar sem m.a. var vísað í Vatnajökulshugmyndirnar um hið stóra friðlýsta svæði, þar sem Hákon taldi að slíkt svæði gæti hentað vel til að ná þeim markmiðum sem hann taldi æskilegt fyrir Ísland að ná, í meistararitgerð sinni.

Þegar málið er skoðað eftir á má sjá, að vel má vera að þessi blaðagrein hafi haft einhver áhrif á þróun málsins, þar sem hér koma fram rök sem styðja við svona friðlýst svæði kringum Vatnajökul, í Mastersverkefni við Copenhagen Business School. Þar skiptir máli tímasetningin, aðeins fáeinum mánuðum áður en málið var svo samþykkt á Alþingi. Úrdráttur úr grein Hákonar er á blaðsíðu 159, en fyrri og síðari grein Hákonar er að finna í gagnasafni Morgunblaðsins á vefnum. www.mbl.is.



ÍSLAND Í AUGUM ÚTLENDINGA

Ímynd Íslands og íslenskrar vöru og þjónustu erlendis

Í þessari síðari grein sinni dregur **Hákon Þór Sindrason** saman helstu niðurstöður úr fyrri grein, sem birtist á miðvikudag, og kynnir stefnumótunartillögur um hvernig ímynd Íslands geti verið búin til og notuð.

***Grein Hákons Þórs í Morgunblaðinu, 7.11.1998. Þarna sést tillaga undirritaðs að svæðinu.***

## Greinin í bókinni Hugmyndir

Greininni í bókina til minningar um Eykon var skilað að vori 1998. Bókin kom svo loks út í desember 1998 og var haldið lítið hóf á Sólon Islandus í Bankastræti. Þar fengu þeir höfundar sem mættu á staðinn afhent eintak af bókinni. Þarna voru líka einhverjir af ættingjum Eyjólfs Konráðs sýndist mér. Ekki fjölmenni. Mig minnir að Davíð Oddsson hafi ekki verið á staðnum. Þetta er huggulega útlítandi bók, lágstemmd í bláu taui með nafnið *Hugmyndir – greinasafn* með gylltum stöfum á kápunni. Greinin í bókinni er á blaðsíðu 161.




***Bókin Hugmyndir – greinasafn lætur lítið yfir sér, en listinn yfir höfunda er áhugaverður.***

Höfundar voru 22 talsins að 20 greinum, sem voru birtar undir efnisflokkunum Ísland og norðurslóðir, atvinnumál og fjármál, stefnumótun og rekstur fyrirtækja, frelsi og samkeppni og stjórnmál. Ég veit ekki hvort bókin fór í sölu einhversstaðar. Þegar ég fór að skoða bókina talsvert síðar var dálítið sem greip athyglina. Af þessum 20 ungu höfundum voru 19 sem voru búnir að ljúka námi og voru búin að hasla sér völl í atvinnulífi, stjórnsýslu eða akademíu. Þarna voru nöfn sem áttu eftir að verða þekkt eða jafnvel alræmd nokkrum árum síðar, en voru á þessum tíma snemma á sínum ferli, enda ungir höfundar. Þó voru mörg búin að ná nokkuð langt. 19 af höfundum í bókinni voru, og störf þeirra á þeim tíma: Andri Teitsson, framkvæmdastjóri Þróunarfélags Íslands, Andri Þór Guðmundsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Lýsis hf., Ari Edwald, aðstoðarmaður sjávarútvegsráðherra, Arnar Þórisson, framkvæmdastjóri Kilroy travels í Danmörku, Auður Guðmundsdóttir, kynningarfulltrúi hjá Eimskip, Ágúst Þór Ingason, sérfræðingur hjá Búnaðarbankanum Verðbréf, Ásgeir Þórðarson, ráðgjafi hjá McKinsey & Co. í Danmörku, Benedikt Árnason, deildarstjóri í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu, Eyþór Arnalds, framkvæmdastjóri þróunarsviðs OZ hf., Guðrún Högnadóttir ráðgjafi hjá VSÓ rekstrarráðgjöf, dr. Gylfi Magnússon, sérfræðingur hjá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, Hanna Birna Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri þingflokks sjálfstæðismanna, Hannes Smárason, framkvæmdastjóri fjármála- og þróunarsviðs Íslenskrar erfðagreiningar hf., Hugi Ólafsson, deildarstjóri í umhverfisráðuneytinu, Orri Hauksson, aðstoðarmaður forsætisráðherra, Ólafur Þ. Stephensen,

forstöðumaður upplýsinga- og kynningarsviðs Landssíma Íslands hf., Ragnheiður Elín Árnadóttir, aðstoðarmaður fjármálaráðherra, Skarphéðinn Berg Steinarsson, settur skrifstofustjóri í forsætisráðuneytinu, Svanbjörn Thoroddsen, framkvæmdastjóri Markaðsviðskipta hjá Fjárfestingarbanka atvinnulífsins, Svafa Grönfeldt, lektor við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, Þórir Kjartansson, framkvæmdastjóri Þórsbrunns hf.. Ásamt þessum 19 var einn höfundur sem var enn námsmaður, en það var undirritaður. Af hverju var aðeins einn námsmaður, en ekki t.d. þrír eða fjórir? Ýmsar spírur í háskólapólitík hefðu eflaust verið glaðar að vera með þessu fólki í bókinni. Og af hverju var þessi eini námsmaður sem var kallaður til, höfundur einnar stærstu náttúruverndarhugmyndar sem sést hefur í sögu Evrópu (nokkuð örugglega), en ekki með hefðbundnara umfjöllunarefni frjálshyggjunnar?

### Hvað annað var að gerast varðandi friðlýsingu Vatnajökuls frá öðrum árið 1998?

Að öðru leiti voru á árinu 1998 engar tillögur, umsagnir, óskir o.s.frv. frá öðrum opinberlega, um friðlýsingu á Vatnajökli og nágrenni í eina heild, eða um friðlýsingu á einhverjum hlutum Vatnajökuls.

# Árið 1999 – þingsályktunartillagan samþykkt

Næst var fjallað um þingsályktunartillögu Hjörleifs Guttormssonar um fjóra þjóðgarða á miðhálendinu á vettvangi umhverfisnefndar þann 4. Febrúar 1999. Á fundinum kom fram að vilji væri í umhverfisnefnd fyrir því að taka minna svæði undir friðlýsingu af slíku tagi. Lagði Hjörleifur þá til að Vatnajökull yrði gerður að þjóðgarði. Ákveðið var í nefndinni að fresta ákvörðun málsins.

Þarna má segja að hafi komið í fyrsta sinn fram formleg tillaga um að Vatnajökull skyldi friðlýst sem þjóðgarður – eingöngu Vatnajökull og engir aðrir jöklar – frá einhverjum öðrum en undirrituðum sem stóð að því að setja fram slíkar tillögur frá 1994-1998. Þetta var á pólitískum vettvangi inni á Alþingi, en ekki í blaðagreinum og öðrum skrifum lítt tengds of valdalauss námsmanns (sem nánast enginn nennti að svara). Hér má segja að „annar áfangi boðhlaupsins“ sem varð Vatnajökulsþjóðgarður hafi verið byrjaður. Í öðrum áfanga eru mál skoðuð og pólitískt formleg tillaga sett fram af þeim sem hafa vald til að samþykkja tillöguna – tillögu um að friðlýsa Vatnajökul sem þjóðgarð - meðan að í fyrsta áfanga boðhlaups er aðeins verið að setja fram grunn tillögur, hugmyndir, rök og slíkt – óheft hugmyndaflæði en agað af staðreyndum og jarðbundinni hugsun - sem hafa ekkert formlegt gildi.

Fundir voru haldnir í umhverfisnefnd Alþingis 11. febrúar og 22. febrúar með umræðu en án ákvarðana í málinu. Þann 6. mars 1999 var málið svo loks samþykkt á fundi nefndarinnar, með þeirri breytingu um að umhverfisráðherra yrði falið að láta kanna möguleika á stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs, í stað fjögurra þjóðgarða. Þessi þingsályktunartillaga skyldi lögð fyrir Alþingi.

Þann 10. Mars 1999 var þingsályktun um Vatnajökulsþjóðgarð samþykkt á Alþingi. Tillagan var samþykkt af Hjörleifi Guttormssyni sem engan skyldi undra, og fjórum félögum hans í Óháðum (síðar Vinstri Grænum), en einnig af 20 þingmönnum Sjálfstæðisflokksins, auk 13 þingmanna Samfylkingarinnar og 8 þingmönnum Framsóknarflokks. Fremur litlar umræður voru um málið úr ræðustól. Hjörleifur hefur sagt mér að honum hafi tekist að semja um þetta mál við Davíð Oddsson

sem þá var forsætisráðherra. Það er auðvitað hið besta mál, en af öllu hér á undan þarf varla að efast um að ýmsir voru ekki að heyra í fyrsta skipti af hugmyndinni að friða Vatnajökul og nálæg svæði sem þjóðgarð. Hin samþykkta þingsályktun er hér undir, en þetta er skjal þskj. 1144 # lokaskjal, 123. lþ. 16. mál:. Hún er stutt eins og sjá má.

Atkvæðin fóru svona í atkvæðagreiðslunni: **Já greiddu 46 þingmenn**: 20 þingmenn Sjálfstæðisflokks; Árni R. Árnason, Árni Johnsen, Árni M. Mathiesen, Björn Bjarnason, Egill Jónsson, Einar K. Guðfinnsson, Einar Oddur Kristjánsson, Geir H. Haarde, Guðjón Guðmundsson, Guðmundur Hallvarðsson, Hjálmar Jónsson, Katrín Fjeldsted, Kristján Pálsson, Ólafur G. Einarsson, Pétur H. Blöndal, Sigríður A. Þórðardóttir, Sturla Böðvarsson, Svanhildur Árnadóttir, Tómas Ingi Olrich, Vilhjálmur Egilsson. 13 af þingmönnum Samfylkingar: Ágúst Einarsson, Bryndís Hlöðversdóttir, Gísli S. Einarsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Guðný Guðbjörnsdóttir, Guðrún Helgadóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Lúðvík Bergvinsson, Magnús Árni Magnússon, Rannveig Guðmundsdóttir, Sighvatur Björgvinsson, Svanfríður Jónasdóttir, Össur Skarphéðinsson. 8 af þingmönnum Framsóknarflokks: Elín R. Líndal, Guðni Ágústsson, Hjálmar Árnason, Ísólfur Gylfi Pálmason, Jón Kristjánsson, Jónas Hallgrímsson, Kristinn H. Gunnarsson, Stefán Guðmundsson. 5 af þingmönnum þáv. Þingflokks Óháðra: Hjörleifur Guttormsson, Kristín Ástgeirsdóttir, Kristín Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Ögmundur Jónasson. **Fjarverandi voru 17 þingmenn**: 8 af þingmönnum Framsóknarflokks: Finnur Ingólfsson, Guðmundur Bjarnason, Gunnlaugur M. Sigmundsson, Ingibjörg Pálmadóttir, Magnús Stefánsson, Ólafur Örn Haraldsson, Siv Friðleifsdóttir, Valgerður Sverrisdóttir. 4 af þingmönnum Samfylkingar: Ásta R. Jóhannesdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Ragnar Arnalds, Sigríður Jóhannesdóttir. 5 af þingmönnum Sjálfstæðisflokks: Arnbjörg Sveinsdóttir, Davíð Oddsson, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Sólveig Pétursdóttir, Þorsteinn Pálsson. **Nei greiddu 0, greiddu ekki atkv. 0**.

Í maí mánuði árið 1999 tók ný ríkisstjórn við völdum. Þá settist Siv Friðleifsdóttir í ráðherrastól í fyrsta skipti og fékk hún það verkefni að stýra umhverfisráðuneytinu. Eini þingmaðurinn sem hafði kallað á mig til að ræða málin, sem hún gerði vorið 1997, var nú orðin umhverfisráðherra sem var merkileg tilviljun, en það lá engan veginn fyrir þá. Meðal verka sem lágu fyrir á borði ráðherra var auðvitað að vinna úr þingsályktuninni um Vatnajökulsþjóðgarð, og kanna möguleika á stofnun þjóðgarðsins? Vinnsla málsins tók reyndar lengri tíma eins og kunnugt er, og þjóðgarðurinn var ekki stofnaður á aldamótaárinu heldur átta árum síðar, árið 2008.

Hvað höfund bókar varðar annars árið 1999, þá var verki lokið. Höfundur setti ekkert fram á því ári.

# Árið 2000 – þjóðgarður samþykktur í ríkisstjórn

Á árinu 2000 var haldið áfram vinnu í umhverfisráðuneytinu við að skoða hvort skynsamlegt væri að stofna Vatnajökulsþjóðgarð. Ljóst er að niðurstaða náðist í þeirri vinnu, því þann 26. september árið 2000 lagði Siv Friðleifsdóttir umhverfisráðherra tillögu fyrir ríkisstjórnina um stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs. Var tillagan samþykkt af ráðherrum ríkisstjórnarinnar á fundi í stjórnarráðinu.

Það var ljóst að Vatnajökulsþjóðgarður myndi verða að veruleika!



**Þingsályktun**

**um Vatnajökulsþjóðgarð.**

---

Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að láta kanna, í samvinnu við skipulagsyfirvöld og hugsanlega rétthafa, möguleika á að stofna Vatnajökulsþjóðgarð.

Umhverfisráðherra kynni Alþingi stöðu málsins á vorþingi árið 2000 með það í huga að unnt verði að stofna Vatnajökulsþjóðgarð á aldamótaárinu.

---

*Samþykkt á Alþingi 10. mars 1999.*

***Þingsályktun um Vatnajökulsþjóðgarð, samþykkt 10. mars árið 1999.***

Frétt um þetta sá ég í fjölmiðlum 27. september 2000 líklega. Það virkar sérkennilegt en ég vissi ekki af málinu fyrr en fréttin birtist. Þann 12. mars 1999 birtist í Morgunblaðinu lítil frétt með fyrirsögninni „Á sjötta tug mála afgreidd síðustu daga.“ Þann 18. mars voru Staksteinar með fyrirsögnina „Beðið fardaga.“ Í báðum var minnst stuttlega á samþykkt þingsályktunar um Vatnajökulsþjóðgarð, einhversstaðar neðarlega í textanum. Þetta var allt sem kom um þingsályktunina. Ég lúsles ekki hverja einustu setningu í Mogganum, alla daga. Samþykkt þingsályktunarinnar um Vatnajökulsþjóðgarð þann 10. mars 1999 fór því framhjá mér. Enginn hafði fyrir því að segja mér frá enda var ég ekki í nánum tengslum við neitt af þessu fólki. Þetta endurspeglar að allan tímann sem ég vann að þessu máli reyndi ég að vera sem minnst áberandi. Örugglega hafa flestir ekki gert sér grein fyrir minni vinnu. Ég hafði sjálfur ekki fulla mynd. Það var ekki fyrr en nokkrum árum síðar að ég fór að skoða þetta vel, og heildarmyndin teiknaði sig upp. Sú heildarmynd er sett fram hér, og líklega hefur þú, lesandi, ekki haft þessa mynd fyrir þér upp á eigin spýtur.

\- - - - - - - - - - - - - - - - - - -

Þá er komin lýsing á ferlinu frá því að fyrsta hugboð eða tilfinning kom fram, gegnum það þegar ítarleg tillaga var sett fram opinberlega um efnahagslegan ávinning af mjög stóru friðlýstu náttúruverndarsvæði með Vatnajökul í miðpunkti kom upp, og allt þar til ríkisstjórnin samþykkti stofnun þjóðgarðsins. Með því var málinu ekki lokið enda átti eftir að ákveða skipulag þjóðgarðsins í ýmsum ráðherraskipuðum nefndum; síðan að stofna þjóðgarðinn formlega og koma honum í rekstur. Við lítum stuttlega á það í þeirri fyrstu af hinum sjö mikilvægu spurningum sem settar voru fram í upphafi þessa heftis.

# Sjö mikilvægar spurningar: Svörin

Hér eru svör við sex af sjö spurningum sem settar voru fram í upphafi. Svar við sjöundu spurningu er á bls. 268**Error! Bookmark not defined.**.

## 1. Af hverju hefur verið svo lítið um þras og deilur? (Svar)

Margir eru á þeirri skoðun að þras og rifrildi af ýmsu tagi sé áberandi í umræðu um ýmis mál. Kannski jafnvel meira hér hlutfallslega en hjá mörgum nágrannaþjóðum okkar, á norðurlöndum, í Þýskalandi, Hollandi til dæmis. Það er talað um slaka umræðuhefð, átakastjórnmál o.s.frv. Hins vegar sýnist mér að það hafi orðið fremur litlar deilur og þras kringum Vatnajökulsþjóðgarð. Frá því að hugmynd um slíkt var kynnt árið 1995 og frá 2000 þegar þessi risaþjóðgarður var samþykktur var furðu hljótt, allt fram til kringum 2010 að það varð vart við einhverskonar deilur. Svo var einnig rifist árið 2011 um aðgang mismunandi farartækja á ákveðnum svæðum, og um veiðar. Það er við slíku að búast þegar verið er að móta reglur sem skipta marga hópa máli, og vonandi tekst að vinna vel úr því.

Það mætti halda að þjóðgarðurinn væri frábær vettvangur fyrir deilur – hann er á sviði náttúruverndar og nær yfir um 13% af landinu – en þetta er ekki mikið rifrildi. Deilur blossa gjarnan upp þegar fyrirætlanir falla að hagsmunum eins hóps en annar hópur er ósammála, vegna sinna hagsmuna. Oft er það einn hópur/pólitískt afl sem setur fram hugmynd, sniðna að þörfum þess hóps/pólitíska afls, en hunsar mis kurteislega þarfir annarra. Og svo hefjast skoðanaskipti, eða karp, deilur og skotgrafahernaður eins og það er kallað, þar sem menn fara jafnvel í manninn en ekki málefnið. Var hugmyndin að friðun Vatnajökuls og nágrennis öðruvísi? Já reyndar. Það kann að vera mjög mikilvægt atriði.

Grunn hugmyndin árið 1995 snerist um þjóðina alla. Hún var sett fram af einstakling sem tilheyrði engum hagsmunatengdum hóp, en sat þess í stað í miðjunni og hafði yfirsýn yfir þá alla. Fyrir utan þessa grunn nálgun var svo málið skoðað skipulega, hóp fyrir hóp, með tilliti til eins og það var hægt hagsmuna hvers einasta hagsmunahóps. Hugmyndin var mótuð og útskýrð út frá því hvernig þessi lausn gæti komið sér vel fyrir viðkomandi hagsmunahóp. Hjólið sem var á forsíðunni á heftunum árið 1995 og sagt var frá áður útskýrir þetta.

Þannig voru teknar fyrir þær hliðar sem sneru að ferðaþjónustunni, bændum, náttúruverndaraðilum, matvælaiðnaði, iðnaði sem byggir á hönnun og ímynd, sjávarútvegi jafnvel, (semsagt útflutningsgreinum), almannavörnum, lögreglu, björgunarsveitum, sveitarfélögum og ríki, skipulagsyfirvöldum og þeim sem spá í byggðaþróun og ekki síst stóriðjunni og vatnsaflsvirkjunum. Fjölmargir textahlutar fjölluðu sérstaklega um síðastnefndu geirana, sem hafa átt erfiða sambúð við náttúruverndina og því líklegir til vandræða. Á einhverjum stað var fjallað um hlið allra þessara hópa.

Þetta gat þýtt að ef aðilar sem tilheyrðu einhverjum þessara hópa heyrðu af málinu, þá var líklegra að við þeim blasti hugmynd sem þeim átti að geta líkað sæmilega við, fremur en hugmynd sem hentaði andstæðingum þeirra. Þetta er gjörólíkt því þegar „andstæðingar" hafa sett fram hugmynd sem miðast aðeins við þeirra hagsmuni og stígur jafnvel hressilega á tær annarra. Finnst þeir ekki geta

sleppt átökum. Er þetta lykilatriði? Og er þetta kannski líka hluti af ástæðu þess hve fáir hafa spurt hvaðan hugmyndin kom, svo við rifjum upp svarið við fyrstu spurningu hér fyrir ofan.

Hugmyndirnar sem voru settar fram, á sínum tíma, voru líka alveg hlutlausar út frá flokkspólitískum línum. Þær voru ekki settar fram undir merkjum eða úr herbúðum neins flokks. Þó að einhver hefði kannski getað staðsett þér út frá ákveðinni grunn hugmyndafræði, þá voru flokkar allavega fjarri.

Getur verið að þetta sé ein ástæða þess að deilur hafa verið merkilega litlar um Vatnajökulsþjóðgarð? Vegna þess að í frum upphafinu var hugmyndin mótuð í friði og sátt. Hún var beinlínis hönnuð til þess í byrjun. Deilurnar voru hannaðar út úr myndinni. Þetta er mikilvægt. Hugmyndin var hönnuð og sett fram þannig, fyrirfram, að deilur og óánægja voru nánast mjög ólíklegar.

Þetta þýðir að í þessu máli fór lítil orka í þras og deilur, sem tefja mál eða jafnvel stöðva þau alveg. Þess í stað hefur þetta verið unnið í rólegheitum og þjóðin á nú stærsta þjóðgarð Vestur-Evrópu.

Kæri lesandi. Þetta er lykilatriði. Mig langar að biðja þig að íhuga þetta sérstaklega. Er eitthvað hægt að læra af þessu? Í þessu landi, þar sem býr þjóð sem eyðir helst til mikilli orku í deilur og þras, en kannski of lítilli orku í yfirvegaða orðræðu þar sem reynt er að byggja upp eitthvað nýtt og verðmætt, verðmætt fyrir alla sem koma að málum? Það er vert að velta því fyrir sér.

Þetta er eitt af megin lykil atriðunum í þessari grein.

## 2. Hvers vegna spyr enginn hvaðan hugmyndin kom, og hvers vegna? (Svar)

„Hvaðan kom þessi hugmynd eiginlega?“ Hvers vegna virðist enginn hafa spurt að þessu á þeim 14 árum sem eru liðin síðan Alþingi samþykkti þingsályktun um Vatnajökulsþjóðgarð? Fleiri spurningar gætu verið „hvers vegna kom þessi hugmynd fram upphaflega?“ og „hverjar voru megin röksemdirnar í grunninn fyrir þessu stóra máli?“ Mér virðist sem að enginn hjá heilli þjóð hafi spurt af þessu? Hvernig stendur á því? Mig grunar, þó ég geti ekki sannað, að það sé vegna þess að Íslendingar gera yfirhöfuð lítið af því að spyrja hvaðan frum innblásturinn, grunn hugmyndin að hlutum sé til komin. Fólk er vant því að stjórnvöld ákveði ýmislegt og innleiði án þess að neinn spyrji um forsendur (svo eru önnur mál auðvitað sem fá mikla umræðu og þras jafnvel). Fyrir því eru þessar menningarlegu ástæður eins og sagði hér á undan. Lítið hefur verið búið til af nýjungum og uppfinningum í gegnum tíðina, og því er mun minna um fólk hér sem hefur reynslu af því, og er þ.a.l. líklegt til að hefja orðræðu um hvaðan nýjung hafi komið. En þetta er einmitt það sem Íslendingar þurfa að gera meira af. Á faglegum grunni, til að læra af.

## 3. Af hverju komst þessi hugmynd „í gegn“ og var samþykkt? Hvað er óvenjulegt við hugmyndirnar sem lágu til grundvallar? (Það var hægri-miðju stjórn á þessum tíma). (Svar)

Flestir ættu að vera sammála um að í íslenskri pólitík nýtur náttúruvernd meiri stuðnings á vinstra litrófi stjórnmálanna. Þannig heitir vinstri flokkurinn Vinstri-Grænir, en stóriðjuhagsmunir iðnaðar og viðskipta hafa gjarnar verið taldir eiga gott griðland í Sjálfstæðisflokknum. Nú er að vísu kominn fram flokkurinn Hægri Grænir, en það er svo nýtilkomið að hann skiptir ekki máli í þessari pælingu.

Förum aftur til ársins 1999 þegar þingsályktunartillagan var samþykkt og til 2000 þegar stofnun garðsins var samþykkt í ríkisstjórn. Þá var ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, og hafði Sjálfstæðisflokkurinn meiri þingstyrk sem og forsætisráðherraembættið. Fjórfalt fleiri þingmenn Sjálfstæðisflokks samþykktu þjóðgarðinn en þingmenn vinstri-óháðra, sem Hjörleifur tilheyrði. Hvers vegna var Sjálfstæðisflokkurinn tilbúinn að samþykkja þjóðgarð, sem næði yfir kannski 13% af landinu? Hann gat vel sleppt því? Það er lykilatriði. Ekkert myndi breytast á fjöllum og jöklum við það. Þessi risa garður var alveg í kantinum á tveimur svæðum sem ljóst var að hefðu að geyma mikla möguleika varðandi vatnsaflsorku: Kárahnjúkar og Eyjabakkar.

Ef þingsályktunartillaga Hjörleifs er skoðuð, (þingskjal 727 – 406. mál á 122. löggjafarþingi, lagt fram á Alþingi í febrúar 1998), sést að hún er að mestu leiti klassísk náttúruverndarhugmynd, og líka vísað í skipulagstillögur á hálendinu, mörk eignarlanda, eignar- og stjórnsýslurétt, stjórnun og eftirlit, náttúruverndarlög og slíkt eins og vera ber. Rétt aðeins er minnst á „aðdráttarafl landsins og miðhálendisins“ en að öðru leiti ekki talað um neitt sem skipti atvinnulíf og ferðaþjónustu máli. Allt virkar þetta ágætlega sannfærandi, en var þetta það eina sem hvatti Sjálfstæðismenn áfram?

Hvers vegna var Sjálfstæðisflokkurinn ekki á móti slíku risa náttúruverndarsvæði? Getur verið að þar séu þrjár veigamiklar ástæður: Í fyrsta lagi var hugmyndin, sem hafði verið sett fram um friðlýsingu Vatnajökuls árið 1995 (eina hreina hugmyndin sem var sett fram þar til 4. Febrúar 1999), ekki klassísk náttúruverndarhugmynd, heldur hugmynd um að nota náttúruvernd til að bæta markaðsstöðu Íslands, auka markaðstækifæri íslenskra fyrirtækja og skapa ný störf.

Í öðru lagi var hugmyndin ekki sett fram gegn stóriðju og virkjunum heldur lagt til að slíkur þjóðgarður gæti verið mótvægi við virkjanir sem Íslendingar gætu kosið að byggja annars staðar. Þetta er lykil atriði. Þessi hugmynd er víðáttulangt frá því sem venjulegir náttúruverndarsinnar setja fram. Þeir voru þvert á móti að mótmæla framkvæmdum við Eyjabakka og Kárahnjúka, t.d. með því að ganga niður Laugaveginn með kyndla. Ég var semsagt hlynntur virkjanaframkvæmdum en einnig risa friðlýsingu, sem tillagan að friðun Vatnajökuls endurspeglaði. Það voru ekki margir að setja slíkt viðhorf fram – kannski var ég sá eini – svo ég var dálítið eins og rödd í eyðimörkinni (og væri eflaust enn í dag ef ég væri að vinna í svona máli ennþá).

Í þriðja lagi var hér verið að leggja áherslu á svæði sem rakst ekki mikið á við hagsmuni. Að friða jökul? Why not? Það skaðar fáa. Það er enginn að gera neitt þarna uppi hvort eð er. Og að tengja við svæði sem eru þegar friðuð? Hvað er að því? Þau eru friðuð hvort eð er.

Er þetta meðal ástæðna þess að Sjálfstæðisflokkurinn var tilbúinn að gefa grænt ljós á hinn risavaxna þjóðgarð? Það er ekki hægt að segja með vissu, en mér finnst það ekki út í hött. Ef mín hugmynd hefði beinst gegn virkjunum og álveri, þá finnst mér frekar ólíklegt að 20 þingmenn Sjálfstæðisflokks hefðu farði að samþykkja slíka gjörð.

Ákveðin klókindi voru kannski hluti af þessu öllu, að velja svæði sem ljóst var að myndi ekki mæta harðri andstöðu. Og um leið að sjá út að stofnun slíks svæðis gæti skapað aukin verðmæti, og einnig að geta rökstutt það. Að sjá þetta út er auðvitað kúnst útaf fyrir sig, sem þó er vel hægt ef fólk kann að skoða mál frá öllum hliðum alveg fordómalaust. Það verður að hafa opna og fordómalausa hugsun. Og sjá staðreyndir sem staðreyndir en ekki vera með neinn loddaraskap, sem er því miður svo algengur. Þetta er betur tekið fyrir í löngu greininni um boðhlaup. Þetta eru engir töfrar, aðeins spurning um heiðarlega vinnu og að vita nokkur atriði.

## 4. Hvers vegna var lýst vilja til miklu meiri útgjalda vegna nýs þjóðgarðs en venjan var að verja til náttúruverndarsvæða (þ.m.t. þjóðgarða)? (Svar)

Þeir sem eru viðskiptaþenkjandi vilja fá til baka fjárfestingu sem þeir hafa sett í verkefni, og setja þess vegna ekki fé í verkefni nema þeir hafi trú á því. Þetta er vel þekkt. Eins og sagði (í spurningu númer 4), hafði verið kostað til um 800 þúsund krónum í hvert friðað svæði á Íslandi árið 2000 að meðaltali samkvæmt fjárlögum. Um leið voru kynntar þá hugmyndir um að reka einn þjóðgarð fyrir 115 milljónir króna á ári. Þetta var um 50% meira en fjárveiting til allra friðlýstra svæða átti að vera. Einnig var kynnt hugmynd að verja 600 milljónum í stofnun þessa eina þjóðgarðs samtals.

Það er annað merkilegt, að Vatnajökulsþjóðgarður er að stórum hluta samsettur úr svæðum sem voru friðuð áður, en runnu inn í þessa stóru heild þjóðgarðsins. Það varð því lítil breyting í grunninn. Svæði sem voru friðuð í IUCN category II, III og V flokki breyttust í category II flokk (rétt, tvö þeirra fóru úr category II í category II, semsagt engin breyting).*

Hvers vegna voru stjórnmálamenn að lýsa yfir vilja til þessa? Hugsanlegt svar er að mönnum hafi sýnst að þetta væri skynsamleg fjárfesting, fjárhæð sem væri nauðsynleg til að setja af stað starfsemi sem myndi svo skila sér með miklum hagnaði fyrir ríkissjóð og þjóðina alla? Hvaðan komu hugmyndir um slíkan ávinning? Áætlanir og bollaleggingar um hve mikils virði þjóðgarðurinn gæti hugsanlega verið fyrir þjóðarbúið sýnist mér að hafi komið fram á tveimur stöðum.

Áætlanir um auknar gjaldeyristekjur var, eins og áður sagði, að finna í skýrslunni „Þjóðgarður norðan Vatnajökuls – skýrsla nefndar um stofnun þjóðgarðs eða verndarsvæðis norðan Vatnajökuls" sem var birt í maí 2004. Þessar tölur voru 4 milljarða króna aukning á gjaldeyristekjum á ári eftir nokkurn árafjölda. Þetta er greinilega all nokkuð. Til viðbótar hafði samgönguráðuneytið látið vinna útreikning á svonefndum margfeldisáhrifum í hagkerfinu, hvað varðaði ferðaþjónustu, sem unninn var af Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. Þetta tvennt mátti svo skoða saman, sem var gert stuttlega í skýrslu RRF, „Vatnajökulsþjóðgarður: Áhrif á ferðaþjónustu. Báðar á að vera hægt að finna á vefnum.

Seinni staðurinn var í þeim pappírum sem ég setti fram á árunum 2004 og 2005 aðallega, þar sem aðeins lagt var út frá ofangreindum tölum en engar nýjar spár birtar þannig séð. Þar var einnig tekið inn í myndina margfeldisáhrif ferðaþjónustu sem eru kringum 4 samkvæmt Hagfræðistofnun. Í þessum bollaleggingum kom því fram að aukning veltu í efnahagslífinu gæti samkvæmt því orðið um 16 milljarðar króna á ári (4 x 4 milljarðar), að kringum 727 ný störf gætu orðið til að lokum með áhrifum margfeldisáhrifa, að núvirði fjárfestingarinnar í að stofna þjóðgarðinn gæti verið 51 milljarður króna en samanlögð aukning skatttekna ríkisins á 40 árum gæti verið 148 milljarðar króna. Eins gæti ávinningur sveitarfélaga í auknum útsvarstekjum orðið 54 milljarðar, og samanlagður ávinningur atvinnulífs 463 milljarðar króna á 40 árum. Það einkenndi forsendur að fjárfesting í stofnun garðsins var mjög lítil í samanburði við væntan ávinning. Samkvæmt forsendum hefði tekjuauki getað verið meiri á hverju ári en stofnkostnaðurinn, en við slíkar aðstæður er ekki hægt að reikna núvirði, og reiknuð arðsemi slær út, hún verður það há. Þá er kannski betra að skoða bara sjóðstreymið. Ávinningur fyrirtækja á nærsvæðum þjóðgarðsins gætu numið milljörðum eða tugum milljarða á tímabilinu, og jákvæð áhrif fyrir byggðirnar kringum þjóðgarðinn því mögulega mikil. Áhugasamir geta skoðað forsendurnar fyrir þessum niðurstöðum á vefnum sverrir.info. Greinarnar tvær heita „Áhrif Vatnajökulsþjóðgarðs á þjóðarbúið“ og sú síðari „Hvert gæti verið núvirði og sjóðstreymisvirði áhrifa af Vatnajökulsþjóðgarði?“. Á vefnum er líka sjálft reiknilíkanið sem var notað, undir fyrirsögninni „September 2005: Virði Vatnajökulsþjóðgarðs - Excel líkan“. Rétt er að taka fram að þessar tölur komu fram árið 2004 og þar á eftir, ekki fyrir 1999.

Þetta er meira en all nokkuð. Þetta er einfaldlega mjög mikið. Allar eru þessar tölur hins vegar vel fljótandi og óvissar, og ómögulegt að segja hver niðurstaðan yrði í reynd í framtíðinni. Ég hef ekki hugmynd um hvort að þessar hugrenningar og útreikningar, sem var komið á framfæri við marga, hafi haft einhver áhrif. En það var ekki um að ræða aðrar bollaleggingar um efnahagslegt verðmæti þjóðgarðsins, og þar með hugsanlega forsendur fyrir fjárfestingu í stofnkostnaði og rekstri, ekki þá, og raunar ekki í dag heldur.

Grunn tillaga um friðun Vatnajökuls og nágrennis sem kom fram opinberlega 1995-1998 var ekki klassísk náttúruverndarhugmynd heldur tillaga að því að styrkja atvinnulíf og atvinnusköpun, en byggði þó á grunni náttúruverndar og á virðingu fyrir þeim hugsjónum. Svo voru komnar fram opinberar áætlanir sem gáfu til kynna að mikill ávinningur gæti orðið af garðinum, sem var merkilegt í sjálfu sér, alla vega fyrir mig á sínum tíma. Eru þær áætlanir skýringin á þeim yfirlýsta áhuga að verja svo miklum fjármunum í þjóðgarðinn?

(Ath. Tölurnar 600 milljónir og 125 milljónir eru þær tölur sem settar voru fram á sínum tíma þegar unninn var undirbúningur að Vatnajökulsþjóðgarði. Þessar tölur eru víst aðrar núna. Mér er ekki kunnugt um hverjar þær eru og enn síður hver heildar stofnkostnaður verður að lokum, eða framlög til rekstrar og viðhalds á næstu árum og áratugum. Það skiptir ekki öllu máli, heldur hve margfalt meira menn virtust tilbúnir í að verja í þetta friðlýsta náttúruverndarsvæði á þeim tíma, en varið hafði verið til slíkra svæða áður. Sá munur er athyglisverður hvað sem nútíðinni líður).

(* IUCN þýðir International Union for Conservation of Nature.)

## 5. Hvað er að marka spár um tekjur og hver gæti orðið aukning þeirra skv. spám? (Svar)

Eins og áður hefur komið fram var því spáð að Vatnajökulsþjóðgarður gæti leitt til 4 milljarða aukinna gjaldeyristekna á endanum. Einnig kom fram talan 11-13 milljarðar á ári í skýrslu RRF fyrir umhverfisráðuneytið, „Vatnajökulsþjóðgarður: Áhrif á ferðaþjónustu." Ég hef þó kosið að horfa framhjá þessum hærri tölum í varúðarskyni, og held mig við lægri tölurnar.

Með margfeldisáhrifum 4 (type II economic multiplier) í ferðaþjónustu, myndu 4 milljarðar í gjaldeyristekjur þýða 16 milljarða aukningu á veltu í efnahagslífinu á ári (krónuhagkerfinu). Hærri talan 11-13 milljarðar myndi þýða 44 til 52 milljarða króna aukningu. Gaman ef svo væri. Ég útlistaði þessa möguleika nánar árið 2004 og 2005. Þær eru birtar á vefnum sverrir.info og heita Hvert gæti verið núvirði og sjóðstreymisvirði áhrifa af Vatnajökulsþjóðgarði? (smella) og Áhrif Vatnajökuls-þjóðgarðs á þjóðarbúið (smella). Í síðarnefndu greininni, viðauka 1, er fyrirbærið margfeldisáhrif útskýrt nánar.

Þá kemur góð spurning: Hvað er að marka þessar tölur?

Hið skrýtna svar er kannski að það er ýmislegt að marka þessar tölur um leið og það er lítið að marka þær. Maður þarf að skilja hvernig þær verða til, og kunna að horfa rétt á þær.

Mér finnst fólk almennt ekki skilja hvernig svona spár eru hugsaðar og unnar. Þær eru ekki settar fram til að fullyrða að framtíðartekjur verði tiltekin fjárhæð nákvæmlega, og ef framtíðartekju verða aðrar þá séu spárnar misheppnaðar. Enginn veit hverjar þær munu verða nákvæmlega. Það er reynt að spá í allar breytistærðir, skoðuð fortíðin og hugsanleg framtíðarþróun, og reynt að meta hvað sé líkleg staða í framtíðinni út frá því. Út frá þessum forsendum, eins öruggar eða óöruggar og þær eru, er svo reiknuð spá. Er að marka þessar tölur? Það verður hver að meta fyrir sig. Það fer eftir því hvaða pól maður tekur í hæðina. En að hafa svona áætlanir, eins vel unnar og hægt er, er betra en að hafa ekki neitt. Þetta er oftast betra en að skjóta út í loftið. Þegar skotið er út í loftið er forspárgildið ekkert. Þar liggur mikilvægi þeirra.

Ein leið til að meta hvort spáin um auknar tekjur af Vatnajökulsþjóðgarði sé líkleg er að bera hana saman við svipaðar tölur annars staðar. Eins og áður sagði myndu auknar gjaldeyristekjur aðallega byggjast á ferðalögum frá löndum beggja megin Atlantshafsins, og þar með fjölda fólks sem þar býr. Þessar tölur byggja ekki á fjölda íbúa á Íslandi. Eins má benda á að stærð sjávarútvegs hér byggir á að selja íbúum stórþjóða fisk, en byggir ekki aðeins á fjölda íbúa á Íslandi, og heildar raforkuframleiðsla hér byggir á þörf erlendra iðnfyrirtækja, fremur en aðeins raforkunotkun Íslendinga sjálfra.
Það má því vel bera þessar spár saman við mælingar á tekjum sem verða til við erlenda þjóðgarða, þar sem mat á slíku er fyrir hendi.

Haustið 2011 birti ég myndskeið á vefsíðunni SeeVatnajokull.is þar sem slíkur samanburður er birtur. Tölurnar þar eru frá þekktum þjóðgörðum í Bandaríkjunum og Bretlandi, en ég tel persónulega að þessi einstæði þjóðgarður hér, stærsti þjóðgarður Vestur-Evrópu, muni geta orðið býsna þekktur þegar fram í sækir þó hann sé það ekki í dag og sé ekki að skila miklum fjölda ferðalanga í dag. Tölurnar frá þjóðgörðunum í USA og Bretlandi hafa ekki sést áður á Íslandi, svo best ég veit. Jafnframt

er farið gegnum mikla óvissuþætti sem ég tel að séu á málinu, og vikmörk, sem geta leitt til þess að lokaniðurstaðan verði hugsanlega lægri eða hærri en þessi spá um 4 milljarða sem gerð var fyrir umhverfisráðuneytið. Lesandi getur **horft á það myndskeið ef áhugi er fyrir hendi (smelltu)**. Í myndskeiðinu eru fjölmargar fallegar myndir frá Vatnajökulsþjóðgarði, og í lokin er „heimsókn“ í þessa erlendu þjóðgarða með fleiri myndum.

## 6. Hvers vegna er þróun þessa máls mikilvæg í stöðunni í dag? (Svar)

Ef þróunin verður í samræmi við spárnar gæti þjóðgarðurinn skilað af sér umtalsverðum verðmætum. Sá ávinningur fer varla að sjást fyrr en eftir 10-20 ár eða lengur? En hvað með stöðuna í dag?

Mikilvægi þessa „boðhlaups“ liggur kannski helst í því að geta verið innblástur eða fyrirmynd. Það var hugmyndin á bakvið „boðhlaups“ hugmyndina. Þetta er vissulega skilyrt því að einhver hafi áhuga á að skoða þetta og velta fyrir sér. Þegar ég sendi út pósta á síðasta hluta árs 2011 fékk ég dálítil jákvæð viðbrögð. Ef fólk fær aðeins skýrari mynd af þessu ferli sköpunar og framkvæmdar, nýsköpun, með þessu er það fínt. Ef þetta myndi hjálpa til við eitt nýtt fyrirtæki væri það gott, þó ég heyrði aldrei af því. Lýsing á nýsköpun sem „boðhlaup“, byggt á þessu máli, er að finna á vefnum **www.uppbygging.org**, bæði í fullri lengd, í stuttum texta, og einnig er spjall í myndskeiði.

Þetta ferli, „boðhlaups“ er ekki háþróað ferli sem nýtist aðeins á fáum stöðum, heldur er þetta lýsing á ferli allra hugmynda sem verða að framkvæmd. Sumar hugmyndir eru litlar og framkvæmdar innan 30 sekúndna, allt gert af sömu manneskju. Önnur verkefni eru stór og flókin og geta jafnvel verð meira en áratug að verða að veruleika. Vatnajökulsþjóðgarður er dæmi um slíkt.

Það er mikilvægt að skerpa á sköpun jákvæðra nýjunga. Ef þessar pælingar geta hjálpað til er það mikilvægt í stöðunni í dag. Ef einhver annar kemur með aðra sýn, aðra hugmynd um þetta, það slær í gegn og hefur mikil áhrif (meiri áhrif en þetta hér), þá er það fínt.

## 7. Hvernig atvikuðust hlutar „boðhlaupsins“ sem varð Vatnajökulsþjóðgarður? (Svar)

Hugmyndin um að þróun máls af þessu tagi megi lýsa með myndlíkingu við boðhlaup, vaknaði í framhaldi af þróun þessa máls sem varðaði Vatnajökul. Þessa myndlíkingu má nota um alla þróun hugmynda sem leiða af sér ákvörðun og framkvæmd, sama hvað er.

Með því að skoða þessa myndlíkingu má betur skilja slíka þróun. Hvernig var málið unnið? Er hægt að bæta aðferðarfræði, í nýsköpun og uppbyggingu, í þeirri uppbyggingu sem er nauðsynleg eftir atburði síðustu ára?

**Áður en þróun Vatnajökulsmálsins er skýrð út frá boðhlaupi er betra að útskýra betur þessa myndlíkingu við boðhlaup. Sú útskýring er í hluta III sem byrjar hér á næstu síðu. Vegna þessa er svarinu við 7. spurningunni skotið aftur fyrir hluta III.**
Svarið við spurningu 7 er svo á blaðsíðu 268.

# Hluti III: Styrkleiki í nýsköpun

# Hvernig má ná betri árangri í nýsköpun og þróun hugmynda sem eiga að skila verðmætum? Málið sem varð Vatnajökulsþjóðgarður sem dæmi

Samkvæmt áætlunum opinberra aðila er því spáð að Vatnajökulsþjóðgarður muni geta skilað mikilli aukningu gjaldeyristekna þegar fram líða stundir. Hvenær er erfitt að segja. Það gerist líklega ekki ofurhratt, en það hvernig unnið er að kynningarmálum hefur líklega áhrif á hraða aukningar. Árangur fer einnig að hluta eftir því hvernig staðið er að kynningarmálum og slíku.

Ef það gerist, er það tilviljun? Líklega ekki. Miklu skiptir hvernig sjálf grunn hugmyndin að þjóðgarðinum var hugsuð. Til hvers var hún? Tillögur höfundar, um 90% af öllu sem settar var fram, og lýst er í tveimur bókarhlutum á undan, voru rannsakaðar, þróaðar og settar fram í tilgangi atvinnusköpunar. Þetta voru auk þess einu tillögurnar sem komu fram árum saman. Þetta voru ekki venjulegar náttúruverndarhugmyndir, settar fram í megin tilgangi náttúruverndar. Er það hluti ástæðunnar að Vatnajökulsþjóðgarður fékk yfirleitt fylgi í upphafi?

Reynslan af því að þróa og setja fram tillögurnar sem eru hér á undan gaf höfundi þessarar bókar ákveðna sýn á það, hvernig það er að þróa og setja fram tillögur. Hvað er skynsamlegt, og hvað er ekki skynsamlegt í þeim efnum? Niðurstaðan úr þeim hugleiðingum var líka undir áhrifum af atburðarás í samfélaginu frá 2003 til 2011 um það bil. Allir vita hvað gerðist: Hrun fjármálakerfis og mikil kreppa eftir mikið peningaflæði. Hvað var skynsamlegt, og hvað ekki, í þeirri atburðarás? Saman voru þessir tveir þættir mótandi afl hugmynda í þessum bókahluta, en þær voru fyrst kynntar til sögunnar í lok árs 2011 á vefnum www.uppbygging.org.

Niðurstaðan er í tvennu lagi: 1. Að ákveðin nálgun getur bætt árangur í nýsköpun og þróun hugmynda sem á að skila verðmætum. Í stuttu máli snýst það um ákveðin vinnubrögð hjá þeim sem þróar, sem byggist á að virða staðreyndir án undantekninga, að leggja áherslu á jarðbundin skynsemisrök, og að vera opinn í hugsun og viljugur til að velta málum fyrir sér frá nýjum og óvæntum hliðum, byggt á hinu tvennu: Staðreyndum og jarðbindingu. Einnig, að taka tillit til allra hagsmunaaðila ef hægt væri. Var slík grundvallarhugsun til staðar í hinni ‚snilldarlegu' uppbyggingu fjármálaveldis á árunum 2003-2008? 2. Annar hluti niðurstöðunnar byggir á að allir sem koma nærri nýsköpun beint og óbeint geti bætt árangur með því að hafa skýran skilning á sjálfu ferlinu. Þar er ferlinu líkt við boðhlaup í fjórum hlutum, þar sem hver hluti snýst um ákveðin verkefni, og kallar á tiltekna persónuleika eða hæfileika nálgun til að vel gangi. Þetta er í textanum hér á eftir.

# Uppbygging verðmætra nýjunga í líkingu við boðhlaup



Það að vinna að þróun og kynningu tillagna um margra ára skeið, sem snúast um mögulegt friðlýst svæði eða þjóðgarð á og kringum Vatnajökul, er ákveðin reynsla í sjálfu sér. Þegar að ljóst er að höfundur þeirra tillagna var sá eini sem lagði slíkt til um margra ára skeið, og að stuttu eftir var ákveðið að fara í verkefni sem var í flestum aðalatriðum það sama, þá verður reynslan af því að þróa tillögurnar ekki síður áhugaverð.

Þegar höfundur þessarar bókar leit til baka og velti fyrir sér vinnunni og nálguninni í henni, þá komu í ljós nokkur atriði sem gætu verið áhugaverð. Þetta á ekki síður við þegar höfundur velti fyrir sér hvort að eitthvað væri við nálgunina sem væri ekki almennt að finna í nálgun á Íslandi.

Út frá þessu skaut upp kollinum skilgreining á því hvernig nýsköpun fer fram í raun, og hvað einkennir hvern hluta fyrir sig.

Hvað varðar aðferðarfræði í nýsköpun er þetta niðurstaða höfundar, kannski má kalla það ráðleggingar um hvernig megi hafa áhrif á Styrkleiki í nýsköpun, til að nýsköpun heppnist sem best.

Í fótboltaliði sem tekur spilið alvarlega er alltaf gott að skoða nýja fleti á leikskipulagi, sókn og vörn, til þess að finna leiðir til að bæta leikinn og hámarka líkur á sigri. Þessi skrif hér á eftir eru pælingar af þeim toga. Þessar hugmyndir, um nýsköpun í mynd „boðhlaups“, voru kynntar til sögunnar á vefnum Uppbygging.org í lok ársins 2011 og byrjun árs 2012. Lýsingunni á atburðarásinni í þróun höfundar á Vatnajökulshugmyndum var svo bætt við til að gefa raunverulegt dæmi um þróun hugmynda sem hefði farið eftir þessu ferli „boðhlaups“.

Á eftir lýsingu á „boðhlaups“ ferlinu í þróun nýjunga er svo einnig upptalning á atriðum sem þeir mega hafa í huga sem taka þátt í þróun nýjunga, en einnig á þáttum sem þau þurfa að fylgja sem eru ekki þátttakendur í sjálfu þróunarstarfinu heldur taka við afurðum þróunarstarfsins, meta og ákveða, eða eru áhorfendur á hliðarlínunni. Nýsköpun má skoða frá mörgum hliðum og er engin ein rétt, né er einhver ein sem hentar öllum, en þetta eru þær athuganir sem vinnan að tillögum um Vatnajökul leiddu af sér hjá höfundi.

Megin málið er að nýsköpun er mjög mikilvæg fyrir lítið land í vanda og líklega mikilvægari en flestir átta sig á. Þessar lokapælingar voru framlag til slíks starfs hér, og svo kemur í ljós hvort þær verða einhverjum að gagni.

***Ísland getur átt ágæta framtíð, með góðum lífsgæðum eins og voru hér á síðustu áratugum.***

***En Íslendingar geta líka klúðrað sínum málum að miklu leiti til langs tíma, í áratugi, þar sem ekki nást aftur þau lífsgæði, en í staðinn verði meiri fátækt, atvinnuleysi, þungt sinni.***

***Það sem skilur á milli þessa byggir ekki aðeins á tilviljunum sem ekki er hægt að höndla, heldur að stóru leiti á því hvernig Íslendingar munu beita sér í framtíðinni. Þeir geta klúðrað sínum málum án þess að átta sig nógu vel á hvernig. Þeir munu aðeins vita að þeim gengur ekki eins vel og áður.***

Í upphafi textans „Uppbygging er næsta skrefið“ á vefnum Uppbygging.org var talað um stöðuna á Íslandi. Textinn var útbúinn á síðari hluta árs 2011, en hafði verið í þróun meðvitað og ómeðvitað á árunum 2009-2010 þegar Íslendingar voru í miklu uppnámi og reiðikasti vegna bankahrunsins. Þarna var talað almennt um ástandið, hugarfar, samanburð við ástandið í lok síðari heimsstyrjaldar í Evrópu, og loks um hvaða leiðir væru færar til að skapa verðmæti. Þær voru í stuttu máli að 1. Halda áfram á sömu braut. 2. Treysta á heppni. 3. Fara í hagræðingu og niðurskurð. 4. Bíða eftir nýjungum erlendis frá. 5. Bíða eftir erlendum fjárfestum. 6. Taka meiri erlend lán. 7. Nota fjármagn í innlendu bankakerfi, og 8. **Að Íslendingar fari í það að leita að og þróa sjálfir nýjungar, og setja af stað verðmæta starfsemi.** Þessum upphafstexta er sleppt hér.

Það er fjallað um grunninn að verðmætum nýjungum, og svo undið sér í að fjalla um nýsköpun í myndlíkingu við fjögurra hluta „boðhlaup“ þar sem hver hluti hefur sitt hlutverk og einkenni.

## Grunnurinn að verðmætum nýjungum

Líttu í kringum þig þar sem þú situr núna. Hvað sérðu? Líklega tölvu, borð, stóla, loftljós, glugga, bækur, ýmislegt. Allt er þetta gert af mönnum, en áður en það gerðist þá byrjaði þetta allt sem hugdetta, eða að einhver (í eintölu eða fleirtölu) áttaði sig á að hægt væri að gera betur. Það kom það sem í léttum dúr má kalla „Hei, kannski væri hægt að…“-augnablik. Bókstaflega allt sem þú sérð sem tilheyrir ekki náttúrunni, allt í manngerðum heimi, byrjaði á þessu: „Hei, kannski væri hægt að gera svona og svona…“ Svo var sú hugdetta þróuð áfram, og loks gerð að veruleika.

Það skiptir ekki máli hvort þú ert að tala um þróun á nýrri og mun fullkomnari gerð af tinnusteinsáhöldum, með því að nota meitil úr hjartarhorni ásamt slagsteini – tækninýjung sem markaði upphaf efri-fornsteinaldar hjá forfeðrum okkar fyrir um 25.000 árum, eða aðferðir við að senda upp geimför, eða nanótækni. Allt byrjaði á „Hei! Kannski væri hægt að….“ Þetta er töfra augnablik.

Líttu aftur í kringum þig, á tölvu, borð, stóla, loftljós, glugga, bækur, ýmislegt. Spurðu þig hve mikið af þessu var hugsað upp, beinlínis fundið upp á Íslandi? Mestu líkindin eru þau að afar lítið af því sem þú sérð hafi verið hugsað upp hér, hvort sem er hlutirnir sjálfir eða íhlutir, hráefni, grunn tækni. Megin ástæða þessa er einfaldlega fámenni þjóðarinnar og þar með míkró-smæð heimamarkaðsins. Það gerir að verkum að ýmsar tækninýjungar er einfaldlega ekki hægt að þróa hér með heimamarkað að bakhjarli. Það er verkefni stórþjóða. Tugmilljónaþjóða. Það er engin ástæða til að skammast sín fyrir það. Íslendingum hefur þrátt fyrir það gengið nokkuð vel í það heila síðustu áratugi.

Þetta leiðir hins vegar, skiljanlega, af sér að sú aðgerð að hugsa upp nýjung, að þróa upp nýjung, af þessu tagi, er eitthvað sem Íslendingar hafa ekki sérlega mikla reynslu af. Það er hvorki samkvæmt eigin reynslu, eða hafa fylgst með slíku. Það er staðreynd að flest það sem líf og lífsstíll er byggður á hérlendis er komið erlendis frá, en ekki hugsað upp hérlendis. Aftur, ekkert til að skammast sín fyrir, en aðstæður nú kalla hinsvegar á að Íslendingar verði sleipari á þessu sviði, bæði þau sem standa í slíku, og líka þau sem horfa á. Það er ákveðinn megin punktur í þessu riti.

Og nú er komið að því að skoða það ferli sem á sér stað í sköpun vermætra nýjunga, til að skilja betur ákveðna þætti í því.

# Boðhlaupið eða 1-2-3-4 ferlið

#### Hvernig gerist þróun verðmætra nýjunga? Ein leið til að skoða

Hér er leið til að skoða og skilja þróun verðmætra nýjunga. Það er fróðlegt, en ekki endilega án óþæginda, að skoða það í samhengi við íslensku þjóðina. Það þarf þó ekki að vera óþægilegt eða niðurlægjandi ef það er gert á réttan hátt. Þvert á móti, frelsandi og gefur heilbrigðara sjálfstraust, í samanburði við falskt sjálfstraust útrásartímans. Ef hlutirnir eru skoðaðir nákvæmlega eins og þeir eru, án persónulegra fordæminga, þá eru þeir yfirleitt þægilegri en maður hefði haldið.

### „Boðhlaupið“




Þróun verðmætra nýjunga (raunar allra nýjunga) fer eftir ferli sem má líkja við boðhlaup, eins og keppt er í, í frjálsum íþróttum. Þar hleypur fyrsti hlauparinn af stað og afhendir svo keflið hlaupara númer tvö, sem hleypur og lætur svo í hendur hlaupara númer þrjú, sem hleypur sína vegalengd og afhendir loks keflið fjórða aðilanum sem svo hleypur áfram. Hver áfangi hlaupsins einkennist af ákveðnu verkefni, eða hlutverki, og þau eru í eðli sínu mjög ólík. Þau fara ekki öll fram á sama tíma. „Hlaupararnir“ í þessari tegund „boðhlaups“ hafa því ekki endilega sömu styrkleika eða veikleika.

## Fyrsti áfangi í boðhlaupinu

Fyrsti áfangi „boðhlaupsins“ byrjar alltaf á því sem lýst var hér á undan, að manneskja segir við sjálfa sig „hei, kannski væri hægt að….“ eða „kannski væri sniðugt að…“ Þetta byrjar á litlum hugarneista, og það er eitthvað í umhverfinu sem leiðir af sér uppgötvun, nýja aðferð, afurð, hagræðingu,

þjónustu eða slíkt. Kannski er viðkomandi að leita skipulega, kannski kemur það sem tilviljun. Stundum verður ekkert meira úr hugmyndinni. En ef málið heldur áfram þá fer viðkomandi (einn eða fleiri) að velta fyrir sér útfærslum. „Væri hægt að gera þetta svona eða svona eða svona.“ Þetta getur haldið áfram í langan eða skamman tíma. Ef niðurstaðan af því er góð, og viðkomandi telur það hagfellt, er röðin komin að því að kynna þennan nýja möguleika fyrir þeim sem gætu tekið ákvörðun um að framkvæma. Það er í reynd síðasti hlutinn af fyrsta áfanganum. Fólk í fyrsta áfanga eru spekúlantar, frumlegt fólk, sem er stundum áberandi og stundum ekki. Þetta fólk er ekki endilega í háum stöðum, valdamikið, ríkt eða slíkt. Þeir sem eru hér eru stundum taldir öðruvísi, og ófyrirséðir sem getur farið í taugarnar á íhaldssömum einstaklingum, þó víðsýni sé líklega að aukast. Ef þú ert að leita að traustum, jakkafataklæddum og fyrirsjáanlegum, virðulegum persónum er ekki víst að þú finnir þær hér. En þetta fólk kemur einfaldlega auga á möguleika þar sem aðrir sáu ekkert. Það hefur víðsýni, byltingarkennda hugsun á stundum og kemur fram með hinn hráa, nýja möguleika. Að halda áfram með hugmyndina getur svo kallað á umfangsmikla vinnu, og úr orðið mikil verðmæti. Hér skiptir máli frumkvæði, forvitni, og viljinn til að leiða fram eitthvað gott. Ef það er líka sæmilega skynsamt en ekki skýjaglópar geta áhugaverðir hlutir gerst. Mikilvægt er að þeir sem eru í fyrsta áfanganum eru frum höfundar þess boðhlaups, þeim dettur þetta í hug, búa keflið til og hlaupa svo af stað, ef svo má segja. Það er ekkert lögmál að fyrsti áfangi hljóti að fara af stað. Þetta er kreatífur atburður. Þetta sýnir grundvallar mikilvægi fyrsta áfangans, sem er vel viðurkennt hjá þjóðum sem eru ábyrgar fyrir stærstum hluta nýjunga sem orðið hafa til undanfarin ca 250 ár. Hér er sjálft upphaf forsendnanna fyrir öllum nýjum aðferðum við að skapa einhverskonar gæði.

## Annar áfangi í boðhlaupinu

Með því að kynna þennan möguleika er keflið afhent þeim sem sjá um annan áfanga „boðhlaupsins.“ Í öðrum áfanganum er þessi nýi möguleiki skoðaður, og tekin er ákvörðun um hvort eigi að framkvæma þetta eða ekki. Þeir sem sjá um annan áfanga eru t.d. stjórnendur, stjórnmálamenn og sérfræðingar sem þeir kalla inn, sem eiga að hafa yfirsýn og tala við mikið af fólki. Einstaklingar hér þurfa gjarnan að hafa dómgreind í góðu jafnvægi, og þeir sjá oft yfir víðara svið en þeir einstaklingar sem eru í fyrsta áfanga boðhlaupins. Hér er semsagt gjarnan fólkið í „háum stöðum,“ sem er oft meira áberandi en þeir í fyrsta áfanganum. Það er alls ekki víst að tillaga um nýjung sem kemur fram í fyrsta áfanga verði að einhverju. Raunar er líklegt að meirihluti nýrra hugmynda fari hvergi. Hér skiptir máli hve vel hugmyndin er unnin. Kannski er rétti tíminn líka síðar. Það er vitað í iðnaði og þjónustu, að af 100 nýjum hugmyndum að vörum ná aðeins ca 10 á markað, aðeins þrjár skila einhverjum hagnaði, og aðeins ein til tvær skila nægilegum hagnaði til að borga fyrir allt saman. Það er því mikilvægt að þeir sem sjá um að „hlaupa“ annan áfanga „boðhlaupsins“ hafi trausta yfirsýn og taki skynsamlegar ákvarðanir. Ef ákvörðun er tekin um framkvæmd er öðrum áfanga lokið og keflið fer áfram til þriðja hluta „boðhlaupsins.“



## Þriðji áfangi í boðhlaupinu

Þeir í öðrum áfanga ráða venjulega hver tekur við keflinu í þriðja áfanga, (það er hluti af ákvörðun í öðrum áfanga). Í þriðja áfanga fer fram undirbúningur og skipulagning á hvernig nákvæmlega þetta nýja mál verður framkvæmt og útfært. Hér eru sérfræðingar ýmiskonar og hagsmunatengt fólk kannski, sem þeir í öðrum hluta boðhlaupsins þekkja og treysta. Á meðan að hugmynd í fyrsta áfanga er stundum dálítið í skýjunum og óljós, er verkefnið hér að ákveða þetta nákvæmlega út frá aðstæðum, hagsmunaaðilum, tiltæku fjármagni o.s.frv. Þegar það er komið er keflið afhent fólkinu sem hefur verið valið til að hlaupa fjórða hluta boðhlaupsins.




## Fjórði áfangi í boðhlaupinu

Keflið er komið í hendur þeirra sem sjá um fjórða áfangann, og hann gengur einfaldlega út á að framkvæma – að gera alvöru úr hugmyndinni sem læddist fram í hugskot einhvers í fyrsta áfanganum. Hér er verkefnið rekstur og viðhald. Fólkið hér er oftar en ekki valið af þeim í öðrum og þriðja áfanganum. Fjórði áfanginn stendur yfir eins lengi og rekstur eða starfræksla stendur yfir. Það getur verið stutt eða langt. Til dæmis hvað varðar nýjan veg, jarðgöng eða brú, þá eru þau starfrækt (fjórði áfanginn) eins lengi og þau standa uppi. Hvað brú varðar í nokkra áratugi, hvað veg eða jarðgöng varðar jafnvel í nokkrar aldir með eðlilegu viðhaldi.




Framúrskarandi velgengni byggir í stuttu máli á að allir þessir fjórir hlutar „boðhlaupsins“ og samstilling þeirra hafi heppnast vel. Við getum kallað það 1-2-3-4 ferlið. Allir eru í sjálfu sér jafn mikilvægir, og mál kemst ekki frá upphafi til enda án þeirra fjögurra. Það er alger fáviska að fara að raða í mikilvægisröð. Hins vegar getur það verið, að þeir sem eru í þriðja og fjórða hluta boðhlaupsins viti í raun lítið um þá eða þann sem sá um fyrsta hluta boðhlaupsins, jafnvel þó viðkomandi hafi átt hugdettuna og hafi þar með byrjað þetta allt saman. Í fyrsta, öðrum og þriðja áfanga boðhlaupsins er hægt að vega og endurmeta, og breyta ef þörf er á, fremur auðveldlega. Þegar komið er í fjórða hlutann, sjálfa framkvæmdina, eru hinsvegar komnar fastari skorður á allt, og kannski pikkfastar, þó það sé mismunandi.

Eins og sést gildir þetta einfalda módel fyrir hvaða svið atvinnulífs og opinberrar starfsemi sem er.

Svona ferli á sér stað bæði í þjóðfélagslegum framkvæmdum á vegum ríkis og sveitarfélaga, sem og í rekstri fyrirtækja með hagnaðarmarkmið hluthafa. Áherslur geta þó verið örlítið ólíkar. Fyrsti áfangi „boðhlaupsins“ getur verið í höndum fólks bæði innan og utan þeirrar stofnunar eða fyrirtækis sem við á í opinbera geiranum, en í tilviki fyrirtækjaumhverfis myndi fyrsti áfanginn oft fara fram innan fyrirtækisins sjálfs, t.d. hjá árvökulum starfsmönnum.

Þessir fjórir hlutar vísa ekki endilega á fjórar manneskjur eða hópa, heldur eru þetta fjögur hlutverk eða verkefni. Þó þetta virki stórt má sjá, að þetta ferli í fjórum hlutum á sér líka stað í smærri málum. Það gerist oft að ein manneskja sjái um alla fjóra hlutana, án þess að velta fyrir sér þessari formlega skilgreiningu. Ef vel er skoðað sést til dæmis að manneskja sem ákveður að fara í bíó (einföld aðgerð), hefur farið gegnum þetta ferli. Fyrsta hugdetta, skoðun möguleika, sett fram tillaga (við sjálfan sig), ákveða, undirbúa (taka til bíllykla og pening), og framkvæma. Mikið hefur verið skrafað og skrifað um nýsköpunarfræði, og ef vel er skoðað sést að þau snúast oft um fyrsta og annan hluta boðhlaupsins. Hvorugt gerir hitt ómerkt.

## Þetta er nú einfalt!




Nú kann einhver að segja að þetta sé nú einfalt. Viðkomandi hefði getað sagt þetta sjálfur! Það er alveg rétt. Þetta eru ekki eldflaugavísindi hér. En að beina athyglinni að þessari uppstillingu er gagnlegt til að varpa ljósi á þætti, þar sem fólk getur bætt sig, hvar skóinn kreppir að. En það þarf ekki að vera mjög flókið í grunninn að snúa þessu í betri átt.

Þetta er til að varpa ljósi á þættina sem geta verið meðal hinna mikilvægustu varðandi það hvort þessi þjóð kemur sér á lappirnar. Ella gæti hún fests í verra ástandi en var hér á seinni hluta síðustu aldar – tíma sem gæti orðið þekktur sem gullöldin í sögu landans – „Paradise lost.“ Framtíðin er nefnilega engan veginn eins örugg eins og sumir vilja halda fram.

## Taka má fram um stjórnmálamenn

Stundum kemur fram gagnrýni á stjórnmálamenn um að þeir komi ekki með nýjar og ferskar hugmyndir. Stjórnmálamenn tilheyra hluta 2 í þeim boðhlaupum sem snúa að opinberu umhverfi. (Æðstu stjórnendur fyrirtækja og þeir sem sitja í stjórn, stjórnarformaður t.d., sinna hluta 2 í fyrirtækjaumhverfi.) Það er kannski ekki sanngjarnt að krefja þá um nýjar hugmyndir, ný tækifæri, ferska hugsun, því að það er ekki hlutverk hluta 2 að koma með nýjar hugmyndir. Eðli þeirrar vinnu sem stjórnmálamenn vinna er allt annars eðlis. Þeir skoða hugmyndir og meta, tala við fólk, og ákveða. Undirritaður hefur talsverða reynslu af hluta 1 í ákveðnu boðhlaupi, og málið er, sem ekki allir átta sig á er að sú vinna að skapa tillögur að nýjum tækifærum kallar á sérstaka hugsun og vinnu, jafnvel mikla vinnu sem dreifist yfir mörg ár, sem er allt annars eðlis. Íhugun, leit að upplýsingum, stilla upp valkostum í hugmyndaformi. Þetta er ekki spurning um að fá einhverjar snöggar, auðveldar,

flippaðar hugmyndir. Tillaga í fyrsta hluta boðhlaups þarf að spegla væntanlegan raunveruleika eins vel og nákvæmlega og hægt er. Ef stjórnmálamaður fer að þróa tillögu og nýjung, sem hann eða hún kann að vera fullfær um, er viðkomandi að hoppa yfir í hluta 1. Á þeim mínútum eða klukkustundum eða dögum sem stjórnmálamaðurinn er að rannsaka og þróa nýjung er hann ekki stjórnmálamaður, hann/hún er í fyrsta hluta boðhlaups sem viðkomandi er þá væntanlega að skapa og setja af stað. Svo getur viðkomandi hoppað aftur til baka í stjórnmálastarfið. Þetta er ekki sagt stjórnmálamönnum til hnjóðs, en vissulega eru sumir stjórnmálamenn ekki með það sem þarf til að hugsa vítt og þróa alveg nýja hugmynd. En það þarf ekki að vera verra, þeirra hlutverk er að standa sig vel í öðrum hluta. Stjórnmálamenn og stjórnendur þyrftu hins vegar, ef vel væri, að fá nýjar hugmyndir til að skoða, sem eru vel unnar, vel hugsaðar og rannsakaðar, og unnar af fólki sem þekkir „aksjónið“ á viðkomandi sviði. Ef stjórnmálamenn fá ekki jafnt streymi af nýjum tillögum fara þeir að koma með sömu hugmyndir aftur og aftur, til dæmis í atvinnumálum. Hefur einhver heyrt minnst á vegaframkvæmdir, veggöng, framkvæmdir með stórvirkum vélum, verktakaframkvæmdir? (Allt mjög karllægar hugmyndir.) Ágætar hugmyndir út af fyrir sig, en enginn ferskleiki eða greining á raunverulegum nýjum tækifærum, enda er það ekki hlutverk annars hluta að þróa slíkt. Hins vegar er ekki nóg að hugmyndaríkir einstaklingar varpi fram nýjum möguleikum, þeir/þær sem eru í öðrum hluta verða að skilja þennan mun og vera fær um að vega og meta ný tækifæri. Það er ekki öruggt fyrirfram að allir sem eru staðsettir í öðrum hluta séu færir um það. Það er verra ef svo er, og þeir í öðrum hluta halda að það sé þeirra hlutverk að skapa lausnirnar í grunninn auk þess að meta þær (nokkurs konar hálfguðir), og eru svo að loka á góð tækifæri en koma með úreltar lausnir aftur og aftur.

Svipað má kannski segja í atvinnulífi, þar sem margir athafnamenn eru fljótlega farnir að herma eftir öðrum, allir að fiska í sama polli, í stað þess að sækja fram á ný og ónumin svæði. En það er að vísu oft ekki svo vitlaus strategía að herma eftir, það skal tekið fram. En ef gert er of mikið af því verður krökkt af svipuðum hlutum á markaðnum. En er ekki hugmyndaleysið og skortur á skapandi og snjöllum nálgunum stundum ansi yfirþyrmandi?

Það er vel þekkt í framkvæmd „boðhlaups“ á hvaða sviði sem er að ekki eru allar ferðir til fjár. Kannski fæstar reyndar. Hlutir geta heppnast vel eða illa. Þess vegna er ómaksins virði að öðlast dýpri skilning svo sé líklegra að hlutir heppnist sæmilega. Það gæti bætt heildarniðurstöðu.




## Hver er staðan á Íslandi?

Eins og áður sagði, ef þú lítur í kringum þig, þá má segja að frekar fátt hafi verið hugsað upp/fundið upp á landi elds og ísa, þar sem 300 þúsund sálir búa og iðka sína list. Mjög stór hluti af því sem hið góða líf (þrátt fyrir allt) á Íslandi byggir á er komið erlendis frá. Margt af því kemur hingað sjálfkrafa, og raunar engin hugsun um hvort eigi eða eigi ekki að taka það upp. Það þýðir að stór hluti þess sem þjóðfélagið byggir á byrjaði beint á hluta 4. Þetta er ekki slæmt svosem í grunninn, en það er ágætt að gera sér grein fyrir því. Margur innflutningur á tækni, aðferð, vöru eða hugmynd byrjar líka á öðrum hluta, þar sem lagt er mat á hvort eigi að raungera viðkomandi atriði hér.




Því er minna um það að farið hafi verið í alvöru gegnum hluta 1 í „boðhlaupi“ sem svo gekk áfram gegnum hluta tvö, þrjú og fjögur, heldur en í ýmsum öðrum vestrænum samfélögum.

Um leið var það niðurstaða hér á undan að það þurfi einmitt að setja stóraukinn kraft í að setja af stað fyrsta hluta „boðhlaupa“ – leita að og þróa verðmætar nýjungar, nýja starfsemi, nýjar tekjur, ný störf hér á landi. Um leið virðist sem að Íslendingar hafi minni reynslu af fyrsta hluta. Það er ákveðinn kraftmikill hópur sem hefur reynslu og skilning af þessu. Hér er ekki ætlunin að gera lítið úr þeim, alls ekki. En um leið eru margir sem hafa litla tilfinningu fyrir þessu ferli í praxis, og á því hvaða hlutverk eiga við og hvar, því viðkomandi hefur lítið velt því fyrir sér. Vonandi getur þetta rit aukið skilning fyrir einhverja sem vonandi lesa það (eða annað efni með svipuðu markmiði), sá er tilgangurinn. Í þessu ferli eru hugsanlega eitt af fáum fjöreggjum sem eru líklega til að geta skilað einhverjum árangri.

## Hvar eru mótmælaraddir staðsettar?

Fáir myndu líklega mótmæla að kvartanir og mótmæli og gagnrýni hafi verið yfirgnæfandi áberandi á Íslandi á síðustu þremur árum. Ef glöggt er skoðað sést að allar þessar raddir má staðsetja sem hluta 2, það að skoða og meta. Ljóst er að dómurinn sem þessi hluti 2 kveður upp er ekki sérlega jákvæður. Raddirnar segja „við viljum ekki hafa þetta svona.“ Höfundur er ekki að segja að fólki sem mótmælir og gagnrýnir eigi að hætta því. Það verður að fá að halda því áfram ef það vill. En það er spurning um aðra, sem hafa ekki (lengur) áhuga á að taka þátt í mótmælum og fordæmingum, hvort þau geti haft áhuga á að þoka sér í að líta í kringum sig og leita að alvöru lausnum, sem eru jarðtengdar og virka, byggðar á staðreyndum en ekki áróðurskenndum upphrópunum? En það er rétt að benda á í fyllstu vinsemd og kurteisi að það að standa í hluta 2 endalaust skapar engar lausnir. Þar er aðeins lagt mat á, gagnrýnt, fordæmt, búsáhöld slegin, tunnur barðar… Grunnur að lausnum verður til í hluta 1, og það er svo á endanum í hluta 4 sem sjálf verðmætin verða til (þegar vel tekst til).

Þetta er spurning um jákvæða breytingu á andrúmslofti, að nógu stór hópur fólks hafi áhuga á að beita sér á annan hátt. Slíkt þróast Til að byrja með bólar kannski lítið á því, og jafnvel fær undirritaður einhverja pirrings gagnrýni fyrir þessi skrif hér? En svo getur það komið eins og hendi sé veifað að fólk sem vill byggja upp láti til sín taka. Þetta er ekki endilega sama fólkið og það fólk sem hefur mótmælt og fordæmt harðast (sem er í hluta 2 starfsemi). Þetta er fólk sem hefur kannski haft hægt um sig á síðustu árum. Er þetta ekki það sem þarf? Það er kjarninn í þessu riti hér.

Á bak við allt þetta, spurninguna um hver sé staðan á Íslandi í dag, er svo sjálf saga þjóðarinnar. Þetta eru spurningar á borð við af hverju varð Ísland ríkt? Af hverju gæti það orðið fátækt aftur? Hvað þarf að gera til að það nái aftur þeirri stöðu að lífskjör hér séu afburða góð (er það yfirhöfuð hægt?) Hafa Íslendingar nógu skýra mynd af sjálfum sér? Af hverju var útrásin framkvæmd, og gagnrýnd af flestum þeim sem á horfðu, sem hún var? Í Grikklandi til forna voru spákonur staðsettar á Delfí. Sínum hvoru megin við innganginn voru rituð heilræði, annað var „maður þekktu sjálfan þig“ (en hitt var „hóf er á öllu best“). Ekki verður farið nánar útí þessar pælingar hér, það er alveg nóg allt annað sem er hér.

# Hvað skal leggja áherslu á í vinnubrögðum?

Ef Íslendingar vilja öðlast meiri styrk í „boðhlaupum“ er í ýmis horn að líta. Eftirtalin atriði eru líklega á meðal þeirra sem rétt er að skoða. Er það ekki flókið og tómt vesen? Því er til að svara að gera hlutina af kostgæfni tekur ekki svo miklu meiri tíma en að vaða í hlutina og vinna þá án nægrar umhugsunar. Þegar fram í sækir er það svo yfirleitt affarasælla að hafa vandað sig, sem sést til dæmis af því hvernig fór fyrir fjármálakerfinu sem a.m.k. höfundur telur að hafi farið svo vegna þess að vinnubrögð og afstaða hafi ekki verið í samræmi við það besta. Nú er það svo að sumir eru opnir fyrir svona pælingum, athugasemdum um vinnulag og slíkt, meðan að aðrir kæra sig ekki um slíkt og vilja gera hlutina „frá hjartanu.“ Þessar pælingar eru auðvitað fyrir þá fyrrnefndu sem höfundur vonar að séu sem flestir. Þau síðarnefndu mega gjarnan lesa einnig.

Hér verða settir fram punktar um þrjú hlutverk í þessu mengi.

- Fyrsti áfangi í „boðhlaupi.“
- Annar, en einnig þriðji og fjórði áfangi í „boðhlaupi.“
- Þau sem standa utan við „boðhlaupið“ en eru þó nærri, og geta haft áhrif til góðs eða ills.

Þeir sem fara af stað með fyrsta áfanga „boðhlaups“ mættu hafa þetta í huga:

## Áherslur fyrir gerendur í nýsköpun

**1. Staðreyndir, staðreyndir, staðreyndir.** Að leita að/þróa lausn merkir að leita að einhverju sem er í samhljóm við sannleikann, sem er raunverulegt og virkar. Þetta þýðir að æskilegt er að láta allar ályktanir og rök styðjast við staðreyndir. Því þarf oft að halda í gagnaleit og hætta ekki fyrr en örugg rök fyrir málinu eru í höfn. Lausnir og röksemdir sem styðjast við ýkjur, hálfsannleik og slíkt eru blekking og munu aldrei nokkurn tímann verða að lausn sem virkar í reynd. Það er ekki hægt að ljúga að raunveruleikanum. Hann virðir ekkert slíkt. Það er kannski hægt að ljúga til skamms tíma þegar menn ætla að ná skammtíma árangri, til dæmis að selja lélega pappíra eða vöru, en alvöru lausnir byggja á raunveruleika.

Grundvallaratriðið er þetta, leiðarljós fyrir sköpun nýjungar: Finndu út hver raunveruleikinn er og aðlagaðu hugmyndina að þeim. Notaðu skapandi hugsun, skoðaðu frá öllum hliðum, til að móta hugmyndina eftir staðreyndum. Reyndu ekki að sveigja og beygja raunveruleikann, og fullyrða að hann sé þannig, til að þóknast hugmyndinni, að ljúga því að aðstæður falli að hugmyndinni ef það er ekki rétt (höfundi finnst slík nálgun vera býsna algeng). Slíkt mun ekki endast lengi. Stundum er hægt að breyta raunveruleikanum til að henta hugmynd, en líklega er það oftast dýrt og erfitt.

**2. Heilbrigð og jarðbundin skynsemi.** Það þarf ekki að vera leiðinlegt, því það fylgir því ákveðin gerð af fullnægju að þróa mál sem stendur traustum fótum í tilverunni.

**3. Eftir því sem hugmyndin/lausnin/röksemdirnar lenda í minni torfærum, eða andstöðu frá fólki eða vegna aðstæðna í umhverfinu, þeim mun meiri líkur eru á að málið nái í gegn.** Ef málið rekst utan í einhvers staðar borgar sig að skoða og athuga hvort hægt sé að breyta einhverju. Ef verið er að stíga á tærnar á einhverjum og valda e.t.v. tjóni á hagsmunum þá má búast við andstöðu, jafnvel

hörðum gagnaðgerðum í einhverjum tilvikum, opinskátt eða bakvið tjöldin. Fyrir góðan árangur til framtíðar er alltaf betra að aðilar græði á nýjunginni, eða a.m.k. tapi ekki, og því er ágætt að gá hvort ekki sé hægt að haga málum þannig, en þó innan ramma laga t.d. samkeppnislaga.

**4. Þetta þýðir að sveigjanleiki er nauðsynlegur**, og sjálfsagður, þegar þróun á sér stað enda er það bara ímyndunaraflið sem setur hugmyndunum mörk. Þetta þýðir að það er ekki til neitt sem heitir að hafa rétt eða rangt fyrir sér, og ekki ástæða til að verja hugmyndir af þrjósku útaf persónulegu stolti. En gangrýni á hugmyndir í þróun verður þá líka að vera sanngjörn og byggja á staðreyndum.

**5. Stundum koma fram snilldarhugmyndir** eins og þær hafi fallið úr bláum himni og ofan í kollinn á viðkomandi. Frá þeim punkti þarf að móta hugmyndina og laga hana að raunveruleikanum eins og lykil að skrá. **En stundum er ekkert slíkt til staðar.** Þá getur verið gott að skoða eitthvert vandamál sem er til staðar, og fara svo að leita að upplýsingum og gögnum hér og hvar, á bókasöfnum eða á hinu þægilega Google. Þegar maður uppgötvar eitthvað sem manni var ekki ljóst áður, þá kviknar oft innsæi og nýjar hugmyndir. Þessa aðferð er hugsanlega hægt að kalla **„reverse engineering.“**

**6. Sveigjanleiki tengist leitinni að réttu lausninni.** Það er ágætt að hafa í huga að þó maður fái góða fyrstu hugmynd um útfærslu og framkvæmdaleið, þá er oft hægt að ná kjarnanum í lokatakmarkinu á ýmsa aðra vegu. Kannski jafnvel einfaldar og ódýrar en fyrsta hugmyndin. Það er gott að spyrja „hver er kjarninn í því sem eftir er sótt?“ og velta svo við öllum steinum og vera opinn fyrir alls konar útfærsluleiðum. Þess vegna er nauðsynlegt að vera opinn gagnvart sínum eigin nýju hugmyndum um breytta útfærslu, sem og hugmyndum annarra. Aðrir hafa að vísu ekki alltaf víða sýn á allar hliðar málsins, en geta oft séð nýjar hliðar og haft þar á réttu að standa.

**7. Þolinmæði er nauðsynleg** enda tekur þetta oft lengri tíma en búist er við. Það má vel vera að til sé eitthvað sem heitir frábær hugdetta, snilldarhugmynd, en til að snilldin verði að veruleika sem virkar, þarf oftar en ekki að velta málinu fyrir sér frá mörgum hliðum, máta það við veruleikann og gera það vel og vandlega. „Snilld er 1% innblástur, 99% streð“ („Genius is one percent inspiration, ninety-nine percent perspiration.“ Þessi orð eru eignuð Thomas A. Edison sem m.a. fann upp ljósaperuna, símann, rafmagnsflutninga, forvera plötuspilarans og ýmislegt smálegt fleira).

8. Eitt sem er gott að muna er að það á **ekki að búast við að ný og fersk hugmynd slái samstundis í gegn** hjá meginþorra fólks. Raunverulega ný hugmynd þarf alltaf sinn tíma til að dreifa sér og koma sér fyrir í hugskoti fólks, þ.e. ef hugmyndin er góð og nær yfirhöfuð að komast gegnum allar síur. Ef hugmynd slær samstundis í gegn þýðir það að þetta er ekki ný og fersk hugmynd. Þetta tekur tíma og hefur ekkert með það að gera hvort nýjung er góð eða slæm. Þetta snýst um eðli fólks. Fólk er mis móttækilegt fyrir nýjungum á tilteknu sviði. Þú getur leitað að „adopter categories“ á Google ef þú ert forvitin/n að vita meira.

**9. Ekki taka hlutum persónulega.** Hugmynd er hugmynd. Útfærsla er útfærsla. Oft verður hugmynd útfærð af einhverjum öðrum hvort eð er, sem hafa rétt á að hafa sína sýn einnig. Þess vegna á ekki að tengja hugmynd við sig persónulega. Ekki verja hugmynd á slíkum forsendum, að það sé verið að móðga mann ef hún er gagnrýnd.

**10. Rétt er að vera tilbúinn að leggja hugmynd til hliðar.** Ef hugmynd er ekki nógu góð, á kannski eftir að þróa betur eða tíminn ekki réttur, þarf maður að vera tilbúinn að ýta henni til hliðar án tilfinningasemi. Þú ert líklega hugmyndaríkur einstaklingur hvort eð er og kemur kannski með

eitthvað annað. Þegar undirritaður var að þróa Vatnajökulshugmyndir á sínum tíma var hann tilbúinn á hvaða augnabliki sem var að leggja þær til hliðar, ef sannfærandi betri hugmyndir kæmu fram. Það gerðist hins vegar aldrei, kannski vegna þess að þær voru mjög ítarlega unnar og byggðar á sannanlegum gögnum.

**11. Kurteisi er æskilegri en æsingur eða yfirgangur**, telur undirritaður, og ágætt að reyna að lesa í mannlega þætti, ekki síst ef hugmyndin rekst utaní fyrirliggjandi hagsmuni sem oft er, því heimurinn breytist ört. Það að maður setji mál fram af ýtrustu kurteisi kann maður að hugsa að þá muni aðrir kunna að meta þá kurteisi, en þetta þýðir ekki að aðrir hagsmunaaðilar hafi hugsað sér að vera jafn kurteisir.

**12. Varkárni er mjög nauðsynleg**. Þegar hugmynd eða tillaga er sett fram getur gerst að maður sé kominn beint inn á leikvöll þar sem hagsmunir takast á, og fólk sem skilur fyrst og fremst fjórða áfanga boðhlaups og hefur lítinn áhuga á fyrsta áfanga gæti valdið vandræðum.

**13. Gerðu þér vel grein fyrir inn á hvaða vettvang þú ert að fara** og hvaða þættir gætu haft áhrif þar, hvort sem það er á þjóðfélagslegum vettvangi eða í fyrirtækjaumhverfi. Óskastaðan er að allir séu jákvæðir og skoði tillögu með opnum hug og faglega. En það er ekki alltaf svo. Í öllum málum geta verið jákvæðir, hlutlausir, andstæðingar, en einnig aðilar með ósýnileg viðhorf, jákvæð eða neikvæð, sem skjóta upp kollinum síðar. Það er gott að hafa stuðningsaðila (mentor) en stundum geta verið aðilar sem líta út fyrir að vera mentorar en eru það ekki.

14. Ef þú hefur farið af stað með verkefni að eigin hvötum, og lendir í vandræðum, **gerðu þá ráð fyrir það að hugsanlega muni e.t.v. enginn aðstoða þig**, **þó að þú hafir unnið mjög gott verk.** Hér er svo margt mótað eftir flokkslínum og kunningsskap t.d., meðan að nýjar hugmyndir eru stundum án allra tenginga við hagsmunalínur sem hafa verið við líði lengi. Hefurðu unnið vel? Mörgum (miðað við gamlan hugsunarhátt) er nákvæmlega sama og dettur ekki í hug að þakka fyrir óeigingjarnt starf, hvað þá að hafa áhyggjur af þessu. Til að skilja krafta og hagsmunaátök sem eiga sér e.t.v. stað, ef þú ert í verulega stórum málum, getur verið ágætt að hafa grunn þekkingu á átakafræðum (strategic science). Til dæmis úr bókinni Marketing Warfare, sem byggir á von Clausewitz, ansi mögnuð. Slíkt getur forðað manni frá því að ana út í aðstæður þar sem varkárni og klókindi eru nauðsyn. Þetta tryggir mann þó ekki gegn vandræðum. Ef þú ert inni á stórum vettvangi er það ekkert „elsku mamma,“ sama þó þú sért sannfærð/ur um að hugmyndin sé frábær og ætti að gagnast öllum. Ekki er víst að allir sjái það. Þetta er sagt með velferð hugmyndasmiða í huga, en aðrir mega heyra einnig.

**15. Ef þú hefur löngun til að láta af hendi rakna til að reyna að hjálpa í erfiðri stöðu er það mjög göfugmannleg afstaða**. Fleiri mættu hafa þá afstöðu í samfélagi sem einkennist oft af eigingirni og græðgi. Gefðu þó aðeins það sem þú ert tilbúin/n að gefa algerlega án endurgjalds. **Sumt fólk mun taka til sín án hiks og ekki þakka fyrir**. Vertu viðbúinn því. En ekki gefa þig alla/n (meðvirkni).

## Áherslur fyrir þau sem leggja mat á hugmyndir og taka ákvörðun, og eru í síðari stigum ferlisins

Þau sem eru í öðrum áfanga „boðhlaupsins,“ þ.e. leggja mat á hugmyndir til að ákveða af eða á, þurfa í sjálfu sér að hafa skilning á öllum þeim liðum sem taldir voru hér að framan, en frekar frá þeirri hlið að vega og meta það sem kemur frá fyrsta hluta. Þau þurfa líka að vera í aðstöðu til að líta kringum

sig til að átta sig á hvernig farið er að í svipuðum málum, að vita hverja á að tala við til að fá skynsamlegt innlegg í málið, og svo framvegis. Þau þurfa eftir atvikum að hafa forgöngu um að kynna málið fyrir öðrum, jafnvel samfélaginu öllu. Markmiðið er að fá bestu niðurstöðuna. Stundum hefur fólk (smákóngar?) tilhneigingu til að liggja á upplýsingum eins og ormur á gulli, og halda ákvörðunum í reykfylltum bakherbergjum. Það þarf þá að athuga með opnum hug hvort það sé besta lausnin.

Það sama á við um þá sem eru í þriðja áfanganum. Hvað varðar þá í fjórða og síðasta áfanganum þá stendur upp á þá að standa vel að rekstrinum. Því hlutverki að leggja mat á frum tillögu er lokið.

Hér eru viðbótar atriði sem þeir í 2., 3. og 4. hluta mega hafa til hliðsjónar, sem og þau sem fyrir utan standa einnig:

**A. Umburðarlyndi og sveigjanleiki eru nauðsynleg**, og það að gefa sér tíma til að kynna sér málið. Ef mönnum finnst að nýjung rekist utaní núverandi hagsmuni, sem getur reitt íslenska smákónga til reiði og hvatt til gagnaðgerða, er æskilegt að skoða þetta betur og gá hvort hægt sé að hnika málum til. Þetta er viðkvæmt, það er rétt, en oft er þetta hægt. Ef tillaga er sett fram á löglegan hátt, af kurteisi og virðingu á að leyfa viðkomandi að tala í samræmi við góða lýðræðisreglu og stjórnarskrá. Það að setja fram nýjar tillögur, að setja af stað fyrsta áfanga boðhlaups, er mjög mikilvægt ferli þó að ekki gangi allar hugmyndir upp, og ef passað er upp á það verður ávinningur samfélagsins margfaldur.

**B. Umburðarlyndi, sem er ekki það sama og að samþykkja vitleysu umhugsunarlaust,** tengist þeirri staðreynd að nýjar hugmyndir eru viðkvæmar og auðvelt að skjóta þær í kaf. Hugmynd í þróun er ekki tilbúin, ekki fullkomin, og því eru einhverjar hliðar sem ganga ekki upp. Vill maður horfa á með opnum hug, og styðja við að lausn finnist á hliðum sem eru ekki tilbúnar, eða vilja menn valta yfir málið vegna þess að það er ekki fullkomið? Þar getur skilið á milli að þróa verðmæta nýjung. Edison fann upp 10.000 leiðir um það hvernig ætti ekki að búa til ljósaperu, þar til hann fann eina leið til að búa til ljósaperu. Vonandi kalla fæst mál á svo langt ferli.

**C. Sá eða sú sem tekur sér það fyrir hendur að þróa og setja fram nýja tillögu að verðmætri nýjung ber oftar en ekki engin skylda til að gera slíkt**. Það getur gert kraftaverk að sýna smávegis liðleika og ræða saman um tillögurnar, eða jafnvel sýna örlítið þakklæti í orðum og viðmóti fyrir vel unnið verk. Þannig myndast hringflæði boðskipta í jákvæðum tón milli manneskja, sem getur bætt árangur.

**D. Ágætt er að setja fram óskir um grunn fagmennsku og skýra framsetningu tillagna**. Goðsagan um krotið aftan á servíettuna er líklega sjaldan rétt. Alvöru hugmyndir eru ekki settar þannig fram.

**E. Ef einhver, sem er af eigin hvötum að kynna hugmynd með almenna skírskotun, fer mjög fljótlega að tala um kostnað, að það vanti pening í þetta og hitt, er ágætt að sýna smá varkárni**. Að bollaleggja og þróa pælingu kostar gjarnan lítið til að byrja með. Ef viðkomandi er bara á eftir peningum gufar áhuginn fljótt upp, en ef viðkomandi hefur raunverulegan áhuga á málinu er gjarnan haldið áfram þó að peningar séu ekki farnir að streyma. Undirritaður er almennt á þeirri skoðun að Íslendingar séu dálítið fyrir að eyða meiri peningum en raunverulega er þörf á. Svo kemur oftast að því að fjármagns er þörf, og verðugur getur verkamaðurinn verið launa sinna. Með því að skoða kjarnann í málinu, í markmiðinu, og finna lausn sem uppfyllir kjarnann má einnig oft draga töluvert úr kostnaði, jafnvel mjög mikið.

F. Nú gæti einhverjum virst sem að þessi hugmynd um að vissir aðilar stígi fram og hefji fyrsta hluta einhvers „boðhlaups“ á einhverju sviði sem þeim hefur dottið í hug, sé heldur betur þægileg. Aðrir

geti setið í makindum og tekið á móti leiðum til að skapa verðmætar nýjungar, og helst ekki þakkað fyrir eða launað á neinn hátt, með fjárhagsútgjöldum eða á annan veg. Ef sá sem þróar nýjungina komist í hann krappann vegna hugmynda sem hann eða hún setti fram öðrum til heilla, þá lyfti viðkomandi ekki litla fingri til að aðstoða jafnvel þó slíkt kosti ekki neitt. Þetta er hins vegar ekki skynsamleg nálgun fyrir samfélagið allt, þegar stóra myndin er skoðuð. Fyrrnefnd hugsun tilheyrir samfélagi sem hefur tekið við því besta erlendis frá, sem kemur hér sjálfkrafa án þess að þurfi að þakka fyrir eða launa á neinn hátt – samfélagi sem er að mestu í fjórða hluta „boðhlaups.“ **Ef á að þróa nýjungar hérlendis þarf fólk að sjá þetta sem samfélagslega liðsheild,** þar sem viðkomandi finna að framlag þeirra sé vel metið sem er persónulegur þáttur sem kostar ekkert, og jafnframt líta til með að fylgst sé með velferð sem leita að nýjum lausnum. Það verður að vera öruggt að þeir einstaklingar sem fara fram með nýjar tillögur munni, í grunninn, hvorki standa betur né verr eftir á. Það má ekki vera svo að aðeins þröngsýnir andstæðingar hugmyndar hafi á henni áhuga. Þá myndast varla andrúmsloft leiftrandi sköpunar, öflugra og víðtækara en hefur verið hér fram að þessu, sem nær að lyfta þessu samfélagi.

G. Hér kemur atriði sem skiptir máli víðar en bara þar sem ný tækifæri eru mótuð: **Væri ekki ráð að Íslendingar myndu íhuga gildi þess að heiðarleiki verði raunverulega gert hátt undir höfði**, og myndu grípa til aðgerða til að svo megi verða. Nú kippist kannski einhver við og segir að heiðarleiki sé Íslendingum í blóð borinn, en því miður er höfundur á þeirri skoðun að íslenskt samfélag og viðskiptalíf sé ekkert sérstaklega heiðarlegt, þar sem sviknir samningar af ýmsum toga eru of algeng. Fyrir mörgum virðist sem að það sé góð hugmynd að liðka fyrir hagnaði með slíku. Það er ekki flókið mál að búa til bissnessmódel sem „virkar“ ef það felur í sér að fá allskyns gæði hjá mótaðilanum sem síðan er ekki endurgoldið til baka. Svik og prettir, raunverulega. Svo er oft ótrúlegt að hlusta á gerendur í slíku, hvernig þeir koma sér undan að svara eða rökstyðja greiðlega hvers vegna þeir eigi eða geti ekki staðið við sitt, og að þeir séu í raun fórnarlömb á ýmsan hátt. Stundum eru þeir fórnarlömb eigin hroðvirkni, enda þarf sá aðili ekki að vanda sig sem ætlar ekki endilega að standa við sitt, eða að þeir eru fórnarlömb að einhverju leiti en hafa engan áhuga á að finna út hvort eða hvernig þeir geti staðið við sitt að einhverju leiti. Það virðist sem að smá óheiðarleiki sé skoðaður nokkuð mildum augum, og að það sé jafnvel hálf-viðurkennd leið til að auðgast. Jafnvel hefur höfundur á tilfinningunni að örlítil virðing sé borin fyrir aðilum sem vitað er að beittu fyrir sig ósanngirni í viðskiptum. Þannig er að borin er virðing fyrir peningunum, án tillits til aðferða sem beitt var.l Hinsvegar, þegar stóra myndin er skoðuð, grunar höfund að hálfsamþykktur skortur á heiðarleika geti lokað dyrum sem annars gætu verið opnaðar, að fólk fari síður af stað með góð mál vegna þess að alsiða sé að svindlað sé á fólki. Með trausti er fólk óhræddara til athafna. Þetta á sérstaklega við þegar verið er að þróa nýja hluti, en nýgræðingurinn er viðkvæmur meðan hann er rétt að byrja að spretta. Tökum sem dæmi sjávarútvegsstórveldið Samherja. Í upphafi voru þetta þrír ungir menn sem voru að kaupa ryðgaðan togara og gera upp. Ef einhver hefði svindlað duglega á þeim þar í blábyrjuninni er vel hugsanlegt að þeir hefðu farið útaf sporinu og sprotinn hefði ekki náð að vaxa og verða stöndugt tré. Höfund grunar að smásvindl ýmiskonar, og frjálsleg umgengni við sannleikann, sé algengari hér en til dæmis í skandinavísku löndunum og Þýskalandi. Kennitöluflakk (má segja kennitöluflikkflakk?) er dæmi um það. Ef menn hafa á tilfinningunni að allir (eða margir) séu að svindla á öllum (ok… þetta er ýkt) þá er það hugsanlega þáttur sem heldur málum í samfélaginu áfram frosnum. Baráttan um hin efnislegu gæði eru auðvitað eitt megin þemað í menningu mannsins og margt misjafnt, sem og gott sem þar hefur komið upp. En reynum að sýna af okkur orðheldni, traust og að standa við það sem maður lofar, jafnvel þó að það kunni að virðast óæskilegt umstang

stundum, í huga sumra. Samfélagið er auðvitað að gera slík mál upp í kjölfar hrunsins. En höfundur hefur ekki séð verulega hreyfingu í þá átt að raunverulega breyta afstöðu og aðgerðum hér. (Með þessu er ekki verið að hnýta í fólk sem hefur stundað rekstur með heiðarlegum hætti, en farið í þrot af ástæðum sem erfitt var að fást við.)

## Áherslur þeirra sem standa alveg utan við en fylgjast með

Fólk sem stendur utan við „boðhlaupið" eða 1-2-3-4 ferlið, skiptir einnig máli. Málið kann að snerta hagsmuni þess og daglegt líf, en þar sem það er ekki hluti af fyrrnefndu 1-2-3-4 ferli veit það stundum ekki jafn mikið um málið. Þessu fólki er því hættara við að detta í fordóma og sleggjudóma en þeim sem vita meira. Jafnvel er það stóryrt opinberlega eða í lokuðum hópi, og vill grípa til æsinga aðgerða gegn máli eða höfundi. Nauðsynlegt er að afla sér upplýsinga og fá dýpri skilning áður en það dæmir, enda gæti það verið í andstöðu við afar þarft mál. Með þekkingu í farteskinu getur það svo verið fylgjandi eða andstæðingar málsins eftir atvikum.

Þetta er ekki fullkomin upptalning og ef til vill getur þú, lesandi, bætt einhverju við?

## Bakgrunnur þessarar nálgunar

Mikið hefur verið skrafað og skeggrætt um útrásartímann og hina svokölluðu víkinga. Höfundur telur að þeir hafi verið afsprengi íslensks samfélags, og að ágætt væri fyrir Íslendinga að horfast í augu við sjálfa sig, þó það sé ekki jafn þægilegt (og upplífgandi) eins og að gagnrýna þá og gera þá ábyrga fyrir öllu saman. Vissulega gerðu þeir margt rangt, en engu að síður má spyrja hvort það séu ekki viss grundvallar nálgun í íslensku samfélagi sem sé meðal þess sem þessir menn voru sprottnir upp úr? Dæmið ekki svo þér verðið ekki dæmdir. Undirritaður meinar ekki að Íslendingar eigi að rífa sig meira niður en orðið er, heldur að byggja upp eitthvað aðeins betra. Undirritaður ætlar ekki að setja sig á háan hest (það er ekki leyfilegt í íslenskum kúltúr) en það eru nokkur fagleg atriði varðandi hvernig verkefni var unnið: Það var alger virðing fyrir staðreyndum og ekkert sett fram nema hægt væri að styðja það sannanlegum staðreyndum. Það var leitast við að þróa málið þannig að það félli að öllum hugsanlegum hagsmunahópum, þannig að enginn þeirra hefði samstundis ástæðu til að vera málinu mótfallinn. Það var lögð áhersla á mikla kurteisi, og hvergi hallað á neinn. Persónulegar skoðanir höfundar skiptu engu, það var bara miðað við röksemdir og staðreyndir. Það var áhersla lögð á hagkvæmni og hagsýni í hugmyndunum, og jarðtengd rök. Það var hvergi reynt að blekkja eða „sjarmera" fólk með lymskulegum ráðum. Nú getur lesandi velt fyrir sér hvort það var einhver munur á þessu og sumu því sem útrásarvíkingar lögðu stund á. Má eitthvað læra af þessari grunn nálgun?

Málið sem hér um ræðir er Vatnajökulsþjóðgarður, en í yfirlit málsins má sjá að fyrsti hluti „boðhlaups" sem nokkuð ljóslega varð að þjóðgarðinum byrjaði haustið 1992. Hugmyndin var þróuð í grunninn á árunum 1993 og 1994, og svo kynnt á árunum 1995 til 1998, en var allan tímann í þróun. Farið verður stuttlega gegnum þróun hugmyndarinnar að Vatnajökulsþjóðgarði með tilliti til hlutanna fjögurra, í viðauka. Ítarlegri viðauki verður settur fram í byrjun árs 2012.

Viðaukann er að finna á: www.uppbygging.org  (Tengillinn Sagan.) Fyrir stuttu síðan setti höfundur fram myndskeið á vefnum sem heitir Vatnajökulsþjóðgarður – samanburður við útlönd. Þar eru tekjuhugmyndir opinberra aðila bornar saman við svipaðar tölur í USA og Bretlandi, spáð í hvað geti

haft áhrif á endanlegar tekjur, og í lokin einkar glæsileg myndasýning frá öllum þeim þjóðgörðum sem nefndir eru í myndskeiðinu til að létta áhorfandanum lund (það má ekki gleyma að njóta lífsins). Slóðin er www.seevatnajokull.com/myndskeid. Einnig setti höfundur upp vefinn www.seevatnajokull.is í kjölfar þess að þjóðgarðurinn var stofnaður 2008, og er það framlag höfundar í tilefni af því. Stærstan hluta af þróunarvinnu höfundar í því máli er svo að finna á vefnum www.sverrir.info.

Þessi skrif hér voru svo sett saman í framhaldi af gerð myndskeiðsins, til að taka á reynslu sem höfundur hefur í sarpinum, og koma henni upp á stærra svið svo hún geti e.t.v. nýst.

## Hentar þetta öllum?

Henta þessar pælingar hér öllum? Þessi boðhlaups nálgun til að útskýra hvernig hlutir hanga saman og raða sér upp? Alveg eins og að fólk velur sér áhugamál að eigin smekk og upplagi, eins og listinn hér að ofan; golf, matreiðsla, fótbolti, handbolti, fimleikar, skák og fleira ber með sér, hefur fólk mismunandi nálgun, og finnst best að brjóta mál til mergjar og vinna á mismunandi hátt!

Höfundur er hins vegar viss um að þessi nálgun sem er sett fram hér geti höfðað til margra og geti jafnvel leyst úr einhverri flækju, gefið leysi-skarpa sjón á eitthvað mál sem hafði ekki tekist að varpa nógu skýru ljósi á.

Ef lesandi finnur sig ekki í þessu er viðkomandi beðinn um að sýna umburðarlyndi. Kannski ertu skákáhugamaður með lítinn áhuga á matreiðslu eða fimleikum? Eða öfugt? Jafnvel geturðu sjálf/ur birt þínar formúlur, sem þú telur að þeir sem hugsa eins og þú geti nýtt sér? Vertu velkomin/n!

Hvað brást á útrásartímanum sem leiddi til hrunsins? Þessarar spurningar hefur margoft verið spurt og bent á svör hér og þar, hjá hinum og þessum. En getur verið að þjóðin þurfið að horfast hreinskilnislega í augu við að bakvið það allt er grunnurinn sá, að íslenska þjóðin í heild sinni brást? Íslenska þjóðin brást sjálfri sér, með því að trúa hlutum sem ekki voru forsendur fyrir að trúa, með því að skoða hlutina ekki nógu vel og rétt? Að vísu voru sumir spilandi stöður á leikvellinum meðan á því stóð, en aðrir sátu á áhorfendabekkjum og voru sammála mjög hvort sem þeir/þær höfðu vit á málum eða ekki. Á þessum tíma voru örfáir sem viðruðu gagnrýni opinberlega. Ef það er rétt er ekkert annað að gera, ef menn vilja raunverulega betri árangur, að fara að skoða nálganir og aðferðir heiðarlega og af fagmennsku, án þess að fara að dæma neinn, nema sjálfa(n) sig á einn og annan hátt. „Hvernig get ég styrkt mig? Hvernig get ég staðið mig betur?“ Í stað þess að leggja sífellt áherslu á að benda og dæma aðra. (Með þessu er ekki sagt að réttvísin, skilgreind af dómskerfinu, eigi ekki að ná fram að ganga, þetta er spurning um heildarnálgun.) Þessi skrif eru tilraun til þess að gera slíkt.

## Útskýringar í myndskeiðum

Útskýringar á þessum hugmyndum um nýsköpun í myndlíkingu boðhlaups er að finna, þegar þessi orð eru rituð, í myndskeiði með spjalli (s.k. screen cast), á vefnum www.uppbygging.org. Nafn myndskeiðsins á Youtube er „Spjall um nýsköpun í líkingu boðhlaups - Uppbygging.org“.

# Framhald hluta II: 7. Hvernig atvikuðust hlutar „boðhlaupsins“ sem varð Vatnajökulsþjóðgarður (Svar)

## 1.áfangi boðhlaupsins: Kynning grunn hugmyndar 1992-1998?

Eins og áður hefur komið fram, þá felur 1. hlutinn, samkvæmt þessari tilteknu leið til að skilgreina skrefin í þróun nýjunga, í sér það að ný og fersk hugmynd er kemur fram, hún er skoðuð, þróuð og sett fram formlega og opinberlega, þannig að fólk tekur eftir henni. Það fólk getur þá farið að skoða hana og ræða, og ákveða hvort eigi að stilla henni upp til formlegrar ákvörðunar, en það að skoða og ræða er ekki það sama og hugsa grunn hugmyndina upp og setja hana fram. Rétt er að skilja muninn á því.

Hér erum við aðallega að skoða þetta ferli, en betri skilningur á því ætti að gera kleift að ná betri árangri. Ég er ekki eingöngu að tefla fram sjálfum mér, þó mér finnist svosem að svona mikil vinna megi vel vera þekkt og kannski komi smá viðurkenning ef einhver vill. En, afhverju var farið í hana og hvernig nálgunin var er meira um vert. Það sem skiptir lesandann máli er hvernig þetta snýr að samfélaginu, hvernig má ná betri árangri, skapa meiri auðlegð. Sú mynd sem mér þykir vænst um í þessu öllu er mynd af fjölskyldu sem situr við matarborðið, foreldrar og börn, og þau geta sett matinn á borðið og haldið öruggan búskap þar sem þau hafa vinnu sem skapar alvöru tekjur, við starfsemi sem hefur öðlast grundvöll vegna þjóðgarðsins. Þetta er í alvörunni myndin sem mér finnst best að hugsa um. Sjálfur hef ég ekkert grætt á þessu, nema síður sé, og er það mikið „understatement.“

Það er því ágætt að segja það hreint út að ég tel að grunn hugmyndin og rökin, sem leiddu til tillögu og samþykktar á því að stofna Vatnajökulsþjóðgarð, hafi komið fram í þessari vinnu frá sirka 1993 og til 1998, hjá undirrituðum. Þetta var fyrsti hluti „boðhlaupsins.“

Mér sýnist öll rök hníga að þessu. Spurning er hvað lesandi telur?

Ég get ekki samþykkt að þessi vinna hafi ekki haft neitt með þjóðgarðinn að gera. Um leið veit ég að enginn annar var að setja fram sínar eigin hugmyndir, svipaðs efnis. Það var engin önnur umræða. Þar sem að ráðamenn höfðu tekið eftir þessum hugmyndum á árunum 1995-1997 sem sést hér á undan, get ég ekki samþykkt að tillaga sem kom fram 1998-1999 hafi verið fyrsta tillagan sem nokkur hafi tekið eftir. Sú tillaga var hins vegar fyrsta formlega pólitíska tillagan.

Það virðist vera hægt að rekja þessar tillögur og hugmyndir til upphafsins. Ég tók eitt sinn saman nokkur hugtök og skoðaði gagnasafn Morgunblaðsins frá sirka 1985 til 2000 til að sjá hvar viðkomandi hugtök kæmu fyrir. Þetta voru hugmyndir á borð við að leggja áherslu á stóran þjóðgarð, að leggja áherslu á atvinnusköpun með friðlýsingu, áhersla á ímynd landsins og að setja fram hugtakið „hornsteinn“ í ímynd landsins. Það kom í ljós að þess háttar hugmyndum var aldrei haldið á lofti af náttúruverndarsinnum eða öðrum, fyrir 1994, en eftir að þessar hugmyndir höfðu verið settar fram af

mér í þessari vinnu var áhrifafólk, t.d. ráðherrar, farið að taka sér þessar hugmyndir í munn, og gera þær að þungaviktaratriðum, eftir 1998.

Það er MJÖG mikilvægt að átta sig á þessu, því hér á Íslandi er svo gífurlega mikil áhersla á stjórnmálamenn og hvað þeir eru að segja. Þeir eru vanir því og það er örugglega ekki leiðinlegt fyrir þá sem vilja stjórna. En fyrsti hluti „boðhlaupsins“, fyrsta hráa hugmyndin, þó hún sé yfirleitt ekki nákvæmlega eins og lokaniðurstaðan, er geysilega mikilvæg. Þarna hefst ferðin. Þarna er fyrsta skrefið. Þarna er frum sköpunin. Allt sem þú sérð í kringum þig sem maðurinn hefur skapað, allt sem hefur bæst í umhverfi mannsins frá steinöld, byrjaði á þessu. Ferðin hefst ekki í öðrum áfanga.

Ég skammast mín ekki fyrir þetta verk, og tel, séð frá faglegum sjónarhól, að þetta sé býsna vel heppnuð vinna frá upphafi til enda, (sjá t.d. svör við öðrum af hinum sjö mikilvægu spurningum sem koma hér á eftir). Um leið er ljóst að það er ýmislegt sem gerst hefur á síðustu árum sem gekk ekki nægilega vel. Hvers vegna? Mér sýnist að það sé ákveðinn grundvallar munur á forsendum og nálgun í þróun þessa máls sem varð Vatnajökulsþjóðgarður, og svo í nálgun í þróun málsins þegar verið var að byggja upp fjármála- og bankasnilldina. Ég er semsagt á þeirri skoðun að ýmislegt hafi verið vel gert í þessu máli varðandi þjóðgarðinn. (Má ég segja það?) Athugaðu, að Vatnajökulshugmyndin upphaflega var ekki klassísk náttúruverndarhugmynd heldur atvinnu- og verðmætasköpunarhugmynd. Fyrirbærið „óspillt náttúra“ er bara tiltekin gæði/vara (qualities/product) sem tiltekin gerð fólks sækist eftir. Þetta var markaðshugmynd, byggð á markaðsfræðum, en auðvitað náttúruverndarhugmynd líka. Þú getur tekið hvaða önnur gæði sem er og beitt sömu aðferðum við að pæla í markaðsstrategíu. Það er enginn megin munur þar á.

Þannig að það sem snýr að íslensku samfélagi, ef einhver hefur áhuga á þessum orðum hér á þessum síðum, er að sundurgreina hver var nálgun og aðferðarfræði í þróun þessara hugmyndar. Er hægt að læra eitthvað á þessu?

Ég leyfi lesendum að skoða málið og athuga hvort þeir eru sammála. Annað hvort áttar fólk sig og er sammála eða ekki.

Um leið er hugsanlegt (orða það þannig) að til er fólk sem langar hreint ekki til að samþykkja að vinna undirritaðs, þ.e. þær forsendur sem voru á vinnu undirritaðs sem var tiltölulega hægrisinnuð og byggð á bissness og markaðsfræðum, hafi haft mikið með það að gera að Vatnajökulsþjóðgarðsmálið komst af stað. Það vill frekar tengja það við einhverja aðra hópa með önnur viðhorf. Ég get ekki annað sagt en að mér finnst öll rök hníga að því sem sagt er hér að ofan. Til þessa fólks er ágætt að beina spurningu:

Spurning: Hugsum okkur að allar þessar tillögur í blaðagreinum, dreifiritum, samkeppnistillögum, bókaskrifum og fyrirlestrum, ásamt forystugrein Morgunblaðsins um þessar sömu tillögur, hefðu ekki




***Þessi mynd sýnir myndrænt fjölda tillagna og umræðna um tillögur sem snerust um Vatnajökul, og einnig aðrar tillögur sem voru að hlutatil um Vatnajökul en þó ekki að öllu leiti, árin 1992-1999. Sjá líka tölfræði framlagðra tillagna og umræðu í kaflanum Tölfræði, á blaðsíðu 177.***

komið fram á árunum 1994-1998. Ekkert. Ekki eitt einasta orð. Heldur einhver að 20 þingmenn Sjálfstæðisflokksins hefðu haft áhuga á að samþykkja að kringum 13% af landinu yrðu gerð að þjóðgarði, sem enginn hefði stungið upp á áður og engir hagsmunahópar eða heimamenn voru aðgera óskir um, aðeins samkvæmt tillögu frá einum að vinstrisinnuðustu þingmönnunum sem jafnframt var í stjórnarandstöðu? (Með fullri virðingu fyrir honum, hann er mjög klár og hefur mjög góða áherslu á fagleg vinnubrögð og að hafa sterk rök fyrir sínu máli, en pólitík er pólitík). Þjóðgarðurinn skyldi vera rétt upp við Eyjabakka þar sem fólk vissi að yrði líklega fyrir valinu í næstu tilraun til virkjanaframkvæmda? (Kárahnjúkar komu síðar, en auðvitað vissu innanbúðarmenn í virkjanabransanum af hugsanlegu tækifæri þar, en Kárahnjúkar lágu mjög nærri þjóðgarðinum). Hugsanlegir hagsmunaárekstrar augljósir. (Getur verið að áhersla á að benda á þetta sem hugsanlega friðsamlega niðurstöðu milli virkjana og verndunar hafi verið hluti ástæðu þess að menn höfðu yfirhöfuð áhuga á að samþykkja þetta?)

Ef einhver trúir því að Vatnajökulsþjóðgarður hefði verið samþykktur án þessara tillagna 1995-1998, ja, þá það. Hvað get ég sagt? Ég er þá einfaldlega á annarri skoðun.

En þó að 20 þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafi samþykkt þingslályktunartillöguna er ég í engum vafa um að í þeim sama flokki voru einhverjir sem voru lítt hrifnir af svona stórri náttúruverndarhugmynd, og kannski enn reiðari yfir því að slík væri samþykkt... Það geta sannarlega verið skiptar skoðanir í svo stórum flokki.

Nóg um það. Skoðum framhaldið.

## 2. áfangi boðhlaupsins: Febrúar 1998 til september 2000

Annar áfangi felur í sér að hugmynd er skoðuð og tekin ákvörðun um framkvæmd, eða ekki. Atburðarás 2. hlutans er raunar lýst hér á undan, í því sem gerðist á Alþingi og svo á fundi ríkisstjórnarinnar.

Frumkvöðullinn í öðrum áfanga „boðhlaupsins“ var Hjörleifur Guttormsson þegar hann lagði fram pólitíska tillögu á fundi umhverfisnefndar Alþingis um að einblínt skyldi á Vatnajökul. Því hefur áður verið lýst. Það skyldi ekki vanmetið að vera leiðandi aðilinn í öðrum áfanga „boðhlaups“. Það kallar á heilmikla vinnu, og ekki síst að viðkomandi hafi gegnum tíðina komið sér í aðstöðu sem sá sem er í fyrsta áfanga boðhlaups er ekki endilega í. Ef annar áfangi fer ekki af stað þá er öll vinna í fyrsta áfanga til einskis. Allir fjórir hlutar „boðhlaupsins“ skipta máli. Að „liðið“ allt nái að hlaupa alla fjóra áfangana og komast yfir marklínuna er fyrir mestu. En svo geta „boðhlaup“ heppnast mis vel, og einstakir hlutar einnig. Það er önnur saga, en mér sýnist vel hafa tekist til í öllum fjórum hlutum þessa „boðhlaups“.

Öðrum hluta „boðhlaupsins“ var ekki lokið með þætti Hjörleifs. Annar mikilvægur aðili sá um það sem má kalla síðari helming annars áfanga. Það var Siv Friðleifsdóttir umhverfisráðherra, sem lét vinna könnun og undirbúningsvinnu eins og þingsályktunin kvað á um. Hún lagði svo tillögu fyrir ríkisstjórnarfund sem var samþykkt 26. September árið 2000 eins og áður sagði. Með samþykktinni var öðrum áfanga lokið. Búið var að taka ákvörðun framkvæmd.

**Friðlýsing Vatnajökuls og nágrennis til að stofna Vatnajökulsþjóðgarð**

## Þróun málsins 1994-2005 í myndum

(Fylgiblað með yfirlitsblaðinu "Vatnajökulsþjóðgarður: Þróun málsins" frá október 2005)

| | |
|---|---|
|  | Staðan árið 1994: Friðlýst svæði kringum Vatnajökul. Dökkgrænu svæðin voru friðuð<br>Stóra græna svæðið uppi: Mývatns- og Laxásvæðið<br>Stóra græna svæðið niðri: Skaftafellsþjóðgarður<br>Ljósari svæði voru á náttúruminjaskrá (en ekki friðlýst).<br><br>(Ath. að það voru fleiri svæði annars staðar á landinu.) |
|  | Tillaga Sverris Sv. Sigurðarsonar, viðskiptafræðinema, 1995-1998: Útgáfa 1, 1995. Sett fram í blaðagrein í Morgunblaðinu 3. janúar 1995. Öll friðlýst svæði og svæði á náttúruminjaskrá á og kringum jökulinn, jökullinn sjálfur og stór svæði umhverfis til viðbótar sett saman í eitt stórt friðlýst svæði. Stærð um það bil 31.300 ferkílómetrar. |
|  | Tillaga Sverris Sv. Sigurðarsonar, viðskiptafræðinema, 1995-1998: Útgáfa 2, 1995. Sett fram í dreifiriti í apríl 1995. Öll friðlýst svæði og svæði á náttúruminjaskrá á og í kringum Vatnajökli, og jökullinn sjálfur, sameinuð í einu friðlýstu svæði. Stærð um það bil 13.900 ferkílómetrar. |
|  | Tillaga Sverris Sv. Sigurðarsonar, viðskiptafræðinema, 1995-1998: Útgáfa 3, 1996. Sett fram í samkeppninni Ísland árið 2018: Öll friðlýst svæði og svæði á náttúruminjaskrá á og í kringum Vatnajökli, og jökullinn sjálfur, sameinuð, og svæðum til vesturs bætt við líka. Stærð kringum 18.000 ferkílómetrar.<br>(Vinna1997-1998 kallaði ekki á nýjar tillögur á landakorti). |
|  | Tillaga Hjörleifs Guttormssonar alþingismanns um fjóra jöklaþjóðgarða. Lögð fram á Alþingi 3.2. 1998, (þingskjal 727, 406. mál, 122. löggjafarþing 1997-1998). Breytt þingsályktunartillaga, aðeins um þjóðgarð á Vatnajökli, samþykkt 10. mars 1999. (Upprunaleg tillaga Hjörleifs var um fjóra þjóðgarða á jöklum, Mývatns- og Laxársvæðið var ekki inni í því, en hinsvegar til staðar norðan við.) Stærðir ?. |
|  | Vatnajökulsþjóðgarður og stækkaður þjóðgarður í Skaftafelli, endanleg útfærsla stjórnvalda. Samanlögð stærð u.þ.b.13.000 ferkm. Stofnun þjóðgarðs samþykkt á fundi ríkisstjórnarinnar 26. september 2000, og hann stofnaður þann 7. júní 2008. Myndin sýnir þjóðgarðinn í maí 2013, eftir nýjustu viðbót Krepputungu í apríl 2013.<br>Dökkgræna svæðið til hægri er friðland í Lónsöræfum.<br>(Ath Mývatns- og Laxársvæðið, (dökkgræna svæðið sem náði norður f. Mývatn, var lagt niður, þ.e. "af-friðað" sem var alveg ófyrirséð á fyrri stigum máls.) |

Útbúið af Sverri Sv. Sigurðarsyni, uppfært maí 2013.

***Yfirlit yfir stöðuna áður, og allar tillögur að friðlýstum Vatnajökli og svæðum í nágrenni.***

## 3. áfangi boðhlaupsins: September 2000 til júní 2008

Þriðji hluti felur í sér að endanlega er skipulagt hvernig framkvæmd hugmyndarinnar eigi að verða.

Leiðandi aðilar í þriðja áfanga voru þeir umhverfisráðherrar sem sátu í embætti hverju sinni. Þær voru fjórar talsins, Siv Friðleifsdóttir, Sigríður Anna Þórðardóttir, Jónína Bjartmarz og Þórunn Sveinbjarnardóttir. Þessir fjórir ráðherrar skipuðu þær starfsnefndir sem höfðu það hlutverk að skoða málin, tala við ýmsa aðila, spá í skipulagningu og teikna upp endanlega hvernig Vatnajökulsþjóðgarði yrði stjórnað og hann rekinn. Þetta voru fjórar megin nefndir alls, sem skiluðu skýrslum með tillögum árið 2000, 2002, 2003 og 2006. Því til viðbótar voru nokkrir aðilar sem unnu sérstakar úttektir, um viðhorf heimamanna, ferðaþjónustu, náttúrufar og náttúruminjar, en alls hefur höfundur átta skýrslur og skýrslusöfn undir höndum sem gerðar voru á þessum tíma, og er líklega allt talið.

Nóg er til af efni um þetta, t.d. á vefjum umhverfisráðuneytis og annarra opinberra stofnana sem málið varðar, og ekki ástæða til að verja plássi hér undir það. Siv sat um helming þessa tíma og er fyrirferðarmikil í þessu, ekki síst vegna þess að hún hafði mjög sterkan áhuga á málinu. Siv hafði fullan hug á að þjóðgarðurinn yrði stofnaður í hennar ráðherratíð, en undirbúningurinn tók lengri tíma en svo. Lokahnútar voru bundnir á málið þegar hinar þrjár voru ráðherrar. Skipulagningunni lauk eðli málsins skömmu áður en þjóðgarðurinn var svo endanlega stofnaður og var kominn í rekstur.

## 4. Áfangi boðhlaupsins: Júní 2008 til dagsins í dag, og áfram inn í framtíðina

Fjórði áfangi gengur út á gangsetningu og framkvæmdina sjálfa, í samræmi við ákvarðað skipulag.

Þjóðgarðurinn var stofnaður formlega þann 7. júní árið 2008. Þórunn Sveinbjarnardóttir var þá ráðherra, og skrifaði undir reglugerð um þjóðgarðinn í Skaftafelli við sérstaka athöfn. Áhrifamest í fjórða áfanga er sá ráðherra, sem skipar stjórn þjóðgarðsins og svæðisráðin, og svo stjórnendur og starfsmenn. Þetta allt er allt í föstum og öruggum skorðum. Hér erum við stigin inn í heim stjórnunar og formlegheita, sem er allt annað en í fyrsta áfanga „boðhlaups“ þegar allt er óvissu háð og verið að velta vöngum yfir allskonar hugmyndum sem er óvíst að verði að neinu.

Fólkið í stjórnum og starfi er í grundvallaratriðum valið í samræmi við vilja ráðherra hverju sinni. Mér sýnist þó ég hafi ekki fulla vitneskju um allt sem gerist, að stofnun og rekstur þjóðgarðsins hafi gengið ágætlega fram að þessu. Að minnsta kosti hef ég ekki komið auga á neitt sem stingur í augu. Það hafa orðið dálitlar deilur um ferlismál og veiðar í garðinum, en mér finnst persónulega að deilur hafi verið tiltölulega litlar miðað við stærð garðsins og tegund málefnis. Alla vegar eru mun meiri deilur á öðrum sviðum þjóðlífsins. Stjórnarformaður garðsins nú er verkfræðingur sem ég held að sé ágætis val, þar sem verkfræðingar nálgast mál til að leysa þau á jarðbundnum grunni.

Aftur skal áréttað að hér er aðal málið að skoða ferlið, hvernig hlutirnir gerðust þegar hugmynd kom fram, hún var skoðuð og röksemdir settar fram, málið tekið til ákvörðunar, til skipulagningar og loks lúkningar ferlisins sem fólst í framkvæmd. Þetta módel um „boðhlaup“ er bara módel til að skýra ferlið, og það má eflaust finna önnur módel sem duga líka. Hér er því ekki ástæða til að rífast um módelið sem slíkt, það er sköpun nýrra (vonandi) verðmætra hugmynda sem skipta máli.

# Lok

# Vinna höfundar að málinu eftir að stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs hafði verið samþykkt

Höfundur þessarar bókar hefur sett fram all nokkuð af skrifum um málefni Vatnajökulsþjóðgarðs, á árunum eftir að stofnun hans var samþykkt. Þetta voru ýmis atriði sem höfundur vildi koma á framfæri við þau sem áhuga kynnu að hafa, enda hafði hann velt fyrir sér möguleikum tengdum Vatnajökli og markaðssetningu landsins, ferðaþjónustu, tekjuöflun og atvinnusköpun lengur en flestir aðrir. Skrifin má sjá á vefnum www.sverrir.info, eða hugsanlega síðar á vefnum www.seevatnajokull.com. Ástæðulaust er að birta þessi skrif hér í þessari bók, enda fjallar hún um atburðarás og tillögur í aðdraganda þjóðgarðsins - Skrefin að Vatnajökulsþjóðgarði. Til upplýsingar eru hér hins vegar fyrirsagnir og ártal þessara skrifa.

- **Um viðhorf Íslendinga til virkjanamála og náttúruverndar: Hugmynd að greiningu**. Febrúar 2001, dreifirit.
- **Áhrif Vatnajökuls-þjóðgarðs á þjóðarbúið - 2% aukning vergrar landsframleiðslu?** September 2004, dreifirit.
- **Vatnajökulsþjóðgarður og jákvæð byggðaþróun (aukaefni: Fremur nýtilkomin viðskiptatækifæri).** Október 2004, dreifirit.
- **Hagur orku- og stóriðjuverkefna framtíðarinnar af Vatnajökulsþjóðgarði**. Október 2004, dreifirit.
- **Forsagan: Hvaðan kom hugmyndin? Hvaðan komu rökin?** Október 2004, dreifirit.
- **Opið bréf til orkugeirans, og fleiri**. Janúar 2005, dreifirit.
- **Virði Vatnajökulsþjóðgarðs** - Excel líkan. September 2005, excel skjal á vefnum.
- **Hvert gæti verið núvirði og sjóðstreymisvirði áhrifa af Vatnajökulsþjóðgarði?** Október 2005, dreifirit.
- **Atburðir, tillögur og umræður sem leiddu til Vatnajökulsþjóðgarðs: Yfirlit 1968-2010**. Október 2005, yfirlitsmynd.
- **Staða Vatnajökuls árið 1994, og kort af öllum tillögum að friðuðu svæði eða þjóðgarði á og kringum Vatnajökul árin 1995-2005**. Febrúar 2006, mynd á vef.
- **Einföld mynd af þróun hugmyndarinnar um að friðlýsa Vatnajökul**, frá fyrstu kynningu til ákvörðunar Alþingis. Febrúar 2008, yfirlitsmynd.
- **Tilurð þessa vefs - SeeVatnajokull.net**. Opnunarblogg á vefnum SeeVatnajokull.net, sem er samfélagsvefur ætlaður fyrir myndir, myndskeið og frásagnir fólks sem hefur heimsótt Vatnajökulsþjóðgarð og nágrenni. Janúar 2010.
- **Myndskeiðið Virði Vatnajökulsþjóðgarðs og alþjóðlegur samanburður**. September 2011. Á vefnum SeeVatnajokull.is á slóðinni www.seevatnajokull.com/myndskeid/, og á Youtube undir titlinum „Virði Vatnajökulsþjóðgarðs - samanburður við útlönd.“ Það fjallaði um hugsanlegt efnahagslegt virði Vatnajökulsþjóðgarðs, byggt á opinberum áætlunum sem unnar voru um hugsanlegar tekjur af ferðamönnum, og þær tölur bornar saman við sambærilegar tölur sem áætlaðar hafa verið fyrir þjóðgarða í Bandaríkjunum og Bretlandi. Einnig er talað um óvissuþætti og svo afar flott heimsókn í þessa þjóðgarða beggja vegna Atlantshafsins í lokin í myndasýningu.

- **Uppbygging er næsta skrefið**. Um nýsköpun í myndlíkingu boðhlaups. Löng og stutt útgáfa. Langa útgáfan er birt í hluta III í þessari bók. Desember 2011, á vefnum www.uppbygging.org.
- **Hver er sagan á bakvið stærsta þjóðgarð Vestur-Evrópu? Hvaða máli skiptir sú saga fyrir þróun verðmæta og nýrra starfa á Íslandi? Atburðarásin kringum þróun tillagna að friðun Vatnajökuls á árunum 1992-2000**. Júní 2013, skrifað efni, birt á vefnum Uppbygging.org. Einnig stuttur útdráttur á sama stað.
- **Spjall í myndskeiðum: Sjö mikilvægar spurningar og svör, og spjallað um söguna bakvið stærsta þjóðgarð Vestur-Evrópu**. Júní 2013, fjögur myndskeið (s.k. screen cast videos) á vefnum Uppbygging.org.
- **Vatnajökulsþjóðgarður og leiðir til uppbyggingar**. Blaðagrein í Fréttablaðinu, 8. ágúst 2013.
- **Skrefin að Vatnajökulsþjóðgarði**. Október 2013, þessi bók hér.

Titilmynd myndskeiðsins *Virði Vatnajökulsþjóðgarðs og alþjóðlegur samanburður*, sem sjá má á vefsíðunni www.seevatnajokull.com/myndskeid.



# Lokaorð

Árið 1993 tók höfundur þessarar bókar, Sverrir Sv. Sigurðarson, ákvörðun um að þróa hugdettu um það að friðlýsa Vatnajökul allan og nágrenni í þeim tilgangi, að styrkja markaðsstöðu Íslands og skapa ný störf. Að því búnu var gengið í að setja hugmyndina þannig fram, og kynna, að hún væri í því formi að það væri raunverulega hægt að taka til hennar afstöðu.

Tilgangurinn var einfaldlega að gera gagn, að vinna dálítið góðverk. Hugsunin var sú að það væri æskilegt að hver manneskja myndi gera allavega einn hlut sem væri öðrum til góðs, en ekki bara henni sjálfri. Hvorki er mikið þakklæti né laun fyrir slíkt, en viss ánægja engu að síður að sjá hlutina þróast eins og þeir hafa þróast.

Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan. Þessi bók á að hafa að geyma allar upplýsingar um málið, eins og mögulegt er fyrir höfund bókarinnar að ná til. Aðrir hafa að sjálfsögðu hugsanlega annað sjónarhorn og aðrar upplýsingar. Einhverjir myndu kannski vilja að vinna höfundar þessarar bókar hefði varla átt sér stað – það væri þægilegra – en málið er, fyrir þá sem eru hlynntir þjóðgarðinum, að þá væri þjóðgarðurinn varla til. Allar upplýsingarnar í þessari bók ættu allavega að vera ágætis rök fyrir því að það geti verið rétt.

Eftir allan þennan tíma ákvað höfundur að taka þetta efni saman og setja það fram þannig, að áhugasamir grúskarar, sagnfræðingar og skólanemendur sem vildu fá mynd af þessum þætti í sögu landsins, gætu skoðað þetta og fengið af málinu sæmilega skýra mynd. Kannski munu einhverjir skoða þetta efni hér síðar og verða einhvers vísari, og jafnvel uppfrætt aðra um atriði sem annars hefðu orðið grafin og gleymd. Ef eitthvað er talið vanta hér, má gjarnan koma því á framfæri við höfund sem getur uppfært rafræna útgáfu bókarinnar ef rétt þykir.

Þessi blessaða þjóð þarf á fleiri svona málum að halda, telur höfundur. Það er meira að segja mun mikilvægara en flestir gera sér grein fyrir. Kannski þessi frásögn geti gefið einhverjum leiðraljós í slíku. En um leið er rétt að hvetja viðkomandi til að fara afar varlega í svona mál. Það er ekki víst að allir séu sammála um að góð hugmynd sé góð hugmynd. Því ber að skoða mál vel áður en haldið er í svona ferð. Margir gera sér ekki grein fyrir hver grimmdin getur orðið þegar hagsmunir og klíkur rekast á, á landi elds og ísa.

Það er þá fram komið. Ég vona að þetta hafi tekist sæmilega. Þakka þeim sem sýna þessu verki áhuga.

Reykjavík, 2. nóvember 2013,

Sverrir Sv. Sigurðarson

viðskiptafræðingur

# Fyrirvarar um efni og höfundarrétt

Þessi bók er samsett úr efni sem telst opinbert efni. Bókinni er dreift án endurgjalds. Þetta efni er sett inn til að skýra málin og er þetta verk ekki búið til í gróðaskyni. Höfundur, sem setti saman bókina, naut engra styrkja og hefur engar tekjur af henni. Raunar er kostnaður, þar sem prentuð eintök eru kostuð af honum persónulega, og ekki sem hluti af neinum rekstri. Þó er hugsanlegt að fá framlög til að greiða prentkostnað af einstökum prentuðum eintökum. Þar yrði aðeins um prentkostnað að ræða.

Mest allur textinn og flestar myndir í þessu hefti er höfundarréttur © 1992-2013 – Sverrir Sv. Sigurðarson. Engar breytingar má gera á því án leyfis höfundar.

Undantekning: Ýmsar myndir og skrifað eru eign þeirra sem hafa skrifað eða útbúið það efni, og er það efni merkt höfundum sínum. Efni sem er strangt tiltekið í eigu annarra en höfundar er haft hér með undir þeim formerkjum, að þetta hefti tilheyrir umræðu sem snýst um sögu þjóðarinnar.

Skannaðar myndir af bréfum eru birtar til upplýsingar. Þetta eru fróðlegar upplýsingar sem fylla upp í myndina og eiga erindi inn í þessa heildarmynd, og ég get ekki séð að birting þeirra geti verið bréfriturum til ama. Bréfin eru birt með því hugarfari.

Myndir af efni í fjölmiðlum, greinum og slíku, eru höfundarréttur © viðskomandi fjölmiðils eða höfundarréttur © höfundar viðkomandi efnis, en aftur hluti af heildarmyndinni sem ég tel rétt og nauðsynlegt að séu hér með vegna upplýsingagildis.

Hér undir er listi yfir það efni sem aðrir en höfundur, Sverrir Sv. Sigurðarson, eiga höfundarréttinn af, og blaðsíðan þar sem það er að finna (eða upphaf kaflans þar sem efnið er að finna):

## Efni í bókinni eftir aðra en höfund hennar, Sverri Sv. Sigurðarson

### Hluti 1 – Tillögur: Efni eftir aðra en höfund bókarinnar.

Tillaga Kára Kristjánssonar um Eldjallafriðland, gögn fengin á Þjóðskjalasafni. (Blaðsíða 28.) (3,5 bls.)

Ábendingar Hjörleifs Guttormssonar um 17 svæði á Náttúruverndarþingi, gögn fengin á Þjóðskjalasafni. (Blaðsíða 32.) ( bls.)

Bréf frá Four Seasons – Regent. (Blaðsíða 52.) (1 bls.)

Bréf frá Leading Hotels of the World. (Blaðsíða 53.) (1 bls.)

Bréf frá ITT Sheraton. (Blaðsíða 54.) (1 bls.)

Bréf frá Westin. (Blaðsíða 55.) (1 bls.)

Umsögn dómnefndar í samkeppninni Ísland árið 2018, fengin úr bæklingi með úrsltum í samkeppninni. (Blaðsíða 130.) (1 bls.)

Viðtal í Morgunblaðinu 28. janúar 1997, höfundarréttur Morgunblaðið þó viðtalið sé við höfund, Sverri Sv. (Blaðsíða 131.) (2 bls.)

Forystugrein í Morgunblaðinu, 29. janúar 1997, um hugmyndir höfundar. (Blaðsíða 133.) (1 bls.)

Athugasemd Hjörleifs Guttormssonar við tillögu að svæðisskipulagi hálendisins 1997, gögn fengin frá Skipulagi ríkisins. (Blaðsíða 146.) (2 bls.)

Upprunaleg þingsályktunartillaga Hjörleifs Guttormssonar, sett fram 3. febrúar 1998, ræða Hjörleifs og stutt umræða um hana.  Þingsályktunartillaga fengin hjá bókasafni Alþingis, og gögn um umræðu fengin á vef Alþingis. (Blaðsíða 148.) (9 bls.)

Umræða þingmanna á Alþingi um þingsályktunartillöguna á Alþingi í október 1998. Umræðan fengin af vef Alþingis. (Blaðsíða 158.) (1 bls.)

Hluti úr grein Hákons Þ. Sindrasonar í Morgunblaðinu frá 6. nóvember 1998. (Blaðsíða 159.) (2 bls.)

Umræða þingmanna í umhverfisnefnd Alþingis um þingsályktunartillögu Hjörleifs Guttormssonar, ljósrit úr fundargerðarbók umhverfisnefndar fengin hjá bókasafni Alþingis. (Blaðsíða 168.) (4 bls.)

Umræður í þingsal um þingsályktunartillögu um Vatnajökulsþjóðgarð, fengin af vef Alþingis. (Blaðsíða 172.) (5 bls.)

## Hluti 2 – Atburðarásin: Efni eftir aðra en höfund bókarinnar.

Mynd frá 1992 úr DV, af mögulegum línustæðum Fljótsdalslínu. (Blaðsíða 188.) (0,5 bls.)

Fjórar yfirlitsmyndir af ýmsum heimildum frá mörgum aðilum. (Blaðsíða 192 til 195.) (4 bls.)

Mynd af tillögu Kára Kristjánssonar og Bryndísar Brandsdóttur að Eldfjallafriðlandi, gerð af höfundi bókar. (Blaðsíða 196.) (0,5 bls.)

Bréf Hjörleifs Guttormssonar til stjórnenda Náttúruverndarþings 1993, fengið úr gögnum á Þjóðskjalasafni. (Blaðsíða 197.) (0,5 bls.)

Bréfhausar á þremur málum sem Hjörleifur Guttormsson lagði fram á Náttúruverndarþingi 1993, fengið úr gögnum á Þjóðskjalasafni. (Blaðsíða 198.) (1 bls.)

Hluti af niðurstöðum Vinnuhóps 1 á Náttúruverndarþingi 1993, fengið úr gögnum Þjóðskjalasafns. (Blaðsíða 199.) (0,5 bls.)

Mynd af bréfhausum á bréfum frá hótelfyrirtækjum. (Blaðsíða 203.) (0,5 bls.)

Mynd af grein Jóhannesar Nordal í Morgunblaðinu þann 28. september 1994, sem var svar við fyrirspurn höfundar. (Blaðsíða 204.) (0,5 bls.)

Mynd af bréfi Björns Bjarnasonar til höfundar, á bréfsefni Alþingis, 16. febrúar 1995. (Blaðsíða 209.) (1 bls.)

Mynd af bréfi frá Árna Kolbeinssyni, sjávarútvegsráðuneytinu til höfundar. (Blaðsíða 212.) (1 bls.)

Mynd af bréfi frá Stefáni Thors, skipulagsstjóra ríkisins til höfundar. (Blaðsíða 213.) (1 bls.)

Mynd af bréfi frá Landsvirkjun til höfundar, með spurningum. (Blaðsíða 216 og 217.) (2 bls.)

Mynd af bréfi nr.2 Björns Bjarnasonar til höfundar, menntamálaráðherra. (Blaðsíða 220.) (1 bls.)

Mynd af bréfi frá Náttúruverndarráði. (Blaðsíða 221.) (1 bls.)

Mynd af forystugrein Morgunblaðsins, 29. janúar 1997, umfjöllun um hugmyndir höfundar Sverris Sv. (Blaðsíða 227.) (1 bls.)

Forsíða bókar Attitudes towards the Outdoors eftir Dena Jones Jolma, útg. McFarland & Company, Inc. Publishers, 1994. (Blaðsíða 232.) (0,5 bls.)

Mynd af tillögu Hjörleifs Guttormssonar að fjórum jöklaþjóðgörðum, úr þingsályktunartillögu Hjörleifs, fengin hjá bókasafni Alþingis. (Blaðsíða 236.) (0,5 bls.)

Mynd af grein Hákons Þ. Sindrasonar í Morgunblaðinu, umfjöllun um hugmyndir höfundar Sverris Sv. (Blaðsíða 237.) (0,5 bls.)

Forsíða bókarinnar Hugmyndir, útg. Fjölsýn forlag, 1998. (Blaðsíða 238.) (0,5 bls.)

Upplýsingar um atkvæðagreiðslu um þingsályktunartillögu um vatnajökulsþjóðgarð, fengnar af vef Alþingis. (Blaðsíða 239.) (1 bls.)

Upplýsingar um atkvæðagreiðslu í ríkisstjórn um stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs í september 2000, fengnar úr fjölmiðlum. (Blaðsíða 240.) (1 bls.)

## Samantekið: Skifting efnis í bókinni eftir fjölda blaðsíðna

Efni eftir aðra en höfund er ekki aðeins formlega framlagðar tillögur og umræða, eins og sýnt er í kaflanum *Tölfræði: Yfirlit efnis frá öllum höfundum* á blaðsíðu 177, heldur allt efni sem gert er af öðrum en höfundi, þar með talið bréf, uppdrættir, skrifaðar athugasemdir, forsíður á bæklingum og bókum, og slíkt. Efni eftir aðra hér er því talsvert meira en tillögur eftir aðra í fyrrgreindum kafla.

Efni búið til af höfundi, á einn eða annan hátt, Sverri Sv. Sigurðarsyni er 226,5 blaðsíður

Efni eftir aðra en höfund er 55,5 blaðsíður

Samtals fjöldi blaðsíðna er 282 blaðsíður.